

Gleðifréttirnar frá sjónarhorni Jóhannesar

Fyrsti kafli

¹ Í upphafi var orðið, og orðið var hjá Guði og orðið var guðlegt.

² Í upphafi var það hjá Guði, ³ allt var skapað með því og ekkert var skapað án þess. ⁴ Í orðinu var líf, og lífið var ljós mannkyns. ⁵ Ljosið skín í myrkrinu og myrkrið getur ekki slökkt ljosið.

⁶ Jóhannes var maður sendur af Guði. ⁷ Hann vitnaði um ljosið svo að allt fólk gæti trúað. ⁸ Jóhannes var ekki ljosið, en hann vitnaði um ljosið.

⁹ Hið sanna ljós sem upplýsir allt fólk, kom í heiminn. ¹⁰ Það var í heiminum en fólk þekkti það ekki, jafnvel þótt Guð hafði skapað heiminn í gegnum það. ¹¹ Ljosið kom til þess sem það átti, en það sem ljosið átti, tók ekki á móti því.

¹² En það gaf öllu fólki sem trúir á það og tók á móti því, réttinn til að teljast með börnum Guðs. ¹³ Þau eru endurfædd, ekki með líkamlegri fæðingu sem kemur á eftir mennskri þrá, heldur fæðingu sem kemur frá Guði.

¹⁴ Orðið varð að manneskju sem bjó á meðal okkar. Við sáum dýrðina, dýrð eina sonar Föðursins, þess sem kom frá Föðurnum, fullur af sannleika og miskunnsemi.

¹⁵ Jóhannes skírari vitnaði um hann þegar hann hrópaði „Þetta er sá sem ég var að tala um þegar ég sagði „Sá sem kemur á eftir mér er miklu máttugri en ég, því hann var til á undan mér“.“

¹⁶ Af gnægð hans höfum við fengið miskunn á miskunn ofan.

¹⁷ Lögmálið kom í gegnum Móse en miskunnsemin og sannleikurinn kom í gegnum Jesú Krist. ¹⁸ Engin manneskja hefur nokkurn tímann séð Guð, en einstaki sonurinn, sem hefur nánasta sambandið við Föðurinn, hefur opinberað hann.

¹⁹ Þetta var vitnisburður Jóhannesar skírara þegar trúarleiðtogar Gyðinga sendu presta og Levíta frá Jerúsalem, til að spyrja hann hver hann væri. ²⁰ Hann sagði hreint út „Ég er ekki Messías“. ²¹ Þeir spurðu hann „Hver ert þú þá? Ert þú Elía?“ Jóhannes svaraði „Ég er ekki hann“. „En ertu spámaðurinn?“ Enn svaraði Jóhannes „Nei“. ²² Að lokum spurðu þeir „Hver ert þú þá? Gefðu okkur svar sem við getum

farið með til þeirra sem sendu okkur. Hvað getur þú sagt okkur um sjálfan þig?“

²³ Jóhannes vitnaði í orð spámannsins Jesaja „Rödd hrópar: „Undirbúið veginn fyrir Drottinn í óbyggðunum, gerið beinan veg í eyðimörkinni fyrir Guð okkar!“²⁴ Nú tóku farísarnir ²⁵ að spyrja hann „Af hverju hreinsar þú fólk með skírn ef þú ert ekki Messías, Elía eða Spámaðurinn?“ ²⁶ Jóhannes svaraði „Ég hreinsa fólk með vatnsskírn en á meðal ykkar er sá sem þið þekkið ekki. ²⁷ Hann er sá sem kemur á eftir mér og ég er ekki þess verður leysa reimarnar á sandöllum hans.“
²⁸ Þetta gerðist allt í Betaníu sem er hinum megin við Jórdaná, þar sem Jóhannes skírði fólk.

²⁹ Næsta dag sá Jóhannes Jesú nálgast og sagði „Sjáið! Þetta er lamb Guðs sem tekur í burtu syndir heimsins. ³⁰ Þetta er sá sem ég var að tala um þegar ég sagði „Maður kemur á eftir mér sem er meiri en ég því hann var til áður en ég var til“.

³¹ Ég þekkti hann ekki sjálfur en ástæðan fyrir því að ég skíri fólk með vatni er svo að hann opinberist Ísrael.“ ³² Jóhannes vitnaði þá „Ég sá heilagan anda koma yfir hann, niður af himni eins og dúfu og haldast yfir honum. ³³ Ég þekkti hann ekki en sá sem sendi mig til að skíra með vatni sagði mér „Sá sem þú sérð taka á móti andanum af himnum eins og dúfu, mun skíra ykkur með heilögum anda“. ³⁴ Ég hef séð og vitna um að þetta er sonur Guðs.“

³⁵ Daginn eftir var Jóhannes á sama stað ásamt tveimur lærisveinum sínum. ³⁶ Þegar hann sá Jesú labba framhjá sagði hann „Sjáið! Þetta er lamb Guðs!“ ³⁷ Þegar lærisveinar hans heyrðu þetta, fylgdu þeir Jesú. ³⁸ Jesú leit tilbaka, sá þá fylgja sér og spurði „Hverju eruð þið að leita að?“ Þeir svöruðu „Rabbí (sem þýðir kennari), hvar heldur þú til?“ ³⁹ Jesú svaraði „Komið og þið munuð sjá það“. Þeir fylgdu honum og sáu hvar hann dvaldi og þeir eyddu deginum með honum.

⁴⁰ Andrés, bróðir Símonar Péturs, var annar þeirra tveggja sem höfðu heyrt það sem Jóhannes sagði og hafði fylgt Jesú. ⁴¹ Það fyrsta sem Andrés gerði var að finna Símon, bróður sinn og segja við hann „Við höfum fundið Messías (það er, Krist)“. ⁴² Og hann fór með Símon til Jesú sem leit á hann og sagði „Þú ert Símon, sonur Jóhannesar, þú skalt kallast Kefas (sem þýðir Pétur eða Bjarg)“.

⁴³ Næsta dag ákvað Jesú að halda til Galíleu. Hann fann Filipus og sagði við hann „Fylgdu mér!“ ⁴⁴ Filipus, rétt eins og Andrés og Pétur, kom frá bænum Betsædu.

⁴⁵ Filipus fann Nataníel og sagði við hann „Við höfum fundið þann sem Móse ritaði um í Lögmálinu, þann sem spámennirnir rituðu um, hann heitir Jesú og kemur frá Nasaret, sonur Jósefs“. ⁴⁶ Nataníel spurði þá „Frá Nasaret? Getur eitthvað gott komið frá Nasaret?“ Filipus svaraði „Komdu og sjáðu“.

⁴⁷ Þegar Jesú sá þá nálgast sagði hann um Nataníel „Hér er sannarlega Ísraeli sem engin svik finnst í“. ⁴⁸ Nataníel spurði þá „Hvernig veist þú hver ég er?“ Jesú svaraði „Ég sá þig þegar þú varst undir fíkjutrénu, áður en Filipus náði í þig“. ⁴⁹ Þá lýsti Nataníel yfir „Rabbí, þú ert sonur Guðs, þú ert konungur Ísrael“. ⁵⁰ Jesú sagði þá „Þú trúir af því að ég sagði að ég hafði séð þig undir fíkjutrénu. Þú munt sjá meiri tákni en það“. ⁵¹ Jesú bætti svo við „Ég segi þér satt, þú munt sjá „Himnana opnast og

engla Guðs stíga niður og upp yfir Mannssoninn“.

Annar kafli

¹ Tveimur dögum síðar var giftingarveisla í Kana í Galíleu. Móðir Jesú var þar ² ásamt Jesú og lærisveinum hans, sem hafði líka verið boðið. ³ Þegar vínið kláraðist sagði móðir Jesú við hann „Þau eru búin með vínið“. ⁴ Jesú svaraði „Kona, hvað kemur það okkur við? Tími minn er ekki kominn.“ ⁵ Móðir hans sagði þá við þjónana „Gerið það sem hann segir ykkur að gera“. ⁶ Nálægt þeim stóðu sex vatnsker úr steini sem eru notuð fyrir hreinsunarathöfn Gyðinga, hvert þeirra rúmaði sjötíu til hundrað lítra. ⁷ Jesú sagði við þjónana „Fyllið kerin af vatni“. Þegar þeir höfðu fyllt kerin af vatni ⁸ sagði Jesú „Ausið nú úr kerjunum og farið með til veislustjórans“. Og þjónarnir gerðu það sem Jesú sagði. ⁹ Veislustjórinn bragðaði vatnið sem var orðið að víni. Hann vissi ekki hvaðan það kom en þjónarnir sem höfðu hellt vatninu í kerin vissu það. Veislustjórinn talaði við brúðgumann einslega ¹⁰ og sagði „Það er venjan að fólk beri fyrst fram góða vínið og svo ódýrara vínið þegar gestirnir hafa drukkið, en þú hefur beðið með besta vínið þartil núna?“ ¹¹ Þetta var fyrsta kraftaverkið sem opinberaði dýrð Jesú, í Kana í Galíleu, og lærisveinarnir trúðu á hann.

¹² Eftir giftingarveisluna fór Jesú til Kapernám með móður sinni, bræðrum sínum og lærisveinunum. Þar dvöldu þau í nokkra daga. ¹³ Þegar það fór að líða að páskum Gyðinga, fór Jesú til Jerúsalem. ¹⁴ Þar sá hann fólk vera að versla með nautgripi, sauðfé og dúfur í musterisgarðinum og aðra sem sátu við borð að skipta gjaldeyri. ¹⁵ Jesú bjó til svipu úr reipi og rak alla kaupmennina út úr musterisgarðinum og nautgripina og kindurnar með, hann henti peningum gjaldkeranna á gólfið og velti við borðum þeirra. ¹⁶ Jesú sagði við þá sem versluðu með dúfur „Farið með þetta héðan út! Ekki gera hús Föður míns að verslunarmiðstöð.“ ¹⁷ Lærisveinar hans mundu eftir því sem var ritað „Vandlæting fyrir húsi þínu, heltekur mig“. ¹⁸ Gyðingarnir sögðu þá við Jesú „Hvaða tákn getur þú gefið okkur um að þú megir gera þetta?“ ¹⁹ Jesú svaraði „Rústið þetta musteri og ég skal endurbyggja það á þremur dögum“. ²⁰ Þeir svöruðu „Bygging þessa musteris hófst fyrir fjórtíu og fimm árum og þú ætlar að byggja það á þremur dögum?“ ²¹ En musterið sem Jesú var að tala um var líkami hans.

²² Þegar Jesú hafði risið upp frá dauðum mundu lærisveinarnir eftir því sem hann hafði sagt. Þá trúðu þeir Ritningunni og því sem Jesú sagði. ²³ Vegna táknanna sem Jesú hafði framkvæmt í Jerúsalem á páskahátíðinni, fór margt fólk að trúa á nafn hans.

²⁴ En Jesú treysti þeim ekki því hann þekkti allt fólk. ²⁵ Hann þurfti ekki að heyra um orðspor fólks heldur vissi hann hvað bjó í hverri manneskju.

Þriðji kafli

¹ Maður nokkur hét Níkódímus. Hann var einn af farísunum og meðlimur í öldungaráði Gyðinga. ² Hann hitti Jesú eitt kvöldið og sagði „Rabbí, við vitum að þú

ert kennari sem kemur frá Guði. Enginn gæti framkvæmt þau tákni sem þú gerir, ef Guð væri ekki með honum.“³ Jesú svaraði „Ég segi þér satt, það er ekki hægt að sjá konungsríki Guðs nema að endurfæðast“. ³ Níkódímus spurði þá „Hvernig er hægt að fæðast aftur þegar maður er orðinn gamall? Varla getur maður snúið aftur í leg móður sinnar til að fæðast öðru sinni.“⁵ Jesú svaraði „Ég segi þér satt, það er ekki hægt að ganga inn í konungsríki Guðs nema að fæðast af vatni og anda.“⁶ Líkamar fæða líkama en andinn fæðir anda.⁷ Þú mátt ekki vera hissa að ég segi „Þú þarft að fæðast aftur“. ⁸ Vindurinn blæs þangað sem hann vill. Þú heyrir í honum en veist ekki hvaðan hann kom eða hvert hann er að fara. Það er alveg eins þegar fólk fæðist af andanum.“⁹ Níkódímus spurði þá „Hvernig má þetta vera?“¹⁰ Jesú sagði þá „Þú ert kennari í Ísrael og þú skilur þetta ekki?“¹¹ Ég segi þér satt, við tölum um það sem við þekkjum og vitnum um það sem við höfum séð, en samt trúið þið ekki vitnisburðinum.¹² Ég er að tala við þig um það sem er jarðneskt og þú trúir mér ekki, hvernig munt þú þá trúa því sem ég segi um það sem er himneskt?¹³ Enginn hefur farið til himna nema sá sem kom af himnum, sem er Mannssonurinn.¹⁴ Mannssyninum mun verða lyft upp, eins og Móse lyfti upp snáknum í eyðimörkinni,¹⁵ svo að öll þau sem trúa á hann öðlist eilíft líf.¹⁶ Guð elskar heiminn svo mikið að hann gaf sinn eina son svo að fólk sem trúir á hann þurfi ekki að deyja, heldur eignist eilíft líf.¹⁷ Því Guð sendi ekki son sinn í heiminn til að dæma hann heldur til að bjarga heiminum í gegnum hann.¹⁸ Öll þau sem trúa á hann verða ekki dæmd en þau sem trúa ekki á hann eru dæmd nú þegar, því þau hafa ekki trúað á nafn einkasonar Guðs.¹⁹ Dómurinn byggir á þessu: Ljós Guðs kom í heiminn, en fólk elskaði myrkrið meira en ljósið, því að verk þeirra voru ill.²⁰ Öll þau sem gera það sem er illt, hata ljósið og þau vilja ekki koma í ljósið svo verk þeirra sjáist ekki.²¹ En þau sem lifa samkvæmt sannleikanum koma í ljósið, svo annað fólk geti séð að þau framkvæma vilja Guðs.“

²² Jesú og lærisveinarnir fóru þá frá Jerúsalem til sveitanna í landi Júda þar sem hann dvaldi með þeim og skírði fólk.²³ Jóhannes skírari var líka að skíra fólk í Ænon, nálægt Salím, því þar var nóg af vatni og fólk kom og lét skírast.²⁴ (Þetta var áður en Jóhannesi var varpað í fangelsi)²⁵ Lærisveinar Jóhannesar fóru að rökræða við Gyðing nokkurn, um hreinsunarathafnir Gyðinga.²⁶ Þeir fóru til Jóhannesar og sögðu við hann „Rabbí, maðurinn sem þú hittir hinum megin við Jórdaná, sá sem þú bentir á sem Messías, hann er líka að skíra fólk. Og fólk fer til hans frekar en til okkar.“²⁷ Jóhannes svaraði „Engin manneskja getur fengið nokkuð án þess að hafa fengið það af himnum.“²⁸ Þið getið sjálfir vitnað um að ég sagði „Ég er ekki Messías heldur er ég sendur á undan honum“. ²⁹ Það er brúðguminn sem giftist brúðurinni, en vinur brúðgumans er bara ánægður að fá að vera með og sjá giftinguna. Þess vegna gleðst ég yfir velgengni hans.³⁰ Hann mun verða meiri, en ég mun verða minni.³¹ Sá sem er að ofan er yfir öllu, sá sem er af jörðinni tilheyrir jörðinni og talar eins og einhver sem er af jörðinni. Sá sem kemur af himnum er yfir öllu.³² Hann vitnar um það sem hann hefur heyrt og séð en fátt fólk trúir því sem hann segir.³³ Þau sem taka við orðum hans staðfesta að Guð er sannur og trúur.³⁴ Því hann er sendur af Guði. Þegar hann talar fer hann með orð Guðs því Guð gefur honum

takmarkalausán anda.

³⁵ Faðirinn elskar soninn og hefur sett allt í hendurnar á honum. ³⁶ Þau sem trúa á soninn fá eilíft líf, en þau sem hlýða ekki synininum munu ekki njóta eilífs lífs, heldur mun reiði Guðs koma yfir þau.

Fjórði kafli

¹ Jesú frétti af því að farísarnir vissu að hann væri að skíra fleiri lærisveina en Jóhannes, ² reyndar skírði Jesú ekki fólk sjálfur, heldur lærisveinar hans. ³ Jesú yfirgaf því land Júda og fór aftur til Galíleu. ⁴ Hann þurfti að fara í gegnum Samaríu á leiðinni. Hann kom til Síkar, þorps í Samaríu sem er nálægt landinu sem Jakob gaf Jósef, syni sínum. ⁵ Þar var brunnur Jakobs og Jesú var þreyttur eftir gönguna og settist niður hjá brunninum. Þetta gerðist um hádegi. ⁶ Þegar samversk kona kom að ná í vatn sagði Jesú við hana „Gætir þú gefið mér að drekka?“ ⁷ En lærisveinarnir höfðu farið inn í þorpið að kaupa mat. ⁸ Samverska konan sagði við hann „Þú ert Gyðingur og ég er samversk kona. Hvernig stendur á því að þú biðjir mig um vatn að drekka?“ (Því Gyðingar hafa engin samskipti við Samverja). ⁹ Jesú svaraði henni „Ef þú þekktir gjafir Guðs og hver það er sem biður þig um vatn, þá myndir þú biðja hann um lifandi vatn, og hann myndi gefa þér það.“ ¹⁰ Konan sagði þá „Herra, þú ert ekki með neitt til að ausa úr þessum djúpa brunni. Hvaðan myndir þú ausa þessu lifandi vatni?“ ¹¹ Ert þú meira en forfaðir okkar Jakob, sem gaf okkur þennan brunn og drakk sjálfur úr honum, rétt eins og synir hans og húsdýrin.“ ¹² Jesú svaraði „Þau sem drekka þetta vatn verða aftur þyrst. ¹³ En þau sem drekka vatnið sem ég gef þeim, munu aldrei aftur verða þyrst. Lifandi vatnið mun verða að vatnslind innra með þeim, sem leiðir til eilífs lífs.“ ¹⁴ Konan sagði þá við Jesú „Herra, gefðu mér þetta vatn svo ég verði ekki aftur þyrst og hætti að þurfa að koma alla leið hingað að ná í vatn.“ ¹⁵ Jesú sagði þá við hana „Farðu og náðu í eiginmann þinn og komdu svo aftur.“ ¹⁶ Hún svaraði „Ég á engan eiginmann“. Jesú svaraði „Það er rétt sem þú segir að þú eigir ekki eiginmann“ ¹⁷ því þú hefur átt fimm eiginmenn og maðurinn sem þú ert með núna er ekki eiginmaður þinn. Þannig það sem þú sagðir var satt.“ ¹⁸ Konan sagði „Herra, ég sé að þú ert spámaður.“ ¹⁹ Forfeður okkar tilbáðu Guð á þessu fjalli, en þið Gyðingar segið að fólk verði að tilbiðja Guð í Jerúsalem.“ ²⁰ Jesú svaraði „Kona, trúðu mér, sá dagur mun fljótlega renna upp þegar þið tilbiðjið Föðurinn hvorki á þessu fjalli né í Jerúsalem.“ ²¹ Þið Samverjar tilbiðjið það sem þið þekkið ekki, við tilbiðjum það sem við þekkjum, því björgunin kemur frá Gyðingunum. ²² En dagurinn nálgast, og er raunar runninn upp, þegar sannir tilbiðjendur munu tilbiðja Föðurinn í anda og í sannleika. Faðirinn leitar slíks fólks sem tilbiður hann á þann hátt. ²³ Guð er andi og tilbiðjendur hans verða að tilbiðja hann í anda og sannleika.“ ²⁴ Konan sagði þá „Ég veit að Messías (sá sem er kallaður Kristur) mun koma. Þegar hann kemur mun hann útskýra allt fyrir okkur.“ ²⁵ Jesú lýsti þá þessu yfir „Ég, sem tala við þig hér, er hann“. ²⁶ Einmitt þá snéru lærisveinarnir tilbaka og voru hissa að sjá Jesú tala við konu. En enginn þeirra spurði „Hvað viltu henni?“ eða „Af hverju ertu að tala við hana?“ ²⁷ Konan skildi þá föturnar eftir og fór aftur til þorpsins og sagði við fólkið ²⁸ „Komið og sjáið manninn

sem sagði mér allt það sem ég hef gert. Getur verið að þetta sé Messías?“³⁰ Fólkið streymdi úr þorpinu til að sjá hann.

³¹ Á meðan þessu stóð sögðu lærisveinarnir við Jesú „Rabbí, þú verður að borða eitthvað“. ³² En hann sagði við þá „Ég hef mat sem þið vitið ekki um“. ³³ Þá sögðu lærisveinarnir sín á milli „Getur verið að einhver hafi gefið honum mat?“

³⁴ Jesú sagði „Maturinn minn er að gera vilja þess sem sendi mig og að klára verkið hans.“ ³⁵ Þið þekkið máltækið „Fjórir mánuðir eru á milli sáningu og uppskeru“. En ég segið, vaknið og lítið í kringum ykkur. Akrarnir eru tilbúnir fyrir uppskeru. ³⁶ Verkamenn uppskerunnar fá vel borgað og ávextirnir sem þeir skera upp er fólk sem öðlast eilíft líf. Þvílík gleði bíður bæði þeirra sem gróðursetja og þeirra sem skera upp. ³⁷ Þið þekkið líka máltækið „Einn sáir, annar sker upp“. Og það er rétt. ³⁸ Ég sendi ykkur til að vinna við uppskeru sem þið sáðuð ekki fyrir. Það er annað fólk sem vann erfiðisvinnuna og þið njótið ávaxtanna af vinnu þeirra.“

³⁹ Margir Samverjar úr þorpinu trúðu Jesú vegna þess að konan sagði „Hann sagði mér allt það sem ég hef gert“. ⁴⁰ Þegar Samverjarnir komu til Jesú báðu þeir hann að dvelja í þorpinu þeirra. Og hann var þar í tvo daga ⁴¹ og vegna orða hans trúðu margir Samverjar á hann ⁴² og sögðu við konuna „Við trúum ekki lengur vegna orða þinna heldur höfum við heyrt orð hans sjálf og við vitum að sannarlega er þetta bjargvættur heimsins“.

⁴³ Eftir að hafa verið þar í tvo daga hélt Jesú til Galíleu. ⁴⁴ Hann hafði sjálfur sagt að spámönnum sé aldrei tekið vel í sinni heimabyggð. ⁴⁵ Þegar hann kom til Galíleu bauð fólkið hann velkominn því þau höfðu séð það sem hann gerði í Jerúsalem á páskahátíðinni, því þau höfðu líka verið þar.

⁴⁶ Hann fór aftur til Kana í Galíleu þar sem hann hafði breytt vatni í vín. Þar var embættismaður við konungshirðina sem átti son í Kapernám, sem var mjög veikur. ⁴⁷ Þegar maðurinn heyrði að Jesú væri kominn til Galíleu frá Júda, fór hann til hans og bað hann um að koma og lækna son sinn, sem var nær dauða en lífi. ⁴⁸ Jesú sagði við hann „Þið trúið ekki nema að þið sjáið táknið og kraftaverk“. ⁴⁹ En embættismaðurinn sagði „Herra komdu núna, áður en barnið mitt deyr“. ⁵⁰ Jesú svaraði „Þú getur farið, sonur þinn lifir“. Maðurinn trúði Jesú og fór. ⁵¹ Á leiðinni heim komu þjónar hans til hans og sögðu að drengurinn væri lifandi. ⁵² Þegar hann spurði þá hvenær drengnum hafði batnað sögðu þeir við hann „Í gær, hitinn fór úr honum rétt eftir hádegi“. ⁵³ Þá skildi maðurinn að það var einmitt tíminn þegar Jesú hafði sagt við hann „Sonur þinn lifir“. Og faðirinn og allt heimilisfólk hans trúði. ⁵⁴ Þetta var annað táknið sem Jesú framkvæmdi eftir að hafa komið frá landi Júda til Galíleu.

Fimmti kafli

¹ Nokkru síðar fór Jesú til Jerúsalem til að vera viðstaddur eina af hátíðum Gyðinga.

² Inní borginni, nálægt Sauðahliðinu, var laug, sem heitir á hebresku Betesda, sem hafði fimm súlnagöng. ³ Þar lá fjöldi fólks haldið ýmsum kvillum, voru veik, blind,

hölt eða lömuð. ⁴ ⁵ Þar var maður sem hafði verið veikur í þrjátíu og sjö ár. ⁶ Þegar Jesú sá hann liggjandi, vitandi hversu lengi hann hafði verið veikur, sagði hann við manninn „Viltu læknastr?“ ⁷ Maðurinn svaraði „Herra, ég hef engan til að hjálpa mér ofan í laugina þegar vatnið hrærist. Á meðan ég er að reyna að komast ofan í, fer annað fólk á undan mér.“ ⁸ Jesú sagði þá við hann „Stattu upp, taktu mottuna sem þú liggur á og gakktu.“ ⁹ Maðurinn læknaðist um leið, tók mottuna og gekk. Þetta gerðist á hvíldardegi ¹⁰ og trúarleiðtogarnir sögðu við manninn sem hafði læknastr „Það er hvíldardagur, það er ólöglegt fyrir þig að halda á mottunni.“ ¹¹ En maðurinn svaraði „Sá sem læknaði mig, sagði við mig „Taktu upp mottuna sem þú liggur á og gakktu.““ ¹² Þeir spurðu hann þá „Hvaða náungi er þetta sem sagði þér að taka upp mottuna og ganga?“ ¹³ Maðurinn sem hafði læknastr hafði ekki hugmynd um hver það var, því Jesú hafði horfið inn í mannhafið. ¹⁴ Síðar hitti Jesú manninn í musterinu og sagði við hann „Sjáðu, þú ert alheill. Ekki syndga framur því annars kemur nokkuð enn verra fyrir þig.“ ¹⁵ Maðurinn fór og sagði trúarleiðtogum Gyðinga að það hafði verið Jesú sem læknaði hann. ¹⁶ Þar sem Jesú hafði gert þetta á hvíldardegi fóru þeir að ofsækja hann. ¹⁷ En Jesú svaraði „Faðir minn er alltaf að störfum og það er ég líka.“ ¹⁸ Trúarleiðtogarnir fóru að leita enn ákafar að leiðum til að drepa hann, því hann var ekki bara að vinna á hvíldardegi heldur kallaði hann Guð föður sinn, og þar með jafningja sinn. ¹⁹ Jesú svaraði þeim með því að segja „Ég segi ykkur satt, að sonurinn getur ekki gert neitt sjálfur, hann getur bara gert það sem hann hefur séð Föður sinn gera. Því það sem Faðirinn gerir, gerir sonurinn líka. ²⁰ Því Faðirinn elskar soninn og sýnir honum allt það sem hann gerir. Já og hann sýnir honum jafnvel enn meiri verk en þessi. Þá fyrst verðið þið hissa. ²¹ Því rétt eins og Faðirinn reisir upp fólk frá dauðum og gefur þeim líf, gefur sonurinn þeim líf sem hann vill. ²² Og þar að auki dæmir Faðirinn engan heldur treystir hann syninum fyrir öllum dómi, ²³ svo allt fólk heiðri soninn eins og þau heiðra Föðurinn. Hver sem heiðrar ekki soninn heiðrar heldur ekki Föðurinn sem sendi hann. ²⁴ Ég segi ykkur satt, þau sem heyra orð mín og trúa þeim sem sendi mig, öðlast eilíft líf og munu ekki verða dæmd heldur fara frá dauðanum til lífsins. ²⁵ Ég segi ykkur satt að tíminn er að fara að renna upp, og hefur raunar nú þegar runnið upp, þegar hin dáu munu heyra rödd sonar Guðs og þau sem heyra hana munu lifa. ²⁶ Eins og Faðirinn hefur í sér líf, hefur hann gefið syninum að hafa í sér líf. ²⁷ Og honum er gefið dómsvald því hann er Mannssonurinn. ²⁸ Ekki vera undrandi yfir þessu. Tíminn er í nánd að þau sem liggja dái í gröfunum munu heyra rödd sonar Guðs. ²⁹ Þau sem gerðu illt munu rísa upp til dómsins og þau sem gerðu gott munu rísa upp til lífsins. ³⁰ Ég, eins míns liðs, get ekkert gert. Ég dæmi bara eftir því sem ég heyri og dómur minn er réttlátur, því ég leita ekki eftir mínum vilja heldur vilja þess sem sendi mig. ³¹ Ef ég vitna um sjálfan mig er vitnisburður minn ógildur. ³² En það er annar sem vitnar um mig og ég get fullvissað ykkur um að það sem hann segir um mig er satt. ³³ Þið hafið sent menn til Jóhannesar og vitnisburður hans um mig er sannur. ³⁴ Ekki að ég þurfi manneskju til að vitna um mig en ég segi þetta við ykkur svo þið getið bjargast. ³⁵ Jóhannes var logandi lampi sem gaf ljós og þið nutuð ljóssins um hríð. ³⁶ En ég hef miklu merkara vitni en Jóhannes. Verkefnið sem Faðirinn treysti mér fyrir, sannar að hann sendi mig. ³⁷ Og

Faðirinn sem sendi mig hefur sjálfur vitnað um mig. Þið hafið aldrei heyrt röddina hans eða séð hvernig hann lítur út ³⁸ og orð hans er ekki í ykkur, því þið trúðið ekki þeim sem hann sendi. ³⁹ Þið rannsakið Ritningarnar því þið haldið að þær muni gefa ykkur eilíft líf. En það er einmitt Ritningin sem vitnar um mig, ⁴⁰ en þið neitið að koma til mín til að öðlast lífið. ⁴¹ Ég tek ekki við heiðri af manneskjum, ⁴² því ég þekki ykkur og veit að þið hafið ekki kærleika Guðs í hjörtum ykkar. ⁴³ Ég kom í nafni Föður míns og þið takið ekki á móti mér, en ef einhver kemur í sínu eigin nafni, þá trúðið þið þeim! ⁴⁴ Hvernig getið þið trúað þegar þið takið við dýrð frá hver öðrum en leitið ekki dýrðarinnar sem kemur frá hinum eina sanna Guði? ⁴⁵ En ekki halda að ég muni ákæra ykkur frammi fyrir Föðurnum. Ákærandi ykkar er Móse, og á hann hengið þið von ykkar! ⁴⁶ Ef þið tryðuð Móse mynduð þið líka trúa mér því að hann ritaði um mig. ⁴⁷ En ef þið trúðið ekki því sem hann sagði, af hverju ættuð þið að trúa því sem ég segi?“

Sjötti kafli

¹ Nokkru eftir þetta fór Jesú hinum megin við Galíleuvatn (einnig þekkt sem Tíberías). ² Mikill mannfjöldi fylgdi honum hvert sem hann fór, því þau höfðu séð táknið sem hann framkvæmdi þegar hann læknaði fólk. ³ Jesú fór þar upp í fjallshlíð og settist niður ásamt lærisveinunum. ⁴ Þetta gerðist stuttu fyrir páskahátíðina. ⁵ Þegar Jesú leit upp og sá mannfjöldann nálgast, sagði hann við Filipus „Hvar eigum við að kaupa brauð fyrir allt þetta fólk?“ ⁶ Hann spurði að þessu til að reyna Filipus, enda vissi Jesú hvað hann væri að fara gera. ⁷ Filipus svaraði honum „Það myndi kosta meira en hálfárs laun verkamanns að kaupa nóg brauð svo þau fengju öll einn munnbita“. ⁸ Annar lærisveinanna, Andrés, bróðir Símonar, tók til máls ⁹ og sagði „Hér er drengur með fimm lítil byggbrauð og tvo smáfiska, en það dugar nú skammt handa svo mörgum“. ¹⁰ Jesú sagði „Látið fólkið setjast“. Þar sem þau voru var mikið graslendi og þau settust niður. Karlarnir voru fimmþúsund auk kvenna og barna. ¹¹ Jesú tók brauðin og eftir að hafa þakkað Guði, rétti hann lærisveinunum þau, og þeir dreifðu þeim meðal fólksins. Hann gerði það sama við fiskana. ¹² Þegar þau voru öll orðin södd, sagði Jesú við lærisveinana „Takið saman afgangana, látum ekkert fara til spillis“. ¹³ Þeir söfnuðu þeim saman og afgangurinn af brauðunum fimm og fiskunum tveimur, voru tólf fullar körfur.

¹⁴ Þegar fólkið sá þetta undursamlega tákn sögðu þau „Þetta hlýtur að vera spámaðurinn sem við höfum beðið eftir“. ¹⁵ Þegar Jesú sá að fólkið vildi taka hann með valdi og gera hann að konungi, fór hann aftur upp fjallið og dró sig í hlé.

¹⁶ Þegar það var komið kvöld fóru lærisveinar hans niður að vatninu. ¹⁷ En þegar það var orðið dimmt og Jesú var ekki kominn tilbaka, héldu þeir af stað yfir vatnið, til Kapernám. ¹⁸ Það fór að hvessa og öldurnar hækkuðu. ¹⁹ Þegar þeir höfðu róið í um fimm kílómetra sáu þeir Jesú nálgast bátinn, gangandi á vatninu, og þeir urðu hræddir. ²⁰ En Jesú sagði við þá „Ekki vera hræddir, þetta er ég“. ²¹ Þá hleyptu þeir honum um borð og um leið voru þeir komnir á leiðarenda.

²² Næsta dag sá fólkið sem hafði verið eftir, að lærisveinarnir höfðu tekið eina bátinn og að Jesú hafði ekki farið með þeim. ²³ Nokkrir bátar frá Tíberías komu að landi þar sem herrann hafði blessað brauðin og fólkið hafði étið. ²⁴ Þegar fólkið áttaði sig á að hvorki Jesú né lærisveinarnir voru þar, fóru þau á bátum til Kapernám til að leita að Jesú. ²⁵ Þegar fólkið fann hann hinum megin við vatnið, spurðu þau Jesú „Rabbí, hvernig komst þú hingað?“ ²⁶ Jesú svaraði „Ég segi ykkur satt, þið leitið að mér, ekki vegna tákna sem þið sáuð heldur af því að þið átuð brauð og urðuð södd.“ ²⁷ Ekki vinna fyrir mat sem skemmist, heldur fyrir mat sem endist til eilífs lífs, sem er það sem Mannssonurinn mun gefa ykkur. Því Guð faðir hefur sett innsigli sitt á hann.“ ²⁸ Þá spurði fólkið Jesú „Við viljum líka vinna verk Guðs, hvernig gerum við það?“ ²⁹ Jesú svaraði „Verk Guðs er þetta: Trúið á þann sem hann sendi“. ³⁰ Fólkið spurði hann þá „Hvaða tákn muntu gefa okkur til að við getum séð og trúað þér? Hvað ætlar þú að gera?“ ³¹ Forfeður okkar átu manna í eyðimörkinni, því það er ritað „Hann gaf þeim brauð af himnum að éta“.“ ³² Jesú sagði við þau „Ég segi ykkur satt að það var ekki Móse sem gaf ykkur brauðið af himnum, heldur er það Faðir minn sem gefur ykkur hið sanna brauð af himnum.“ ³³ Hið sanna brauð Guðs er sá sem kemur niður af himnum og gefur heiminum líf.“ ³⁴ Þau sögðu þá „Herra, gefðu okkur ávallt þetta brauð“. ³⁵ Þá svaraði Jesú „Ég er brauð lífsins. Þau sem koma til mín munu aldrei aftur verða svöng og þau sem trúa á mig munu aldrei aftur verða þyrst.“ ³⁶ En eins og ég sagði, þið hafið séð mig en trúið samt ekki. ³⁷ En þau sem Faðirinn hefur gefið mér, munu koma til mín og ég mun aldrei reka þau burt. ³⁸ Því að ég hef komið niður af himnum, ekki til að gera vilja minn, heldur til að gera vilja þess sem sendi mig. ³⁹ Og þetta er vilji þess sem sendi mig: Að ég glati ekki einni einustu manneskju af þeim sem hann hefur gefið mér, heldur reisi þau upp á lokadeginum. ⁴⁰ Því það er vilji Föður míns að öll þau sem sjá son hans og trúa honum, muni öðlast eilíft líf. Ég mun reisa þau upp á lokadeginum.“ ⁴¹ Þá fór fólkið að mögla því hann hafði sagt „Ég er brauðið sem kom niður af himnum“. ⁴² Þau sögðu „Er þetta ekki Jesú, sonur Jósefs, við þekkjum foreldra hans. Hvernig getur hann núna sagt „Ég kom niður af himnum“?“ ⁴³ Jesú sagði þá „Hættið að mögla á milli ykkar.“ ⁴⁴ Því engin manneskja getur komið til mín nema að Faðirinn sem sendi mig dragi þau til mín, og á lokadeginum mun ég reisa þau upp. ⁴⁵ Spámennirnir rituðu „Guð mun vera kennarinn þeirra“. Öll þau sem hafa heyrt í Föðurnum og lært af honum, koma til mín. ⁴⁶ Engin manneskja hefur séð Föðurinn, nema sá sem er frá Guði, aðeins hann hefur séð Föðurinn. ⁴⁷ Ég segi ykkur satt, þau sem trúa munu öðlast eilíft líf. ⁴⁸ Ég er brauð lífsins. ⁴⁹ Forfeður ykkar átu manna í eyðimörkinni, en þau dóu. ⁵⁰ En hér er brauð sem kemur niður af himnum, og þau sem borða það brauð munu aldrei deyja. ⁵¹ Ég er lifandi brauðið sem kom niður af himnum. Þau sem éta þetta brauð munu lifa að eilífu. Þetta brauð er líkami minn, sem ég mun gefa svo heimurinn geti lifað.“ ⁵² Þá fór fólkið að rífast hvert við annað um hvað hann væri að meina og spurðu „Hvernig getur þessi maður gefið okkur líkama sinn að éta?“ ⁵³ Jesú sagði við þau „Ég segi ykkur satt, ef þið étið ekki líkama Mannssonarins og drekkið blóð hans, getið þið ekki haft í ykkur eilíft líf.“ ⁵⁴ Þau sem éta líkama minn og drekka blóð mitt, hafa eilíft líf og ég mun reisa þau upp á lokadeginum. ⁵⁵ Því líkami minn er raunverulegur matur og blóðið mitt er

raunverulegur drykkur. ⁵⁶ Þau sem éta hold mitt og drekka blóð mitt, haldast í mér og ég í þeim. ⁵⁷ Ég lifi vegna lifandi Föðursins sem sendi mig og á sama hátt munu þau sem éta hold mitt lifa vegna mín. ⁵⁸ Þetta er brauðið sem kom niður af himnum. Foreldrar ykkar átu manna og dóu en þau sem éta þetta brauð munu lifa að eilífu.“ ⁵⁹ Þetta kenndi Jesú í samkomuhúsinu í Kapernám. ⁶⁰ Þegar lærisveinar Jesú heyrðu þetta, sögðu margir „Þetta er þung ræða, hver getur skilið þetta?“ ⁶¹ Vitandi að lærisveinarnir voru að kvarta yfir þessu, sagði Jesú „Angrar þetta ykkur? ⁶² Hvað munuð þið þá hugsa þegar þið sjáið Mannssoninn stíga upp þangað sem hann kom? ⁶³ Andinn gefur líf, líkaminn er ekkert. Orðin sem ég hef sagt við ykkur, þau eru full af anda og lífi. ⁶⁴ En sum ykkar trúa mér ekki.“ Jesú vissi frá upphafi hver þeirra trúðu honum og hver ekki, og hver myndi svíkja hann. ⁶⁵ Jesú hélt áfram „Þetta er ástæðan að ég hef sagt við ykkur að það er ekki hægt að koma til mín nema að Faðirinn geri það mögulegt“. ⁶⁶ Frá þessari stundu snéru margir lærisveinar baki við Jesú og hættu að fylgja honum. ⁶⁷ Jesú snéri sér þá að lærisveinunum tólf og spurði „Viljið þið líka fara?“ ⁶⁸ Símon Pétur svaraði „Herra, til hvers ættum við að fara? Þú hefur orð eilífs lífs. ⁶⁹ Við trúum og vitum að þú ert hinn heilagi Guðs.“ ⁷⁰ Þá svaraði Jesú „Hef ég ekki valið ykkur tólf? En samt er einn ykkar djöfull.“ ⁷¹ Hann var að tala um Júda, son Símonar Ískariots, einn þeirra tólf, sem síðar sveik hann.

Sjöundi kafli

¹ Eftir þetta fór Jesú um Galíleu. Hann vildi ekki fara inn í land Júda vegna þess að leiðtogar Gyðinga voru að leita leiða til að drepa hann. ² En bráðum var komið að einni hátíð Gyðinga, laufskálahátíðinni. ³ Bróðir Jesú sagði við hann „Farðu frá Galíleu og til Júda, svo að lærisveinar þínir þar geta séð verkin þín. ⁴ Enginn sem vill verða opinber persóna vinnur í leyni. Fyrst þú vinnur þessi verk sem þú vinnur, sýndu þig þá heiminum.“ ⁵ Því jafnvel bræður hans trúðu honum ekki. ⁶ Jesú sagði við þá „Tími minn er ekki kominn, en þið getið farið hvenær sem er. ⁷ Heimurinn getur ekki hatað ykkur, en hann hatar mig því ég vitna um heiminn og vondu verkin hans. ⁸ Farið sjálfir á hátíðina. Ég ætla ekki að fara, því tími minn er ekki kominn.“ ⁹ Jesú sagði þetta og varð eftir í Galíleu ¹⁰ en þegar bræður hans voru farnir á hátíðina fór Jesú þangað líka, en með leynd.

¹¹ Gyðingarnir leituðu hans á hátíðinni og spurðu „Hvar er hann?“ ¹² Jesú var mikið ræddur á hátíðinni og sumt fólk sagði „Hann er góður maður,“ en annað fólk sagði „Hann er svikahrappur sem blekkir fólkið“. ¹³ En fólk talaði ekki um Jesú opinberlega af ótta við trúarleiðtoga Gyðinganna.

¹⁴ Um miðbik hátíðarinnar fór Jesú í musterið og kenndi. ¹⁵ Hann gerði fólk undrandi með kenningu sinni og þau sögðu „Hvernig stendur á því að þessi maður er svo lærður? Hann hefur ekki fengið neina þjálfun.“ ¹⁶ Jesú svaraði þeim með því að segja „Kenningin er ekki mín, heldur þess sem sendi mig. ¹⁷ Þau sem velja að gera vilja Guðs munu komast að því hvort kenning mín komi frá Guði eða hvort ég sé að tala frá sjálfum mér. ¹⁸ Fólk sem talar frá sjálfu sér gerir það til að öðlast frægð fyrir sjálft sig, en fólk sem leitast eftir því að heiðra þann sem sendi það, segir sannleikann, ekki lygar. ¹⁹ Gaf Móse ykkur ekki lögmálið? En samt heldur ekki neitt ykkar lögmálið. Af hverju eruð þið þá að reyna að drepa mig?“

²⁰ Úr mannfjöldanum heyrðist þá „Þú ert andsetinn! Hver er að reyna að drepa þig?“ ²¹ Jesú sagði við þau „Ég framkvæmdi eitt kraftaverk (á hvíldardegi) og þið voruð öll undrandi. ²² En þið vinnið líka á hvíldardaginn, þegar þið farið eftir lögmáli Móse varðandi umskurnina, þó umskurnin hafi raunar komið frá ættarfeðrunum en ekki Móse, þá umskerið þið drengbörn á hvíldardeginum. ²³ Ef þið umskerið á hvíldardeginum, til að brjóta ekki lögmál Móse, af hverju reiðist þið mér þá ef ég lækna mann á hvíldardegi? ²⁴ Hættið að dæma eftir útliti og farið að dæma eftir réttlæti.“ ²⁵ Nokkrir Gyðingar úr hópnum fóru þá að spyrja sín á milli „Er þetta ekki maðurinn sem þeir vilja drepa? ²⁶ Og hér er hann að tala opinberlega og þeir segja ekki orð við hann. Hafa leiðtogarnir komist að því að hann sé í rauninni Messías? ²⁷ En við vitum hvaðan þessi maður er, þegar Messías kemur mun enginn vita hvaðan hann er.“ ²⁸ Jesú var ennþá að kenna í musterisgarðinum og sagði „Já þið þekkið mig og þið vitið hvaðan ég er, en ég er ekki hérna á eigin vegum en sá sem sendi mig er sannur og hann þekkið þið ekki, ²⁹ en ég þekki hann því ég kom frá honum og hann sendi mig.“ ³⁰ Þá reyndu trúarleiðtogarnir að handsama hann en enginn snerti hann, því tími hans var ekki kominn. ³¹ En mikið af fólki trúði á hann. Þau sögðu „Mun Messías, þegar hann kemur, gera meiri tákni en þessi maður hefur gert?“ ³² Þegar farísarnir heyrðu hvað fólkið var að hvísla sín á milli sendu þeir og æðstu prestarnir, musterisverðina að handtaka Jesú. ³³ En Jesú sagði við þá „Ég mun bara vera hjá ykkur í smástund í viðbót, og svo fer ég til þess sem sendi mig. ³⁴ Þið munuð leita að mér, en þið munuð ekki finna mig, og þið getið ekki komist þangað sem ég fer.“ ³⁵ Gyðingarnir sögðu þá hver við annan „Hvert ætlar þessi maður að fara þar sem við getum ekki fundið hann? Ætlar hann að fara til Gyðinganna sem eru dreifðir um Grikkland og kenna Grikkjunum? ³⁶ Hvað var hann að meina þegar hann sagði „Þið munuð leita að mér en finna mig ekki? og „Þið getið ekki farið þangað sem ég fer“?“

³⁷ Á hápunkti hátíðarinnar, á síðasta degi hennar stóð Jesú upp og hrópaði til fólksins „Allt fólk sem er þyrst, getur komið til mín og fengið að drekka. ³⁸ Þau sem trúa geta komið til mín og drukkið því Ritningin segir „Fljót lifandi vatns mun streyma frá hjarta hans“.“ ³⁹ Þegar hann talaði um „lifandi vatn“ var hann að meina andann sem fólkið sem trúði honum myndi fá síðar. Á þessum tíma var andinn ekki gefinn því Jesú var ekki enn orðinn dýrðlegur.

⁴⁰ Þegar fólkið heyrði þetta sögðu sumir „Þessi maður hlýtur að vera spámaðurinn sem við höfum verið að bíða eftir“. ⁴¹ Annað fólk sagði „Hann er Messías“ og enn annað sagði „Hvernig getur Messías komið frá Galíleu? ⁴² Segir ekki Ritningin að Messías verði afkomandi Davíðs og komi frá Betlehem, bænum þar sem Davíð bjó?“ Það voru því skiptar skoðanir meðal fólksins. ⁴⁴ Sumir vildu að hann yrði handtekinn en enginn lagði hönd á hann. ⁴⁵ Þegar musterisverðirnir komu tilbaka án þess að hafa handtekið Jesú spurðu æðstu prestarnir og farísarnir „Af hverju komuð þið ekki með hann?“ ⁴⁶ Verðirnir svöruðu „Við höfum aldrei heyrt nokkurn tala eins og þessi maður talar“. ⁴⁷ Farísarnir sögðu þá „Hefur hann blekkt ykkur líka? ⁴⁸ Hefur einhver af okkur leiðtogunum trúað orðum hans? ⁴⁹ Nei! En þessi lýður sem veit ekkert um lögmálið er bölvaður af Guði.“

⁵⁰ Níkkódímus, sem hafði hitt Jesú og var einn af þeim spurði ⁵¹ „Er það löglegt samkvæmt lögmálinu að dæma mann áður en hann fær að svara fyrir sig?“ Þeir svöruðu „Ert þú líka frá Galíleu? Lestu Ritninguna og sjáðu að enginn spámaður kemur frá Galíleu.“ ⁵³

Áttundi kafli

¹ Jesú fór upp á Ólívufjall ² en snemma morguns næsta dag, fór hann aftur í musterið. Fljótlega var kominn hópur fólks í kringum hann og Jesú settist niður og kenndi þeim. ³ Lögmálskennarnir og farísarnir komu með konu sem hafði verið staðin að framhjáhaldi. Þeir komu með hana fyrir hópinn ⁴ og sögðu við Jesú „Kennari, þessi kona var staðin að framhjáhaldi. ⁵ Lögmál Móse segir að við eigum að grýta hana til dauða. Hvað segir þú? Hvað eigum við að gera við þessa konu?“ ⁶ Þeir voru að reyna að leiða Jesú í gildru til að hafa eitthvað til að ákæra hann fyrir. Jesú beygði sig niður og skrifaði í sandinn með fingrinum. ⁷ Þegar þeir héldu áfram að þrúspyrja hann, rétti Jesú úr sér og sagði „Látið þann ykkar sem hefur aldrei syndgað, kasta fyrsta steininum“. ⁸ Og Jesú beygði sig aftur og hélt áfram að skrifa í sandinn. ⁹ Þegar mennirnir sem ásökuðu konuna heyrðu þetta fóru þeir að týnast í burtu einn af öðrum, þeir elstu fyrst, þartil Jesú var orðinn einn í miðju garðsins, ásamt konunni. ¹⁰ Jesú rétti úr sér og spurði konuna „Kona, hvert fóru þeir? Vildi enginn sakfella þig?“ ¹¹ Konan svaraði „Nei, enginn“. Jesú sagði þá „Ég geri það ekki heldur, farðu nú og syndgaðu ekki aftur“.

¹² Jesú hélt þá áfram að tala við fólkið „Ég er ljós heimsins. Þau sem fylgja mér munu aldrei ganga í myrkrinu heldur munu þau hafa ljós lífsins.“ ¹³ Farísarnir svöruðu þessu með því að segja „Þú ert hér sem þitt eigið vitni. Slíkur vitnisburður er ekki gildur.“ ¹⁴ Jesú svaraði „Það sem ég segi um mig er gilt því að ég veit hvaðan ég kom og veit hvert ég er að fara. En þið hafið ekki hugmynd um hvaðan ég kom eða hvert ég er að fara. ¹⁵ Ykkar dómur er mennskur dómur, en ég dæmi engan. ¹⁶ En ef ég myndi dæma, væri sá dómur réttur því að ég er ekki einn. Faðirinn sem sendi mig er með mér. ¹⁷ Í lögmáli ykkur er ritað að vitnisburður tveggja vitna sé sannur. ¹⁸ Ég er eitt vitni, hitt vitnið er Faðirinn sem sendi mig.“ ¹⁹ Þá spurðu þeir „Hver er faðir þinn?“ Jesú svaraði „Þið þekkið mig ekki og þið þekkið Föðurinn ekki. Ef þið þekktuð mig mynduð þið líka þekkja Föður minn.“ ²⁰ Jesú sagði þetta þegar hann var að kenna í mustergarðinum, nálægt fjárhirslunni, en þeir handtóku hann ekki því tími hans var ekki kominn. ²¹ Jesú sagði aftur við fólkið „Ég er að fara í burtu. Þið munuð leita mín og þið munuð deyja í synd ykkar. Þið getið ekki komist þangað sem ég er að fara.“ Fólkið spurði þá „Ætlar hann að fremja sjálfsmorð? Hvað meinar hann þegar hann segir „Þið getið ekki komist þangað sem ég er að fara?““ ²³ En Jesú hélt áfram „Þið komið neðan frá, ég kem ofan að. Þið eruð af þessum heimi, ég er ekki af þessum heimi. ²⁴ Þessvegna sagði ég við ykkur að þið munuð deyja í synd ykkar, því ef þið trúíð ekki að ég sé sá sem ég segist vera, þá munuð þið deyja í synd ykkar.“ ²⁵ Fólkið spurði þá „Hver ert þú?“ Jesú svaraði „Ég er sá sem ég hef alltaf sagst vera. ²⁶ Ég get sagt margt um ykkur og dæmt ykkur fyrir margt, en ég mun ekki gera það. Því ég segi ekkert nema það sem ég heyrði frá þeim sem sendi mig og

það sem hann segir er fullkomnlega rétt.“

²⁷ Fólkið skildi ekki það sem Jesú sagði um Föður sinn ²⁸ og Jesú sagði því „Þegar þið hafið lyft Mannssyninum upp munuð þið vita að ég er hann og að ég gerði ekkert af sjálfum mér, heldur sagði bara það sem Faðirinn kenndi mér. ²⁹ Sá sem sendi mig er með mér, hann hefur aldrei yfirgefið mig, því ég geri bara það sem gleður hann.“ ³⁰ Þegar Jesú sagði þetta trúði margt fólk á hann. ³¹ Jesú sagði þá við þau sem trúðu á hann „Þið eruð sannarlega lærisveinar mínir ef þið haldið í kenningar mínar.

³² Þið munuð þá vita sannleikann og sannleikurinn mun gera ykkur frjáls.“

³³ Fólkið sagði þá „En við erum afkomendur Abrahams og höfum aldrei verið þrælar. Hvernig getur þú sagt að við verðum þá frjáls?“ ³⁴ Jesú svaraði „Ég segi ykkur satt að þau sem syndga eru þrælar syndarinnar. ³⁵ Þrælar eru tímabundið þar sem þeir eru þrælar en sonur tilheyrir alltaf fjölskyldunni. ³⁶ Ef sonurinn gerir ykkur frjáls, þá verðið þið sannarlega frjáls. ³⁷ Ég veit að þið eruð afkomendur Abrahams en samt eruð þið að reyna að drepa mig, af því hjörtu ykkur hafa ekki pláss fyrir orð mín. ³⁸ Ég er að segja ykkur frá því sem ég hef séð í nærveru Föðursins og þið eruð að gera það sem þið lærðuð af feðrum ykkar.“

³⁹ Fólkið sagði þá „Abraham er faðir okkar!“ Jesú svaraði „Ef þið væruð börn Abrahams mynduð þið gera það sem Abraham gerði. ⁴⁰ En í staðinn eruð þið að leita leiða til að drepa mig, mann sem hefur sagt ykkur sannleikann sem ég heyrði frá Guði. Abraham hefði aldrei gert neitt slíkt. ⁴¹ En þið gerið það sem feður ykkar gerðu.“ Fólkið mótmælti „Við erum ekki einhverjir lausaleikskróar heldur er Guð faðir okkar!“ ⁴² Jesú sagði þá við þau „Ef Guð væri faðir ykkar mynduð þið elska mig því ég er kominn hingað frá Guði. Ég kom ekki hingað af sjálfsdáðum heldur sendi Guð mig. ⁴³ Af hverju skiljið þið ekki orð mín? Af því þið getið ekki heyrt það sem ég er að segja. ⁴⁴ Þið tilheyrði föður ykkar, djöflinum, og þið viljið framkvæma vilja föður ykkar. Hann var morðingi frá upphafi og hefur alltaf hatað sannleikann, því sannleikurinn er ekki í honum. Þegar hann lýgur er hann samkvæmur eðli sínu því hann er lygari og faðir lyginna. ⁴⁵ Þannig þegar ég segi sannleikann, þá trúið þið mér að sjálfsgöðu ekki. ⁴⁶ Getur einhver hér sannað upp á mig synd? Ef ég er að segja sannleikann, af hverju trúið þið mér ekki? ⁴⁷ Fólk sem tilheyrir Guði, heyrir hvað Guð segir. Ástæðan fyrir því að þið heyrið ekki er að þið tilheyrði ekki Guði.“ ⁴⁸ Fólkið svaraði þá „Er það ekki rétt að þú sért andsetinn samverjadjöfull?“ ⁴⁹ Jesú svaraði „Ég er ekki andsetinn heldur virði ég Föður minn en þið vanvirðið mig. ⁵⁰ Ég er ekki að leitast eftir upphefð fyrir sjálfan mig heldur er Guð að fara að gera mig dýrðlegan og hann er dómarinn. ⁵¹ Ég segi ykkur satt, þau sem hlýða orðum mínum munu aldrei deyja!“ ⁵² Þá sagði fólkið „Nú vitum við að þú ert andsetinn! Abraham dó og líka spámennirnir en samt segir þú að fólk sem hlýðir orðum þínum muni aldrei deyja! ⁵³ Ert þú meiri en ættfaðir okkar Abraham? Hann dó og líka spámennirnir. Hver heldur þú eiginlega að þú sért?“ ⁵⁴ Jesú svaraði „Ef ég vil upphefð fyrir sjálfan mig þýðir það ekkert. Faðir minn, sem þið segið að sé Guð ykkar, er sá sem upphefur mig ⁵⁵ og þótt þið þekkið hann ekki, þá þekki ég hann. Ef ég segði að ég þekkti hann ekki, væri ég lygari eins og þið, en ég þekki hann og hlýði því sem hann segir. ⁵⁶ Abraham faðir ykkar hlakkaði til komu minnar með fögnuð í hjarta og þegar hann sá hana, gladdist hann.“ ⁵⁷ Þau sögðu þá við hann „Þú ert ekki

orðinn fimmtugur en hefur samt séð Abraham?“⁵⁸ „Áður en Abraham fæddist, er ég!“ svaraði Jesús.⁵⁹ Þegar fólkið heyrði þetta tók það upp steina til að grýta hann en Jesús duldist og yfirgaf musterið.

Níundi kafli

¹ Jesús var á göngu og sá mann sem hafði verið blindur frá fæðingu. ² Lærisveinarnir spurðu hann „Rabbí, hvort syndguðu foreldrar þessa manns eða hann sjálfur, þar sem hann fæddist blindur“. ³ Jesús svaraði „Það er hvorugt, heldur gerðist það svo verk Guðs geti opinberast á honum. ⁴ Við verðum að drífa okkur að vinna verkin sem við fengum frá þeim sem sendi okkur. Það er að koma kvöld og þá getur enginn unnið. ⁵ Á meðan ég er í heiminum, er ég ljós heimsins.“ ⁶ Eftir að hann sagði þetta, skyrpti hann á jörðina og bjó til áburð með munnvatninu og setti á augu mannsins ⁷ og sagði svo við hann „Farðu og þvoðu þér í Sílómlaug (sílómlóm þýðir sendur). Maðurinn fór og þvoði sér og fór sjáandi heim. ⁸ Nágrannar hans og þau sem þekktu hann sem blinda betlarann, spurðu sín á milli „Er þetta ekki maðurinn sem sat og betlaði?“ ⁹ Sumt fólk sagði að það væri rétt, á meðan aðrir sögðu hann bara líkan honum. En maðurinn sjálfur sagði „Ég er sá maður“. ¹⁰ Fólkið spurði hann þá „Hvernig opnuðust augu þín?“ ¹¹ Maðurinn svaraði „Maðurinn sem er kallaður Jesús gerði áburð og setti í augun á mér og sagði mér að þvo mér í Sílómlaug. Þannig ég gerði það og þá gat ég séð.“ ¹² Þau spurðu hann þá „Hvar er þessi maður?“ Hann sagði þeim að hann vissi það ekki. ¹³ Þau fóru þá með manninn til farísanna ¹⁴ en Jesús gerði áburðinn og opnaði augu mannsins á hvíldardegi. ¹⁵ Farísarnir spurðu manninn þessvegna hvernig hann hafði fengið sjónina. Maðurinn svaraði „Hann gerði áburð og setti í augun. Svo þvoði ég mér og núna get ég séð.“ ¹⁶ Sumir farísanna sögðu „Þessi maður getur ekki verið frá Guði ef hann heldur ekki hvíldardaginn“. En aðrir sögðu „Hvernig gæti syndari framkvæmt slík ták?“ Það spruttu upp deilur á meðal þeirra um þetta. ¹⁷ Þeir snéru sér þá að manninum sem hafði verið blindur og spurðu hann „Hvað hefur þú að segja um þennan mann þar sem það voru augu þín sem opnuðust?“ Maðurinn svaraði „Hann er spámaður“. ¹⁸ En þeir trúðu ekki ennþá að maðurinn hafi í raun verið blindur og fengið sjónina og sendu því eftir foreldrum mannsins. ¹⁹ Þeir spurðu þau „Er þetta sonur ykkar? Er þetta sá sem þið segið að hafi verið blindur frá fæðingu? Hvernig stendur á því að hann geti séð?“ ²⁰ Foreldrar mannsins svöruðu „Við vitum að þetta er sonur okkar, og við vitum að hann fæddist blindur. ²¹ En hvernig hann getur núna séð eða hver opnaði augu hans, spyrjið hann um það, hann er nógu gamall til að svara fyrir sig sjálfur.“ ²² Foreldrar mannsins sögðu þetta af ótta við trúarleiðtogana sem höfðu gefið út tilskipun um að þau sem játuðu að Jesús væri Messías, fengju ekki að koma inn í samkomuhúsin aftur. ²³ Þess vegna sögðu þau „Hann er nógu gamall, spyrjið hann sjálfir“. ²⁴ Þeir fengu manninn sem hafði verið blindur til að koma í annað skiptið og sögðu „Gefðu Guði dýrðina með því að segja satt. Við vitum að þessi maður er syndari.“ ²⁵ Maðurinn svaraði „Hvort hann sé syndari eða ekki, veit ég ekkert um. Eina sem ég veit er að ég var blindur og get núna séð.“ ²⁶ Þá spurðu þeir hann „Hvað gerði hann við þig? Hvernig opnaði hann augu þín?“ ²⁷ Maðurinn

svaraði „Ég er búinn að segja ykkur það og þið hlustuðu ekki. Af hverju viljið þið heyra það aftur? Viljið þið líka verða lærisveinar hans?“ ²⁸ Þeir blótuðu þá manningum og sögðu „Þú ert lærisveinn þessa náunga. Við erum lærisveinar Móse! ²⁹ Við vitum að Guð talaði við Móse en varðandi þennan mann, við vitum ekki einu sinni hvaðan hann er!“ ³⁰ Maðurinn svaraði þá „Það er stórmerkilegt! Þið vitið ekki hvaðan hann er en samt opnaði hann augu mín. ³¹ Við vitum að Guð heyrir ekki í syndurum en hann hlustar á fólk sem tilbiður hann og gerir vilja hans. ³² Aldrei hefur heyrst um mann sem opnar augu fólks sem fæddist blint. ³³ Ef þessi maður kæmi ekki frá Guði, gæti hann ekkert gert.“ ³⁴ Trúarleiðtogarnir svöruðu með að segja „Þú ert fæddur algjör syndari og þú ætlar að reyna að kenna okkur!“ Og þeir létu henda honum út úr samkomuhúsinu. ³⁵ Jesú frétti að þeir hefðu hent manningum út og þegar Jesú fann hann sagði hann „Trúir þú á Mannssoninn?“ ³⁶ Maðurinn spurði „Herra, hver er það? Segðu mér það svo ég geti trúað á hann.“ ³⁷ Jesú sagði „Þú hefur hitt hann, raunar er það sá sem er núna að tala við þig“. ³⁸ Þá sagði maðurinn „Herra, ég trúi“. Og maðurinn tilbað Jesú. ³⁹ Jesú sagði við hann „Ég kom í heiminn vegna dómsins svo að blindir fá sjónina og þau sem sjái verði blind“. ⁴⁰ Nokkrir farísar sem stóðu þar hjá heyrðu þetta og spurðu „Ert þú að segja að við séum blindir?“ ⁴¹ Jesú sagði „Ef þið væruð blindir væruð þið ekki sekir um synd, en þið segist vera sjáandi, þessvegna eruð þið áfram sekir“.

Tíundi kafli

¹ Ég segi ykkur satt farísar, að þeir sem fara ekki inn um dyrnar inn í fjárhúsið, heldur klifra inn um gluggann, eru þjófar og ræningjar. ² Sá sem fer inn um dyrnar er hirðir sauðfésins. ³ Sá sem er í dyrunum opnar fyrir honum og sauðféð hlýðir röddinni hans. Hann kallar á sitt fé með nafni og leiðir það út. ⁴ Þegar hann hefur safnað saman sínu fé, fer hann á undan því og féð eltir hann, því það þekkir röddina hans. ⁵ En féð myndi aldrei elta einhvern ókunnugan, heldur flýja frá honum, því þau þekkja ekki röddina.“ ⁶ Jesú notaði þetta líkingamál, en farísarnir skildu ekki það sem hann var að segja ⁷ þannig Jesú endurtók „Ég segi ykkur satt, ég er dyrnar fyrir sauðféð. ⁸ Allir þeir sem komu á undan mér voru þjófar og ræningjar og féð hlýddi þeim ekki. ⁹ Ég er hliðið. Þau sem ganga í gegnum mig, mun verða bjargað. Þau munu ganga inn og út og finna grænan haga. ¹⁰ Þjófarnir koma bara til að ræna og drepa og eyðileggja en ég kem til þess að þau öðlist ríkulegt líf. ¹¹ Ég er góði hirðirinn. Góður hirðir er tilbúinn að fórna lífi sínu fyrir sauðféð sitt. ¹² Menn sem eru ráðnir í vinnu við að gæta fésins en eiga það ekki, flýja þegar þeir sjá úlfa koma. Þeir yfirgefa féð og hlaupa í burtu á meðan úlfurinn ræðst á hjörðina og tvístrar henni. ¹³ Mennirnir hlaupa í burtu því þeir eru bara í vinnunni og elska ekki sauðféð. ¹⁴ Ég er góði hirðirinn, ég þekki mitt fé og mitt fé þekkir mig ¹⁵ alveg eins og Faðirinn þekkir mig og ég þekki Föðurinn og ég legg líf mitt í sölurnar fyrir féð. ¹⁶ Ég á annað sauðfé sem er ekki úr þessari hjörð. Ég verð líka að ná í það. Það mun líka hlusta á rödd mína og mun mynda eina hjörð með einum hirði. ¹⁷ Faðirinn elskar mig því ég fórna lífi mínu svo ég geti endurheimt það. ¹⁸ Enginn getur tekið það frá mér en ég fórna því af fúsum og frjálsum vilja því ég hef vald til að fórna því þegar ég vil og líka að endurheimta það.

Því það er það sem Faðir minn fyrirskipaði.“

¹⁹ Það voru skiptar skoðanir meðal fólksins um þetta. ²⁰ Mörg þeirra sögðu „Hann er andsetinn og snarbrjáláður. Af hverju eruð þið að hlusta á hann?“ ²¹ En annað fólk sagði „Þetta eru ekki orð andsetins manns. Gæti andsetinn maður opnað augu blinds manns?“

²² Nú var kominn vetur og Jesú var í Jerúsalem vegna Hanukkah, vígsluhátíðarinnar.

²³ Hann gekk um musterið þar sem súlnagöng Salómons voru. ²⁴ Fólk var allt í kringum Jesú og spurði hann „Hversu lengi ætlar þú að láta okkur bíða? Ef þú ert Messías, segðu okkur það.“ ²⁵ Jesú svaraði „Ég sagði ykkur það en þið trúðuð mér ekki. Verkin sem ég framkvæmi í nafni Föður míns vitna um mig, ²⁶ en þið trúið mér ekki af því að þið eruð ekki mitt sauðfé. ²⁷ Mitt fé hlustar á rödd mína, ég þekki það og það fylgir mér. ²⁸ Ég gef því eilíft líf og það mun aldrei glatast, enginn getur tekið það úr höndunum á mér. ²⁹ Faðir minn, sem gaf mér það, er meiri en allt, enginn getur hrifsað það úr hendi Föður míns. ³⁰ Ég og Faðirinn erum eitt.“ ³¹ Fólkíð sem var andsnúið Jesú tók þá upp steina til að grýta hann, ³² en Jesú sagði við þau „Ég hef framkvæmt mörg góð verk frá Föðurnum, fyrir hvert þeirra viljið þið grýta mig?“ ³³ Þau svöruðu „Það er ekki fyrir góð verk sem viljum grýta þig, heldur fyrir guðlastið þegar þú, sem ert bara maður, sagðist vera guð“. ³⁴ Jesú svaraði þeim „Er ekki ritað í lögmáli ykkar „Ég hef sagt að þið eruð guðir“? ³⁵ Þið vitið að Ritningin getur ekki fallið úr gildi, og ef hún kallar þá guði sem orð Guðs kom til, ³⁶ hvernig getur það þá verið guðlast, þegar sá sem er helgaður og sendur í heiminn af Guði, segist vera sonur Guðs? ³⁷ Ef ég framkvæmi ekki verk Föðurs míns, ekki trúa mér. ³⁸ En ef ég framkvæmi verk hans, trúið þá allavegana sönnunargögnunum sem eru kraftaverkin sem ég hef framkvæmt. Jafnvel þó þið trúið mér ekki þá getið þið vitað og skilið að Faðirinn er í mér og ég er í Föðurnum.“

³⁹ Þeir reyndu aftur að handsama hann en hann slapp frá þeim.

⁴⁰ Jesú fór þá yfir Jórdaná og var nálægt staðnum þar sem Jóhannes skírði fólk fyrst, og hann dvaldi þar um hríð. ⁴¹ Margt fólk kom til hans og sögðu „Þó Jóhannes hafi aldrei gert kraftaverk, þá er allt satt sem hann sagði um þennan mann“. ⁴² Og margt fólk sem var þar trúði á Jesú.

Ellefti kafli

¹ Lasarus var maður nokkur sem var veikur. Hann bjó í Betaníu með systur sínum, Maríu og Mörtu. ² María var sú sem hellti síðar dýrri ilmólú á fætur Jesú og þurrkaði þá með hári sínu. ³ Systurnar sendu boð til Jesú „Herra, þinn kæri vinur er fárveikur“. ⁴ Þegar Jesú fékk fréttirnar sagði hann „Þessi veiki mun ekki enda með dauða. Nei, hún er Guði til dýrðar, svo sonur Guðs geti fengið upphefð.“ ⁵ Þó svo að Jesú elskaði Mörtu, Maríu og Lasarus, ⁶ dvaldi hann í tvo daga í viðbót þar sem hann var, ⁷ en sagði síðan við lærisveinana „Förum aftur til lands Júda“. ⁸ Þeir sögðu „En rabbí, fyrir skömmu vildi fólkíð í Júda grýta þig, en samt viltu fara þangað aftur“. ⁹ Jesú svaraði „Eru ekki tólf klukkustundir af dagsbirtu? Þau sem ganga á daginn hrasa ekki, því ljós heimsins lýsir upp leiðina, ¹⁰ en fólk hrasar ef það gengur á

nóttunni, því þá er ekkert ljós.“¹¹ Svo sagði Jesú „Lasarus, vinur okkar, er sofnaður, en ég ætla að fara að vekja hann“.¹² Lærisveinarnir svöruðu þá „Herra, ef hann er sofandi þá mun honum batna fljótlega“.¹³ Þeir héldu að Jesú hefði verið að tala um venjulegan svefn, en hann meinti að Lasarus væri dáinn.¹⁴ Þannig Jesú sagði berum orðum „Lasarus er dáinn,¹⁵ og ykkar vegna er ég ánægður að ég var ekki þar svo þið getið trúað. En förum núna til hans“.¹⁶ Þá sagði Tómas, sem var kallaður tvíburi, við hina lærisveinana „Við skulum líka fara og deyja með Jesú“.

¹⁷ Þegar Jesú kom til Betaníu var honum sagt að Lasarus hafði legið í gröfinni í fjóra daga.¹⁸ Betanía var bara nokkra kílómetra frá Jerúsalem¹⁹ og margt fólk þaðan hafði farið til Mörtu og Maríu til að hugga þær.²⁰ Þegar Marta heyrði að Jesú væri á leiðinni, fór hún á móti honum en María hélt kyrru fyrir í húsinu.²¹ Marta sagði við Jesú „Herra, ef þú hefðir bara verið hérna, væri bróðir minn ekki dáinn.“²² En ég veit að Guð mun bænheyra þig, hvað sem þú biður hann um.“²³ Jesú sagði við hana „Bróðir þinn mun rísa upp“.²⁴ Marta svaraði „Ég veit að hann mun rísa upp í upprisunni á lokadeginum“.²⁵ Jesú sagði við hana „Ég er upprisan og lífið. Þau sem trúa á mig munu lifa þótt þau deyi.“²⁶ Og þau sem lifa vegna þess að þau trúa á mig munu aldrei deyja. Trúir þú þessu?“²⁷ Hún svaraði „Já herra, ég trúi að þú ert Messías, sonur Guðs sem kom í heiminn frá Guði“.²⁸ Hún sagði þetta og fór síðan aftur til Maríu, systur sinnar, tók hana afsíðis og sagði „Kennarinn er hérna og vill hitta þig“.²⁹ Þegar María heyrði þetta rauk hún á fætur og fór til Jesú.³⁰ Jesú var ekki enn kominn inn í þorpið heldur var hann ennþá þar sem Marta hafði hitt hann.³¹ Þegar fólkið sem var að samhryggjast Maríu, sá hana fara í svo miklum flýti, héldu þau að hún væri að fara til grafarinnar, þar sem Lasarus var grafinn, til að gráta. Og þau fóru með henni.³² Þegar María kom til Jesú, féll hún við fætur hans og sagði „Herra, bara ef þú hefðir verið hérna, þá væri bróðir minn ekki dáinn“.³³ Þegar Jesú sá hana gráta og sá fólkið grátandi með henni, varð hann hryggur og hrærður.³⁴ Jesú spurði „Hvar liggur hann?“ Þau svöruðu „Herra, komdu og sjáðu“.³⁵ Og Jesú grét.³⁶ Þá sagði fólkið sem stóð í kring „Sjáið hvað hann hefur elskað hann mikið“.³⁷ En sum þeirra sögðu „Þessi maður gaf blindum sjónina, hefði hann ekki getað komið í veg fyrir andlát þessa manns?“³⁸ Jesú var enn í uppnámi þegar hann kom til grafarinnar, sem var hellir með stein fyrir hellismunanum.³⁹ Jesú sagði „Takið steininn í burtu“. Marta, systir dána mannsins, sagði þá „Herra, það eru fjórir dagar síðan hann dó. Nályktin er örugglega orðin óbærileg.“⁴⁰ Jesú svaraði „Sagði ég ekki við þig að þú myndir sjá dýrð Guðs ef þú tryðir?“⁴¹ Fólkið velti steininum frá hellinum. Jesú leit upp til himna og sagði „Faðir, ég þakka þér fyrir að heyra bæn mína.“⁴² Ég veit að þú heyrir alltaf í mér, en ég sagði þetta fyrir fólkið sem stendur hérna, svo þau trúi að þú sendir mig.“⁴³ Síðan hrópaði Jesú „Komdu út Lasarus!“⁴⁴ Dáni maðurinn gekk þá út úr gröfinni, innvafinn í líkklæði á höndum og fótum og fyrir andlitinu. Jesú fyrirskipaði „Færið hann úr líkklæðunum og leyfið honum að fara“.

⁴⁵ Margt fólk sem var með Maríu trúðu á Jesú þegar þau sáu þetta gerast.⁴⁶ En einhver þeirra fóru til farísanna og sögðu þeim hvað Jesú hafði gert.⁴⁷ Þá kölluðu farísarnir og yfirprestarnir saman öldungaráðið. Þeir spurðu „Hvað ætlum við að

gera í þessu? Þessi maður framkvæmir greinilega mörg kraftaverk. ⁴⁸ Ef við gerum ekkert munu þau öll trú á hann og þá munu Rómverjarnir koma og taka í burtu bæði musterið okkar og þjóð.“ ⁴⁹ Þá sagði einn þeirra, Kæfas, sem var þá æðstiprestur „Þið vitið ekkert. ⁵⁰ Þið áttið ykkur ekki á að það er betra að einn maður deyi fyrir þjóðina en að þjóðin deyi öll.“ ⁵¹ Hann sagði þetta ekki af sjálfum sér, heldur var hann æðstiprestur og spáði því að Jesú myndi deyja fyrir alla þjóðina, ⁵² og ekki bara alla þjóð þeirra, heldur fyrir öll börn Guðs sem eru dreifð út um alla jörðina, og sameina þau í eina þjóð.

⁵³ Þeir lögðu á ráðin frá þessum degi, hvernig þeir gæti drepit Jesú. ⁵⁴ Vegna þessa hætti Jesú að ganga um á meðal fólksins í Júda og fór frá Jerúsalem. Hann fór á stað nærri eyðimörkinni, til þorps í landi Efraíms og dvaldi þar um hríð ásamt lærisveinunum. ⁵⁵ Þegar páskahátíðin var á næsta leyti, fór margt fólk frá sveitunum í kring til Jerúsalem, til að taka þátt í hreinsunarathöfninni fyrir páskana. ⁵⁶ Fólkið leitaði að Jesú og þau sem stóðu í mustergarðinum spurðu hvert annað „Hvað haldið þið? Ekki er hann að fara að koma á páskahátíðina, eða hvað?“ ⁵⁷ En æðstu prestarnir og farísarnir höfðu gefið út tilskipun um að ef einhver kæmist að því hvar Jesú væri, þá yrði að tilkynna þeim það strax svo þeir gætu handtekið hann.

Tólfti kafli

¹ Sex dögum fyrir páska kom Jesú til Betaníu, þar sem Lasarus bjó, sá sem Jesú hafði reist upp frá dauðum. ² Þar var haldinn kvöldverður þar sem Jesú var heiðursgestur. Marta þjónaði til borðs og Lasarus var þar ásamt Jesú. ³ Þá tók María hálfan lítra af dýrri ilmolíu úr nardusviði og hellti á fætur Jesú og þurrkaði fætur hans með hári sínu. Húsið fylltist af lyktinni af ilmolíunni. ⁴ En einn af lærisveinunum, Júda Ískariót, sá sem svo sveik hann, mómælti þessu ⁵ „Af hverju var þessi ilmólía ekki seld og ágóðinn gefinn fátækum? Þetta er virði heilla árslauna verkamanns!“ ⁶ Hann sagði þetta ekki af því að honum væri svo annt um fátæka heldur vegna þess að hann var þjófur. Hann sá um peningapýngju hópsins og stal oft úr henni fyrir sjálfan sig. ⁷ Jesú svaraði „Láttu konuna í friði, hún er að gera þetta til að undirbúa líkama minn fyrir greftrun. ⁸ Þið munuð alltaf hafa fátækt hjá ykkur, en þið munuð ekki alltaf hafa mig hjá ykkur.“ ⁹ Þegar fréttist að Jesú væri staddur þar, kom fólk úr öllum áttum, ekki bara til að sjá Jesú heldur líka til að sjá Lasarus sem Jesú hafði reist upp frá dauðum. ¹⁰ Æðstu prestarnir ákváðu því að þeir myndu líka drepa Lasarus ¹¹ því vegna hans hafði margt fólk yfirgefið þá og farið að trú á Jesú.

¹² Næsta dag fréttist meðal þeirra sem höfðu komið til hátíðarinnar að Jesú væri á leiðinni til Jerúsalem. ¹³ Þau týndu pálmagreinar og héldu á veginn til að taka á móti honum hrópandi „Hósanna! Lofsýngjum Guð! Blessaður er sé sem kemur í nafni Guðs. Blessaður er konungur Ísrael!“ ¹⁴ Jesú settist á bak ösnufola sem uppfyllti spádóminn sem sagði: ¹⁵ „Ekki vera hrædd, dóttir Síon; sjáðu konungur þinn er kominn, sitjandi ösnufola“. ¹⁶ Lærisveinarnir skildu ekki á þeirri stundu að þetta væri spádómur að uppfyllast en þegar Jesú hafði stigið upp í dýrð sína, mundu þeir eftir því að þetta hafði gerst og skildu að þetta hafði verið ritað um Jesú. ¹⁷ Margt fólk þar hafði séð Jesú kalla Lasarus út úr gröfni og sögðu öðrum frá því. ¹⁸ Það er

ástæðan fyrir því að svo margt fólk fór að mæta honum. Því þau höfðu heyrt af þessu kraftaverki. ¹⁹ Þá sögðu farísarnir við hvern annan „Það er ekkert sem við getum gert. Sjáið hvernig allur heimurinn eltir hann.“

²⁰ Nokkrir Grikkir voru á meðal þeirra sem fóru til Jerúsalem til að vera viðstaddir páskahátíðina. ²¹ Grikkirnir fóru til Filipusar, sem var frá Betsædu í Galíleu, og báðu um að fá að hitta Jesú. ²² Filipus fór til Andrésar og þeir fóru saman til að segja Jesú frá því. ²³ Jesú svaraði „Núna er tími kominn til að Mannssonurinn verði gerður dýrðlegur. Ég segi ykkur satt, ef hveitikornið fellur ekki til jarðar og deyr, heldur það áfram að vera bara eitt hveitikorn. En ef það deyr gefur það af sér mikinn ávöxt.“ ²⁵ Þau sem elska líf sitt í þessum heimi munu týna því, á meðan að þau sem hatast við líf sitt í þessum heimi munu varðveita það að eilífu. ²⁶ Þau sem vilja þjóna mér verða að fylgja mér, því þjónar mínar verða að vera þar sem ég er. Og Faðirinn mun heiðra þau sem þjóna mér. ²⁷ Ég er nú í miklu uppnámi og hvað á ég að segja „Faðir bjargaðu mér frá því sem koma skal“? Nei, þetta er einmitt ástæðan fyrir því að ég kom í heiminn. ²⁸ Faðir, gerðu nafn þitt dýrðlegt!“ Þá heyrðist rödd sem kom af himnum og sagði „Ég hef gert það dýrðlegt og mun gera það aftur dýrðlegt.“ ²⁹ Þegar fólkið sem var þarna heyrði röddina héldu sumir að þetta væri þruma en aðrir sögðu að engill hefði talað við hann. ³⁰ Jesú sagði „Þessi rödd kom ekki mín vegna heldur ykkar vegna. ³¹ Nú er kominn tími dómsins yfir þessum heimi þegar Satan, herra þessa heims, verður kastað út. ³² Og þegar ég verð hafinn upp af jörðinni, mun ég taka allt fólk til mín.“ ³³ Hann sagði þetta til að segja fólki hvernig hann myndi deyja. ³⁴ Þá heyrðist í fólkinu „Við höfum heyrt það í Lögmálinu að þegar Messías kemur mun hann ríkja að eilífu, þannig hvernig getur þú sagt „Mannssonurinn mun verða hafinn upp?“ Hver er þessi Mannssonur eiginlega?“ ³⁵ Þá sagði Jesú við þau „Þið munuð bara hafa ljósið í smástund í viðbót. Gangið meðan þið hafið ennþá ljósið, svo myrkrið taki ykkur ekki yfir. Þau sem ganga í myrkri vita ekki hvert þau eru að fara. ³⁶ Trúið á ljósið á meðan þið hafið ljósið ennþá, svo þið getið orðið börn ljóssins.“

Þegar Jesú hafði sagt þetta fór hann og faldist. ³⁷ En þrátt fyrir öll kraftaverkin sem hann hafði framkvæmt meðal þeirra, trúði minnihluti fólksins á hann. ³⁸ Þetta uppfyllti orð Jesaja spámanns þegar hann sagði „Hver hefur trúað boðskap okkar? Hverjum hefur Drottinn opinberað hönd sína?“ ³⁹ Þess vegna trúði fólkið ekki, því Jesaja segir á öðrum stað ⁴⁰ „Hann hefur blindað augu þeirra og hert hjörtu þeirra, svo þau sjái ekki með augunum og skilji ekki með hjörtunum, þau snúa sér ekki að mér svo ég geti læknað þau.“ ⁴¹ Jesaja ritaði þetta af því að hann sá dýrð Jesú og talaði um hann. ⁴² Hinsvegar trúði margt fólk á hann og jafnvel sumir meðal trúarleiðtoganna. En vegna farísanna viðurkenndu þeir ekki trú sína opinberlega af ótta við að verða gerðir brottrækir úr samkomuhúsunum. ⁴³ Þeir elskuðu heiður frá mönnum meira en heiður frá Guði. ⁴⁴ Þá kallaði Jesú til fólksins „Þau sem trúa á mig, trúa ekki á mig, heldur á þann sem sendi mig. ⁴⁵ Því þegar þið sjáið mig, sjáið þið þann sem sendi mig. ⁴⁶ Ég kom í heiminn til að vera ljós, svo þau sem trúa á mig haldist í ljósinu. ⁴⁷ Ég mun ekki dæma þau sem heyra orð mín en hlýða þeim ekki,

Því ég kom ekki til að dæma heiminn, heldur til að bjarga heiminum. ⁴⁸ En þau sem afneita mér og boðskap mínum, munu dæmast af orðum mínum á lokadeginum. ⁴⁹ Því ég talaði ekki frá sjálfum mér, heldur sagði ég bara það sem Faðirinn sem sendi mig, skipaði mér að segja. ⁵⁰ Ég veit að boðorð hans leiða til eilífs lífs því segi ég hvað svo sem Faðirinn segir mér að segja.“

Þrettánda kafli

¹ Áður en páskahátíðin rann upp, vissi Jesú að tíminn væri kominn fyrir hann að yfirgefa þennan heim og snúa aftur til Föðursins. Hann hafði elskað fólkið sitt sem voru í heiminum. Hann elskaði þau allt til enda.

² Þegar það var kominn tími fyrir kvöldmáltíðina hafði djöfullinn þá þegar látið Júda, son Símonar Ískariots, ákveða að svíkja Jesú. ³ Jesú vissi að Faðirinn hafði gefið honum vald yfir öllu og að hann hafði komið frá Guði og myndi snúa aftur til Guðs.

⁴ Jesú stóð upp, fór úr kyrtlinum og vafði handklæði um mittið. ⁵ Hann hellti vatni í skál, þvoði fætur lærisveinanna og þurrkaði þá með handklæðinu sem hann hafði vafið um mittið. ⁶ Þegar röðin var komin að Símoni Pétri sagði hann við Jesú „Herra, ætlar þú að þvo á mér fæturnar?“ ⁷ Jesú svaraði „Þú skilur ekki núna hvað ég er að gera en þú munt skilja það síðar“. ⁸ Pétur sagði þá „Nei, þú munt aldrei þvo á mér fæturnar“. Jesú svaraði „Ef ég þvæ ekki á þér fæturnar áttu enga samleið með mér“. ⁹ Símon Pétur sagði þá „Þvoðu þá hendurnar og höfuð mitt líka“. ¹⁰ En Jesú svaraði „Þegar manneskja hefur öll verið hreinsuð þarf bara að þvo fæturnar, líkami hennar er hreinn. Og þið eruð hreinir. Þó ekki allir ykkar.“ ¹¹ Því Jesú vissi hver myndi svíkja hann og þess vegna sagði hann að þeir væru ekki allir hreinir.

¹² Þegar hann var búinn að þvo fætur þeirra fór hann aftur í fötin, settist niður og spurði þá „Skiljið þið hvað ég hef gert fyrir ykkur? ¹³ Þið kallið mig kennara og herra og það er rétt, því það er það sem ég er. ¹⁴ Og þar sem ég, herra ykkar og kennari, hef þvegið ykkur um fæturnar, skuluð þið líka þvo fætur hvers annars. ¹⁵ Ég hef verið fyrirmynd fyrir ykkur. Gerið það fyrir annað fólk sem ég hef gert fyrir ykkur. ¹⁶ Ég segi ykkur satt að þjónninn er ekki meiri en herra sinn og sendiboðinn er ekki meiri en sá sem sendi hann. ¹⁷ Nú þegar þið vitið þessa hluti mun Guð blessa ykkur ef þið framkvæmið þá. ¹⁸ Ég er ekki að tala um ykkur alla. Ég veit hverja ég hef útvalið. En þetta uppfyllir spádóminn í Ritningunni sem segir „Hann sem deilir með mér brauðinu hefur snúist gegn mér“. ¹⁹ Þetta segi ég ykkur áður en það gerist svo þið munuð trúa þegar þetta gerist, að ég sé sá sem ég er. ²⁰ Ég segi ykkur satt, að þau sem bjóða velkomin þau sem ég sendi, bjóða mig velkominn og þau sem taka á móti mér, taka á móti þeim sem sendi mig.“

²¹ Þegar Jesú hafði sagt þetta komst andi hans í uppnám og hann sagði „Ég segi ykkur satt, einn af ykkur mun svíkja mig“. ²² Lærisveinarnir störfu hver á annan og hugsuðu hvern Jesú gæti átt við. ²³ Einn af þeim, lærisveinninn sem Jesú elskaði, var við hliðina á honum við borðið. ²⁴ Símon Pétur gaf honum bendingu að spyrja Jesú hvern hann ætti við. ²⁵ Sá lærisveinn hallaði sér að Jesú og spurði „Herra, hver er það?“ ²⁶ Jesú svaraði „Það er sá sem ég mun rétta þetta brauð eftir að ég hef dýft því

í skálina“. Þegar hann hafði dýft brauðinu rétti hann Júda, syni Símonar Ískariots, brauðbitann. ²⁷ Um leið og hann tók við brauðinu, fór Satan í hann. Þá sagði Jesú „Gerðu það fljótt sem þú ert að fara að gera“.

²⁸ En enginn þeirra skildi hvað Jesú hafði sagt við hann. ²⁹ Þar sem Júda hélt um peningapyngjuna héldu sumir að Jesú hafði sagt honum að fara að kaupa það sem þurfti fyrir hátíðina eða gefa eitthvað til fátækra.

³⁰ Júda fór um leið og hann hafði tekið við brauðinu. Það var seint um kvöld. ³¹ Þegar hann var farinn sagði Jesú „Mannssonurinn er nú hafinn upp og Guð er hafinn upp í honum. ³² Ef Guð er gerður dýrðlegur í honum, mun Guð líka gera soninn dýrðlegan í sér. ³³ Börnin mín, ég mun ekki vera mikið lengur hjá ykkur og eins og ég sagði trúarleiðtogunum, þið munuð leita að mér en þið getið ekki farið þangað sem ég fer. ³⁴ Ég gef ykkur nýtt boðorð: Að elska hvert annað. Eins og ég hef elskað ykkur, skuluð þið elska hvert annað. ³⁵ Kærleikur ykkar til hvers annars mun sanna fyrir heiminum að þið séuð lærisveinar mínir.“ ³⁶ Símon Pétur spurði þá Jesú „Herra, hvert ert þú að fara?“ Jesú svaraði „Þið getið ekki komið með mér þangað sem ég er að fara, en þið munuð koma þangað seinna“. ³⁷ Pétur spurði „Herra, af hverju get ég ekki fylgt þér þangað núna? Ég myndi fórna lífi mínu fyrir þig.“ ³⁸ Jesú svaraði „Myndirðu fórna lífi þínu fyrir mig? Ég segi þér satt, áður en hani galar muntu afneita mér þrisvar.“

Fjórtándi kafli

¹ Ekki leyfa hjörtum ykkar að skelfast. Þið treystið Guði og þið treystið mér líka. ² Hús Föður míns hefur mörg herbergi, ef það væri ekki þannig, hefði ég þá sagt að ég væri að fara að undirbúa stað fyrir ykkur? ³ Þegar allt er tilbúið mun ég koma og ná í ykkur svo þið getið alltaf verið með mér þar sem ég er. ⁴ Og þið þekkið leiðina þangað sem ég er að fara. ⁵ Tómas spurði þá „Herra, við vitum ekki einu sinni hvert þú ert að fara, hvernig ættum við þá að þekkja leiðina þangað?“ ⁶ Jesú sagði þá við Tómas „Ég er leiðin, sannleikurinn og lífið. Fólk kemst ekki til Föðursins nema í gegnum mig. ⁷ Ef þið þekkið mig, þekkið þið líka Föður minn. Héðan í frá þekkið þið hann og hafið séð hann.“ ⁸ Filipus sagði þá „Herra, sýndu okkur Föðurinn og það væri nóg fyrir okkur“. ⁹ Jesú sagði við hann „Er ég ekki búinn að vera hjá ykkur allan þennan tíma og þú þekkir mig ekki ennþá Filipus. Þau sem hafa séð mig, hafa séð Föðurinn. Hvernig getur þú þá beðið mig um að sýna ykkur Föðurinn? ¹⁰ Trúir þú ekki að ég sé í Föðurnum og Faðirinn sé í mér? Það sem ég segi kemur ekki frá sjálfum mér heldur framkvæmir Faðirinn sem er í mér, verkin sín. ¹¹ Trúið mér að ég er í Föðurnum og Faðirinn er í mér. Trúið að minnsta kosti vegna verkanna sjálfra. ¹² Ég segi ykkur satt, þau sem trúa mér munu líka framkvæma verkin sem ég framkvæmi. Og þau munu framkvæma verk meiri en þau, því ég er að fara til Föðursins. ¹³ Þið munuð öðlast allt það sem þið biðjið um í mínu nafni svo Faðirinn geti verið hafinn upp í syninum. ¹⁴ Ef þið biðjið mig einhvers í mínu nafni mun ég gera það. ¹⁵ Ef þið elskið mig, munuð þið líka halda boðorð mín. ¹⁶ Og ég mun biðja Föðurinn og hann mun gefa ykkur annan hjálpara sem mun alltaf vera með ykkur.

¹⁷ Hjálparinn er andi sannleikans. Heimurinn getur ekki tekið á móti honum því heimurinn sér hann ekki og þekkir hann ekki. En þið þekkið hann því hann mun vera með ykkur og vera í ykkur. ¹⁸ Ég mun ekki skilja ykkur eftir munaðarlausa. Ég mun koma til ykkar. ¹⁹ Innan skamms mun heimurinn ekki sjá mig frammar, en þið munuð sjá mig. Þar sem ég lifi, munuð þið líka lifa. ²⁰ Á þeim degi munuð þið vita að ég er í Föður mínum, þið eruð í mér og ég er í ykkur. ²¹ Þau sem hafa boðorð mín og halda þau, eru þau sem elska mig. Þau sem elska mig munu verða elskuð af Föðurnum og ég mun líka elska þau og opinbera mig fyrir þeim.“ ²² Hinn Júda, ekki Ískariót, sagði þá „Herra, af hverju ætlar þú að opinbera þig okkur en ekki heiminum?“ ²³ Jesú svaraði „Þau sem elska mig, munu halda boðorð mín. Faðir minn mun elska þau og við munum fara til hans og búa hjá honum. ²⁴ Þau sem elska mig ekki, munu ekki hlýða orðum mínum. Orðin sem þið heyrið eru ekki mín orð, heldur orð Föðursins sem sendi mig. ²⁵ Ég segi ykkur þetta allt á meðan ég er ennþá hjá ykkur. ²⁶ En hjálparinn, heilagi andinn, sem Faðirinn mun senda í mínu nafni, mun kenna ykkur allt og minna ykkur á allt það sem ég hef sagt við ykkur. ²⁷ Ég skil eftir hjá ykkur frið. Ég gef ykkur minn frið. Ég gef ykkur ekki gjafir eins og heimurinn gefur gjafir. Ekki leyfa hjörtum ykkar að óttast eða skelfast. ²⁸ Þið hafið heyrt mig segja „Ég er að fara í burtu og ég kem til ykkar“. Ef þið elskið mig mynduð þið fagna því að ég fari til Föðursins, því Faðirinn er mér meiri. ²⁹ Ég segi ykkur þetta núna svo þið trúið, þegar þetta gerist. ³⁰ Ég mun ekki tala við ykkur mikið lengur því herra þessa heims er á leiðinni. Hann hefur ekkert vald yfir mér. ³¹ En hann kemur svo heimurinn skilji að ég elska Föðurinn og geri nákvæmlega það sem Faðir minn hefur sagt mér að gera. Komum! Förum af stað.“

Fimmtánda kafli

¹ „Ég er hinn sanni vínviður og Faðir minn er garðyrkjumaðurinn. ² Hann sker af greinarnar sem bera ekki ávöxt, en greinarnar sem bera ávöxt snyrtir hann svo þær beri enn meiri ávöxt. ³ Þið eruð nú þegar hreinir vegna orðanna sem ég hef sagt við ykkur. ⁴ Verið í mér og ég í ykkur. Alveg eins og að grein getur ekki borið ávöxt nema hún sé á trénu, getið þið ekki borið ávöxt nema að þið séuð í mér. ⁵ Ég er vínviðurinn, þið eruð greinarnar. Þau sem haldast í mér og ég í þeim, munu bera mikinn ávöxt, því þið getið ekkert án mín. ⁶ Þau sem haldast ekki í mér eru eins og greinar sem er kastað til hliðar og visna. Þeim er safnað saman, kastað í eld og brenndar. ⁷ Ef þið haldist í mér og orð mín haldast í ykkur getið þið beðið um hvað sem er og ykkur mun hlotnast það. ⁸ Það er upphefð Föður míns, að þið berið mikinn ávöxt og sannið að þið séuð lærisveinar mínir. ⁹ Eins og Faðirinn elskar mig hef ég líka elskað ykkur. Haldið ykkur í kærleika mínum. ¹⁰ Ef þið haldið boðorð mín munuð þið haldast í kærleika mínum alveg eins og ég hef haldið boðorð Föður míns og haldist í kærleika hans. ¹¹ Ég hef sagt ykkur þetta svo gleði mín sé í ykkur og að gleði ykkar verði fullkomnuð. ¹² Þetta er boðorð mitt: Elskið hvert annað eins og ég hef elskað ykkur. ¹³ Enginn kærleikur er meiri en að leggja líf sitt í sölurnar fyrir vini sína. ¹⁴ Þið eruð vinir mínir ef þið gerið það sem ég segi ykkur að gera. ¹⁵ Ég kalla ykkur ekki þjóna lengur, því þjónar vita ekki hvað herra sinn gerir. Ég kalla ykkur vini því ég hef sagt ykkur allt það sem ég heyrði frá Föður mínum.

¹⁶ Þið völduð mig ekki heldur valdi ég ykkur. Ég valdi ykkur til að fara og bera ávexti og að ávextir ykkar skuli endast svo að þið fáið allt það sem þið biðjið Föðurinn um í mínu nafni. Hann mun gefa ykkur það.

¹⁷ Þetta er boðorð mitt: Elskið hvert annað. ¹⁸ Þegar heimurinn hatar ykkur, ekki gleyma því að hann hataði mig fyrst. ¹⁹ Ef þið væruð af þessum heimi myndi heimurinn elska ykkur. En þar sem þið eruð ekki af þessum heimi, mun heimurinn hata ykkur, því að ég hef útvalið ykkur úr þessum heimi. ²⁰ Munið hvað ég sagði ykkur „Þjónn er ekki meiri en herra sinn“. Ef ég er ofsóttur munuð þið líka verða ofsótt. Ef hlustað hefði verið á mig væri líka hlustað á ykkur. ²¹ Þau munu fara með ykkur á þennan hátt vegna nafns míns, því þau vita ekki hver það var sem sendi mig. ²² Ef ég hefði ekki komið og talað við þau væru þau ekki sek um synd. En núna hafa þau enga afsökun fyrir synd sinni. ²³ Þau sem hata mig, hata Föðurinn líka. ²⁴ Ef ég hefði ekki gert meðal þeirra, það sem engin manneskja hefur gert áður, væru þau ekki sek um synd. Þau hafa núna séð verkin og hata bæði mig og Föður minn.

²⁵ Þetta uppfyllir spádóminn í Ritningunni: „Þau hötuðu mig að ástæðulausu“.

²⁶ Þegar hjálparinn kemur, sem ég mun senda ykkur frá Föðurnum, sannleiksandinn sem kemur frá Föðurnum, mun hann vitna um mig.

²⁷ Þið munuð líka vitna um mig því þið hafið verið með mér frá upphafi.

Sextándi kafli

¹ Ég hef sagt ykkur allt þetta svo þið hrasið ekki. ² Ykkur verður bannað að koma í samkomuhúsin. Og raunar mun sá tími koma að fólk mun drepa ykkur og halda að það sé þjónustu við Guð. ³ Þau munu gera þetta því þau þekkja hvorki Föðurinn né mig. ⁴ Ég hef sagt ykkur þetta svo að þegar tíminn kemur, getið þið rifjað upp að ég var búinn að segja ykkur þetta. Ég sagði ykkur þetta ekki í upphafi því þá var ég með ykkur. ⁵ En núna er ég að fara aftur til þess sem sendi mig og ekki einn ykkar spyr „Hvert ertu að fara?“ ⁶ Í staðinn eruð þið sorgmæddir því ég hef sagt þetta við ykkur. ⁷ En ég segi ykkur satt að það er betra fyrir ykkur að ég fari. Því ef ég færi ekki í burtu kæmi hjálparinn ekki til ykkar, en ef ég fer mun ég senda hann til ykkar. ⁸ Þegar hann kemur mun hann sanna að heimurinn hefur rangt fyrir sér varðandi synd, réttlæti og dóminn. ⁹ Um syndina af því að þau trúðu mér ekki. ¹⁰ Um réttlæti því ég er að fara til Föðursins þar sem þið sjáið mig ekki lengur. ¹¹ Og um dóminn því herra þessa heims hefur nú þegar verið dæmdur.

¹² Ég hef margt annað sem ég þarf að segja við ykkur, en þið mynduð ekki þola það núna. ¹³ En þegar hjálparinn, sannleiksandinn, kemur mun hann leiða ykkur í allan sannleika. Hann mun ekki tala af sjálfum sér heldur bara segja það sem hann heyrir og hann mun segja ykkur hvað mun gerast. ¹⁴ Hann mun upphefja mig því hann mun taka af því sem ég á og gefa ykkur það. ¹⁵ Allt það sem Faðirinn á er mitt þessvegna sagði ég að andinn muni fá frá mér það sem hann mun gefa ykkur.

¹⁶ Eftir smástund munuð þið ekki sjá mig lengur, og svo stuttu eftir það munuð þið sjá mig aftur.“ ¹⁷ Þá sögðu sumir lærisveinarnir sín á milli „Hvað er hann að meina þegar hann segir „Eftir smástund munuð þið ekki sjá mig og svo stuttu eftir það munuð þið sjá mig aftur“ og „Því ég fer til Föðursins?“ ¹⁸ Þeir spurðu áfram „Hvað

meinar hann með smástund? Við skiljum ekki hvað hann er að segja.“¹⁹ Jesú vissi að þeir vildu spyrja hann og hann sagði því við þá „Eruð þið að spyrja hvern annan um það þegar ég sagði „Eftir smástund munuð þið ekki sjá mig lengur og stuttu eftir það munuð þið sjá mig aftur“? ²⁰ Ég segi ykkur satt að þið munuð gráta og syrgja á meðan heimurinn fagnar. Þið munuð syrgja, en sorg ykkar mun breytast í fögnuð. ²¹ Kona sem er að fæða barn, er í miklum sársauka, því tíminn er kominn en þegar barnið er fætt gleymir hún sársaukanum, þegar hún fagnar því að barn sé komið í heiminn. ²² Þannig er það hjá ykkur, núna er tími sorgarinnar. En ég mun sjá ykkur aftur og þið munuð fagna og enginn mun geta tekið í burtu fögnuð ykkar. ²³ Þegar sá dagur kemur munuð þið ekki biðja mig um neitt. Ég segi ykkur satt, Faðirinn mun gefa ykkur allt það sem þið biðjið um í mínu nafni. ²⁴ Hingað til hafið þið ekki beðið um neitt í mínu nafni. Biðjið og ykkur mun hlotnast og fögnuður ykkar mun fullkonnast. ²⁵ Ég hef sagt ykkur þetta í líkingum en sá tími mun koma að ég mun ekki lengur tala líkingamál heldur mun ég segja ykkur hreint út frá Föðurnum. ²⁶ Þann dag munuð þið biðja í mínu nafni. Ég er ekki að segja að ég muni biðja Föðurinn fyrir ykkur ²⁷ því Faðirinn sjálfur elskar ykkur því þið elskið mig og trúið því að ég kom frá Guði. ²⁸ Ég kom í heiminn frá Föðurnum og núna yfirgef ég heiminn og fer aftur til Föðursins.“ ²⁹ Þá sögðu lærisveinarnir „Nú talar þú tæpitungulaust og án líkingamáls. ³⁰ Nú vitum við að þú veist allt og þarft ekki neinn til að spyrja þig að spurningum. Þetta lætur okkur trúna að þú komst frá Guði.“ ³¹ Jesú svaraði „Trúið þið núna? ³² Tíminn er að renna upp, og raunar er hann nú þegar kominn, sem þið tvístrist, hver til síns heimabæjar. Þið munuð skilja mig einan eftir. En ég verð ekki einn því Faðirinn er með mér. ³³ Ég hef sagt ykkur þetta svo að þið hafið, í mér, frið. Þið munuð þola þjáningar í þessum heimi, en verið hugrakkir. Ég hef sigrað heiminn!“

Sautjándi kafli

¹ Þegar Jesú hafði sagt þetta leit hann til himins og bað „Faðir, stundin er runnin upp. Gerðu son þinn dýrðlegan svo sonur þinn geti gert þig dýrðlegan. ² Því þú gafst honum vald yfir öllu fólki svo hann geti gefið eilíft líf, öllum þeim sem þú gafst honum. ³ Þetta er eilíft líf: að þau þekki þig, hin eina sanna Guð og Jesú Krist, sem þú sendir. ⁴ Ég hef upphafið þig á jörðinni með því að klára það verk sem þú fólst mér. ⁵ Faðir, hafðu mig núna upp í dýrðina sem hafði hjá þér áður en heimurinn var skapaður. ⁶ Ég hef opinberað þig þeim sem þú gafst mér úr þessum heimi. Þau voru alltaf þín. Þú gafst mér þau og þau hafa hlýtt orðum þínum. ⁷ Þau vita núna að allt sem þú gafst mér kom frá þér ⁸ því ég flutti þeim orðin sem þú gafst mér og þau tóku við þeim. Þau voru fullviss um að ég kom frá þér og þau trúðu því að þú sendir mig. ⁹ Ég bið fyrir þeim, ég bið ekki fyrir heiminum heldur þeim sem þú gafst mér því þau eru þín. ¹⁰ Allt sem ég á er þitt, og allt sem þú átt er mitt. Og upphefðin er mín vegna þeirra. ¹¹ Ég mun ekki dvelja lengur í heiminum, en þau munu vera áfram í heiminum og ég er á leiðinni til þín. Heilagi Faðir, verndaðu þau með mætti nafns þíns, nafninu sem þú gafst mér, svo þau verði eitt eins og við erum eitt. ¹² Á meðan ég var með þeim verndaði ég þau og hélt þeim öruggum með nafninu sem þú gafst mér. Ég tapaði engum af þeim nema þeim sem er á leið til glötunar

eins og Ritningin sagði fyrir um. ¹³ Ég er á leiðinni til þín, ég sagði þeim margt meðan ég var hjá þeim í heiminum svo þau myndu fyllast af gleði minni. ¹⁴ Ég hef gefið þeim orð þitt og heimurinn hefur hatað þau, því þau eru ekki af þessum heimi frekar en ég er af þessum heimi. ¹⁵ Bæn mín er ekki að þú takir þau út úr heiminum heldur að þú verndir þau frá hinum illa. ¹⁶ Þau eru ekki af heiminum frekar en ég er af heiminum. ¹⁷ Gerðu þau heilög með sannleika þínum, kenndu þeim orð þitt, sem er sannleikur. ¹⁸ Ég sendi þau út í heiminn eins og þú sendir mig í heiminn. ¹⁹ Ég gef sjálfan mig sem heilaga fórn fyrir þau svo þau geti orðið heilög með sannleika þínum. ²⁰ Ég bið ekki bara fyrir þessum lærisveinum heldur líka fyrir öllu því fólki sem mun trú á mig í gegnum orð þeirra. ²¹ Ég bið að þau verði öll eitt, eins og ég og þú erum eitt, eins og þú ert í mér Faðir og ég er í þér. Megi þau vera í okkur svo heimurinn trúi að þú hafir sent mig. ²² Ég hef gefið þeim dýrðina sem þú gafst mér, svo þau geti verið eitt eins og við erum eitt. ²³ Ég í þeim og þú í mér, megi þau upplifa fullkomna sameiningu svo heimurinn viti að þú sendir mig og að þú elskar þau eins mikið og þú elskar mig. ²⁴ Faðir, ég vil að þau sem þú gafst mér verði með mér þar sem ég er. Þá geta þau séð alla dýrðina sem þú gafst mér, því þú elskaðir mig jafnvel áður en heimurinn var skapaður. ²⁵ Réttláti Faðir, heimurinn þekkir þig ekki en ég þekki þig og þessir lærisveinar vita að þú sendir mig. ²⁶ Ég hef opinberað þig fyrir þeim og ég mun halda því áfram. Þá mun ást þín á mér vera í þeim og ég mun vera í þeim.“

Átjándi kafli

¹ Eftir þessa bæn Jesú, fór hann ásamt lærisveinum sínum yfir dalinn Kídron, í garð sem var þar. ² Svikarinn Júda þekkti staðinn enda hafði Jesú oft farið þangað ásamt lærisveinum. ³ Æðstu prestarnir og farísarnir höfðu látið Júda fá nokkra rómverska hermenn og musterisverði til að fylgja sér. Nú komu þeir í garðinn, vopnaðir og með logandi kyndla. ⁴ Jesú vissi allt það sem var að fara koma fyrir hann. Hann fór og spurði þá „Hvað viljið þið?“ ⁵ Þeir svöruðu „Við leitum að Jesú frá Nasaret“. „Ég er hann“ svaraði Jesú. (Júda sem sveik hann stóð þarna með þeim). ⁶ Þegar Jesú sagði „Ég er hann“ hopuðu þeir og duttu aftur fyrir sig. ⁷ Aftur spurði Jesú „Hverjum eruð þið að leita að?“ Þeir sögðu „Jesú frá Nasaret“. ⁸ Jesú svaraði „Ég er búinn að segja ykkur að ég sé hann, ef þið eruð að leita að mér, leyfið þá þessum að fara“. ⁹ Þannig rættist Ritningin sem sagði „Ég tapaði ekki neinum af þeim sem þú gafst mér“.

¹⁰ Þá tók Símon Pétur upp sverð og skar hægra eyrað af Malkusi, sem var þjónn æðsta prestsins. ¹¹ En Jesú sagði við Pétur „Slíðraðu sverðið. Á ég ekki að drekka af bikar þjáningarinnar sem Faðirinn gaf mér?“

¹² Hermennirnir, yfirmaður þeirra og musterisverðirnir handtóku þá Jesú og bundu hann. ¹³ Þeir fóru fyrst með hann til Annas sem var tengdafaðir Kæfasar, sem var æðsti presturinn það árið. ¹⁴ Kæfas var sá sem sagði að það væri betra að einn maður dæi fyrir fólkið. ¹⁵ Símon Pétur og annar lærisveinn eltu á eftir. Hinn lærisveinninn var kunningi æðsta prestsins og fékk því að fara inn í garð æðsta prestsins með Jesú, ¹⁶ en Pétur beið fyrir utan dyrnar. Hinn lærisveinninn, sá sem þekkti æðsta prestinn, fór tilbaka, talaði við þjónustustúlku og fékk að hleypa Pétri inn. ¹⁷ Hún

spurði Pétur „Ert þú ekki einn af lærisveinum þessa manns?“ Pétur svaraði „Það er ég ekki“. ¹⁸ Það var kalt þessa nótt og þjónarnir og verðirnir stóðu við eld til að hlýja sér. Pétur stóð þar líka og hlýjaði sér.

¹⁹ Inn í húsinu var æðsti presturinn að yfirheyra Jesú um lærisveina hans og kenningar. ²⁰ Jesú svaraði honum „Ég hef talað opinskátt og opinberlega. Ég kenndi í samkomuhúsunum og í musterinu, þar sem fólkið safnast allt saman. Ég hef ekki gert neitt í leynd. ²¹ Af hverju eruð þið að spyrja mig? Spyrjið þau sem heyrðu mig tala. Þau hljóta að vita hvað ég sagði.“ ²² Þegar Jesú sagði þetta sló einn varðanna hann utan undir og sagði „Er það svona sem þú svarar æðsta prestinum?“ ²³ Jesú svaraði „Ef ég sagði eitthvað rangt, segðu þá hvað það var. En ef ég er að segja satt, af hverju slóstu mig þá?“ ²⁴ Þá sendi Annas hann bundinn til Kæfasar, æðsta prestsins.

²⁵ Á meðan var Símon Pétur standandi við eldinn og hann var spurður aftur „Þú ert ekki einn af lærisveinunum hans, er það nokkuð?“ Hann neitaði því og sagði „Ég er það ekki“. ²⁶ Einn af þjónum æðsta prestsins, ættingi mannsins sem Pétur skar eyrað af, spurði hann þá „Sá ég þig ekki með honum í garðinum?“ ²⁷ Aftur neitaði Pétur og á þeirri stundu galaði hani.

²⁸ Jesú var yfirheyrður frammi fyrir Kæfasi, til morguns. Þá var farið með Jesú til höfuðstöðva rómverska ríkisstjórans. Þeir sem ákærðu hann fóru þar ekki inn svo þeir yrðu ekki óhreinir samkvæmt helgisiðum Gyðinga og gætu þá ekki borðað páskamáltíðina. ²⁹ Ríkisstjórinn sem hét Pílatus fór út til þeirra og spurði „Fyrir hvað ákærið þið þennan mann?“ ³⁰ Þeir svöruðu „Ef hann væri ekki glæpamaður hefðum við ekki komið með hann til þín“. ³¹ Pílatus sagði „Farið með hann og dæmið hann eftir ykkar lögum“. Þeir mótmæltu „Það er ekki löglegt fyrir okkur að taka fólk af lífi“. ³² Þetta uppfyllti spádóm Jesú um það hvernig hann myndi deyja. ³³ Pílatus fór aftur inn í höllina, lét kalla eftir Jesú og spurði hann „Ert þú gyðingakóngurinn?“ ³⁴ Jesú spurði hann á móti „Heldur þú það, eða hafa aðrir sagt það um mig?“ ³⁵ Pílatus svaraði „Er ég þá Gyðingur? Þitt eigið fólk og æðstu prestarnir framseldu þig til mín. Hvað er það sem þú gerðir af þér?“ ³⁶ Jesú sagði „Konungsríki mitt er ekki af þessum heimi. Ef svo væri hefðu þjónar mínir barist til að koma í veg fyrir að ég yrði handtekinn af trúarleiðtogunum. En konungsríki mitt er ekki af þessum heimi.“ ³⁷ Pílatus sagði þá „Svo þú ert kóngur?“ Jesú svaraði „Þú segir að ég sé kóngur. Raunar er ástæðan fyrir því að ég fæddist og kom í þennan heim, sú að vitna um sannleikann. Þau sem eru með sannleikanum í liði, hlusta á mig.“ ³⁸ Pílatus svaraði „Hvað er sannleikur?“ Síðan fór hann út til fólksins og sagði við þau „Hann er ekki sekur um neinn glæp. ³⁹ En það er venjan að ég leysi úr haldi einn fanga á páskahátíðinni. Viljið þið að ég leysi úr haldi gyðingakónginn?“ ⁴⁰ Fólkið öskraði á móti „Nei, ekki hann! Leystu Barabbas úr haldi.“ En Barabbas var uppreisnarmaður.

Nítjándi kafli

¹ Pílatus lét þá híða Jesú. ² Hermennirnir snéru saman þyrna til að búa til kórónu og

settu á höfuð hans. Þeir klæddu hann í yfirhöfn úr purpura. ³ Þeir hæddust að honum og sögðu „Heill sé gyðingakóngnum!“ og slógu hann í andlitið. ⁴ Pílatus kom út aftur og sagði við fólkið „Ég ætla að færa þennan mann út til ykkar aftur, svo þið vitið að ég hef ekki fundið neina sök hjá honum“. ⁵ Þegar Jesú kom út með þyrnikórónuna og í purpurayfirhöfninni, sagði Pílatus við fólkið „Hér er hann“. ⁶ Þegar æðstu prestarnir og mustervisverðirnir sáu hann öskruðu þeir „Krossfestu hann! Krossfestu hann!“ Pílatus sagði þá „Takið þið hann og krossfestið, ég finn enga sök hjá honum“. ⁷ Trúarleiðtogarnir svöruðu „Samkvæmt lögmáli okkar er hann dauðasekur því hann kallaði sjálfan sig son Guðs“. ⁸ Þegar Pílatus heyrði þetta varð hann jafnvel enn skelkaðri, ⁹ fór aftur inn í höllina og spurði Jesú „Hvaðan ertu eiginlega?“ En Jesú svaraði honum ekki. ¹⁰ Pílatus sagði þá „Neitar þú að svara mér? Skilurðu ekki að ég hef vald til að leysa þig úr haldi eða láta krossfesta þig?“ ¹¹ Jesú svaraði „Þú hefur ekkert vald yfir mér þú hefur ekkert fengið það að gjöf að ofan. Þess vegna eru þeir sem framseldu mig til þín, sekari um verri synd.“

¹² Frá þessari stundu reyndi Pílatus að leysa Jesú úr haldi en trúarleiðtogarnir öskruðu á móti „Ef þú leyfir þessum manni að fara ert þú enginn vinur keisarans. Hver sá sem kallar sig kóng setur sig upp á móti keisaranum.“ ¹³ Þegar Pílatus heyrði þetta lét hann færa Jesú út og settist í dómarsætið á stað sem heitir Gabbaða, eða Steinagata. ¹⁴ Þetta var um hádegi á aðfangadegi páska.

Pílatus sagði við fólkið „Sjáið, hér er kóngurinn ykkar“. ¹⁵ En fólkið svaraði „Taktu hann í burtu, farðu með hann! Krossfestu hann!“ Pílatus spurði þá „Á ég að krossfesta kónginn ykkar?“ En æðstu prestarnir öskruðu á móti „Við höfum engan kóng nema keisarann!“

¹⁶ Pílatus framseldi þá Jesú til þeirra svo hann yrði krossfestur og hermennirnir fóru með Jesú í burtu. ¹⁷ Jesú hélt sjálfur á krossinum til staðar sem heitir Hauskúpa, eða á hebresku Golgaða. ¹⁸ Þar krossfestu þeir Jesú. Tveir voru krossfestir með honum, sitthvoru megin við hann. ¹⁹ Pílatus lét gera spjald til að setja á krossinn sem stóð á „Jesú frá Nasaret, gyðingakóngurinn“.

²⁰ Jesú var krossfestur á stað nærri Jerúsalem og spjaldið var skrifað á hebresku, latínu og grísku svo sem flestir gætu lesið það. ²¹ Æðstu prestarnir mótmæltu þessu og sögðu við Pílatus „Breyttu þessu úr „gyðingakóngurinn“ í að hann hafi sagst vera konungur Gyðinga“. ²² Pílatus svaraði „Ég skrifaði það sem ég skrifaði“.

²³ Þegar hermennirnir höfðu krossfest Jesú, skiptu þeir yfirhöfninni hans á milli sín. Þeir tóku kyrtilinn hans, sem var ofinn í einu klæði frá toppi og niður ²⁴ og þeir sögðu við hvern annan „Við skulum ekki rífa hann, heldur köstum upp á hver fær að eiga hann“. Þetta uppfyllti spádóminn í Ritningunni sem sagði „Þeir skiptu yfirhöfninni minni á milli sín og köstuðu upp á hver fengi fötin“. Hermennirnir gerðu því þetta sem þeir gerðu.

²⁵ Móðir Jesú stóð nærri krossinum ásamt systur sinni, Maríu eiginkonu Klopasar og Maríu Magdalenu. ²⁶ Þegar Jesú sá móður sína og lærisveininn sem hann elskaði standa þar sagði hann við hana „Kona, þetta er sonur þinn“. ²⁷ Og við lærisveininn sagði hann „Þetta er móðir þín“. Frá þeirri stundu tók lærisveinninn hana inn á heimili sitt.

²⁸ Jesú vissi að nú væri verk hans fullkomnað og til að uppfylla spádóminn sagði hann „Ég er þyrstur“. ²⁹ Hjá hermönnunum var krukka með vínediki og þeir vættu svamp og réttu Jesú með grein af ísópstré, og lyftu því að vörum hans.

³⁰ Þegar Jesú hafði bragðað það sagði hann „Það er fullkomnað“. Og þá hneig höfuð hans og hann gaf upp andann.

³¹ Þessi dagur var aðfangadagur sérstaks hvíldardags. Vegna þessa vildu trúarleiðtogarnir ekki að líkin héngu á krossinum yfir hvíldardaginn, þeir báðu því Pílatus um að fótleggir mannanna yrðu brotnir og líkin svo tekin niður.

³² Hermennirnir fóru og brutu fæturnar á öðrum manningnum sem var krossfestur ásamt Jesú og svo á hinum. ³³ En þegar þeir komu að Jesú sáu þeir að hann þá þegar dáinn svo þeir brutu ekki fæturna á honum. ³⁴ Þess í stað tók einn hermaðurinn spjót og stakk í síðu hans og blóð og vatn runnu út. ³⁵ Þessi vitnisburður kemur frá manni sem sá þetta gerast og vitnisburður hans er sannur. Hann veit að hann er að segja satt og vitnar um þetta svo þú getir líka trúað. ³⁶ Þetta gerðist svo Ritningin myndi rætast sem sagði „Ekki eitt bein hans verður brotið,“ ³⁷ og „Þeir munu horfa á þann sem þeir stungu“.

³⁸ Eftir þetta bað Jósef frá Arímaðeu, Pílatus um lík Jesú. Jósef þessi var lærisveinn Jesú en gerði það með leynd vegna þess að hann óttaðist trúarleiðtogana. Hann fékk leyfi frá Pílatusi og fór og tók líkið niður. ³⁹ Níkódímus, sá sem hafði heimsótt Jesú í skjóli nætur, kom með og hafði með sér blöndu af myrru og aloe, um þrjátíuogfimm kíló. ⁴⁰ Þeir fylgdu hefðum Gyðinga varðandi greftun og vöfðu líkið inn í línúk. ⁴¹ Krossfestingin fór fram nálægt garði þar sem var nýtekin gröf, sem hafði aldrei verið notuð áður. ⁴² Þeir lögðu líkið þar, því hún var nálægt og þetta var daginn fyrir hvíldardag.

Tuttugasti kafli

¹ Snemma morguns, fyrsta dag vikunnar, á meðan það var ennþá dimmt, fór María Magdalena að gröfinni og sá að steininum hafði verið velt frá hellismunanum. ² Hún hljóp til Símonar Péturs og hins lærisveinsins, þess sem Jesú elskaði, og sagði við þá „Þeir hafa tekið hann úr gröfinni og við vitum ekki hvar þeir settu hann!“ ³ Pétur og hinn lærisveinninn fóru að gröfinni. ⁴ Þeir hlupu báðir en hinn lærisveinninn hljóp framúr Pétri og kom fyrstur að gröfinni. ⁵ Hann beygði sig niður og sá líkklæðin liggja þar en fór ekki inn í gröfina. ⁶ Þá kom Símon Pétur og fór beint inn í gröfina. Hann sá líkklæðin liggja þar ⁷ ásamt dúknum sem hafði verið vafið um höfuð Jesú sem lá þar samanbrotinn ásamt hinu klæðinu. ⁸ Þá fór lærisveinninn sem kom fyrstur að gröfinni, líka inn í gröfina. Hann sá, og trúði. ⁹ Þeir skildu ekki ennþá Ritninguna sem sagði að Jesú yrði að rísa upp frá dauðum. ¹⁰ Þeir fóru þá aftur þangað sem þeir dvöldu. ¹¹ María stóð fyrir utan gröfina og grét. Grátandi beygði hún sig niður og leit inn í gröfina ¹² og sá tvo engla í fagurhvítu, sitjandi þar sem lík Jesú hafði legið. Annar sat þar sem höfuðið hafði legið og hinn þar sem fæturnir höfðu verið. ¹³ Þeir spurðu hana „Kona, af hverju ertu að gráta?“ Hún svaraði „Þeir hafa tekið herrann minn í burtu og ég veit ekki hvert þeir fóru með hann“. ¹⁴ Hún

snéri sér við til að halda í burtu og sá einhvern standa þar. Það var Jesú en hún þekkti hann ekki. ¹⁵ Hann spurði hana „Kona, af hverju grætur þú? Hver er þetta sem þú ert að leita að?“ Hún hélt að hann væri garðyrkjumaðurinn og sagði „Herra, ef þú hefur farið með hann í burtu, segðu mér þá hvert þú fórst með hann og ég skal ná í hann“. ¹⁶ Jesú sagði við hana „María“. Hún snéri sér að honum og hrópaði upp yfir sig á arameísku „Rabboni!“ sem þýðir kennari. ¹⁷ Jesú sagði „Ekki halda í mig því ég hef ekki enn stigið upp til Föðurins. En farðu og finndu bræður mína og segðu þeim „Ég er að fara að stíga upp til Föður míns, Föður ykkar, til Guðs míns og Guðs ykkar“.

¹⁸ María Magdalena fór til lærisveinanna og flutti þeim fréttirnar „Ég hef séð herrann“. Og hún flutti þeim skilaboðin frá Jesú. ¹⁹ Þetta sunnudagskvöld hittust lærisveinarnir bakvið luktur dyr því þeir voru hræddir við leiðtoga Gyðinganna. Allt í einu stóð Jesú mitt á milli þeirra og sagði „Friður fylgi ykkur“. ²⁰ Eftir að hafa sagt það sýndi hann þeim hendur sínar og síðuna. Lærisveinarnir fylltust af fögnuði þegar þeir sáu herrann. ²¹ Jesú sagði aftur „Friður fylgi ykkur. Eins og Faðirinn sendi mig, sendi ég ykkur.“ ²² Þá andaði hann á þá og sagði „Takið við heilaga andanum. ²³ Ef þið fyrirgefið syndir, munu syndirnar verða fyrirgefnar. Ef þið fyrirgefið ekki, munu þær ekki vera fyrirgefnar.“ ²⁴ Tómas, sem var kallaður tvíburi, var ekki með lærisveinunum þegar Jesú heimsótti þá. ²⁵ Hinir lærisveinarnir sögðu við hann „Við höfum séð herrann!“ En Tómas svaraði „Ég mun ekki trúa nema ég sjái sárin eftir naglana í höndum hans og geti sett fingurinn í þau, og sett höndina á sárið á síðunni“. ²⁶ Viku síðar voru lærisveinarnir aftur í sama húsi og Tómas var með þeim. Þótt dyrnar væru læstar kom Jesú og stóð á meðal þeirra og sagði „Friður fylgi ykkur“. ²⁷ Þá sagði Jesú við Tómas „Settu fingurinn hér, sjáðu hendur mínar. Réttu út höndina og settu hana á síðuna mína. Hættu að efast og trúðu!“ ²⁸ Tómas sagði þá við Jesú „Herra minn, og Guð minn!“ ²⁹ Þá sagði Jesú við hann „Þú trúir af því að þú sást mig. Blessuð eru þau sem sjá ekki en trúa samt.“

³⁰ Lærisveinarnir sáu Jesú framkvæma mörg kraftaverk fyrir utan þau sem eru nefnd í þessari bók. ³¹ En þau sem eru nefnd eru hér svo þú trúir að Jesú sé Messías, sonur Guðs og með því að trúa öðlist þú eilíft líf í hans nafni.

Tuttugastiogfyrsti kafli

¹ Síðar birtist Jesú lærisveinunum aftur, nú við Galíleuvatn. Svona gerðist það: ² Símon Pétur, Tómas, nefndur tvíburi, Nataníel frá Kana í Galíleu, synir Sebeda og tveir aðrir lærisveinar voru þar saman. ³ Símon Pétur sagði við þá „Ég ætla að renna fyrir fisk.“ Þeir svöruðu í kór „Við komum með þér“. Þeir fóru saman út á bát en þá nótt veiddu þeir ekkert.

⁴ Snemma morguns stóð Jesú á ströndinni en lærisveinarnir áttuðu sig ekki á að það væri hann. ⁵ Hann kallaði til þeirra „Vinir mínir, veidduð þið eitthvað?“ Þeir svöruðu „Nei, ekkert“. ⁶ Jesú sagði þá „Kastið netinu hægra megin við bátinn og þá munuð þið verða varir“. Þegar þeir gerðu það gátu þeir ekki dregið inn netið því það var svo fullt af fiski. ⁷ Þá sagði lærisveinninn sem Jesú elskaði við Pétur „Þetta er herrann!“ Þegar Símon Pétur heyrði það, vafði hann klæði um sig og stökk út í

vatnið.

⁸ Hinir lærisveinarnir sigldu í land dragandi drekkfullt netið á eftir sér, en þeir voru ekki langt frá landi, kannski um hundrað metra. ⁹ Þegar þeir komu að landi sáu þeir fisk sem var verið að grilla á kolum og brauð. ¹⁰ Jesú sagði við þá „Komið með eitthvað af fiskinum sem þið veidduð“. ¹¹ Símon Pétur fór aftur um borð í bátinn og dró netið að landi. Það var fullt af fiski, hundrað fimmtíu og þrír fiskar, en þó aflinn væri svo mikill, rifnaði netið ekki. ¹² Jesú sagði við þá „Komið og fáid ykkur morgunmat“. Enginn af lærisveinunum þorði að spyrja hann „Hver ert þú?“ því þeir vissu að þetta væri herrann. ¹³ Jesú gaf þeim brauð og gerði það sama með fiskinn. ¹⁴ Þetta var þriðja skiptið sem Jesú birtist lærisveinunum eftir að hann var reistur upp frá dauðum. ¹⁵ Þegar þeir voru búnir að matast sagði Jesú við Símon Pétur „Símon Jóhannesson, elskar þú mig meira en hinir?“ Hann svaraði „Já herra, þú veist að ég elska þig“ Jesú sagði þá „Sjáðu um lömbin mín“. ¹⁶ Aftur spurði Jesú „Símon Jóhannesson, elskar þú mig?“ Hann svaraði „Já herra, þú veist að ég elska þig“. Jesú sagði þá „Sjáðu um lömbin mín“. ¹⁷ Jesú sagði þá í þriðja skiptið „Símon Jóhannesson, elskar þú mig?“ Pétur varð sár af því Jesú var að spyrja hann í þriðja skiptið „Elskar þú mig?“ og sagði hann því „Herra, þú veist allt, þú veist að ég elska þig“. Jesú sagði þá „Sjáðu um lömbin mín. ¹⁸ Ég segi þér satt, þegar þú varst yngri klæddir þú þig sjálfur þig og fórst þangað sem þú vildir. En þegar þú ert orðinn gamall muntu teygja út höndina og annar mun klæða þig og leiða þig þangað sem þú vilt ekki fara.“ ¹⁹ Jesú sagði þetta til að gefa til kynna hvernig Pétur myndi deyja til að upphefja Guð. Síðan sagði Jesú við Pétur „Fylgdu mér“. ²⁰ Pétur snéri sér við og sá að lærisveinninn sem Jesú elskaði var að fylgja þeim eftir (Þetta er lærisveinninn sem spurði Jesú í síðustu kvöldmáltíðinni „Hver er það sem mun svíkja þig?“) ²¹ Þegar Pétur sá lærisveininn spurði hann Jesú „Hvað með hann?“ ²² Jesú svaraði „Ef ég vil að hann lifi þartil ég kem aftur, hvaða máli skiptir það þig? Þú átt að fylgja mér.“

²³ Vegna þessa spratt upp sá orðrómur meðal lærisveinanna að þessi lærisveinn myndi ekki deyja. En Jesú sagði það ekki, heldur sagði „Ef ég vil að hann lifi þartil ég kem aftur, hvaða máli skiptir það þig?“ ²⁴ Sá lærisveinn er maðurinn sem vitnar um allt þetta og skrifaði þetta niður. Við vitum að vitnisburður hans er sannur.

²⁵ Jesú gerði ótal margt annað og ef það allt yrði skrifað niður held ég að allur heimurinn myndi ekki hafa nóg pláss fyrir allar bækurnar sem þyrfti að skrifa.

Gleðifréttirnar frá sjónarhorni Matthíasar

Fyrsti kafli

¹ Þetta er ættartré Jesú, Messíasar, sonar Davíðs, sonar Abrahams:

² Abraham var faðir Ísaks, Ísak var faðir Jakobs, Jakob var faðir Júda og bræðra hans,

³ Júda átti Peres og Sera með Tamar, Peres var faðir Esroms, Esrom var faðir Rams, ⁴

Ram var faðir Amínadabs, Amínadab var faðir Naksons, Nakson var faðir Salmons, ⁵

Salmon átti Bóas með Rahab, Bóas var faðir Óbeds, móðir Óbeds var Rut, Óbed var

faðir Ísaí, ⁶ Ísaí var faðir Davíðs konungs, Davíð var faðir Salómons, móðir Salómons

var eiginkona Úría, ⁷ Salómon var faðir Róbóam, Róbóam var faðir Abía, Abía var

faðir Assafs, ⁸ Assaf var faðir Jósafats, Jósafat var faðir Jórams, Jóram var faðir Ússía,

⁹ Ússía var faðir Jódams, Jódam var faðir Akasar, Akas var faðir Esekía, ¹⁰ Esekía var

faðir Manasse, Manasse var faðir Amosar, Amos var faðir Jósía, ¹¹ Jósía var faðir

Jekonja og bræðra hans á tímum útlegðarinnar í Babýlon.

¹² Eftir útlegðina í Babýlon varð Jekónía faðir Sjaltíels, Sjaltíel var faðir Serúbabels,

¹³ Serúbabel var faðir Abíúds, Abíúd var faðir Eljakím og Eljakím var faðir Assúrs, ¹⁴

Assúr var faðir Sadóks, Sadók var faðir Akíms og Akím var faðir Eljúd. ¹⁵ Eljúd var

faðir Elessars, Elessar var faðir Mattans, Mattan var faðir Jakobs.

¹⁶ Jakob var faðir Jósefs, eiginmanns Maríu, móður Jesú, sem er kallaður Messías og Kristur.

¹⁷ Þannig eru fjórtán kynslóðir frá Abraham til Davíðs, fjórtán kynslóðir frá Davíð að útlegðinni í Babýlon og fjórtán kynslóðir frá útlegðinni í Babýlon til Jesú Krists.

¹⁸ Þetta er sagan af fæðingu Jesú. Móðir hans, María, var trúlofuð manni sem hét Jósef. Áður en þau komu saman varð María barnshafandi af völdum heilags anda. ¹⁹

Jósef, unnusti Maríu, var réttlátur maður og vildi ekki að hún yrði fyrir opinberri

niðurlægingu, og ákvað því að slíta trúlofuninni í kyrrþey. ²⁰ Eftir að hann tók þá

ákvörðun kom engill Drottins til hans í draumi og sagði „Jósef, af ætt Davíðs, ekki

vera hræddur við að taka Maríu sem eiginkonu þína, því hún hefur orðið

barnshafandi af völdum heilags anda. ²¹ Hún mun eiga son og þú skalt láta hann

heita Jesú (Jesú þýðir Drottinn bjargar) því að hann mun bjarga fólki frá syndum

sínum.“ ²² Allt þetta uppfyllti orð Drottins sem hann gaf í gegnum spámann sinn

(Jesaja) „Sjá, meyjan mun eignast barn. Hún mun fæða son og hann mun heita

Immanúel, sem þýðir „Guð er með okkur“.“ ²⁴ Þegar Jósef vaknaði gerði hann það

sem engillinn hafði sagt og gekk að eiga Maríu ²⁵ en þau stunduðu ekki kynlíf fyrir

en eftir að sonurinn var fæddur. Jósef nefndi soninn Jesú.

Annar kafli

¹ Jesú fæddist í Betlehem í landi Júða þegar Heródes var kóngur. Um það leyti sem hann fæddist komu þrír spekingar úr austri sem spurðu ² „Hvar er nýfæddur konungur Gyðinga? Við sáum stjörnu hans úr austri og viljum veita honum lotningu.“ ³ Heródes kóngur komst í mikið uppnám þegar hann heyrði þetta, sem og allir íbúar Jerúsalem. ⁴ Heródes hélt fund með æðstu prestunum og lögmálskennurunum og spurði þá „Hvar á Messías að fæðast?“ ⁵ Þeir svöruðu „Í Betlehem, í landi Júða því spámaðurinn (Míka) skrifaði ⁶ „Og þú Betlehem í landi Júða, ert ekki síst á meðal valdhafa Júða, því frá þér mun koma leiðtogi sem mun verða hirðir fólksins míns, Ísrael“. ⁷ Heródes boðaði þá spekingana á leynifund til að komast að því hvenær nákvæmlega stjarnan birtist. ⁸ Hann sendi þá til Betlehem og sagði „Farið og leitið að barninu, og um leið og þið finnið það, látið mig vita, svo ég geti líka veitt því lotningu“.

⁹ Eftir fundinn með kóngnum, héldu spekingarnir af stað og stjarnan sem þeir sáu úr austri, fór á undan þeim þartil hún stöðvaðist fyrir ofan staðinn þar sem barnið var. ¹⁰ Þeir fylltust gleði þegar þeir sáu stjörnuna. ¹¹ Þegar spekingarnir komu inn í húsið, sáu þeir barnið með móður sinni, Maríu. Og þeir féllu fram og tilbáðu það. Síðan opnuðu þeir fjársjóðskistur sínar og gáfu barninu gull, reykelsi og myrru. ¹² Þegar þeir héldu tilbaka, fóru þeir aðra leið, því Guð hafði varað þá við í draumi að fara ekki aftur til Heródesar.

¹³ Eftir að spekingarnir voru farnir, birtist engill Drottins, Jósef í draumi og sagði „Farðu á fætur! Flúðu til Egyptalands með barnið og móðurina og ekki snúa aftur fyrr en ég segi, því Heródes mun leita að barninu til að drepa það.“ ¹⁴ Jósef fór á fætur, tók barnið og móðurina um nótt og fór til Egyptalands. ¹⁵ Þar dvöldu þau þartil Heródes dó. Þetta uppfyllti spádóminn (Hósea) sem segir „Ég kallaði son minn út úr Egyptalandi“. ¹⁶ Heródes varð ævareiður þegar hann áttaði sig á að spekingarnir höfðu snúið á hann. Hann gaf út skipun um að allir drengir í og í kringum Betlehem, undir tveggja ára aldri, skyldu drepnir. Því það var tímaramminn sem hann fékk frá spekingunum. ¹⁷ Þannig uppfylltist spádómurinn sem kom í gegnum Jeremía ¹⁸ „Öskur heyrist í Rama, grátur og mikil sorg. Rakel grætur börnin sín og það huggar hana ekkert. Því börnin eru dáiin.“

¹⁹ Þegar Heródes dó, birtist engill Drottins Jósef í draumi í Egyptalandi ²⁰ Engillinn sagði „Farðu á fætur! Farðu með barnið og móðurina aftur til lands Ísraels, því sá sem vildi drepa barnið, er dáiin.“ ²¹ Jósef fór á fætur, tók barnið og móðurina og snéri aftur til Ísrael. ²² En þegar Jósef heyrði að sonur Heródesar, Arkelás, hefði tekið við völdum, varð hann hræddur við að snúa aftur til Júða. Eftir að hafa fengið skilaboð í draumi, héldu þau í Galíleuhérað, ²³ og settust að í bæ sem heitir Nasaret. Það uppfyllti spádómana sem sögðu „Hann mun kallast Nasarei“.

Þriðji kafli

¹ Jóhannes skírari kom fram í óbyggðum Júða og flutti boðskap sem var ² „Iðrist synda ykkar og snúið ykkur til Guðs, því konungsríki himinsins er á leiðinni“.

³ Spámaðurinn Jesaja var að tala um Jóhannes skírara þegar hann sagði „Rödd hrópar: „Undirbúið veginn fyrir Drottinn í óbyggðunum, gerið beinan veg í eyðimörkinni fyrir Guð okkar!“ ⁴ Föt Jóhannesar voru gerð úr grófum úlfaldahárum og hann var með leðurbelti um mittið. Hann át engisprettur og villihunang. ⁵ Fólk kom til hans frá Jerúsalem, öllum byggðum Júda og svæðinu í kringum Jórdaná. ⁶ Þau játuðu syndir sínar og voru skírð í ánni. ⁷ En þegar Jóhannes sá marga af farísunum og saddúkunum koma til að skírast, sagði hann við þá „Þið afkvæmi höggorma! Hver varaði ykkur við og sagði ykkur að flýja reiðina sem er á leiðinni? ⁸ Berið þá ávexti sem eru í samræmi við iðrunina. ⁹ Ekki halda að þið getið sagt „Faðir okkar er Abraham“, því ég segi ykkur að Guð gæti gert börn Abrahams úr þessum steinum hérna. ¹⁰ Exi Guðs er borin að rótum trjáanna og öllum trjám, sem bera ekki góða ávexti, verður kastað í eldinn. ¹¹ Ég hreinsa með vatni þá sem iðrast synda sinna og snúa sér til Guðs, en fljótlega kemur sá sem er mér svo miklu meiri að ég er ekki einu sinni þess verðugur að halda á sandöllum hans. Hann mun hreinsa ykkur með heilögum anda og eldi. ¹² Hann heldur á heygaflinum og flokkar hveitið frá hisminu. Hann setur hveitið í hlöðuna en brennir hismið í óslökkvandi eldi.“

¹³ Jesú kom frá Galíleu til Jórdanár til að vera skírður af Jóhannesi. ¹⁴ En Jóhannes reyndi að stöðva hann og sagði „Þú þarft að hreinsa mig, og þú kemur til mín að hreinsast?“ ¹⁵ Jesú svaraði „Leyfðu þessu að gerast, það er viðeigandi að við uppfyllum allt réttlæti“. Þá lét Jóhannes undan. ¹⁶ Jesú var skírður í ánni og þegar hann reis upp úr vatninu, opnuðust himnarnir og hann sá anda Guðs stíga niður eins og dúfu ¹⁷ og rödd hljómaði af himnum sem sagði „Þetta er elskaður sonur minn, ég er ánægður með hann“.

Fjórði kafli

¹ Þá var Jesú leiddur af andanum út í óbyggðirnar til að vera freistað af djöflinum. ² Eftir að hafa fastað í fjórtíu daga og fjórtíu nætur, var hann orðinn svangur. ³ Freistarinn kom þá til hans og sagði „Ef þú ert sonur Guðs, segðu þá þessum steinum að verða að brauðum“. ⁴ Jesú svaraði „Ritað er „Maðurinn skal ekki lifa á eintómu brauði, heldur á hverju því orði sem kemur úr munni Guðs.““

⁵ Þá fór djöfullinn með hann upp á hæsta punkt musterisins í heilögu borginni og sagði: ⁶ „Ef þú ert sonur Guðs, hentu þér þá fram af, því það er ritað „Hann mun gefa englunum skipanir varðandi þig“ og „Þeir munu bera þig svo að fætur þínir rekist ekki í steinana“.“ ⁷ Jesú svaraði „Það er líka ritað „Þú skalt ekki reyna Guð þinn“.“

⁸ Næst tók djöfullinn hann upp á fjallstind, sýndi honum öll konungsdæmi jarðarinnar í allri sinni dýrð ⁹ og sagði „Ég skal gefa þér allt þetta ef þú fellur fram og tilbiður mig“. ¹⁰ Jesú svaraði „Farðu frá mér Satan! Því ritað er „Tilbið þú Drottinn Guð þinn og þjónaðu honum einum“. ¹¹ Þá fór djöfullinn frá Jesú og englar komu til að þjóna honum.

¹² Þegar Jesú frétti að Jóhannes skírari hafði verið settur í fangelsi, snéri hann aftur til Galíleu. ¹³ Fyrst fór hann til Nasaret en fluttist síðan þaðan og til Kapernám, sem var við stöðuvatnið í landi Sebúlons og Naftalí. ¹⁴ Með því rættist spádómur Jesaja ¹⁵

„Land Sebúlons og land Naftalí, við vatnið handan Jórdanár, í Galíleu heiðingjanna, ¹⁶ fólkið sem gekk í myrkri sá mikið ljós. Ljós skein á fólkið sem bjó í landi skugga dauðans.“ ¹⁷ Frá þeim tíma breiddi Jesú út boðskapinn sem var „Iðrist synda ykkar og gerið betrun, því ríki Guðs er á leiðinni“.

¹⁸ Þegar Jesú gekk meðfram Galíleuvatni sá hann tvo bræður, Símon, kallaður Pétur eða Bjarg og bróður hans Andrés.

Þeir voru að kasta netum í vatnið því þeir stunduðu fiskveiðar. ¹⁹ Jesú sagði við þá „Komið, fylgið mér og ég mun láta ykkur stunda mannaveiðar“. ²⁰ Þeir lögðu netin niður um leið og fylgdu honum. ²¹ Jesú hélt áfram og kom að tveimur öðrum bræðrum, Jakob Sebedasyni og bróður hans Jóhannesi. Þeir voru um borð í bátnum að huga að netunum ásamt föður sínum Sebeda ²² og þeir yfirgáfu bátinn og föður sinn um leið og fylgdu Jesú.

²³ Jesú fór um Galíleu og kenndi í samkomuhúsum Gyðinga, flytjandi fólki gleðifréttirnar um konungsríkið og læknaði alla sjúkdóma og mein sem hrjáðu fólk.

²⁴ Sögur af honum gengu um allt Síryland og fólk kom með til hans öll þau sem voru veik af einhverskonar sjúkdómum, þau sem voru sárþjád af verkjum, haldin illum öndum, lömuð eða fengu flogaköst. Og Jesú læknaði þau. ²⁵ Hvert sem hann fór, fylgdi með stór hópur af fólki frá Galíleu, Tíborgunum, Jerúsalem, Júda og landinu handan Jórdanár.

Fimmti kafli

¹ Þegar Jesú sá mannfjöldann fór hann upp fjallið, settist niður og lærisveinarnir hans söfnuðust í kringum hann. ² Hann opnaði munninn og fór að kenna þeim.

³ Blessuð eru þau sem gera sér grein fyrir andlegri fátækt sinni. Því þeirra er konungsríki himinsins.

⁴ Blessuð eru þau sem nú syrgja. Því þau munu verða hugguð.

⁵ Blessuð eru þau sem eru auðmjúk. Því þau munu fá jörðina í arf.

⁶ Blessuð eru þau sem nú hungrar og þyrstir eftir réttlætinu. Því þau munu verða södd.

⁷ Blessuð eru þau sem sýna miskunn. Því þeim mun verða sýnd miskunn.

⁸ Blessuð eru þau sem eru hjartahrein. Því þau munu sjá Guð.

⁹ Blessuð eru þau sem stilla til friðar. Því þau munu verða kölluð börn Guðs.

¹⁰ Blessuð eru þau sem hafa verið ofsótt vegna réttlætisins. Því þeirra er konungsríki himinsins.

¹¹ Blessuð eru þau sem eru kölluð illum nöfnum og ofsótt og sökuð um allskonar illsku vegna mín.

¹² Fagnið og gleðjist, því laun ykkar eru mikil á himnum, því á sama hátt voru spámennirnir ofsóttir.

¹³ Þið eruð salt jarðar, en ef saltið missir bragð sitt, með hverju á að salta það? Það er til einskis nýtt nema að vera troðið undir fótum manna.

¹⁴ Þið eruð ljós heimsins. Borg sem stendur uppi á hæð getur ekki falist. ¹⁵ Ljós er

ekki sett undir körfu, heldur upp á ljósastiku og þá lýsir það öllu húsinu. ¹⁶Látið ljós ykkar skína þannig á meðal fólksins að það sjái góðu verkin ykkar og upphefji Guð, föður ykkar sem er á himnum.

¹⁷Ekki halda að ég sé kominn til að fella úr gildi lögin, eða orð spámannanna. Ég kom ekki til að fella þau úr gildi, heldur til að uppfylla lögin og spádómana.

¹⁸Ég segi ykkur satt að þartil himinn og jörð líða undir lok mun ekki einn einasti punktur eða komma hverfa úr lögunum, þar til allt er fullkomnað. ¹⁹Þau sem brjóta lögin og kenna öðrum að fremja lögbrot, munu verða kölluð minnst í konungsríki himinsins, en þau sem brjóta ekki lögin og kenna öðrum að brjóta ekki lögin, munu verða kölluð mikil í konungsríki himinsins. ²⁰Því ég segi ykkur að ef réttlæti ykkar er ekki meira en réttlæti lögmálskennaranna og farísanna, þá munuð þið ekki ganga inn í konungsríki himinsins.

²¹Þið hafið heyrt að sagt var við forfeðurna „Þú skalt ekki drepa,“ og „Hver sem fremur morð skal svara til saka“. ²²En ég segi ykkur að öll þau sem reiðast systkinum sínum eiga að svara til saka fyrir dómi. Og þau sem segja við systkin sín „Þú ónytjungur!“ eiga að svara til saka fyrir hæsta dómstigi og þau sem segja „Þú heimskingi!“ munu vera svo sek að þau eiga skilið loga helvítis.

²³Ef þið eruð að fara með fórn á altarið en munið eftir því að eitthvert systkini ykkar hefur eitthvað á móti ykkur, ²⁴skiljið þá fórnina eftir og farið fyrst og sættist við systkini ykkar og komið svo aftur til að færa fórnina.

²⁵Ef einhver dregur ykkur fyrir rétt skuluð þið sættast hratt og örugglega við kæranda ykkar. Náið sáttum á leiðinni í réttarsalinn svo kærandi ykkar fari ekki með ykkur til dómarsins og dómariinn sendi ykkur ekki í fangelsi.

²⁶Ég segi ykkur satt að þið munuð ekki komast þaðan fyrr en þið hafið borgað síðasta smápening.

²⁷Þið hafið heyrt boðorðið „Þú skalt ekki halda framhjá“. ²⁸En ég segi við ykkur að öll þau sem horfa á manneskju með girnd, hafa þegar drýgt synd í hjarta sínu. ²⁹Ef hægra auga ykkar lætur ykkur syndga, rífið það þá úr! Kastið því í burtu, því það er betra að glata einum líkamshluta en að öllum líkamanum sé kastað í eldinn.

³⁰Ef hægri hönd ykkar lætur ykkur syndga, skerið hana þá af! Kastið henni frá ykkur því það er betra fyrir ykkur að glata einum útlím en að öllum líkamanum verði kastað í eldinn.

³¹Þið hafið heyrt að „Ef maður vill skilja við konu sína skal hann gefa henni undirritaða skilnaðarpappíra“ ³²en ég segi við ykkur að öll þau sem skilja, nema vegna framhjáhalds, láta maka sinn halda framhjá og ef þið giftist manneskju eftir skilnað, þá eruð þið að halda framhjá.

³³Þið hafið líka heyrt að „Þið skuluð ekki sverja rangan eið heldur skuluð þið uppfylla eiða ykkar við Drottinn“ ³⁵en ég segi við ykkur að þið eigið ekki að sverja neina eiða, hvorki við himininn, því þar er háseti Guðs ³⁶né heldur við jörðina því hún er fótskemill hans, né við Jerúsalem því það er borg konungsins mikla. ³⁶Þið skuluð heldur ekki sverja við höfuð ykkar því þið getið ekki gert eitt einasta hár hvítt eða svart. ³⁷En þegar þið segið „já“ skuluð þið meina já og þegar þið segið „nei“ skuluð þið meina nei. Allt sem er umfram það, er frá hinum illa.

³⁸Þið hafið heyrt „Auga fyrir auga, tönn fyrir tönn“ ³⁹en ég segi við ykkur: ekki gera

neitt þegar ráðist er á ykkur heldur skuluð þið bjóða vinstri kinnina líka, ef einhver slær ykkur hægra megin. ⁴⁰ Ef einhver vill taka skyrtuna ykkar með dómsvaldi, gefið þeim þá yfirhöfnina líka. ⁴¹ Ef einhver neyðir ykkur til að ganga með sér kílómetra, gangið þá með þeim tvo kílómetra. ⁴² Gefið fólki það sem það biður ykkur um og ekki synja fólki um lán.

⁴³ Þið hafið heyrt „Elskaðu nágranna þína og hataðu óvini þína“. ⁴⁴ En ég segi við ykkur, elskið óvini ykkar og biðjið fyrir þeim sem ofsækja ykkur ⁴⁵ svo þið getið sýnt að þið séuð börn Guðs, föður ykkar á himnum. Hann lætur sólína rísa upp á hin góðu og hin vondu og sendir rigninguna bæði á réttláta og óréttláta.

⁴⁶ Því ef þið elskið bara þau sem elska ykkur á móti, hvaða laun ættuð þið að fá fyrir það? Gera ekki meiraðsegja skattinnheimtumennirnir nákvæmlega það? ⁴⁷ Ef þið bjóðið bara velkomin systkini ykkar, hvað eruð þið þá að gera meira en annað fólk? Gera ekki heiðingjarnir nákvæmlega það sama?

⁴⁸ Þið eigið að vera fullkomin, eins og Faðir ykkar á himnum er fullkominn.

Sjötti kafli

¹ Passið ykkur á að gera ekki góðverk ykkar svo allt fólk sjái. Ef þið gerið það eru launin frá Föðurnum á himnum engin. ² Þegar þið gefið þeim sem þurfa, ekki láta blása í lúðra fyrir ykkur, eins og hræsnararnir gera í samkomuhúsunum og á úti á götu, svo allt fólk sjái gjöf þeirra. Ég segi ykkur satt að þeir hafa tekið út öll launin sín. ³ Þegar þið gefið til fátækra, þá á vinstri höndin ekki að vita hvað hægri höndin gerir. ⁴ Ef gjöfin er falin, mun Faðir ykkar sem sér það sem er falið, verðlauna ykkur. ⁵ Og þegar þið biðjið skulu þið ekki vera eins og hræsnararnir, því þeir elska að biðja standandi í samkomuhúsunum og á götuhornum þar sem allt fólk sér þá. Ég segi ykkur satt að þeir hafa tekið út öll launin sín. ⁶ En þegar þið biðjið skulu þið fara inn í herbergi, loka á eftir ykkur og biðja til Föður ykkar sem þið sjáið ekki. Þá mun Faðir ykkar sem sér það sem er falið, verðlauna ykkur. ⁷ Og þegar þið biðjið skuluð þið ekki nota hugsunarlausar endurtekningar eins og heiðingjarnir, sem halda að þeir verði bænheyrðir vegna fjölda orðanna. ⁸ Ekki vera eins og þeir, því Faðir ykkar veit hvað þið þurfið áður en þið biðjið um það.

⁹ Svona skuluð þið biðja:

Faðir okkar á himnum, heilagt sé nafn þitt.

¹⁰ Komi konungsríki þitt.

Verði vilji þinn á jörðinni eins og hann er á himnum

¹¹ Gefðu okkur brauð fyrir daginn í dag

¹² Fyrirgefðu okkur syndirnar, eins og við fyrirgefum öðrum.

¹³ Bjargaðu okkur frá freistingum og illsku.

¹⁴ Því ef þið fyrirgefið þeim gera ykkur eitthvað, mun ykkar himneski Faðir líka fyrirgefa ykkur það sem þið hafið gert.

¹⁵ En ef þið fyrirgefið ekki öðrum, mun Faðir ykkar heldur ekki fyrirgefa ykkar syndir.

¹⁶ Þegar þið fastið skuluð þið ekki láta það sjást á ykkur, eins og hræsnararnir gera þegar þeir afskræma andlit sín svo allt fólk sjái að þeir fasti. Ég segi ykkur satt að þeir hafa tekið út öll launin sín. ¹⁷ En þegar þið fastið skuluð þið greiða hárið og þvo andlitið ¹⁸ svo enginn sjái að þið fastið, nema Faðir ykkar sem þið sjáið ekki og þá mun Faðir ykkar, sem sér það sem er falið, verðlauna ykkur.

¹⁹ Ekki safna fjársjóði hér á jörðinni, þar sem flugur og meindýr geta étið hann, ryð getur eyðilagt hann og þjófar brotist inn og stolið honum. ²⁰ Þið skuluð safna ykkur fjársjóð á himnum þar sem flugur og ryð geta ekki eyðilagt hann og enginn getur brotist inn og stolið honum. ²¹ Því þar sem fjársjóður ykkar er, þar er hjarta ykkar líka.

²² Augað er lampi líkamans. Ef augun eru heilbrigð þá er allur líkaminn fullur af ljósi. ²³ En ef augun eru óheilbrigð er allur líkaminn í myrkri. Ef það sem þið haldið að sé ljós, er í rauninni myrkur, hversu dimmt er þá það myrkur?

²⁴ Það er ekki hægt að þjóna tveimur herrum. Annaðhvort hatist þið við annan og elskið hinn, eða þið þjónið öðrum og fyrirlítið hinn. Það er ekki hægt að þjóna bæði peningum og Guði.

²⁵ Þess vegna segi ég við ykkur, ekki hafa áhyggjur af lífinu, hvað þið munuð borða og drekka, eða af líkama ykkar, hverju þið munuð klæðast. Því er lífið ekki meira en matur og er líkaminn ekki meira en föt? ²⁶ Lítið á fugla himinsins, þeir sá ekki fræjum, skera ekki upp og safna engu í hlöður en samt gefur himneski Faðirinn þeim að éta. Eruð þið ekki miklu verðmætari en fuglarnir?

²⁷ Getur eitthvert ykkar bætt einum klukkutíma við líf sitt með áhyggjum? ²⁸ Og af hverju hafið þið áhyggjur af fötum? Sjáið hvernig blómin á enginu vaxa. Þau vinna ekki og spinna ekki ²⁹ en samt segi ég ykkur að jafnvel Salómon í allri sinni dýrð var ekki klæddur jafn fallega og eitt þeirra. ³⁰ Ef það er þannig sem Guð klæðir blómin úti á engi, sem eru hér í dag og á morgun er kastað í eld, hversu miklu betur heldurðu að hann klæði ykkur, þið trúlitlu?

³¹ Hafið ekki áhyggjur og segið ekki „Hvað á ég að borða?“ eða „Hvað á ég að drekka?“ eða „Hvaða fötum á ég að klæðast?“ ³² Því heiðingjarnir sækjast eftir öllu þessu og himneski Faðir ykkar veit að þið þurfið á þessu að halda. ³³ En fyrst og fremst skuluð þið sækjast eftir konungsríki Guðs og réttlæti hans, og þá fáid þið allt hitt líka.

³⁴ Ekki hafa áhyggjur af morgundeginum, hann mun hafa sínar áhyggjur. Hver dagur hefur nóg til að hafa áhyggjur af.

Sjöundi kafli

¹ Ekki dæma, annars verðið þið dæmd. ² Því þið verðið dæmd á sama hátt og þið dæmið annað fólk. Þið munuð verða dæmd eftir ykkar eigin mæli. ³ Af hverju sjáið þið tréflísina í auga systkina ykkar en takið ekki eftir trjádrumbinum í ykkar eigin auga? ⁴ Hvernig getið þið sagt við systkini ykkar „Ég skal taka tréflísina úr auganu þínu“ þegar á sama tíma stendur trjádrumbur út úr ykkar eigin auga? ⁵ Þið hræsnarar, fyrst fjarlægjið þið trjádrumbinn úr ykkar eigin auga og þá munið þið sjá skýrt til að fjarlægja tréflísina úr augum systkina ykkar.

⁶ Ekki gefa hundum það sem er heilagt og ekki kasta perlum ykkar fyrir svínin. Ef þið gerið það munu þau troða perlurnar undir fótunum á sér, snúa sér við, og rífa þig í sig líka.

⁷ Þið munuð fá það sem þið biðjið um. Leitið og þið munuð finna, bankið og það mun verða opnað fyrir ykkur. ⁸ Því öll sem biðja fá það sem þau biðja um, þau sem leita finna það sem þau leita að og það mun verða opnað fyrir þeim sem banka. ⁹ Hvert ykkar myndi gefa barninu sínu stein þegar það biður um brauð? ¹⁰ Eða ef það biður um fisk, gefa því þá snák? ¹¹ Ef þið sem eruð vond, hafið vit á að gefa börnum ykkar góðar gjafir, hversu miklu betri gjafir mun þá Faðirinn á himnum gefa þeim sem biðja hann?

¹² Þið skuluð alltaf gera það fyrir annað fólk sem þið viljið að það geri fyrir ykkur. Þetta er kjarni alls þess sem er í lögbókunum og spádómsbókunum.

¹³ Farið inn um þrönga hliðið. Því hliðið sem leiðir til glötunar er vítt og vegurinn sem liggur þangað er breiður og það er margt fólk sem gengur þar inn. ¹⁴ En lágt og mjótt er hliðið sem leiðir ykkur til lífsins og fátt fólk mun finna það.

¹⁵ Varið ykkur á falsspámönnum. Þeir koma til ykkar klæddir eins og lömb en innanundir eru þeir gráðugir úlfar. ¹⁶ Þið þekkið þá af ávöxtunum. Týnir fólk vínber af þyrnirunnum eða fíkjur af þistlum? ¹⁷ Á sama hátt ber gott tré góðan ávöxt, en vont tré ber vondan ávöxt. ¹⁸ Gott tré getur ekki borið vondan ávöxt og vont tré getur ekki borið góðan ávöxt. ¹⁹ Öll tré sem bera ekki góðan ávöxt eru hoggin niður og kastað í eldinn. ²⁰ Þið getið þekkt þá af ávöxtunum.

²¹ Það munu ekki allir ganga inn í konungsríki himinsins sem segja við mig „Herra, herra!“, heldur einungis þau sem gera vilja Föður míns sem er á himnum. ²² Á þeim degi mun margt fólk segja við mig „Herra, herra, spáðum við ekki í þínu nafni og rákum við ekki út djöfla í þínu nafni, og gerðum við ekki kraftaverk í þínu nafni?“ ²³ En ég mun svara þeim „Ég þekkti ykkur aldrei. Farið frá mér lögleysingar!“

²⁴ Öll þau sem heyra það sem ég segi og setja það í framkvæmd eru eins og vitri maðurinn sem byggði hús sitt á bjargi. ²⁵ Það byrjaði að rigna og vatnsflaumurinn jókst og vindarnir blésu og börðu á húsinu en samt féll það ekki, því það var byggt á bjargi. ²⁶ En öll þau sem heyra orð mín og hlýða þeim ekki eru eins og kjáninn sem byggði húsið sitt á sandi. ²⁷ Það byrjaði að rigna og vatnsflaumurinn jókst og vindarnir blésu og börðu á húsinu og það féll með miklum látum.“

²⁸ Þegar Jesú hafði lokið við að flytja þessa ræðu var mannfjöldinn þrumu lostinn yfir kenningum hans. ²⁹ Hann kenndi ekki eins og lögmálskennararnir kenndu, heldur eins og sá sem hefur vald.

Áttundi kafli

¹ Þegar Jesú gekk niður af fjallinu fylgdi honum mikill mannfjöldi. ² Maður með holdveiki féll fyrir fætur hans og sagði „Herra, ef þú vilt, getur þú gert mig hreinan?“. ³ Jesú rétti út höndina, snerti manninn og sagði „Ég vil, vertu hreinn!“ Og holdsveiki maðurinn hreinsaðist. ⁴ Jesú sagði þá við hann „Ekki segja neinum frá þessu. En farðu og sýndu þig prestunum og berðu fram gjöf eins og Móse skipaði fyrir um, þeim til vitinsburðar.“

⁵ Þegar Jesú kom til Kapernám, kom foringi rómverskrar herdeildar og sárbændi

hann um hjálp, ⁶ „Herra, þjónn minn liggur lamaður heima, hræðilega kvalinn“. ⁷ Jesú sagði „Ég skal koma og lækna hann“. ⁸ Herdeildarforinginn svaraði „Herra, ég er ekki þess verður að þú komir undir mitt þak. Segðu bara orðin og þjónn minn mun lækna. ⁹ Ég veit þetta því ég er undir stjórn annarra en ég ræð líka yfir hundrað mönnum. Ég segi þessum að fara og hann fer og segi við þennan að koma og hann kemur. Ég segi þjóni mínum að gera eitthvað og hann gerir það.“

¹⁰ Þegar Jesú heyrði þetta undraðist hann og sagði við þau sem fylgdu honum „Ég segi ykkur satt að ég hef ekki fundið þvílíka trú neins staðar í Ísrael. ¹¹ Ég segi ykkur að margt fólk mun koma úr austri og vestri og sitja til borðs með Abraham, Ísak og Jakob í konungsríki himinsins ¹² á meðan erfingjum þeirra verður kastað út í myrkrið, þar sem verður grátur og gnístran tanna.“ ¹³ Og Jesú sagði þá við herdeildarforingjann „Farðu aftur heim. Þú hefur uppskorið í samræmi við trú þína.“ Og þjónninn læknaðist á þeirri stundu.

¹⁴ Jesú fór heim til Péturs og sá að tengdamóðir hans lá í rúminu með sóttthita. ¹⁵ Jesú snerti hönd hennar og hitinn fór úr henni. Hún stóð upp og útbjó mat handa honum.

¹⁶ Þá um kvöldið kom margt fólk sem var haldið illum öndum til Jesú. Hann rak út illu andana með orðum og læknaði öll þau sem voru veik. ¹⁷ Þetta uppfyllti spádóminn sem Jesaja ritaði „Hann tók á sig veikindi okkar og bar í burtu sjúkleika okkar“.

¹⁸ Þegar Jesú sá mannfjöldann í kringum sig, sagði hann lærisveinum sínum að róa yfir vatnið. ¹⁹ Þá kom lögmálskennari til hans og sagði „Kennari, ég skal fylgja þér hvert sem þú ferð“. ²⁰ Jesú svaraði „Refir eiga greni, fuglar búa til hreiður en Mannssonurinn á hvergi höfði sínu að halla“. ²¹ Annar lærisveinn sagði „Herra, leyfðu mér að fara fyrst og jarða föður minn“. ²² En Jesú sagði við hann „Fylgdu mér og láttu hin dánun jarða þau dánun“.

²³ Jesú fór þá um borð í bátinn og lærisveinarnir fylgdu á eftir. ²⁴ Skyndilega reið yfir ofsafenginn stormur og öldurnar brotnuðu yfir bátinn. En Jesú svaf. ²⁵

Lærisveinarnir vöktu hann og sögðu „Herra, bjargaðu okkur. Við förumst!“ ²⁶ Jesú svaraði „Af hverju eruð þið hræddir? Þið hafið svo litla trú!“ Jesú stóð upp og hastaði á storminn og vatnið og allt féll í dúnalogn.

²⁷ Lærisveinarnir voru forviða og spurðu „Hvers konar maður er þetta? Meiraðsegja vindar og vatn hlýða honum!“

²⁸ Þegar þeir komu að landi í byggð Gadarena, hinum megin við vatnið, mættu þeim tveir menn haldnir illum öndum sem höfðu komið úr gröfunum. Þeir voru svo ofbeldisfullir að enginn gat farið þar um. ²⁹ Þeir öskruðu „Hvað viltu okkur sonur Guðs? Ertu kominn til að láta okkur þjást fyrir tímann?“ ³⁰ Spölkorn frá þeim var stór svínahjörð á beit ³¹ og illu andarnir grátbáðu Jesú „Ef þú rekur okkur út, sendu okkur þá í svínin“. ³² Jesú sagði við þá „Farið!“ Og þeir fóru út af manninum og fóru

í svínin. Öll hjörðin hljóp þá niður brattann, ofan í vatnið og drukknaði. ³³ Svínahirðarnir hlupu inn í bæinn og sögðu fólki frá öllu því sem hafði gerst og frá andsetnu mönnunum. ³⁴ Þá kom allur bærinn til Jesú og þegar þau sáu hann, báðu þau hann að fara í burtu frá sér.

Níundi kafli

¹ Jesú fór um borð í bátinn og fór yfir til heimabæjar síns. ² Þar var borinn til hans lamaður maður sem lá á teppi. Þegar Jesú sá trú þeirra sagði hann við lamaða manninn „Ekki óttast barnið mitt, syndir þínar eru fyrirgefna.“ ³ Við að heyra þetta sögðu nokkrir lögmálskennarar með sjálfum sér „Þetta er guðlast!“ ⁴ Jesú vissi hvað þeir voru að hugsa og sagði „Af hverju leyfið þig illar hugsanir í hjörtum ykkar? ⁵ Því hvort er auðveldara, að segja „Syndir þínar eru fyrirgefna“ eða „Stattu upp og gakktu“? ⁶ En ég vil að þið vitið að Mannssonurinn hefur vald á jörðu til að fyrirgefa syndir.“ Jesú sagði þá við lamaða manninn „Stattu upp, taktu teppið og farðu heim“. ⁷ Þá stóð maðurinn upp og fór heim. ⁸ Þegar fólkið sá þetta urðu þau furðu lostin og lofsungu Guð, sem hafði gefið manni slíkt vald.

⁹ Jesú hélt áfram göngunni og sá mann sem hét Matthías, hann sat á skrifstofunni sem innheimtir skatta. „Fylgdu mér“ sagði Jesú við hann og Matthías stóð upp og fylgdi honum. ¹⁰ Þá um kvöldið snæddu Jesú og lærisveinarnir heima hjá Matthíasi. Margir skattinnheimtumenn og syndarar voru þar líka. ¹¹ En þegar farísarnir sáu þetta spurðu þeir lærisveinana „Af hverju borðar kennarinn ykkar með slíkum óþjóðalýð?“ ¹² Þegar Jesú heyrði þetta sagði hann „Það eru ekki hin heilbrigðu sem þurfa lækni, heldur þau sem eru veik.“ ¹³ En farið og rannsakið hvað þetta þýðir „Ég vil miskunnsemi, ekki fórnir“. Því ég er ekki kominn til að kalla réttláta, heldur syndara“.

¹⁴ Lærisveinar Jóhannesar skírara komu og spurðu Jesú „Hvernig er það, við og farísarnir föstum oft, en lærisveinar þínir fasta aldrei?“ ¹⁵ Jesú svaraði „Af hverju ættu gestir brúðgumans að syrgja þegar brúðguminn er ennþá hjá þeim? Það mun koma sá tími að brúðguminn mun verða tekinn í burtu frá þeim, þá munu þeir fasta.“ ¹⁶ Engin saumar nýja bót á gömul klæði. Því nýja bótin myndi hlaupa og rifna af gömlu klæðunum, sem væru þá með stærra gati en áður. ¹⁷ Og hver hellir nýju víni í gamlar vín húðir? Ef það væri gert myndi húðin rifna og vínið fara til spillis og vín húðin væri ónýtt. Nei, nýtt vín er sett í nýjar vín húðir, þá rifna þær ekki og vínið fer ekki til spillis.“

¹⁸ Á meðan Jesú var að segja þetta, kom til hans yfirmaður samkomuhúss Gyðinga á staðnum, kraup fyrir framan hann og sagði „Dóttir mín var að deyja, en ef þú kemur og leggur hönd þína á hana, þá mun hún lifa.“ ¹⁹ Jesú stóð upp og fór með honum ásamt lærisveinum sínum. ²⁰ Á leiðinni kom kona sem hafði verið á blæðingum í tólf ár fyrir aftan hann og snerti kyrtilfald hans ²¹ því hún hugsaði með sér „Bara ef ég gæti snert kyrtilfaldinn hans, þá mun ég lækna.“ ²² Jesú snéri sér við og sá hana og sagði „Ekki óttast dóttir, trú þín hefur læknað þig“. Og konan læknaðist um leið.

²³ Þegar Jesú kom inn til samkomustjórans heyrði hann sorgarlæti. ²⁴ Hann sagði „Farið í burtu, stúlkan er ekki dáin heldur sofandi“. En þau hlógu að honum. ²⁵ Þegar fólkið var farið, fór Jesú og tók í hönd stúlkunnar og hún stóð upp. ²⁶ Fréttirnar af þessu bárust um allt héraðið.

²⁷ Jesú hélt áfram og tveir blindir menn eltu hann hrópandi „Sýndu okkur miskunn sonur Davíðs“. ²⁸ Þegar hann var kominn í húsið þar sem hann dvaldi, komu blindu mennirnir til hans og hann spurði þá „Trúið þið að ég geti læknað ykkur?“ Þeir svöruðu „Já, herra“. ²⁹ Þá snerti hann augu þeirra og sagði „Vegna trúar ykkar mun það gerast“. ³⁰ Augu þeirra opnuðust og þeir sáu. Jesú sagði þá við þá alvarlegur í bragði „Ekki segja neinum frá þessu“. ³¹ En í stað þess að gera það fóru þeir út um allt og sögðu öllum frá því sem hafði gerst. ³² Þegar mennirnir sem voru blindir voru að fara, var komið með mann til Jesú sem var andsetinn og gat ekki talað. ³³ Jesú rak út illa andann og maðurinn gat talað. Mannfjöldinn sagði þá forviða „Ekkert slíkt hefur nokkurn tíma sést í Ísrael“. ³⁴ En farísarnir sögðu „Hann rekur út illa anda með hjálp herra illra anda“.

³⁵ Jesú fór um bæi og þorp og kenndi í samkomuhúsum Gyðinga og flutti fólki gleðifréttirnar um konungsríkið og læknaði alla veiki og sjúkleika. ³⁶ Þegar hann sá mannfjöldann, vorkenndi hann þeim, því þau voru svo ringluð og hjálparvana, eins og kindur án hirðis. ³⁷ Hann sagði við lærisveina sína „Uppskeran er mikil en verkamennirnir fáir. ³⁸ Biðjið því herra uppskerunnar að senda verkamenn á akurinn.“

Tíundi kafli

¹ Jesú kallaði saman lærisveinana tólf og gaf þeim vald til að lækna fólk og reka út óhreina anda.

² Þetta eru nöfn lærisveinanna tólf: Fyrstur er Símon kallaður Pétur, og bróðir hans Andrés, Jakob sonur Sebeda og bróðir hans Jóhannes, ³ Filipus, Bartólómus, Tómas, Matthías skattinnheimtumaður, Jakob Alfeusson, Þaddíus, ⁴ Símon úr sjálfstæðisreglunni og Júda Ískaríot, sá sem sveik hann.

⁵ Jesú sendi þá út og gaf þeim þessar leiðbeiningar „Ekki fara til heiðingjanna eða til neins bæjar í Samaríu ⁶ heldur einungis til týndra sauða af Ísraelsætt. ⁷ Farið og tilkynnið þeim að konungsríki himinsins sé á leiðinni.

⁸ Læknið veika, reisið dána upp frá dauðum, hreinsið holdsveika, rekið út djöfla. Án gjalds fenguð þið þetta vald, án gjalds skuluð þið nota þetta vald. ⁹ Ekki taka með einn smápening í pyngjunni, ekki gull eða silfur eða brons.

¹⁰ Ekki taka með ykkur tösku, eða auka skyrtu eða skó eða staf. Því sá sem vinnur á skilið laun. ¹¹ Þegar þið farið í bæ eða þorp spyrjið þá hver séu þar verðug, og dveljið hjá þeim þartil þið farið þaðan.

¹² Þegar þið komið inn á heimili skuluð þið blessa það með friði. ¹³ Ef það reynist vera verðugt heimili, látið þá blessunina standa, en ef það er það ekki, skuluð þið taka friðinn til baka.

¹⁴ Ef einhver bær eða heimili, neitar að taka við ykkur, farið þá þaðan og dustið

rykið af fótum ykkar. ¹⁵ Ég segi ykkur satt að dómsdagur verður þolanlegri fyrir Sódómu og Gómorru, en fyrir þann bæ.

¹⁶ Ég sendi ykkur út eins og kindur meðal úlfa. Þið þurfið þess vegna að vera jafn slyngir og höggormar og eins saklausir og dúfur. ¹⁷ Farið varlega, því sumt fólk mun vilja færa ykkur yfiröldum og láta híða ykkur í samkomuhúsunum. ¹⁸ Vegna mín munuð þið vera færðir fyrir framan ríkisstjóra og kónga til að vitna um mig fyrir þeim og heiðingjunum. ¹⁹ En þegar þið verðið handteknir ekki hafa áhyggjur af því hvað þið munuð segja. Þegar kemur að því, mun ykkur verða gefin orðin sem þið þurfið. ²⁰ Því það eru ekki þið sem talið, heldur andi frá Föðurnum, sem talar í gegnum ykkur. ²¹ Bróðir mun svíkja bróður í dauðann og faðir barnið sitt, börn munu rísa upp gegn foreldrum sínum og fá þau dæmd til dauða. ²² Og allt fólk mun hata ykkur vegna mín, en þeim sem standast þolraunina, allt til enda, mun vera bjargað. ²³ Þegar þið eruð ofsóttir á einum stað, flýið þá á annan. Ég segi ykkur satt, þið munuð ekki ná að fara til allra borga Ísrael áður en Mannssonurinn kemur. ²⁴ Nemandinn er ekki kennaranum æðri, né heldur er þjónn æðri herra sínum. ²⁵ Það er nóg fyrir nemandann að vera eins og kennarinn og fyrir þjóna að líkjast herra sínum. Ef herra hússins hefur verið kallaður herra djöfla, hvað haldið þið að undirmenn hans verði kallaðir? ²⁶ Verið því ekki vera hræddir við þau sem hóta ykkur, því ekkert er falið, sem verður ekki dregið í dagsljósið. Ekkert leyndarmál sem verður ekki upplýst. ²⁷ Segið það í dagsljósinu sem ég segi ykkur í myrkri. Það sem er hvíslað í eyru ykkar skuluð þið hrópa af húspökum.

²⁸ Ekki hræðast þau sem geta drepið líkamann en geta ekki snert lífsanda ykkar. Óttist frekar þann sem getur eytt bæði líkamanum og lífsandanum.

²⁹ Eru ekki tveir spörvar seldir fyrir einn smápening? En samt getur ekki einn einasti þeirra dottið til jarðar án þess að Faðirinn viti það. ³⁰ Jafnvel hárin á höfðinu á þér eru talin. ³¹ Óttist því ekki, því þið eruð miklu fremri fuglunum.

³² Þau sem játa að þekkja mig fyrir framan annað fólk, mun ég játa að ég þekki frammi fyrir Föðurnum á himnum, ³³ en þeim sem afneita mér fyrir framan annað fólk, mun ég afneita frammi fyrir Föðurnum á himnum.

³⁴ Ekki halda að ég komi með frið á jörðu. Ég kom ekki með frið, heldur sverð. ³⁵ Ég kom til að snúa manni gegn föður sínum, dóttur gegn móður sinni, tengdadóttur gegn tengdamóður. ³⁶ Óvinir ykkar munu verða í ykkar eigin húsi. ³⁷ Þau sem elska föður sinn eða móður sína meira en mig, eiga mig ekki skilið. Þau sem elska son sinn eða dóttur sína meira en mig, eiga mig ekki skilið. ³⁸ Hver sem tekur ekki upp sinn kross og fylgir mér, á mig ekki skilið. ³⁹ Þau sem reyna að finna lífið í þessum heimi munu týna því, en þau sem týna lífi sínu vegna mín í þessum heimi munu finna það. ⁴⁰ Þau sem bjóða ykkur velkomna, bjóða mig velkominn, og þau sem bjóða mig velkominn bjóða þann sem sendi mig velkominn. ⁴¹ Þau sem bjóða spámann velkominn sem spámann munu fá laun spámanns. Þau sem bjóða réttlátt fólk velkomið vegna réttlætis þeirra, munu fá laun réttlátrar manneskju. ⁴² Og ef einhver gefur glas af köldu vatni til eins af mínum minnstu lærisveinum, ég segi ykkur satt að sú manneskja mun ekki missa af laununum sínum.“

Ellefti kafli

¹ Þegar Jesú hafði gefið lærisveinunum tólf þessar leiðbeiningar, fór hann að flytja boðskapinn í nærliggjandi bæjum. ² Þegar Jóhannes skírari, sem var þá í fangelsi, heyrði um það sem Kristur gerði, sendi hann lærisveina sína ³ til að spyrja hann „Ert þú sá sem spáð var um eða eigum við von á öðrum?“ ⁴ Jesú svaraði „Farið og segið Jóhannesi það sem þið heyrið og sjáið: ⁵ blindir fá sjón, lamaðir ganga, holdsveikir hreinsast, heyrnalausir fá heyrnina, dánir rísa upp og fátækum eru fluttar gleðifréttir. ⁶ Blessuð eru þau sem hrasa ekki vegna mín.“

⁷ Þegar lærisveinar Jóhannesar voru að fara, talaði Jesú við mannfjöldann um Jóhannes „Hvað fóruð þið út í óbyggðirnar til að sjá? Strá sem vindurinn hreyfir? ⁸ Ef ekki það, hvað fóruð þið þá til að sjá? Mann klæddan í fín föt? Nei, þú finnur slíka í höllum kónga. ⁹ Segið mér þá hvað þið fóruð að sjá. Spámann? Já, og meira en spámann. ¹⁰ Jóhannes er maðurinn sem er talað um í spádómnum (Malakí) „Ég mun senda sendiboða minn sem mun undirbúa veginn fyrir mig“. ¹¹ Ég segi ykkur satt að enginn sem er fæddur af konu er meiri en Jóhannes skírari, en samt er sá minnsti í konungsríki himinsins meiri en hann. ¹² Frá dögum Jóhannesar skírara þar til nú, hefur konungsríki himinsins verið beitt ofbeldi og ofbeldisfullt fólk sækir á það. ¹³ Því allir spámennirnir og lagabækurnar sem voru fyrir tíma Jóhannesar, spáðu um þessa tíma. ¹⁴ Og ef þið getið tekið á móti því, þá er hann Elía, sem spáð var að myndi koma. ¹⁵ Hver sem hefur eyru, heyri.

¹⁶ Við hvað get ég líkt þessari kynslóð? Hún er eins og börn sem sitja á torginu kallandi ¹⁷ „Við lékum danslög fyrir ykkur og þið dönsuðuð ekki, við lékum sorgarlög og þið grétuð ekki“. ¹⁸ Jóhannes kom og át hvorki né drakk og fólk sagði „Hann er andsetinn“. ¹⁹ Mannssonurinn kemur svo og borðar bæði og drekkur og þau segja „Hann er átvagl og drykkjumaður, vinur skattinnheimtumanna og syndara“ Viskan sannast á verkum sínum.“

²⁰ Þá ávítaði Jesú borgirnar þar sem hann hafði framkvæmt flest kraftaverk, því þær iðruðust ekki. ²¹ „Vei sé þér Kórasín! Vei sé þér Betsæda! Því ef kraftaverkin sem ég gerði hjá ykkur hefðu verið framkvæmd í Týrus og Sídon hefðu þær fyrir löngu klætt sig í sorgarföt og iðrast í sand og ösku. ²² En ég segi ykkur, það mun verða bærilegra fyrir Týrus og Sídon á dómsdegi en hjá ykkur. ²³ Og þú Kapernám, mun þér verða lyft til himna? Nei, þú munt fara í gröfina. Því ef kraftaverkin sem ég gerði hjá þér hefðu verið framkvæmd í Sódómu, stæði hún ennþá í dag. ²⁴ En ég segi ykkur, það mun verða bærilegra fyrir Sódómu á dómsdegi en hjá ykkur.“

²⁵ Þá sagði Jesú „Ég lofa þig Faðir, Drottinn himins og jarðar, því þú hefur falið þetta fyrir útlærðum spekingunum en sýnt þetta litlu börnunum. ²⁶ Já Faðir, það var það sem þú vildir gera. ²⁷ Faðir minn hefur treyst mér fyrir öllu. Enginn þekkir soninn nema Faðirinn og enginn þekkir Föðurinn nema sonurinn og þau sem sonurinn útvelur til að opinbera hann. ²⁸ Komið til mín, þið sem eruð þreytt og ég mun gefa ykkur hvíld. ²⁹ Takið byrði mína á herðar ykkar og lærið af mér, því ég er lítillátur og auðmjúkur í hjartanu og þið munuð fá hvíld fyrir sál ykkar. ³⁰ Því ok mitt er ljúft og byrði mín létt.

Tólfti kafli

¹ Um þetta leyti fór Jesú ásamt lærisveinum sínum, um kornakra á hvíldardegi. Lærisveinar hans voru svangir og týndu korn og átu. ² Þegar farísarnir sáu þetta sögðu þeir við hann „Sjáðu! Lærisveinar þínir eru að gera það sem er ólöglegt að gera á hvíldardegi!“ ³ Jesú svaraði „Hafið þið ekki lesið um það sem Davíð gerði þegar hann og menn hans voru svangir? ⁴ Hann fór inn í hús Guðs og hann og menn hans átu skoðunarbrauðin. Sem var ólöglegt fyrir alla nema prestana að borða. Eða hafið þið ekki lesið í lagabókunum að prestarnir vinna á hvíldardegi en eru samt án sakar? ⁶ Ég segi við ykkur, hér er meira en musterið. ⁷ Ef þið vissuð hvað þetta þýðir „Miskunnsemi vil ég, ekki fórnir“ þá hefðuð þið ekki ákært saklaust fólk. ⁸ Því Mannssonurinn er herra hvíldardagsins.“

⁹ Jesú fór þaðan og hélt í samkomuhúsið ¹⁰ og sá mann með visna hönd. Farísarnir vildu finna sök hjá Jesú og spurðu hann „Er það löglegt að lækna á hvíldardegi?“ ¹¹ Jesú svaraði þeim „Ef einhver á kind sem fellur í skurð á hvíldardegi, munuð þið ekki draga hana upp úr skurðinum? ¹² Hversu miklu mun merkilegri er manneskja en sauðkind? Því er það löglegt að gera góðverk á hvíldardegi.“ ¹³ Þá sagði Jesú við manninn með visnu höndina „Réttu út höndina“. Hann rétti út höndina og hún varð jafn heilbrigð og hin höndin hans. ¹⁴ En farísarnir gengu út og lögðu á ráðin, hvernig þeir gætu drepit Jesú. ¹⁵ Jesú vissi hvað þeir ætluðu sér og fór þaðan. Mikill mannfjöldi fylgdi honum og hann læknaði öll þau sem þurftu. ¹⁶ Hann varaði fólk við að segja öðrum frá sér. ¹⁷ Þetta uppfyllti spádóminn sem kom frá Jesaja: ¹⁸ „Hér er útvalinn þjónn minn, sá sem ég elska, sá sem ég er ánægður með, ég mun setja anda minn yfir hann og hann mun boða þjóðunum réttlæti. Hann mun ekki rífast eða öskra á götum úti. Hann mun ekki eyðileggja veikburða reyr, og hann mun ekki slökkva á flöktandi kerti, þar til hann hefur innleitt réttlætið með því að vinna sigur. ²¹ Þjóðirnar munu vona á nafn hans.“

²² Þá var komið með andsetinn mann, sem var bæði blindur og mállaus, til Jesú og hann læknaði manninn, sem gat þá bæði talað og séð. ²³ Þau sem sáu þetta voru furðu lostinn og sögðu „Getur verið að þetta sé sonur Davíðs?“ ²⁴ En þegar farísarnir heyrðu þetta sögðu þeir „Það er ekkert skrýtið að hann geti rekið út illa anda, enda fær hann vald sitt frá Satan, herra illra anda“. Jesú vissi hvað þeir hugsuðu og sagði við þá „Öll konungsríki sem standa í innbyrðis deilum, falla. Og allar borgir eða heimili sem standa í innbyrðis deilum munu gliðna í sundur. Ef Satan rekur Satan út, á hann í deilum við sjálfan sig, hvernig gæti konungsdæmi hans þá staðið? ²⁷ Og ef ég rek út illa anda með hjálp djöfulsins, með hjálp hvers reka ykkar menn illa anda út? Ykkar eigin menn sanna að þið hafið rangt fyrir ykkur. ²⁸ En ef það er andi Guðs sem hjálpar mér að reka út illa anda, þá er konungsríki Guðs nú þegar komið til ykkar. ²⁹ Því hver er svo sterkur að geta farið á heimili kraftajötuns og stolið eigum hans nema að binda fyrst jötuninn. Þá fyrst er hægt að stela eigum hans. ³⁰ Þau sem eru ekki með mér, eru á móti mér og þau sem vinna ekki með mér, vinna á móti mér. ³¹ Ég segi því við ykkur, allskonar syndir og guðlast er hægt að fyrirgefa, en guðlast gegn heilögum anda er ekki hægt að fyrirgefa. ³² Hver sá sem talar gegn

Mannssyninum mun verða það fyrirgefið en þau sem tala gegn heilögum anda mun ekki verða fyrirgefið. Hvorki í þessum heimi eða heiminum sem er á leiðinni.

³³ Þið þekkið tré af ávöxtum þess. Ef tré er gott ber það góðan ávöxt en ef tré er vont, ber það vandan ávöxt. ³⁴ Þið afkvæmi höggorma, hvernig getið þið sem eruð vond, sagt nokkuð gott? Því það sem er í hjartanu fer útum munninn. ³⁵ Góður maður ber fram góða hluti úr fjársjóði síns góða hjarta og vondur maður ber fram vonda hluti úr sínu vonda hjarta. ³⁶ En ég segi ykkur að öll munu þurfa að svara fyrir sín tómu orð á dómsdegi. ³⁷ Því af orðum ykkar munuð þið verða sýknuð, og af orðum ykkar munuð þið verða sakfelld.“

³⁸ Þá komu nokkrir farísar og lögmálskennarar og sögðu við hann „Kennari, leyfðu okkur að sjá tákn“. ³⁹ Jesú svaraði „Aðeins vond og ótrú kynslóð heimtar tákn! En eina táknið sem þið fáið er spámaðurinn Jónas. ⁴⁰ Því eins og Jónas var í maga stórfisksins í þrjá daga og þrjár nætur, mun Mannssonurinn verða þrjá daga og þrjár nætur í hjarta jarðarinnar. ⁴¹ Fólkið frá Nínevu mun rísa upp í dómnum ásamt þessari kynslóð og ákæra hana, því þau iðruðust við boðskap Jónasar. Nú er hér eitthvað sem er meira en Jónas. ⁴² Drottning Suðurlandsins mun rísa upp í dómnum ásamt þessari kynslóð og ákæra hana, því hún kom úr fjarlægju landi til að heyra speki Salómons, og hér er eitthvað sem er meira en Salómon. ⁴³ Þegar illur andi er rekinn út, ráfar hann um óbyggðir og leitar hvíldar sem hann finnur ekki. ⁴⁴ Þá segir illi andinn „Ég ætla að fara aftur í húsið sem ég dvaldi í“. Þegar hann kemur þangað finnur hann það tómt og þrifið. ⁴⁵ Þá fer hann og tekur sjö aðra anda sem eru enn verri en hann sjálfur og þeir fara og búa þar. Og ástandið á manneskjunni sem þarf að þola þetta verður enn verra en áður. Eins er farið með þessa vondu kynslóð.“

⁴⁶ Á meðan Jesú var að tala við fólkið, voru móðir hans og bræður fyrir utan og biðu eftir að fá að tala við hann. ⁴⁷ Einhver sagði við hann „Móðir þín og bræður þínir standa úti og vilja tala við þig“. ⁴⁸ Jesú svaraði „Hver er móðir mín og hverjir eru bræður mínir?“. ⁴⁹ Hann benti á lærisveina sína og sagði „Hér er móðir mín og bræður mínir, ⁵⁰ því þau sem gera vilja Föður míns eru bræður mínir, systur mínar, móðir mín.“

Þrettánda kafli

¹ Þennan sama dag fór Jesú út og settist við vatnið. ² Svo mikill mannfjöldi safnaðist saman í kringum hann, að hann þurfti að fara út á bát og sat þar meðan fólkið stóð á ströndinni. ³ Þá sagði hann þeim margt í dæmisögum til dæmis þetta: „Bóndi nokkur fór að sá fræjum. ⁴ Hann dreifði fræjunum og sum lentu á stígnum og fuglar átu þau. ⁵ Sum fræ lentu í mól þar sem var lítill jarðvegur. Þau fræ uxu hratt upp því að jarðvegurinn var svo grunnur. ⁶ En þegar sólin skein visnuðu plönturnar því þær höfðu engar rætur. ⁷ Önnur fræ lentu á meðal þyrna sem uxu og kæfðu plönturnar. ⁸ En önnur fræ lentu í frjósamri jörð og af þeim óx uppskera sem var hundraðfalt, sextíufalt eða þrjátíufalt það sem var sáð. ⁹ Hver sem hefur eyru, heyri.“

¹⁰ Lærisveinarnir komu til hans og spurðu „Af hverju talar þú við fólkið í dæmisögum?“ ¹¹ Jesú svaraði „Því ykkur hefur verið gefin vitneskjan um leyndarmál konungríki himinsins, en ekki þeim. ¹² Því hver sem hefur, mun fá meira, en hver sem hefur ekki, frá þeim verður tekið það sem þau þó hafa. ¹³ Þessvegna tala ég við þau í dæmisögum: Þau hafa sýn, en sjá ekki. Þau hafa heyrn, en heyra ekki og skilja ekki.“ ¹⁴ Þetta uppfyllir spádóm Jesaja „Þú munt heyra allt og skilja ekkert, þú munt sjá allt en skilja ekki neitt. ¹⁵ Því þetta fólk er með sigg á hjartanu. Þau heyra varla með eyrunum og þau hafa lokað augunum. Annars myndu þau sjá með augunum, heyra með eyrunum, skilja með hjartanu og snúa sér að mér og ég myndi lækna þau. ¹⁶ En blessuð séu augu ykkar því þau sjá, og eyru ykkar því þau heyra. ¹⁷ Ég segi ykkur satt að margir spámenn og margt réttlátt fólk þyrsti í að sjá það sem þið sjáið en fengu ekki að sjá það, og heyra það sem þið heyrið en fengu ekki að heyra það. ¹⁸ Hlustið á hvað dæmisagan þýðir um manninn sem sáði í akur. ¹⁹ Fræin sem lentu á stígnum, tákna þau sem heyra fréttirnar af konungsríkinu og skilja þær ekki. Þá kemur hið illa og hremmir fræin sem var sáð í hjarta þeirra. ²⁰ Fræin sem lentu í grýtta jörð tákna þau sem heyra orðið og taka því um leið með fögnuði ²¹ en þar sem þau hafa ekki neinar rætur endast þau ekki. Þau falla frá trúnni um leið og það kemur eitthvað uppá eða ofsóknir hefjast vegna orðsins. ²² Fræin sem féllu meðal þyrnanna tákna þau sem heyra orðið, en jarðneskar áhyggjur og eftirsókn í peninga kæfir fræið, þannig það ber engan ávöxt. ²³ En fræin sem falla í frjósama jörð tákna þau sem heyra orðið og skilja það. Þau bera ávöxt sem er hundraðfalt, sextíufalt eða þrjátíufalt það sem var sáð.“

²⁴ Hér er önnur dæmisaga sem Jesú sagði „Konungsríki himinsins er eins og maður sem sáði góðum fræjum í akur sinn. ²⁵ En meðan fólk svaf kom óvinur hans og sáði arfa í akurinn og læddist svo í burtu. ²⁶ Þegar hveitið byrjaði að spíra, óx arfinn með ²⁷ og þjónar mannsins komu og spurðu „Herra, sáðir þú ekki góðu fræjunum í akurinn? Hvaðan kom þetta illgresi?“ ²⁸ Hann svaraði „Þetta hefur óvinur minn gert“. Þjónarnir spurðu þá „Viltu að við förum og reytum arfann?“ ²⁹ „Nei, því þá mynduð þið rífa upp hveitið með,“ svaraði hann, ³⁰ „Látið bæði vaxa saman og þegar við skerum upp munum við flokka hveitið frá arfanum og brenna arfann í eldi, en safna hveitinu í hlöðuna“.

³¹ Jesú sagði þeim aðra dæmisögu „Konungsríki himinsins er eins og sinnepsfræ sem maður tók og gróðursetti í akurinn sinn. ³² Þó sinnepsfræið sé minnsta fræið af öllum fræjum, þá verður það stærst meðal plantna og vex upp í að vera tré þar sem fuglar koma og gera sér hreiður í greinum þess.“

³³ Jesú sagði þeim aðra dæmisögu „Konungsríki himinsins er eins og súrdeig sem kona tók og bjó til brauð. Jafnvel þó hún hafi bara sett smá súrdeig í þrjátíu kíló af hveiti, þá vann súrdeigið sig í gegnum allt hveitið.“

³⁴ Jesú sagði alla þessa hluti í dæmisögum og ekkert sagði hann við fólkið án þess að nota dæmisögur. ³⁵ Þannig var það uppfyllt sem ritað er í Sálmunum „Ég mun tala í dæmisögum og segja frá hlutum sem hafa verið faldir síðan alheimurinn var

skapaður“.

³⁶ Þá fór Jesú frá mannfjöldanum og hélt inn. Lærisveinar hans spurðu hann um merkingu dæmisögunnar um arfann á akrinum. ³⁷ Jesú svaraði „Mannssonurinn er garðyrkjubóndinn sem gróðursetur góðu fræin. ³⁸ Akurinn er heimurinn og góðu fræin eru fólk konungsríkisins. Arfinn er fólk hins illa ³⁹ og óvinurinn sem gróðursetur arfann er djöfullinn. Uppskeran er endalok þessa heims og verkamenn uppskerunnar eru englar. ⁴⁰ Arfinn er reyttur og kastað í eld, eins verður það við lok þessa heims. ⁴¹ Mannssonurinn mun senda út engla sína og þeir munu reyta arfann úr konungsríkinu, allt sem veldur synd og gerir illt. ⁴² Þeir munu kasta því í eldofninn þar sem verður grátur og gnístran tanna. ⁴³ Þá munu hin réttlátu skína eins og sól í konungsríki Föðurs þeirra. Hver sem hefur eyru, heyri.

⁴⁴ Konungsríki himinsins er eins og fjársjóður sem er falinn á engi. Þegar maður einn fann hann, faldi hann fjársjóðinn aftur, fór og seldi allt sem hann átti og keypti akurinn. ⁴⁵ Eins er konungsríki himinsins eins og kaupmaður sem leitar að perlum. ⁴⁶ Þegar hann finnur verðmætustu perluna fer hann í burtu, selur allt sem hann á og kaupir hana. ⁴⁷ Enn er konungsríki himinsins eins og net sem var lagt í vatn og veiddi allskonar fiska. ⁴⁸ Þegar netið var orðið fullt dróu veiðimennirnir það að landi settust niður og flokkuðu góðu fiskana frá og hentu vondu fiskunum.

⁴⁹ Þannig verður þetta við lok þessa heims. Englar munu koma og flokka vont fólk frá réttlátu ⁵⁰ og kasta hinum vondu í eldofninn. Þar verður grátur og gnístran tanna. ⁵¹ Hafið þið skilið þetta allt?“ spurði Jesú. „Já“ svöruðu lærisveinarnir.

⁵² Jesú sagði við þá „Þannig er kennari í Lögmálinu sem er orðinn nemandi konungsríki himinsins eins og húsbóndi sem býður fram úr fjársjóðskistu sinni, bæði ný verðmæti og gömul.“ ⁵³ Þegar Jesú hafði lokið við að segja þessar dæmisögur, fór hann þaðan. ⁵⁴ Jesú kom í heimabæ sinn og kenndi fólkinu í samkomuhúsinu sem spurði furðu lostið. „Hvaðan kom þekking þessa manns og hvaðan koma þessi kraftaverk? ⁵⁵ Er þetta ekki smiðssonurinn. Er móðir hans ekki María og eru ekki bræður hans Jakob, Jósef, Símon og Júda? ⁵⁶ Búa systur hans ekki hérna? Hvaðan kom þekking þessa manns?“ ⁵⁷ Fólkið reiddist honum og trúði ekki á hann. En Jesú sagði við þau „Spámanni er allstaðar vel tekið, nema í sinni heimabyggð“.

⁵⁸ Og hann gerði ekki mörg kraftaverk þar, því fólkinu skorti trú.

Fjórtándi kafli

¹ Þegar Heródes, sem stjórnaði Galíleu, heyrði um Jesú ² sagði hann við þjóna sína „Þetta hlýtur að vera Jóhannes skírari risinn upp frá dauðum. Það útskýrir þessi kraftaverk hans.“ ³ Heródes hafði látið handtaka og fangelsa Jóhannes vegna Heródísar, eiginkonu Filipusar, bróður Heródesar. ⁴ Því Jóhannes hafði sagt við hann „Það er ólöglegt fyrir þig að taka hana sem konu.“ ⁵ Heródes vildi drepa Jóhannes, en hann var hræddur við fólkið, því það taldi Jóhannes vera spámann. ⁶ Á afmælisdegi Heródesar, dansaði dóttir Heródísar fyrir gestina og það gladdi Heródes ⁷ svo að hann sór henni eið að gera hvað sem hún bæði hann um. ⁸ Að

áeggjan móður sinnar sagði hún „Ég vil fá höfuð Jóhannesar skírara á fati“. ⁹ Kóngurinn sá eftir því sem hann hafði sagt en vegna þess að hann sór eið og vegna gestanna, fyrirskipaði hann að ósk hennar skyldi uppfyllt. ¹⁰ Jóhannes var hálshöggvinn í fangelsinu og ¹¹ höfuð hans var borið inn á fati og gefið stúlkunni, sem bar það til móður sinnar.

¹² Lærisveinar Jóhannesar komu, tóku líkið og grófu það. Síðan fóru þeir og fluttu Jesú fréttirnar. ¹³ Þegar Jesú heyrði hvað hafði gerst fór hann út á bát og fór á afvikinn stað þar sem hann gat verið einn. Þegar fólk heyrði af því elti það hann fótgangandi úr nærliggjandi byggðum. ¹⁴ Þegar Jesú kom að landi og sá mannfjöldann, vorkenndi hann þeim og læknaði þau sem þurftu.

¹⁵ Þegar það var komið kvöld komu lærisveinarnir til Jesú og sögðu „Við erum langt frá mannabyggðum og það er orðið áliðið. Sendu mannfjöldann í burtu svo þau geti farið til byggða og keypt sér mat.“ ¹⁶ Jesú svaraði „Þau þurfa ekki að fara neitt, gefið þeim sjálfir mat“. ¹⁷ Þeir svöruðu „Við höfum bara fimm brauð og tvo fiska“. ¹⁸ „Komið með það til mín,“ svaraði Jesú. ¹⁹ Hann sagði fólkinu að setjast niður í grasið og tók brauðin fimm og fiskana tvo, leit upp til himna, þakkaði Guði og braut brauðið. Síðan rétti hann lærisveinunum matinn og þeir dreifðu honum til mannfjöldans. ²⁰ Þau átu sig öll södd og lærisveinarnir tóku saman tólf körfur af afgöngum. ²¹ Fjöldi þeirra sem át var um fimm þúsund karlmenn, auk kvenna og barna.

²² Strax eftir þetta lét Jesú lærisveinana fara um borð í bátinn og halda yfir vatnið, á meðan hann sendi fólkið heim. ²³ Þegar því var lokið fór Jesú upp í fjallshlíð til að vera einn og biðja. Síðar þá um nóttina var hann þar ²⁴ en á sama tíma voru lærisveinarnir í vandræðum út á vatninu því stormur reið yfir og þeir börðust við öflugt öldurót. ²⁵ Rétt fyrir dögum fór Jesú út á vatnið til þeirra, gangandi á vatninu. ²⁶ Þegar lærisveinarnir sáu hann ganga á vatninu urðu þeir skelfingu lostnir. „Þetta er draugur!“ æptu þeir óttaslegnir. ²⁷ En Jesú sagði við þá „Ekki hafa áhyggjur. Þetta er ég. Ekki vera hræddir.“ ²⁸ Pétur svaraði „Herra, ef þetta ert þú skipaðu þá fyrir um að ég fari út á vatnið með þér.“ ²⁹ Jesú sagði honum að koma og Pétur fór út á vatnið og gekk á vatninu í áttina að Jesú. ³⁰ En þegar hann sá vindinn varð hann hræddur og fór að sökkva. „Herra, bjargaðu mér!“ æpti hann upp yfir sig. ³¹ Jesú rétti honum höndina, greip hann og sagði „Þú trúlitli, hvers vegna efaðist þú?“

³² Þeir klifruðu um borð í bátinn og vindurinn hætti að blása. ³³ Þá lofsungu lærisveinarnir Jesú og sögðu „Þú ert svo sannarlega sonur Guðs!“

³⁴ Þeir héldu áfram yfir vatnið og komu að landi í Genesaret. ³⁵ Og þegar íbúar þar sáu að þetta var Jesú, sendu þeir boð um allar nærliggjandi sveitir og fljótlega fór fólkið að bera til hans öll þau sem voru veik og sjúk. ³⁶ Þau sár báðu hann að leyfa þeim sem voru veik að fá að snerta faldinn á kyrtlinum hans og öll þau sem snertu hann læknuðust.

Fimmtánda kafli

¹ Þá komu frá Jerúsalem, nokkrir farísar og lögmálskennarar og spurðu Jesú ² „Af hverju brjóta lærisveinar þínir hefðir forfeðranna? Þeir þvo ekki hendurnar áður en þeir borða brauðið.“ ³ Jesú svaraði þeim „Og af hverju brjótið þið lög Guðs til að halda í þessar sömu hefðir? ⁴ Því Guð sagði „Heiðraðu föður þinn og móður þína,“ og „Hver sem bölvar föður sínum eða móður, skal tekinn af lífi“. ⁵ En þið segið að það sé í góðu lagi að fólk segi við foreldra sína „Ég get ekki hjálpað ykkur vegna þess að ég er búinn að lofa Guði þeim peningum sem ég hefði getað hjálpað ykkur með.“ ⁶ Á þann hátt segið þið að það sé í lagi að heiðra ekki foreldra sína. Þannig hunsið þið lög Guðs til að halda í ykkar eigin hefðir. ⁷ Þið hræsnarar! Jesaja hafði rétt fyrir sér þegar hann sagði um ykkur ⁸ „Þessi lýður heiðrar mig með munninum en hjörtu þeirra eru langt frá mér. ⁹ Tilbeiðsla þeirra er gagnslaus, kennandi manngerðar reglur eins og þær hafi komið frá Guði.““ ¹⁰ Jesú sagði fólkinu að koma til sín og sagði „Hlustið og skiljið. ¹¹ Það sem fer inn um munninn gerir fólk ekki óhreint, en það sem kemur út um munninn, það er það sem óhreinkar fólk.“ ¹² Þá komu lærisveinarnir til hans og spurðu „Gerir þú þér grein fyrir því að þú móðgaðir farísana?“ ¹³ Jesú svaraði „Allar plöntur sem eru ekki gróðursettar af Föður mínum, verða rifnar upp með rótum. ¹⁴ Hunsið þá því þeir eru blindir leiðsögumenn blinds fólks. Ef blindur leiðir blindan detta báðir ofan í skurð.“

¹⁵ Pétur sagði þá „Útskýrðu þessa dæmisögu fyrir okkur“. ¹⁶ „Skiljið þið ekki ennþá?“ spurði Jesú þá. ¹⁷ „Skilurðu ekki að það sem fer inn í munninn, fer svo í magann og svo út úr líkamanum? ¹⁸ En það sem kemur út um munninn kemur úr hjartanu, og það óhreinkar fólk. ¹⁹ Því að úr hjartanu koma illar hugsanir, lygar, illt tal, þjófnaður, lauslæti, hórdómur og morð. ²⁰ Þetta er það sem óhreinkar fólk. En að matast með óþvegnum höndum, það óhreinkar ekki nokkurra manneskju.“

²¹ Þegar Jesú fór frá Galíleu fór hann norður til Týrus og Sídon. ²² Kanversk kona sem var þaðan, kom hrópandi til hans „Herra, sonur Davíðs, sýndu mér miskunn! Dóttir mín er haldin illum anda sem kvelur hana ægilega.“ ²³ Jesú svaraði ekki einu orði, því komu lærisveinar til hans og lögðu hart að honum „Sendu hana í burtu, því hún eltir okkur hrópandi“. ²⁴ Jesú svaraði „Ég er bara sendur til týndra sauða af ætt Ísraels“. ²⁵ Konan kom og féll fram fyrir honum og sagði „Herra, hjálpaðu mér!“ ²⁶ Jesú svaraði „Það er ekki gott að taka brauð barnanna og kasta því fyrir hundana“. ²⁷ Konan svaraði „Satt er það, en jafnvel hundarnir borða mylsnuna sem dettur af borði húsbóndans“. ²⁸ Þá sagði Jesú við hana „Kona, þú hefur mikla trú! Það sem þú vilt hefur gerst.“ Dóttir hennar læknaðist á þeirri stundu.

²⁹ Jesú fór þaðan og snéri aftur til Galíleu. Hann fór upp í fjallshlíð og settist niður. ³⁰ Mikill mannfjöldi kom til hans með lamað fólk, blinda, örkumla, mállausa og marga aðra og lögðu við fætur hans og Jesú læknaði þau. ³¹ Fólkið varð furðu lostið þegar þau sáu mállausa tala, örkumla heilbrigða, lamaða ganga og blinda sjáandi. Og þau lofuðu Guð Ísraels.

³² Jesú kallaði saman lærisveinana og sagði „Ég vorkenni þessu fólki. Þau hafa verið hjá mér í þrjá daga og hafa ekkert að éta. Ég vil ekki senda þau svöng í burtu, því þá gætu þau hnigið niður á leiðinni.“ ³³ Lærisveinar hans svöruðu „Hvar, á svo afskekktum stað, gætum við fengið mat fyrir allt þetta fólk?“ ³⁴ „Hversu mörg brauð hafið þið“ spurði Jesú. „Sjö og nokkra smáfiska“ svöruðu þeir. ³⁵ Jesú sagði mannfjöldanum að setjast á jörðina ³⁶ og tók brauðin sjö og fiskana og þegar hann hafði þakkað Guði, braut hann brauðið og rétti lærisveinunum og þeir réttu fólkinu matinn. ³⁷ Þau borðuðu öll og urðu södd. Þegar allir höfðu lokið sér af, söfnuðu lærisveinarnir saman sjö körfum, fullum af afgangum. ³⁸ Fjögur þúsund karlmenn átu þennan dag, auk kvenna og barna.

³⁹ Þegar Jesú hafði sent fólkið í burt fór hann um borð í bát og hélt til Magadan.

Sextándi kafli

¹ Nú komu farísar og saddúkar til Jesú og reyndu hann með því að biðja hann um tákni af himnum. ² Jesú svaraði „Á kvöldin segið þið „Það verður nú gott veður, því himinninn er rauður“ ³ og á morgnana segið þið „Í dag verður stormur því himinninn er rauður og það er skýjað“. Þið getið lesið í himininn en þið kunnið ekki að lesa í tákni tímanna. ⁴ Vond og ótrú kynslóð heimtar tákni, en eina táknið sem þið fáið er tákni Jónasar.“ Jesú fór þá í burtu frá þeim.

⁵ Þegar þeir voru komnir út á vatnið, áttuðu lærisveinarnir sig á því að þeir höfðu gleymt að taka með sér brauð. ⁶ Jesú sagði við þá „Passið ykkur á súrdeigi farísa og saddúka“. ⁷ Lærisveinarnir ræddu sín á milli og sögðu „Hann er að segja þetta af því við gleymdum að taka með brauð“. ⁸ Jesú vissi hvað þeir voru að tala um og spurði því „Þið trúlitlir, af hverju eruð þið að tala um að þið hafið ekki brauð? ⁹ Skiljið þið ekki ennþá? Munið þið ekki eftir brauðunum fimm fyrir fimm þúsund? Og hversu margar körfur voru afgang? ¹⁰ Eða brauðin sjö fyrir fjögur þúsund. Og hversu margar körfur voru afgang? ¹¹ Hvernig getið þið ekki skilið að þegar ég talaði um súrdeig, þá var ég ekki að tala um brauð. Ég var að tala um súrdeig farísa og saddúka.“ ¹² Þá skildu þeir að hann var ekki að tala um súrdeig til að gera brauð, heldur að kenningar farísa og saddúka sýri allt sem þær snerta.

¹³ Þegar Jesú kom til héraðsins Keisaríu Filipíu spurði hann lærisveina sína „Hvern segir fólk mannsinn vera?“ ¹⁴ Þeir svöruðu „Sumt fólk segir Jóhannes skírara, aðrir segja Elía og enn aðrir segja Jeremía eða einn hinna spámannanna“. ¹⁵ „En hvað með ykkur,“ spurði Jesú á móti „hvern segið þið mig vera?“ ¹⁶ Símon Pétur sagði þá „Þú ert Kristur, Messías, sonur hins lifandi Guðs“. ¹⁷ Jesú svaraði „Blessaður ert þú Símon Jóhannesson, því það var ekki hold og blóð sem opinberaði þetta fyrir þér, heldur Faðir minn á himnum. ¹⁸ Og ég segi þér að þú ert Pétur, bjargið sem ég mun byggja kirkju mína á, og kraftar heljar munu ekki yfirvinna hana. ¹⁹ Ég mun gefa þér lykllana að konungsríki himinsins og hvað svo sem þú leysir á jörðu mun verða leyst á himnum.“

²⁰ Svo skipaði hann þeim að segja ekki frá því að hann væri Messías.

²¹ Frá þeim tíma, fór Jesú að útskýra fyrir lærisveinum sínum að hann yrði að fara til Jerúsalem og þola þar margt frá öldungunum, æðstu prestunum og lögmálskennurunum, hann yrði drepinn og á þriðja degi, myndi hann rísa upp frá dauðum. ²² Pétur tók þá Jesú afsíðis og fór að atyrða hann fyrir að segja slíka hluti og sagði „Aldrei skal þetta gerast fyrir þig herra!“ ²³ Jesú snéri sér við og sagði við Pétur „Farðu frá mér Satan! Þú ert hindrun á leið minni, því þú ert ekki að hugsa um það sem er Guðs, heldur það sem er mannlegt.“ ²⁴ Jesú sagði þá við lærisveinana „Hver sem vill vera lærisveinn minn verður að gefast upp á að fara sína eigin leið og bera sinn kross og fylgja mér. ²⁵ Því hver sem vill bjarga lífi sínu mun týna því, en hver sem týnir lífi sínu mín vegna, mun bjarga því. ²⁶ Því hvað græðið þið á því að eignast allan heiminn, en tapa sálu ykkar? Eða fyrir hvað er hægt að kaupa sálina sína? ²⁷ Mannssonurinn mun koma í dýrð Föður síns með englum hans og mun dæma allt fólk í samræmi við það sem þau gerðu. ²⁸ Ég segi ykkur satt að sumir ykkar sem standa hér, munu ekki deyja fyrr en þeir sjá Mannsoninn í ríki sínu.“

Sautjándi kafli

¹ Og sex dögum seinna tók Jesú með sér, Pétur, Jakob og Jóhannes bróður Jakobs, upp á hátt fjall þar sem þeir voru einir. ² Þar umbreyttist hann fyrir framan þá. Andlit hans skein eins og sólin og klæði hans urðu eins hvít og ljós. ³ Skyndilega birtust Móse og Elía og töluðu við Jesú. ⁴ Pétur sagði þá „Herra, það er gott að við séum hérna, ef þú vilt get ég sett upp þrjár tjaldbúðir, eina fyrir þig, eina fyrir Móse og eina fyrir Elía“. ⁵ Á meðan Pétur var ennþá að tala huldi þá bjart, hvítt ský og rödd hljómaði úr skýinu sem sagði „Þetta er sonur minn sem ég elska. Ég er ánægður með hann. Hlustið á hann!“ ⁶ Þegar lærisveinarnir heyrðu þetta féllu þeir til jarðar skelfingu lostnir. ⁷ En Jesú kom og snerti þá og sagði „Standið upp. Ekki vera hræddir“. ⁸ Þeir litu þá upp og sáu engan nema Jesú. ⁹ Þegar þeir gengu niður fjallið sagði Jesú við þá „Ekki segja frá því sem þið sáuð á fjallinu, ekki fyrr en Mannsonurinn hefur verið reistur upp frá dauðum.“

¹⁰ Þá spurðu þeir Jesú „Af hverju segja lögmálskennararnir að fyrst komi Elía?“ ¹¹ Jesú svaraði „Vissulega kemur Elía og gerir alla vegi beina og undirbýr jarðveginn. ¹² Ég segi ykkur, Elía hefur nú þegar komið og fólk þekkti hann ekki, heldur gerði við hann allt það sem þeim sýndist. Þau munu kvelja Mannsoninn á sama hátt.“ ¹³ Þá skildu lærisveinarnir að hann átti við Jóhannes skírara.

¹⁴ Þegar þeir nálgudust mannfjöldann aftur kom maður að Jesú og kraup við fætur hans ¹⁵ og sagði „Herra, sýndu syni mínum miskunn, hann fær flogaköst og er mjög þjáður. Honum er oft kastað í eld eða í vatn. ¹⁶ Ég fór með hann til lærisveina þinna en þeir gátu ekki læknað hann.“ ¹⁷ „Þið trúlitla og spillta fólk“ sagði Jesú þá „Hversu lengi þarf ég að vera hjá ykkur? Hversu lengi þarf ég að þola ykkur? Komið með drenginn hingað.“ ¹⁸ Jesú hastaði á illa andann sem fór út af drengnum sem var þá

læknaður.

¹⁹ Eftir þetta komu lærisveinarnir til Jesú og spurðu hann einslega „Af hverju gátum við ekki rekið illa andann út?“ ²⁰ Jesú svaraði „Því ykkur skortir trú. Ég segi ykkur satt að ef þið hefðuð trú á við sinnepsfræ þá gætuð þið sagt við þetta fjall að fara hingað eða þangað, og það myndi hlýða. Ekkert væri ykkur ómögulegt.“ ²¹

²² Þegar þeir hittust í Galíleu sagði Jesú við lærisveinana „Mannssonurinn mun verða svikinn í hendur manna. ²³ Þeir munu drepa hann og á þriðja degi mun hann rísa upp til lífsins.“ Lærisveinarnir fylltust af sorg.

²⁴ Eftir að Jesú og lærisveinarnir komu til Kapernám, kom innheimtumaður musterisskattsins til Péturs og spurði „Borgar kennarinn þinn ekki musterisskattinn?“ ²⁵ „Jú, hann gerir það“ svaraði hann. Pétur fór á dvalarstað þeirra og Jesú tók fyrst til máls „Hvað heldur þú Pétur, frá hverjum innheimta kóngar jarðarinnar skatt? Frá börnum sínum eða ókunnugum?“ ²⁶ „Frá ókunnugum,“ svaraði Pétur. „Þá eru börnin undanþegin skattinum“ sagði Jesú við hann. ²⁷ „En til þess að við völdum ekki hneykslan skaltu fara niður að vatni og kasta krók út í vatnið. Taktu fiskinn sem þú veiðir og opnaðu munn hans. Þar muntu finna silfurpening. Taktu hann og borgaðu skattinn fyrir okkur báða.“

Átjándi kafli

¹ Um þetta leyti komu lærisveinarnir til Jesú og spurðu hann „Hver er mestur í konungsríki himinsins?“ ² Hann kallaði á lítið barn, setti það á meðal þeirra ³ og sagði „Ég segi ykkur satt að ef þið snúið ekki af leið og verðið eins og lítil börn munuð þið aldrei ganga inn í konungsríki himinsins. ⁴ Þau sem eru auðmjúk eins og barn eru þau sem eru mest í konungsríki himinsins. ⁵ Og öll þau sem taka á móti einu litlu barni í mínu nafni, taka líka á móti mér. ⁶ En hverri þeirri manneskju sem veldur því að eitt slíkt barn, sem trúir á mig, villist af leið, væri betur borgið á hafsbotni með stóran myllustein um hálsinn. ⁷ Vei sé heiminum vegna þess sem lætur fólk hrasa. Það er óhjákvæmilegt að fólk hراسi en vei sé þeim sem valda því að fólk hراسi. ⁸ Ef hönd þín eða fótur tælir þig í synd skaltu skera hann af og henda í burtu. Það er betra að vera einhentur eða einfættur og fá eilíft líf en að vera með alla útlimina en vera kastað í óslökkvandi eld. ⁹ Og ef auga þitt tælir þig í synd, kræktu það úr og kastaðu því í burtu. Það er betra fyrir ykkur að vera eineygð og fá eilíft líf en að vera með bæði augun þegar ykkur er kastað í helvíti.

¹⁰ Passið ykkur á að líta ekki niður á nein af þessum litlu börnum, því ég segi ykkur að englar þeirra á himnum eru alltaf fyrir augliti himneska Föður míns. ¹¹

¹² Hvað haldið þið að maður sem á hundrað kindur, geri þegar ein þeirra týnist? Skilur hann ekki eftir hinar níutíuognú og fer að leita að þessari einu sem týndist?

¹³ Og ef hann finnur hana, ég segi ykkur satt, að hann er ánægðari með þessa einu sem týndist og fannst, heldur en hinar níutíuognú sem týndust ekki. ¹⁴ Á sama hátt vill himneski Faðir minn ekki að eitt einasta barn glatist.

¹⁵ Ef systkini ykkar syndga, farið þá og bendið þeim á það, bara ykkar á milli. Ef þau hlusta á ykkur, hafið þið unnið þau tilbaka. ¹⁶ En ef þau hlusta ekki á ykkur, takið þá eitt eða tvö vitni með ykkur svo að lögin séu uppfyllt að „Allt skal vera staðfest af tveimur eða þremur vitnum“. ¹⁷ Ef þau hlusta ekki enn á ykkur, segið þá trúarsamfélaginu frá því og ef þau hlusta ekki einu sinni á söfnuðinn skuluð þið koma fram við þau eins og hvern annan heiðingja eða skattinnheimtumann. ¹⁸ Ég segi ykkur satt að hvað sem þið bindið á jörðu, mun líka vera bundið á himni, og hvað svo sem þið leysið á jörðu, mun líka vera leyst á himni. ¹⁹ Aftur, ég segi ykkur satt að ef tvö ykkar á jörðinni eruð sammála um það sem þið biðjið, þá mun Faðirinn á himnum gera það fyrir ykkur. ²⁰ Því hvar sem tvö eða þrjú hittast í mínu nafni, þar verð ég með þeim.“

²¹ Þá kom Pétur til Jesú og spurði „Herra, hversu oft á ég að fyrirgefa bróður mínum? Allt að sjö sinnum?“ ²² Jesú svaraði „Ég segi þér ekki sjö sinnum, heldur sjötíu sinnum sjö. ²³ Þannig er konungsríki himinsins eins og kóngur sem ætlaði að gera upp skuldareikning þegna sinna. ²⁴ Þegar hann hóf yfirferðina var maður færður til hans sem skuldaði honum tíu þúsund poka af gulli. ²⁵ Þar sem hann gat ekki borgað, skipaði kóngurinn að hann, konan hans, börnin hans og allt sem hann átti skyldi vera selt til að endurgreiða skuldina. ²⁶ Við þetta féll þjónninn við fætur kóngrsins og grátbað hann „Gerðu það, sýndu mér þolinmæði og ég skal borga alla skuldina tilbaka“. ²⁷ Herrann vorkenndi þjóninum, gaf upp skuldina og leyfði honum að fara. ²⁸ En þegar þjónninn kom út sá hann samþjón sinn sem skuldaði honum hundrað silfurpeninga, hann tók hann hálstaki og heimtaði „Borgaðu mér tilbaka það sem þú skuldar mér!“ ²⁹ Samþjónn hans féll við fætur hans og grátbað hann „Gerðu það, sýndu mér þolinmæði og ég skal borga alla skuldina tilbaka“. ³⁰ En hann neitaði og fór í staðinn og lét henda mannum í fangelsi þartil hann borgaði alla skuldina. ³¹ Þegar hinir þjónarnir sáu þetta, reiddust þeir og fóru til herrans og sögðu honum allt það sem hafði gerst. ³² Þá kallaði hann á þjóninn og sagði „Þú vondi þjónn! Ég gaf þér upp risaskuld því þú grátbaðst mig um það. ³³ Hefðir þú ekki átt að sýna samþjóni þínum sömu miskunn?“ ³⁴ Herrann var svo reiður að hann lét setja þjóninn í fangelsi til að vera pyntaður, þartil hann hafði borgað allt tilbaka. ³⁵ Svona mun himneski Faðir minn gera við öll þau sem fyrirgefa ekki systkinum sínum í hjarta sínu.“

Nítjándi kafli

¹ Þegar Jesú hafði lokið við þessa ræðu fór hann frá Galilíu og hélt til lands Júda, hinum megin við Jórdaná. ² Mikill mannfjöldi fylgdi honum og hann læknaði þau. ³ Nokkrir farísar komu til að reyna hann og spurðu „Má karl skilja við eiginkonu sína af hvaða ástæðu sem er?“ ⁴ Jesú svaraði „Hafið þið ekki lesið að það er ritað að í upphafi skapaði Guð þau karl og konu ⁵ og sagði „Þetta er ástæðan fyrir því að karl yfirgefur föður sinn og móður sína og sameinast konu sinni, og þau tvö verða sem eitt hold“. ⁶ Þau eru því ekki lengur tvö, heldur eitt hold. Það sem Guð hefur gefið saman má því engin manneskja slíta aftur í sundur“. ⁷ Farísarnir spurðu þá „Af

hverju er það þá, að Móse skipaði að ef karl fer frá konu sinni þá verður hann að gefa henni skilnaðarpappíra og senda hana í burtu?“⁸ Jesú svaraði „Móse leyfði hjónaskilnaði af því hjörtu ykkar eru hörð. En það var ekki þannig frá upphafi.“⁹ Ég segi ykkur að hver sem skilur við konu sína, fyrir eitthvað annað en framhjáhald, og er gefinn saman við aðra konu, er að halda framhjá.“¹⁰ Lærisveinarnir sögðu við hann „Ef þetta er málið, það hlýtur þá að vera betra að giftast ekki.“¹¹ Jesú svaraði „Það er ekki allra að sætta sig við þessi orð, einungis þeirra sem það hefur verið gefið.“¹² Sumt fólk getur ekki gengið í hjónaband af því þau fæddust þannig, annað fólk getur það ekki vegna gjörða annarra og svo er það fólk sem ákveður að ganga ekki hjónaband vegna konungsríkis himinsins. Leyfið þeim sem geta sætt sig við þetta, að sætta sig við þetta.“

¹³ Þá kom fólk með lítil börn til Jesú svo hann gæti lagt höndina á þau og beðið fyrir þeim en lærisveinarnir ætluðu að reka þau burt.¹⁴ En Jesú sagði við þá, leyfið litlu börnunum að koma til mín og ekki stöðva þau, því slíkra er konungsríki himinsins.“¹⁵ Og hann lagði hönd sína á þau og fór síðan þaðan.

¹⁶ Þá kom maður upp að Jesú og spurði „Kennari, hvaða góðu verk get ég unnið til að uppskera eilíft líf?“¹⁷ Jesú svaraði „Af hverju ertu að spyrja mig um það sem er gott? Það er aðeins einn sem er góður. En ef þú vilt uppskera eilíft líf skaltu halda boðorðin.“¹⁸ „Hver þeirra“ spurði maðurinn. Jesú svaraði „Ekki fremja morð. Ekki halda framhjá. Ekki stela. Ekki gefa rangan vitnisburð.“¹⁹ Heiðraðu föður þinn og móður þína, og, elskaðu nágranna þína eins og þú elskar sjálfan þig.“²⁰ Ungi maðurinn sagði „Ég hef gert allt þetta en hvað vantar mig þá?“²¹ Jesú svaraði „Ef þú vilt vera fullkominn, farðu þá og seldu allt sem þú átt, gefðu það fátækum og þú munt eiga fjársjóð á himnum. Komdu svo og fylgdu mér.“²² Þegar ungi maðurinn heyrði þetta varð hann sorgmæddur, því hann var mjög ríkur.²³ Þá sagði Jesú við lærisveinana „Ég segi ykkur satt að það er mjög erfitt fyrir ríkt fólk að komast inn í konungsríki himinsins.“²⁴ Enn segi ég ykkur, það er auðveldara fyrir úlfalda að komast í gegnum nálarauga en fyrir ríkt fólk að komast inn í konungsríki Guðs.“²⁵ Þegar lærisveinarnir heyrðu þetta urðu þeir mjög hissa og spurðu „Hverjum verður þá bjargað?“²⁶ Jesú leit á þá og sagði „Það er ómögulegt fyrir manneskju, en með Guði er allt hægt.“²⁷ Pétur sagði þá „Við höfum yfirgefið allt og fylgt þér, hver verða launin okkar?“²⁸ Jesú svaraði „Ég segi ykkur satt að þegar allt verður skapað upp á nýtt, þegar Mannssonurinn situr í sínu dýrðarlega háseti, munuð þið sem hafið fylgt mér, líka sitja í tólf hásetum og dæma tólf ættbálka Ísrael. Og öll þau sem hafa yfirgefið heimili sín eða systkini sín eða foreldra sína eða maka eða börn sín, til að fylgja mér, munu fá það borgað hundraðfalt og munu uppskera eilíft líf.“³⁰ En mörg þeirra sem eru fyrst verða síðust og mörg þeirra sem eru síðust verða fyrst.

Tuttugasti kafli

¹ Því konungsríki himinsins er eins og landeigandinn sem fór út snemma morguns til að ráða verkamenn fyrir vingarðinn sinn.² Hann samdi við þá að þeir fengu einn

silfurpening að launum. ³ Um níuleytið fór hann aftur út og sá menn standandi á markaðstorginu aðgerðarlausar. ⁴ Hann sagði við þá „Farið þið líka og vinnið í víngarði mínum og ég mun borga ykkur það sem er rétt“. ⁵ Og verkamennirnir fóru og unnu. Landeigandinn fór aftur út um hádegi og enn aftur um þrjúleytið og gerði það sama. ⁶ Um fimm í eftirmiðdaginn fór hann út og fann enn aðra menn og spurði þá „Af hverju eruð þið búnir að standa hér aðgerðarlausir í allan dag?“ ⁷ Þeir svöruðu „Því enginn hefur boðið okkur vinnu“. Hann sagði þá „Farið þið líka og vinnið í víngarði mínum“. ⁸ Þegar það var komið kvöld sagði landeigandinn við verkstjóran sinn „Kallaðu saman verkamennina og borgaðu þeim launin. Borgaðu fyrst þeim sem komu síðastir og svo koll af kolli þartil þú kemur að þeim sem komu fyrstir.“ ⁹ Verkamennirnir sem komu um fimmleytið fengu einn silfurpening hver. ¹⁰ Þegar kom að þeim sem komu fyrstir, bjuggust þeir við að fá meira borgað. En þeir fengu líka einn silfurpening hver. ¹¹ Þegar þeir fengu hann í hendur kvörtuðu þeir við landeigandann ¹² „Þessir síðustu unnu bara í eina klukkustund og þú hefur borgað þeim jafnmikið og okkur sem höfum unnið megnið af vinnunni og yfir heitasta hluta dagsins“. ¹³ En landeigandinn svaraði „Vinur, ég er ekki ósanngjarn við ykkur. Sömdum við ekki um einn silfurpening? ¹⁴ Takið laun ykkar og farið. Ég vil borga þeim sem voru ráðnir síðastir jafnmikið og ykkur. ¹⁵ Má ég ekki gera það sem mér sýnist við mína eigin peninga? Eða eruð þið öfundsjúkir af því ég er gjafmildur?“

¹⁶ Þannig verða hin síðustu fyrst og hin fyrstu síðust.“

¹⁷ Á leið sinni til Jerúsalem tók Jesú lærisveinana afsíðis og sagði við þá ¹⁸ „Við erum að fara til Jerúsalem og Mannssonurinn mun verða seldur í hendur æðstu prestanna og lögmálskennaranna. Þeir munu dæma hann til dauða ¹⁹ og færa hann í hendur heiðingjanna til að verða smánaður og híddur og krossfestur. Á þriðja degi mun hann rísa upp frá dauðum.“

²⁰ Þá kom móðir Sebedasona til Jesú, kraup fyrir framan hann og bað hann um greiða. ²¹ „Hvað er það sem þú vilt?“ spurði Jesú. Hún sagði „Leyfðu þessum sonum mínum að sitja í heiðurssæti á himnum, annar við hægri hönd þína og hinn við vinstri höndina.“ ²² Jesú svaraði „Þú veist ekki hvað þú biður um. Gætuð þið drukkið af þeim bikar sem ég er að fara að drekka af?“ Þeir svöruðu „Við getum það“. ²³ Jesú sagði við þá „Þið munuð vissulega drekka af þeim bikar sem ég er að fara að drekka af, en hver situr mér til hægri eða vinstri, það er ákveðið af Föður mínum.“

²⁴ Þegar hinir tíu lærisveinarnir heyrðu þetta, reiddust þeir bræðrunum tveim. ²⁵ Jesú kallaði þá saman og sagði „Þið vitið að valdhafar þessa heims vilja gnæfa yfir þegna sína, og háttsettir menn sýna vald sitt á undirmönnum sínum. ²⁶ En látið það ekki vera þannig hjá ykkur. Hver sem vill vera mikill meðal ykkar, skal vera þjónn hinna ²⁷ og hver sem vill vera mestur á meðal ykkar, skal vera eins og þræll hinna. ²⁸ Rétt eins og mannsönurinn sem kom ekki til að vera þjónað, heldur til að þjóna og gefa líf sitt til að bjarga fjölda fólks.“

²⁹ Þegar Jesú og lærisveinarnir voru að yfirgefa Jeríkó, fylgdi þeim mikill mannfjöldi.

³⁰ Tveir blindir menn sátu við veginn og þegar þeir heyrðu að Jesú færi þar um, hrópuðu þeir „Miskunna þú okkur sonur Davíðs!“ ³¹ Mannfjöldinn reyndi að þagga niður í þeim en þeir hrópuðu enn hærra „Miskunna þú okkur, sonur Davíðs!“ ³² Jesú nam staðar og kallaði til þeirra „Hvað viljið þið að ég geri fyrir ykkur?“ ³³ Þeir svöruðu „Herra, við viljum að augu okkar opnast“. ³⁴ Jesú hafði samúð með þeim og snerti augu þeirra. Þeir fengu sjónina og fylgdu honum.

Tuttugastiogfyrsti kafli

¹ Þegar Jesú og lærisveinarnir náguðust Jerúsalem og komu til Betfage við Ólívufjall, sendi hann tvo lærisveina ² og sagði við þá „Farið í þorpið þarna og um leið og þið komið inn í það munuð þið sjá ösnu bundna við tré ásamt folaldi sínu. Leysið þau og komið með þau til mín. ³ Ef þið eruð spurðir hvað þið séuð að gera, segið þá að herrann þurfi á þeim að halda og þá munuð þið fá að taka þau.“ ⁴ Þetta uppfyllti spádóminn sem spámaðurinn (Sakaría ^{9:9}) ritaði: ⁵ „Segið við dóttirina Síon „Fagnaðu! Sjáðu, réttláti og sigursæli konungur þinn er kominn, auðmjúkur, sitjandi asna, ungan ösnufola“.“ ⁶ Lærisveinarnir fóru og gerðu eins og Jesú hafði fyrirskipað. ⁷ Þeir komu með ösnuna og folaldið, settu klæði sín á þau og Jesú fór á bak.

⁸ Margt fólk setti klæði sín á veginn, annað fólk skar niður trjágreinir og setti þær á veginn. ⁹ Mannfjöldinn sem gekk á undan honum og þau sem fylgdu á eftir hrópuðu „Hósanna! Guði sé lof fyrir son Davíðs! Blessaður er sá sem kemur í nafni Drottins! Hósanna! Guði sé lof á hæsta himni!“ ¹⁰ Jerúsalem iðaði af spenningi þegar hann kom inn í borgina og fólk spurði „Hver er þessi maður?“ ¹¹ Mannfjöldinn svaraði „Þetta er Jesú, spámaðurinn frá Nasaret í Galíleu“.

¹² Jesú gekk inn í musterið og rak út allt fólkið sem var þar að stunda viðskipti. Hann velti um koll borðum gjaldeyrismiðlaranna og bekkjunum þar sem dúfnasalarnir sátu. ¹³ Jesú sagði við þá „Það er ritað: Hús mitt skal vera kallað bænahús“. En þið hafið gert það að þjófabæli.“

¹⁴ Blint og lamað fólk kom til hans í musterið og hann læknaði þau. ¹⁵ En þegar æðstu prestarnir og lögmálskennararnir sáu þau undursamlegu verk sem hann vann og sáu börnin hrópa í musterisgarðinum „Hósanna! Guði sé lof fyrir son Davíðs!“ fylltust þeir reiði. ¹⁶ Þeir spurðu Jesú „Heyrir þú hvað þessir krakkar eru að segja?“ Jesú svaraði þeim „Já, hafið þið aldrei lesið í Ritningunni „Frá munni barna og ungbarna munt þú fá þitt hrós“?“

¹⁷ Þá snéri Jesú aftur til Betaníu þar sem hann dvaldi um nóttina.

¹⁸ Jesú fór snemma morguns aftur til borgarinnar. Hann var svangur ¹⁹ og sá fíkjutré við veginn, fór upp að því en fann enga ávexti á því. Þá sagði hann við tréð „Aldrei aftur muntu bera ávöxt“. Og um leið visnaði tréð. ²⁰ Þegar lærisveinarnir sáu þetta urðu þeir furðu lostnir. Þeir spurðu „Hvernig gat tréð visnað svona fljótt?“ ²¹ Jesú

svaraði „Ég segi ykkur satt að ef þið trúið og efist ekki, þá getið þið ekki bara gert þetta við fíkjutré heldur líka sagt við þetta fjall „Farðu og hentu þér í sjóinn“ og það myndi hlýða. ²² Ef þið trúið, fáíð þið allt það sem þið biðjið um.“

²³ Jesú fór inn í musterisgarðinn og á meðan hann kenndi komu öldungarnir til hans og spurðu „Með hvaða valdi gerir þú þetta? Og hver gaf þér þetta vald?“ ²⁴ Jesú svaraði „Ég ætla að fá að spyrja ykkur að spurningu á móti og ef þið getið svarað henni skal ég svara ykkar spurningu. ²⁵ Skírn Jóhannesar, hvaðan kom hún? Kom hún af himnum eða frá mönnum?“ Öldungarnir ræddu sín á milli og sögðu „Ef við segjum „Af himnum“ þá spyr hann af hverju við trúðum ekki Jóhannesi. ²⁶ En ef við segjum „Hún kom frá mönnum“ mun fólkið ráðast á okkur því þau trúa að Jóhannes hafi verið spámaður.“ ²⁷ Að lokum svöruðu þeir „Við vitum það ekki“. Þá svaraði Jesú „Þá mun ég heldur ekki segja ykkur með hvaða valdi ég geri það sem ég geri. En hvað haldið þið um þetta? Það var maður sem átti tvo syni. Hann fór til annars og sagði „Sonur minn, þú þarft að fara að vinna í víngarðinum“. ²⁹ Sonurinn svaraði „Nei, það ætla ég ekki að gera“ en sá svo eftir því og fór í víngarðinn. ³⁰ Þá fór maðurinn til hins sonar síns og sagði það sama og sá svaraði „Já, ég skal fara“ en fór ekki. ³¹ Hvor sonanna gerði vilja föður síns?“ Öldungarnir svöruðu „Fyrri sonurinn“. Jesú sagði þá við þá „Ég segi ykkur satt að skattinnheimtumenn og vændiskonur munu fyrr komast til himna en þið. ³² Því Jóhannes kom til ykkar og sýndi ykkur veginn til réttlætis og þið trúðuð honum ekki, en skattinnheimtumenn og vændiskonur trúðu honum. Og jafnvel þá, þegar þið sáuð það, iðruðust þið ekki og trúðuð honum.

³³ Hlustið á þessa dæmisögu: Landeigandi einn gróðursetti víngarð. Hann gerði vegg í kringum hann, gróf fyrir vínpressu og byggði varðturn. Síðan leigði hann víngarðinn út og flutti annað. ³⁴ Þegar komið var að uppskeru, sendi hann þjóna sína til leiguliðanna til að fá sinn hluta af ávöxtunum. ³⁵ Leiguliðarnir tóku þjónana, börðu einn, drápu annan og grýttu hinn þriðja. ³⁶ Þá sendi hann aðra þjóna sína til leiguliðana, fleiri en í fyrra skiptið og þeir fóru eins með þá. ³⁷ Að lokum sendi hann son sinn og hugsaði með sér „Þeir munu virða son minn.“ ³⁸ En þegar leiguliðarnir sáu soninn sögðu þeir hver við annan „Þetta er erfinginn. Förum og drepum hann og rænum arfinum.“ ³⁹ Þeir tóku soninn, hentu honum út úr víngarðinum og drápu hann. ⁴⁰ Þegar eigandi víngarðisins kemur, hvað mun hann gera við leiguliðana?“ ⁴¹ Öldungarnir svöruðu „Hann mun taka þessa vondu menn af lífi og leigja öðrum víngarðinn, einhverjum sem munu gefa honum sinn hluta af uppskerunni“.

⁴² Jesú sagði þá „Hafið þið aldrei lesið í Ritningunni „Steinninn sem smiðirnir höfnuðu er orðinn að hornsteini, það er verk Drottins og það er undursamlegt að sjá.“ ⁴³ Þessvegna segi ég ykkur að konungsríki Guðs mun verða tekið frá ykkur og gefið þeim sem munu rækta ávexti þess. ⁴⁴ Öll þau sem falla á þennan hornstein munu brotna í þúsund mola og þau sem verða undir honum munu þyrlast upp.“

⁴⁵ Þegar æðstu prestarnir og farísarnir heyrðu dæmisögur Jesú vissu þeir að hann var að tala um þá. ⁴⁶ Þeir leituðu að leið til að handtaka hann en voru hræddir við fólkið, því þau trúðu að hann væri spámaður.

Tuttugastiogannar kafli

¹ Enn sagði Jesú þeim dæmisögu ² „Konungsríki himinsins er eins og kóngur sem undibjó giftingarveislur fyrir son sinn. ³ Hann sendi þjóna sína til boðsgestanna en þeir neituðu að koma. ⁴ Þá sendi hann fleiri þjóna og sagði „Segið þeim sem er boðið að ég hef undirbúið matinn. Uxum og feitum kálfum hefur verið slátrað og allt er tilbúið. Komið því í giftingarveisluna.“ ⁵ En boðsgestirnir hunsuðu þjónana og fóru í burtu, einn út á akur sinn, annar til verslunar sinnar. ⁶ Aðrir gestir tóku þjóna hans, börðu þá og drápu. ⁷ Kóngurinn reiddist við þetta og sendi her til að eyða þessum morðingjum og brenndi borgir þeirra til kaldra kola. ⁸ Þá sagði hann við þjóna sína „Allt er tilbúið fyrir giftingarveisluna en þau sem ég bauð eiga ekki skilið að mæta. ⁹ Þannig ég vil að þið farið út á götur og torg og bjóðið í veisluna öllu því fólki sem þið finnið.“ ¹⁰ Þjónarnir fóru um göturnar og söfnuðu saman öllu fólki sem þeir fundu, vondum jafnt sem góðum, og veislusalurinn fylltist. ¹¹ En þegar kóngurinn kom og horfði á gestina sá hann mann sem var ekki í sparifötum. ¹² Kóngurinn spurði hann „Vinur, hvernig komst þú inn í veisluna? Þú ert ekki í sparifötum!“ Maðurinn gat engu svarað. ¹³ Þá sagði kóngurinn við þjóna sína „Bindið þennan mann á höndum og fótum og kastið honum út í myrkrið, þar verður grátur og gnístran tanna“. ¹⁴ Því mörgum er boðið, en fá eru útvalin.“

¹⁵ Þá fóru farísarnir í burtu og lögðu á ráðin hvernig þeir gætu fundið leið til að fá Jesú til að segja eitthvað sem þeir gætu ákært hann fyrir. ¹⁶ Þeir sendu lærisveina sína til hans ásamt fylgismönnum Heródesar. Þeir sögðu „Kennari, við vitum að þú ert maður heiðarlegur, hreinn og beinn og þú kennir veg Guðs í sannleika og að þú ert óhlutdrægur og dæmir réttláta dóma. ¹⁷ Segðu okkur þá, er rétt að borga keisaranum skatt, eða er það ekki rétt?“ ¹⁸ En Jesú vissi hvað þeir ætluðu sér og svaraði „Þið hræsnarar, af hverju eru þið að reyna að kleggja á mér? ¹⁹ Sýnið mér peninginn sem þið borgið skattana með.“ Þeir réttu honum rómverskan silfurpening. ²⁰ Jesú spurði þá „Mynd af hverjum er þetta á peningnum og hvaða titill er þetta sem er skrifað á hann?“ ²¹ Þeir svöruðu „Þetta er mynd af keisaranum og titillinn hans“. Jesú sagði þá „Látið þá keisarann fá það sem keisarinn á og gefið Guði það sem Guð á“. ²² Þegar farísarnir heyrðu þetta urðu þeir furðu lostnir og fóru í burtu.

²³ Þennan dag komu saddúkkar, sem trúu ekki á upprisuna, til Jesú og spurðu ²⁴ „Kennari, Móse sagði okkur að ef maður deyr barnlaus, skuli bróðir hans ganga í hjónaband með ekkjunni og eignast með henni barn sem heldur við nafni látna bróður síns. ²⁵ Tökum dæmi um sjö bræður, elsti bróðirinn deyr barnlaus og ekkja hans giftist næstelsta bróðurnum. ²⁶ Nú deyr sá bróðir líka og konan giftist þriðja elsta bróðurnum og sagan endurtekur sig allt að sjöunda bróðurnum. ²⁷ Að lokum dó konan. ²⁸ Nú í þessari upprisu, hverjum verður konan þá gift? Þar sem hún hafði verið gift þeim öllum sjö?“ ²⁹ Jesú svaraði „Mistökinn sem þið gerið er að þekkja ekki Ritninguna og heldur ekki kraft Guðs. ³⁰ Í upprisunni mun fólk ekki ganga í

hjónaband, heldur munu þau vera eins og englarnir á himnum. ³¹ En um upprisu dauðra, hafið þið ekki lesið hvað Guð sagði við ykkur ³² „Ég er Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs“? Hann er ekki Guð hinna dónu, heldur hinna lifandi.“

³³ Þegar mannfjöldinn heyrði þetta, varð fólk agndofa af kenningum hans.

³⁴ Þegar farísarnir fréttu að Jesú hefði gert saddúkkana orðlausa, komu þeir saman og lögðu á ráðin. ³⁵ Einn þeirra, lögspekingur mikill, vildi prófa Jesú með þessu. ³⁶ „Kennari, hver er æðsta lagagreinin í Lögmálinu?“ ³⁷ Jesú svaraði: „Elskaðu Guð þinn með öllu hjarta þínu og með allri sálu þinni og með öllum huga þínum“. ³⁸ Þetta er æðsta og mesta boðorðið. ³⁹ Og annað er þessu líkt „Þið skuluð elska annað fólk eins og sjálf ykkur“. ⁴⁰ Allt Lögmálið og allir spámennirnir byggja á þessum tveimur boðorðum.“ ⁴¹ Á meðan farísarnir voru að ráða ráðum sínum, spurði Jesú þá ⁴² „Hvað haldið þið með Messías? Hvers son er hann?“ Þeir svöruðu „Sonur Davíðs“. ⁴³ Jesú sagði þá „Hvernig getur það þá verið að Davíð, talandi af andanum, kallar hann herra? Því hann segir ⁴⁴ „Drottinn sagði við minn herra: Sittu mér til hægri handar þartil ég set óvini þína undir fætur þér.“ ⁴⁵ Ef Davíð kallar hann herra, hvernig getur hann þá verið sonur hans?“

⁴⁶ Þeir gátu engu svarað og eftir þetta, spurðu þeir hann ekki að neinu framar.

Tuttugastiogþriðji kafli

¹ Þá sagði Jesú við mannfjöldann og lærisveina sína ² „Lögmálskennararnir og farísarnir sitja í sæti Móse. ³ Þannig þið þurfið að passa ykkur á að gera það sem þeir segja. En ekki gera það sem þeir gera, því þeir gera ekki það sem þeir segja. ⁴ Þeir binda þunga bagga sem erfitt er að bera, og setja þá á herðarnar á öðrum. En sjálfir lyfta þeir ekki fingri til að hjálpa til. ⁵ Það eina sem þeir gera er að sýnast. Þeir bera risastórar bænabækur og láta lengja borðana sem þeir ganga með. ⁶ Þeir elska að sitja í öndvegi í veislum og í bestu sætunum í samkomuhúsinu. ⁷ Þeir elska þegar þeim er heilsað með virktum á torgum og að vera kallaðir „Rabbí“ (eða kennari minn) af öðrum. ⁸ En þið eigið ekki að vera kallaðir „Rabbí“ því þið hafið einn kennara og þið eruð öll systkin. ⁹ Og það á ekki að kalla neinn á jörðinni „Föður“ því þið hafið einn Föður og hann er á himnum. ¹⁰ Þið eigið heldur ekki að láta kalla ykkur leiðtoga, því þið eigið einn leiðtoga sem er Messías. ¹¹ Sá mesti á meðal ykkar á að vera eins og þjónn. ¹² Því þeim sem hreykja sér hátt, verður kastað lágt, og þau sem eru auðmjúk, munu verða sett hátt.

¹³ Vei sé ykkur lögmálskennarar og farísar, þið hræsnarar. Þið lokið dyrum konungsríkis himinsins framan í fólk. Þið munuð ekki ganga þangað inn og þið hindrið þau sem vilja ganga þangað inn. ¹⁴ (ekki í öllum handritum)

¹⁶ Vei sé ykkur blindu leiðsögumenn! Þið segið „Ef einhver sver eið við musterið, þá er hann ógildur. En ef einhver sver eið við gullið í altarinu, þá er hann gildur.“ ¹⁷ Þið sjónlausu kjánar! Hvort er meira virði? Gullið? Eða musterið sem gerir gullið heilagt?

¹⁸ Þið segið líka að ef einhver sver eið við altarið þá er hann ógildur, en ef einhver sver eið við fórnirnar á altarinu, þá er sá eiður gildur. ¹⁹ Þið sjónlausu menn! Hvort er meira virði, fórnin á altarinu, eða altarið sem gerir fórnina heilaga? ²⁰ Ef einhver sver eið við altarið, þá er viðkomandi að sverja eið við altarið og allt sem á því er. ²¹ Og ef einhver sver eið við musterið, þá er viðkomandi að sverja eið við það og alls þess sem í því er. ²² Og þegar þið sverjið eiða við himnana þá eruð þið að sverja eið við háseti Guðs og þess sem þar situr.

²³ Vei sé ykkur lögmálskennarar og farísar, þið hræsnarar! Þið innheimtið tíunda hlut af kryddum, mintu, dilli og broddkúmeni. En þið hafið vanrækt það sem er mikilvægara í Lögmálinu, sem er réttlæti, miskunnsemi og trúfesti. Þið hefðuð átt að stunda það síðara, án þess að vanrækja það fyrra.

²⁴ Þið blindu leiðsögumenn. Þið sigtið vatnið ykkar svo þið innbyrðið ekki sandkorn, en síðan gleypið þið úlfalda!

²⁵ Vei sé ykkur, lögmálskennarar og farísar, þið hræsnarar! Þið hreinsið bikarinn og diskinn að utan, en að innan eru þið sjálfir uppfullir af græðgi og munaðarfíkn.

²⁶ Sjónlausu farísar! Fyrst þrífið þið bikar ykkar og disk að innan. Þá verður hann hreinn að utan líka.

²⁷ Vei sé ykkur lögmálskennarar og farísar, þið hræsnarar! Þið eruð eins og grafir sem eru hvítar að utan, en eru að innan fullar af dauða og óhreinindum. ²⁸ Á sama hátt lítið þið út fyrir öðrum eins og réttlátir menn, en að innan eruð þið uppfullir af hræsni og lögleysu.

²⁹ Vei sé ykkur lögmálskennarar og farísar, þið hræsnarar! Þið byggið grafir fyrir spámennina og skreytið grafir réttlátra ³⁰ og segið „Ef við hefðum verið uppi á tímum forfeðra okkar, þá hefðum við ekki tekið þátt í að úthella blóði spámannanna“. ³¹ Þannig vitnið þið gegn sjálfum ykkur, að þið séuð afkomendur þeirra sem myrtu spámennina. ³² Klárið þá verk forfeðra ykkar.

³³ Þið snákar, þið afkvæmi höggorma. Hvernig ætlið þið að sleppa við loga dómsins?

³⁴ Þess vegna sendi ég til ykkar, spámenn, spekinga og kennara. Suma munuð þið drepa með krossfestingu, þið munuð hída aðra með svipum í samkomuhúsum ykkar og elta þá borg úr borg.

³⁵ Vegna þessa munuð þið þurfa að svara fyrir blóð réttláts fólks allra tíma, frá morðinu á hinum réttláta Abel til morðsins á Sakaríá Barakísyni, sem þið drápuð mitt á milli musterisins og altarsins.

³⁶ Ég segi ykkur satt að allt þetta mun ríða yfir þessa kynslóð.

³⁷ Ó Jerúsalem, Jerúsalem, borgin sem drepur spámennina og grýtir sendiboða Guðs! Hversu oft vildi ég safna börnunum þínum, eins og hæna verndar ungana sína undir vængjunum. En þú neitaðir hjálpinni. ³⁸ Sjáðu, hús þitt er tómt og yfirgefið. ³⁹ Því þið munuð ekki sjá mig aftur fyrr en þið segið „Blessaður er sá sem kemur í nafni Drottins“.

Tuttugastiogfjórði kafli

¹ Jesú yfirgaf musterisgarðinn og lærisveinarnir bentu honum á byggingar musterisins. ² En Jesú sagði „Sjáið þið allar þessar byggingar? Ég segi ykkur satt, að

ekki einn einasti steinn mun standa hér eftir, þeir munu allir hrynja.“

³ Þegar Jesú sat á Ólívufjalli komu lærisveinarnir til hans einslega og spurðu „Segðu okkur, hvenær mun þetta gerast? Og hvaða tákn munu boða komu þína og lok þessa tíma?“ ⁴ Jesú svaraði „Passið ykkur á að blekkjast ekki. ⁵ Því margir munu koma í mínu nafni segjandi „Ég er Messías!“ og margir munu blekkjast. ⁶ Þið munuð heyra í stríðslátum og fréttu um stríðsátök. En ekki óttast, þetta þarf að gerast, en það er ekki þar með sagt að endirinn sé kominn. ⁷ Þjóðir munu fara í stríð gegn þjóðum og konungsríki munu fara í stríð við konungsríki og á ýmsum stöðum verða hungursneyðir og jarðskjálftar ⁸ en allt þetta verður einungis upphaf fæðingahríðanna. ⁹ Þá munuð þið verða framseld til þeirra sem ofsækja ykkur og þið munuð verða drepin og þið verðið hötuð af öllum þjóðum vegna nafns míns. ¹⁰ Þá mun margt fólk falla frá trúnni og svíkja hvert annað og hata hvert annað. ¹¹ Margir falsspámenn munu rísa upp og munu blekkja marga. ¹² Lögleysi og synd munu aukast og því mun kærleikur fólks kólna. ¹³ En þau sem halda þetta út, munu bjargast. ¹⁴ Þessar gleðifréttir um konungsríkið, munu berast til allra þjóða heimsins og þá mun endirinn koma. ¹⁵ Þegar þið sjáið viðbjóð eyðileggingarinnar sem spámaðurinn Daníel talaði um, standandi á heilaga staðnum (sá sem les þetta skal skilja það), skulu þau sem verða stödd í landi Júda, flýja til fjalla. ¹⁷ Þau sem eru þá upp á þaksvölum skulu ekki fara aftur inn í hús að ná í neitt. ¹⁸ Þau sem eru úti á akri skulu ekki snúa við til að ná í yfirhöfnina sína. ¹⁹ Grey þær konur sem verða þungaðar á þeim tíma, eða með barn á brjósti. ²⁰ En biðjið að flótti ykkar verði ekki um vetur eða á hvíldardegi. ²¹ Því þá verða ofsóknirnar svo miklar að ekkert slíkt hefur sést frá upphafi heimsins, né mun nokkuð slíkt gerast aftur. ²² Ef þessi tími yrði ekki stytur, myndi ekki neitt fólk komast lífs af, en vegna hinna útvöldu mun þessi tími verða stytur. ²³ Ef einhver segir við þig á þessum tímum „Sjáðu! Kristur er hérna!“ eða „Hann er þarna!“ ekki trúa þeim ²⁴ Því falskristar og falsspámenn munu rísa upp og munu framkvæma mikil tákn og undur til að afvegaleiða fólk, jafnvel hin útvöldu. ²⁵ Takið eftir því að ég segi þetta við ykkur áður en þetta gerist. ²⁶ Þannig ef einhver segir við þig „Sjáðu! Hann er í óbyggðunum“ ekki fara þangað, eða ef einhver segir við þig „Sjáðu! Hann er í bakherberginu!“, ekki trúa því. ²⁷ Því koma Mannssonarins mun verða eins og elding sem leiftrar frá austri til vesturs. ²⁸ Hvar sem eru lík þar safnast hrægammarnir saman. ²⁹ Þegar þessum dögum lýkur mun sólin myrkvast og tunglið hætta að lýsa, stjörnurnar munu hrapa af himni og kraftur himnanna mun bifast. ³⁰ Og þá mun tákn Mannssonarins sjást á himni og allar þjóðir jarðarinnar munu gráta örlög sín þegar þær sjá Mannsoninn koma á skýjum himinsins, með miklum mætti og í mikilli dýrð. ³¹ Og hann mun senda engla sína með miklum lúðræpyt, og þeir munu safna saman hans útvalda fólki frá vindunum fjórum, frá öðrum enda himinsins til hins. ³² Meðtakið nú lærdóm fíkjutrésins. Þegar greinar þess mýkjast og laufin byrja að bruma, þá veistu að sumarið nálgast. ³³ Á sama hátt muntu vita, að þegar þessir atburðir eiga sér stað, þá er Mannsonurinn rétt ókominn. ³⁴ Ég segi ykkur satt, þessi kynslóð mun ekki líða undir lok áður en allt þetta mun gerast. ³⁵ Himinn og jörð munu líða undir lok, en það munu orð mín ekki gera.

³⁶ En hvorki sonurinn né englarnir vita hvaða dag þetta gerist, það veit enginn nema Faðirinn. ³⁷ Þegar mannsönurinn snýr aftur verður það eins og á dögum Nóa, ³⁸ því dagana fyrir flóðið át fólk og drakk og gekk í hjónaband alveg þartil Nói gekk um borð í örkina, ³⁹ og þau vissu ekkert hvað var að fara að gerast, fyrr en flóðið kom og hreif þau öll í burt. Þannig verður það líka þegar Mannsönurinn kemur. ⁴⁰ Tveir verða á akri, annar tekinn og hinn skilin eftir. ⁴¹ Tvær verða að mala korn, önnur tekin og hin skilin eftir. ⁴² Verið því á verði, því þið vitið ekki hvenær herrann kemur.

⁴³ En skiljið þetta: Ef eigandi húss veit hvenær þjófur ætla að brjóta inn, mun hann vera á verði og koma í veg fyrir innbrotið. ⁴⁴ Þannig þurfið þið líka að vera reiðubúin, því Mannsönurinn mun koma þegar þú átt ekki von á honum. ⁴⁵ Trúfastur og góður þjónn er sá sem herrann getur látið bera ábyrgð á að samþjónar hans fái að borða á réttum tíma. ⁴⁶ Ef herrann snýr aftur og sér að þjónn hans hefur staðið undir ábyrgðinni, mun þjónninn uppskera eftir því. ⁴⁷ Ég segi ykkur satt, hann mun setja þann þjón yfir allar eigur sínar. ⁴⁸ En hugsum okkur að þjónninn sé vondur og sjái að herra sinn sé lengi í burtu ⁴⁹ og hann fari að berja samþjóna sína og éta og drekka með drykkjurútum. ⁵⁰ Svo kemur herrann þegar þjónninn á alls ekki von á því. ⁵¹ Þá mun hann skera þjónninn á hol og skipa honum stað með hræsnurunum, þar verður grátur og gnístran tanna.

Tuttugastiogfimmti kafli

¹ Þá er konungsríki himinsins líkt og tíu meyjar sem tóku lampa sína til að fara að hitta brúðguma sinn. ² Fimm þeirra voru hyggnar og fimm voru það ekki. ³ Þær sem voru það ekki tóku lampa sína, en enga olíu. ⁴ En þær sem voru hyggnar tóku olíu ásamt lömpunum. ⁵ Brúðguminn var lengi á leiðinni og þær sofnuðu. ⁶ Á miðnætti var hrópað „Brúðguminn er hér! Farið og hittið hann.“ ⁷ Þá fóru meyjarnar á fætur og undirbjuggu lampana sína. ⁸ Þær sem voru ekki hyggnar sögðu við hinar „Gefið okkur af olíunni ykkar, því lamparnir okkar eru að verða olíulausir“. ⁹ Þær sem voru hyggnar svöruðu „Nei, því þá munu bæði lamparnir okkar og lamparnir ykkar verða olíulausir. Farið frekar og kaupið olíu.“ ¹⁰ En á meðan þær voru í burtu kom brúðguminn. Meyjarnar sem voru tilbúnar fóru með honum í giftingarveisluna og dyrunum var lokað. ¹¹ Svo komu hinar og sögðu „Herra, herra, opnaðu dyrnar fyrir okkur!“ ¹² En hann svaraði „Ég segi ykkur satt, ég þekki ykkur ekki“.

¹³ Verið því á verði, því þið vitið ekki hvenær tíminn kemur.

¹⁴ Einnig er hægt að segja að þetta verður eins og maður sem fór í ferðalag. Hann kallaði á þjóna sína og treysti þeim fyrir eigum sínum. ¹⁵ Hann lét einn fá fimm poka af gulli, annan tvo poka af gulli og sá þriðji fékk einn poka af gulli. ¹⁶ Sá sem fékk fimm pokana fór um leið út og fann leið til að ávaxta gullið þannig að það varð að tíu pokum af gulli. ¹⁷ Og sá sem fékk tvo poka af gulli fann leið til að ávaxta þá þannig hann græddi tvo poka af gulli í viðbót. ¹⁸ En maðurinn sem fékk einn poka af gulli fór og faldi hann með því að grafa hann í jörðu. ¹⁹ Löngu seinna snéri herra þeirra aftur og gerði reikningsskil. ²⁰ Maðurinn sem fékk fimm poka kom með aðra fimm og sagði „Herra, þú treystir mér fyrir fimm pokum af gulli, hér eru aðrir fimm

pokar af gulli“. ²¹ Herra hans svaraði „Vel gert, góður og trúr þjónn ert þú! Þú hefur verið traustsins verður í litlu þannig ég mun setja þig yfir mikið. Komdu og fagnaðu með mér!“ ²² Maðurinn með tvo pokana kom og sagði „Herra, þú treystir mér fyrir tveimur pokum af gulli, hér eru aðrir tveir pokar af gulli“. ²³ Herra hans svaraði „Vel gert, góður og trúr þjónn ert þú! Þú hefur verið traustsins verður í litlu þannig ég mun setja þig yfir mikið. Komdu og fagnaðu með mér.“ ²⁴ Þá kom maðurinn með eina pokann og sagði „Herra, ég veit að þú ert harðlyndur maður, skerð upp það sem þú gróðursettir ekki og safnar því saman sem þú sáðir ekki, ²⁵ þannig ég varð hræddur og fór og faldi gullið þitt með því að grafa það í jörðu. Sjáðu hérna er það sem þú átt.“ ²⁶ Herra hans svaraði „Þú lélegi og lati þjónn! Þú vissir að ég sker það upp sem ég gróðursetti ekki og safna því saman sem ég sáði ekki. ²⁷ Þannig þú hefðir átt að setja gullið mitt í banka þannig að þegar ég snéri aftur fengi ég allavegana vexti. ²⁸ Takið gullið af honum og látið þann með tíu pokana fá það. ²⁹ Því þau sem hafa munu fá meira og hafa gnægð. En frá þeim ekkert hafa verður tekið það sem þau þó eiga. ³⁰ Og kastið þessum ónýta þjóni út í myrkrið þar sem verður grátur og gnístran tanna.“

³¹ Þegar Mannssonurinn kemur í allri sinni dýrð og allir englarnir með honum, mun hann sitja í dýrðlegu hásæti sínu. ³² Allar þjóðir munu safnast fyrir framan hann og hann mun flokka fólk, eins og smali flokkar kindurnar frá geitunum. ³³ Hann mun setja sauðféð hægra megin við sig og geiturnar vinstra megin. ³⁴ Þá mun konungurinn segja við þau sem eru hægra megin við hann „Komið þið sem eruð blessuð af Föður mínum, takið það sem þið fenguð í arf, konungsdæmið sem var undirbúið fyrir ykkur síðan alheimurinn var skapaður.

³⁵ Því ég var svangur og þið gáfuð mér mat, ég var þyrstur og þið gáfuð mér að drekka, ég var ókunnugur og þið buðuð mér inn. ³⁶ Ég var nakinn og þið gáfuð mér föt, ég var veikur og þið sáuð um mig, ég var í fangelsi og þið komuð að heimsækja mig.“ ³⁷ Þá munu þau réttlátu spyrja „Herra, hvenær varstu svangur og við gáfum þér mat, eða þyrstur og við gáfum þér að drekka? ³⁸ Hvenær varstu ókunnugur maður sem við buðum inn eða nakinn og við gáfum þér föt? ³⁹ Hvenær sáuð við þig veikan eða í fangelsi og við heimsóttum þig?“ ⁴⁰ Konungurinn mun þá svara „Ég segi satt að hvað sem þið gerðuð fyrir minnstu systkini mín, það gerðuð þið fyrir mig“.

⁴¹ Þá mun konungurinn segja við þau sem eru við vinstri hlið hans „Farið frá mér þið bölvada fólk, og farið í óslökkvandi eldinn, sem er ætlaður djöflinum og englum hans. ⁴² Því ég var svangur og þið gáfuð mér ekki mat. Ég var þyrstur og þið gáfuð mér ekki að drekka. ⁴³ Ég var ókunnugur og þið buðuð mér ekki inn, ég var nakinn og þið klædduð mig ekki, ég var veikur og í fangelsi en þið heimsóttuð mig ekki.“

⁴⁴ Þau munu þá svara „Herra, hvenær sáuð við þig svangan, þyrstan, ókunnugan, nakinn, veikan eða í fangelsi og hjálpuðum þér ekki?“ ⁴⁵ Hann mun svara „Ég segi ykkur satt að það sem þið gerðuð ekki fyrir minnsta systkini ykkar, það gerðuð þið ekki fyrir mig“.

⁴⁶ Þau munu þá fara í eilífa refsingu, meðan hin fara til eilífs lífs.“

Tuttugastíogsjötti kafli

¹ Þegar Jesú hafði lokið við að flytja þessa ræðu sagði hann við lærisveinana ² „Eins og þið vitið eru páskar eftir tvo daga og þá verður Mannssonurinn svikinn og seldur í hendur manna sem munu krossfesta hann“.

³ Æðstu prestarnir og öldungarnir hittust í höll æðsta prestsins, sem hét Kæfas. ⁴ Þeir lögðu á ráðin um að handtaka Jesú með leynd og drepa hann. ⁵ Þeir sögðu „En ekki á meðan hátíðin er, það gæti valdið óeirðum“.

⁶ Þegar þetta átti sér stað var Jesú heima hjá Símoni holdsveika í Betaníu. ⁷ Kona kom til Jesú með mjólkursteinskrukku með dýrri ilmolíu sem hún hellti yfir höfuð hans. ⁸ Þegar lærisveinarnir sáu þetta spurðu þeir hneykslaðir „Af hverju þessi sóun? ⁹ Það hefði verið hægt að selja þetta dýrum dómum og gefa fátækum.“ ¹⁰ En Jesú svaraði þeim „Af hverju eruð þið að angra konuna? Hún er hér að vinna góðverk. ¹¹ Þið hafið alltaf fátæka hjá ykkur en mig hafið þið ekki alltaf hjá ykkur. ¹² Hún hellti þessari ilmolíu til að undirbúa líkama minn fyrir greftrun. ¹³ Ég segi ykkur satt, hvar sem í heiminum gleðifréttirnar verða fluttar, mun fólk minnast þess sem hún hefur gert hér.“ ¹⁴ Þá fór einn hinna tólf, Júda Ískaríot, til æðstu prestanna ¹⁵ og sagði „Hvað mynduð þið borga mér fyrir að svíkja hann?“ Þeir töldu þrjátíu silfurpeninga og létu hann fá. ¹⁶ Frá þeirri stundu leitaði hann að rétta tímanum til að svíkja Jesú.

¹⁷ Á fyrsta degi hátíðar ósýrðu brauðanna, komu lærisveinarnir til Jesú og spurðu „Hvar viltu að við undirbúum stað þar sem þú getur borðað páskamáltíðina?“ ¹⁸ Jesú svaraði „Farið inn í borgina og þar munuð þið sjá mann. Segið við hann „Kennarinn segir: Tími minn er kominn. Ég ætla að halda páskamáltíðina með lærisveinum mínum heima hjá þér.“ ¹⁹ Lærisveinarnir gerðu eins og Jesú sagði og undirbjuggu páskamáltíðina. ²⁰ Þegar það var komið kvöld, var Jesú við matarborðið ásamt hinum tólf. ²¹ Á meðan máltíðinni stóð sagði Jesú „Ég segi ykkur satt, einn af ykkur mun svíkja mig“. ²² Þeir urðu sorgmæddir og sögðu, einn af öðrum, „Þú átt alveg örugglega ekki við mig, er það nokkuð herra?“ ²³ Jesú svaraði „Sá sem hefur deilt þessari skál með mér, mun svíkja mig. ²⁴ Mannssonurinn mun deyja, eins og Ritninginn sagði fyrir um fyrir löngu síðan. En vei sé þeim manni sem svíkur Mannsoninn! Það væri betra fyrir hann ef hann hefði aldrei fæðst.“ ²⁵ Þá sagði Júda, sá sem var að fara að svíkja hann, „Ekki áttu við mig Rabbí?“ Jesú svaraði „Þú sagðir það“. ²⁶ Á meðan hinir átu, tók Jesú brauð, og eftir að hafa blessað það, braut hann brauðið, rétti lærisveinunum og sagði „Takið og étið, þetta er líkami minn“. ²⁷ Síðan tók hann bikar og eftir að hafa þakkað Guði, rétti hann þeim bikarinn og sagði „Drekkið allir úr þessum bikar. ²⁸ Þetta er blóð mitt sem staðfestir sáttmálann milli Guðs og fólks hans. Því er úthellt sem fórn til að fyrirgefa syndir þess. ²⁹ Ég segi ykkur, ég mun ekki drekka af ávexti vínviðarins aftur, fyrr en ég drekk hann nýjan með ykkur í konungsríki Föður míns.“

³⁰ Þegar þeir höfðu sungið sálm, fóru þeir á Ólívufjall ³¹ og Jesú sagði við þá „Nú í kvöld munuð þið allir yfirgefa mig því Ritningin segir „Ég mun slá hirðinn og féð

mun tvístrast“ .³² En eftir að ég hef risið upp mun ég fara á undan ykkur til Galíleu.“
³³ Pétur sagði þá „Jafnvel þótt allir aðrir yfirgefi þig, mun ég aldrei gera það“. ³⁴ Jesú svaraði „Ég segi þér satt, nú í nótt, áður en hani galar, muntu hafa afneitað mér þrisvar“. ³⁵ En Pétur svaraði „Jafnvel þótt ég þurfi að deyja með þér mun ég aldrei afneita þér“. Hinir lærisveinarnir töluðu allir á sama veg.

³⁶ Þá fór Jesú með lærisveinunum á stað sem heitir Getsemane og sagði við þá „Sitjið hér meðan ég fer og bið“. ³⁷ Hann tók með sér, Pétur og tvo syni Sebeda, og hann fór að fyllast af sorg og angist. ³⁸ Jesú sagði við þá „Sál mín er full af svo yfirþyrmandi sorg að ég ræð varla við það. Verið hér á verði fyrir mig.“

³⁹ Hann gekk aðeins lengra og féll fram, svo andlitið bar við jörðina og bað „Faðir minn, ef það er mögulegt, taktu þá þennan bikar frá mér. Þó ekki eins og ég vil heldur eins og þú vilt.“

⁴⁰ Svo snéri hann aftur til lærisveinanna og sá að þeir sváfu og spurði Pétur „Gátuð þið ekki vakað með mér eina klukkustund? ⁴¹ Vakið og biðjið svo þið munuð ekki falla í freistni, því andinn er tilbúinn en líkaminn veikur.“ ⁴² Hann fór aftur og bað „Faðir minn, ef það er ekki mögulegt að þessi bikar verði tekinn frá mér án þess að ég drekki af honum, verði þá þinn vilji.“ ⁴³ Þegar hann kom aftur sá hann að þeir voru sofnaðir aftur, því þeir gátu ekki haldið augunum opnum. ⁴⁴ Jesú fór aftur í burtu og bað í þriðja skiptið sömu bæn.

⁴⁵ Þá snéri hann aftur til lærisveinanna og sagði við þá „Eruð þið sofandi ennþá? Sjáið, tíminn er kominn og Mannssonurinn er að verða framseldur til syndaranna. ⁴⁶ Farið á fætur. Við skulum halda af stað, hér kemur sá sem svíkur mig.“ ⁴⁷ Á meðan hann var að tala kom Júda, einn hinna tólf. Með honum var stór hópur, sendur af æðstu prestunum og öldungunum. Þeir voru vopnaðir sverðum og kylfum. ⁴⁸ Svikarinn hafði undirbúið merki til að gefa þeim „Sá sem ég kyssi er sá sem þið viljið handtaka“.

⁴⁹ Júda fór til Jesú og sagði „Sæll rabbí!“ Og kyssti hann. ⁵⁰ Jesú svaraði „Vinur, gerðu það sem þú ætlaðir þér“. Mennirnir stigu fram og handtóku Jesú. ⁵¹ Einn af lærisveinunum tók þá upp sverð og skar eyrað af einum þjóni æðsta prestsins.

⁵² Jesú sagði þá „Slíðraðu sverðið. Þeir sem beita sverði, falla fyrir sverði. ⁵³ Heldurðu að ég geti ekki beðið Föður minn, og hann myndi senda mér tólf hersveitir engla um leið? ⁵⁴ En hvernig ætti Ritningin að rætast sem sagði að þetta myndi gerast á þennan hátt?“ ⁵⁵ Jesú sagði þá við hópinn „Er ég ræningi þannig þið þurfið að hafa sverð og kylfur til að handtaka mig? Ég sat á hverjum degi í musterisgarðinum og kenndi og þið handtókuð mig ekki. En þetta verður allt að gerast svo það rætist sem spámennirnir rituðu.“ Þá flúðu allir lærisveinarnir og skildu Jesú einan eftir. ⁵⁷ Þeir sem handtóku Jesú fóru með hann til Kæfasar, æðsta prestsins, þar sem lögmálskennararnir og öldungarnir höfðu safnast saman. ⁵⁸ En Pétur fylgdi í humátt á eftir, alveg að hallargarði æðsta prestsins. Hann fór inn og settist niður með vörðunum til að sjá hvað myndi gerast.

⁵⁹ Allt öldungahóstið og æðstu prestarnir reyndu að finna vitni sem myndu ljúga

uppá Jesú svo þeir gætu dæmt hann til dauða. ⁶⁰ En eftir að þeir höfðu ekki fundið nein slík vitni, þó margir höfðu komið fram, fundu þeir tvö vitni ⁶¹ sem sögðu „Þessi náungi sagði „Ég get lagt musteri Guðs í rúst, og endurbyggt það á þremur dögum“. ⁶² Þá stóð æðsti presturinn upp og sagði við Jesú „Ætlarðu ekki að svara? Hvaða vörn hefurðu gagnvart þessum vitnisburði?“ ⁶³ En Jesú sagði ekkert. Æðsti presturinn sagði þá við hann „Ég heimta, í nafni hins lifandi Guðs, að þú segir okkur ef þú ert Messías, sonur Guðs“. ⁶⁴ Jesú svaraði „Þú varst að segja það. En ég segi við ykkur, að í framtíðinni munuð þið allir sjá Mannssoninn sitja í hásæti við hægri hönd Guðs og komandi á skýjum himinsins.“ ⁶⁵ Þá reif æðsti presturinn klæði sín (til að sýna hneykslun sína) og sagði „Hann hefur guðlastað. Þurfið þið fleiri vitni? Þið hafið nú heyrt guðlastið! ⁶⁶ Hvernig dæmið þið?“ Þeir svöruðu „Hann á skilið að deyja!“ ⁶⁷ Þá hræktu þeir framan í Jesú og börðu hann með hnefunum. Aðrir löðrunguðu hann ⁶⁸ og sögðu „Spáðu um þetta Messías! Hver var að berja þig?“

⁶⁹ Á meðan þessu stóð, sat Pétur úti í garðinum og þjónustustúlka kom upp að honum og sagði „Þú varst líka með þessum Jesú frá Galíleu“. ⁷⁰ En hann neitaði því og sagði „Ég veit ekkert hvað þú ert að tala um“. ⁷¹ Þá fór hann í hliðið þar sem önnur þjónustustúlka sá hann og sagði við fólkið þar „Þessi náungi var með Jesú frá Nasaret“. ⁷² Pétur neitaði því aftur og sór „Ég þekki ekki þennan mann“. ⁷³ Eftir smástund kom fólkið sem stóð þarna í kring upp að Pétri og sagði „Þú hlýtur að vera einn af þeim, hreimurinn kemur upp um þig“. ⁷⁴ Pétur fór þá að bölvva og sór „Ég þekki ekki þennan mann!“ Þá galaði hani. ⁷⁵ Og Pétur mundi eftir því sem Jesú sagði „Áður en hani galar muntu hafa afneitað mér þrisvar. Og Pétur fór og grét.

Tuttugastiogsjöundi kafli

¹ Snemma um morguninn réðu æðstu prestarnir og öldungarnir ráðum sínum, hvernig þeir gætu látið taka Jesú af lífi ² og þeir bundu hann, leiddu hann í burtu og færðu Pílatusi sem var rómverski ríkisstjórinn. ³ Þegar Júda, sá sem sveik Jesú, sá að stæði til að taka Jesú af lífi varð hann heltekinn af sektarkennd, skilaði silfrinu til æðstu prestanna og öldunganna og sagði ⁴ „Ég hef syndgað, ég hef svikið saklaust blóð!“ Þeir svöruðu „Hvað varðar okkur um það? Þú getur átt það við sjálfan þig.“ ⁵ Júda henti peningunum inn í musterið og fór og hengdi sig. ⁶ Æðsti presturinn tók silfurpeningana og sagði „Það er lögmálsbrot að setja þetta í peningakassann því þetta eru blóðpeningar“. ⁷ Þeir ákváðu að nota peningana til að kaupa akur í eigu leirkerssmiðs, sem grafreit fyrir útlendinga. ⁸ Þess vegna heitir það Blóðakur fram á þennan dag. ⁹ Þannig uppfylltist spádómurinn sem Jeremía ritaði „Þeir tóku silfurpeningana þrjátíu, verðið sem afkomendur Ísraels mátu hann á, ¹⁰ og keyptu leirkerssmiðsakur, eins og Drottinn sagði“.

¹¹ Jesú stóð frammi fyrir ríkisstjóranum sem spurði „Ert þú konungur Gyðinga?“ Jesú svaraði „Þú segir það“. ¹² Þegar Jesú var ásakaður af æðstu prestunum og öldungunum, svaraði hann engu. ¹³ Þá spurði Pílatus hann „Heyrirðu ekki vitnisburðinn gegn þér?“ En Jesú svaraði ekki einni einustu ásökun. ¹⁵ Það var hefð

að á páskahátíðinni gæfi ríkisstjórinn Gyðingunum einn fanga lausan. ¹⁶ Á þessum tíma var í haldi alræmdur fangi sem hét Barabbas. ¹⁷ Þegar fjöldi fólks hafði safnast saman spurði Pílatus fólkið „Hvort viljið þið að ég láti lausan Barabbas eða Jesú, sem er kallaður Messías?“ ¹⁸ Því Pílatus vissi að Jesú hafði verið handtekinn vegna öfundar trúarleiðtoganna. ¹⁹ Á meðan Pílatus sat í dómarsætinu sendi kona hans, til hans skilaboð „Láttu þennan saklausa mann í friði, því ég kvaldist mikið í draumi í nótt vegna hans“. ²⁰ En æðstu prestarnir og öldungarnir sannfærðu fólkið um að biðja um að Barabbas yrði leystur úr haldi og Jesú tekinn af lífi. ²¹ Pílatus spurði „Hvorn þessara viljið þið að ég gefi lausan?“ Fólkið svaraði „Barabbas!“ ²² Pílatus sagði þá „En hvað á ég að gera við Jesú sem er kallaður Messías?“ Fólkið öskraði tilbaka „Krossfestu hann!“ ²³ Pílatus spurði þá „Af hverju? Hvaða glæp hefur hann framið?“ En fólkið svaraði enn hærra en áður „Krossfestu hann!“ ²⁴ Þegar Pílatus sá að fólkið væri ekki að fara að haggast og að það var að myndast múgæsing, náði hann í skál af vatni og þvoði hendur sínar fyrir framan fólkið og sagði „Ég er saklaus af úthellingu blóðs þessa manns, þetta er á ykkar ábyrgð“. ²⁵ Fólkið hrópaði á móti „Blóð hans er á okkar ábyrgð og barna okkar“. ²⁶ Pílatus lét þá leysa Barabbas úr haldi en lét hída Jesú og framseldi hann til krossfestingar. ²⁷

Nokkrir af hermönnum ríkisstjórans fóru með Jesú í höfuðstöðvar sínar og söfnuðu saman allri herdeildinni í kringum hann. ²⁸ Þeir klæddu hann úr fötunum, settu hann í skarlatsrauð klæði ²⁹ og snéru saman þyrna til að búa til kórónu og settu á höfuð hans. Þeir settu í hendur hans reyr sem valdssprota og krupu fyrir framan hann og hæddust að honum með því að segja „Heill sé gyðingakóngnum“. ³⁰ Þeir hræktu á Jesú og tóku reyrstafinn og slógu hann í höfuðið, aftur og aftur. ³¹ Eftir að hafa hæðst að honum tóku þeir hann úr skarlatsrauðu yfirhöfninni og settu hann aftur í sín eigin föt og leiddu hann til krossfestingar. ³² Þegar þeir voru á leiðinni hittu þeir mann frá Kýrene sem hét Símon og þeir neyddu hann til að bera krossinn. ³³ Þeir komu að stað sem heitir Golgata, Hauskúpustaður. ³⁴ Þar buðu þeir Jesú vín að drekka, blandað beisku galli, Jesú neitaði að drekka það eftir að hafa smakkað það. ³⁵ Þegar þeir höfðu krossfest hann, köstuðu þeir upp á hver fengi að eiga fötin hans ³⁶ og settust niður til að standa vörð. ³⁷ Fyrir ofan Jesú settu þeir ákærana á hendur honum „Þetta er Jesú, gyðingakóngurinn“. ³⁸ Tveir þjófarnir voru krossfestir sitthvoru megin við Jesú. ³⁹ Fólkið sem gekk hjá hrópaði móðganir til hans, þau hristu hausinn ⁴⁰ og öskruðu „Þú sem ætlaðir að leggja musterið í rúst og endurbyggja það á þremur dögum. Bjargaðu þá sjálfum þér! Komdu niður af krossinum, fyrst þú ert sonur Guðs.“ ⁴¹ Æðstu prestarnir og lögmálskennararnir hæddust að Jesú á sama hátt. ⁴² „Bjargaði hann ekki öðrum? En hann getur ekki bjargað sjálfum sér! Ef hann er konungur yfir Ísrael, komdu þá niður af krossinum núna og þá skulum við trúá á hann. ⁴³ Hann treysti Guði, þannig láttu Guð bjarga þér ef hann vill, fyrst hann kallaði sjálfan sig „Son Guðs“.“

⁴⁴ Á sama hátt töluðu þjófarnir sitthvoru megin við hann.

⁴⁵ Frá hádegi til klukkan þrjú í eftirmiðdaginn varð myrkur í öllu landinu. Um

þrjúleytið hrópaði Jesú með hárrri röddu „Elí, elí, lema sabaktaní (sem þýðir „Guð minn, Guð minn, af hverju hefurðu yfirgefið mig?“). ⁴⁷ Þegar fólkið sem stóð hjá heyrði þetta sögðu þau „Hann er að kalla á Elía“. ⁴⁸ Þá hljóp einn þeirra og náði í svamp sem hann fyllti með vínsediki setti það á stöng og bauð Jesú.

⁴⁹ Annað fólk sagði „Látið hann eiga sig, sjáum hvort Elía komi og bjargi honum“. ⁵⁰ Þegar Jesú hafði hrópað aftur gaf hann upp andann. ⁵¹ Á þeirri stundu rifnaði tjaldið í musterinu í tvennt, frá toppi og niður. Jörðin skalf og björg kloffnuðu í sundur ⁵² og grafir opnuðust. Líkamar margs heilags fólks sem hafði dáíð reis upp til lífsins. ⁵³ Fólkið kom út úr gröfunum eftir að Jesú reis upp og fóru inn í heilögu borgina og margt fólk sá þau.

⁵⁴ Þegar rómverski herdeildarforinginn og þeir sem voru með honum fundu jarðskjálftann og allt það sem gerðist urðu þeir skelfingu lostnir og sögðu „Sannarlega var þetta sonur Guðs“.

⁵⁵ Margar konur voru þarna og horfðu á úr fjarlægð sem höfðu fylgt Jesú frá Galíleu og hjálpað honum. ⁵⁶ Meðal þeirra var María Magdalena, María, móðir Jakobs og Jósefs og móðir Jakobs og Jóhannesar, sona Sebeda. ⁵⁷ Þegar kvöldi tók kom auðugur maður frá Arímaþeu, sem hét Jósef og hafði verið lærisveinn Jesú. ⁵⁸ Hann fór til Pílatúsar og bað um að fá lík Jesú og Pílatús fyrirskipaði að hann fengi líkið í hendur. ⁵⁹ Jósef tók líkið og bjó það til greftrunar með því að vefja því í línúk ⁶⁰ og lagði líkið í nýja gröf sem hann hafði látið höggva í klett. Hann setti stóran stein fyrir grafarmunann og fór í burtu.

⁶¹ María Magdalena og hin María sátu á móti gröfinni.

⁶² Næsta dag, daginn eftir aðfangadag páska, fóru æðstu prestarnir og farísarnir til Pílatúsar ⁶³ og sögðu „Herra, við munum að þegar þessi maður var enn á lífi, sagði hann að hann myndi rísa upp á þriðja degi. ⁶⁴ Gefðu því skipun um að gröfin skuli vöktuð þar til á þriðja degi. Annars gætu lærisveinar hans komið og tekið hann og sagt fólkinu að hann hafi risið upp frá dauðum. Ef það gerist væri það verra en það var í upphafi.“ ⁶⁵ Pílatús svaraði „Takið vörð og tryggið öryggi grafarinnar eins og þið getið“. ⁶⁶ Þeir fóru og gerðu gröfina tryggja með því að innsigla steininn sem var fyrir henni og settu vörð þar til að vakta hana.

Tuttugastiogáttundi kafli

¹ Daginn eftir hvíldardaginn, um leið og sólin kom upp fyrsta dag vikunnar, fóru María Magdalena og hin María að gröfinni. ² Þá reið yfir öflugur jarðskjálfti því engill Drottins kom niður af himnum, fór til grafarinnar, velti steininum frá og settist á hann. ³ Hann leit út eins og elding og fötin hans voru fagurhvít eins og snjór. ⁴ Verðirnir voru svo hræddir við hann að þeir skulfu og urðu eins og lík. ⁵ Engillinn sagði þá við konurnar „Ekki vera hræddar, því ég veit að þið leitið að Jesú sem var krossfestur. ⁶ Hann er ekki hérna, hann hefur risið upp frá dauðum, eins og hann sagði að myndi gerast. Komið og sjáið staðinn þar sem hann lá. ⁷ Farið svo

strax til lærisveina hans og segið þeim „Jesú hefur risið upp frá dauðum og fer á undan ykkur til Galíleu. Þar munuð þið sjá hann.“ Munið það sem ég sagði.“

⁸ Konurnar flýttu sér frá gröfinni, óttaslegnar en samt fullar af gleði og hlupu til lærisveinanna til að flytja þeim fréttirnar.

⁹ Þegar þær voru á leiðinni mættu þær Jesú sem sagði „Sælar verið þið“. Þær fóru til hans, gripu um fætur hans og hylltu hann. ¹⁰ Þá sagði Jesú við þær „Ekki vera hræddar. Farið og segið bræðrum mínum að fara til Galíleu. Þar munu þeir hitta mig.“

¹¹ Á meðan konurnar voru á leiðinni fóru nokkrir af vörðunum til æðstu prestanna til að segja þeim allt það sem hafði gerst. ¹² Þegar æðstu prestarnir höfðu hitt öldungana og lagt á ráðin, létu þeir verðina fá háa fjárhæð í mútur ¹³ og sögðu við þá „Þið skuluð segja „Lærisveinar hans komu um nóttina og stálu honum meðan við sváfum“ ¹⁴ ef þið segið þetta við ríkisstjórnann munum við verja ykkur svo þið lendið ekki í vandræðum.“ ¹⁵ Verðirnir tóku við peningunum og gerðu eins og þeim var sagt. Og þessi saga hefur gengið meðal Gyðinganna allt til þessa dags.

¹⁶ Þá fóru lærisveinarnir ellefu til fjallsins í Galíleu sem Jesú hafði sagt þeim að fara til. ¹⁷ Þegar þeir sáu hann, tilbáðu þeir hann en sumir efuðust ennþá. ¹⁸ Þá kom Jesú til þeirra og sagði „Mér hefur verið gefið allt vald á himnum og á jörðinni. ¹⁹ Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum og skírið fólk í nafni Föðursins, sonarins og heilags anda ²⁰ og kennið þeim að hlýða öllu sem ég hef boðað ykkur. Og sannarlega er ég með ykkur, allt til enda þessa heims.“

Gleðifréttirnar frá sjónarhorni Markúsar

Fyrsti kafli

¹ Þetta er upphaf gleðifréttanna um Jesú Krist, son Guðs. Sagan hófst ² eins og spámennirnir rituðu „Sjáðu, ég sendi boðbera sem mun undirbúa veginn fyrir mig.“
³ Og „Rödd hrópar: „Undirbúið veginn fyrir Drottinn í óbyggðunum, gerið beinan veg í eyðimörkinni fyrir Guð okkar!““

⁴ Jóhannes skírari kom fram í óbyggðunum og sagði fólkinu að skírast til að sýna að þau höfðu iðrast og snúið sér til Guðs til að fá fyrirgefningu. ⁵ Allt fólkið í landi Júda og allt fólkið í Jerúsalem, fór til að hlusta á Jóhannes og þegar þau játuðu syndir sínar, skírði hann þau í Jórdaná.

⁶ Jóhannes var klæddur í föt úr grófum úlfaldahárum, með leðurbelti um mittið og hann át engisprettur og villihunang. ⁷ Þetta var boðskapur hans „Á eftir mér kemur sá sem er miklu máttugri en ég. Ég er ekki þess verðugur að leysa reimarnar á sandöllum hans. ⁸ Ég skíri ykkur með vatni, en hann mun skíra ykkur með heilögum anda.“

⁹ Þá kom Jesú frá Nasaret í Galíleu og var skírður af Jóhannes í Jórdaná.

¹⁰ Þegar Jesú kom upp úr vatninu sá hann himnana opnast og andinn flaug niður á hann eins og dúfa ¹¹ og rödd kom af himnum sem sagði „Þú ert elskaður sonur minn, ég er ánægður með þig“. ¹² Andinn knúði Jesú til að fara út í óbyggðirnar ¹³ þar sem hann dvaldi í fjörtíu daga og Satan freistaði hans. Jesú var þar með villidýrunum og englar þjónuðu honum.

¹⁴ Eftir að Jóhannes var settur í fangelsi, fór Jesú til Galíleu og flutti fólki gleðifréttir Guðs. ¹⁵ Hann sagði „Tíminn er kominn! Konungsríki Guðs er á leiðinni. Iðrist og trúið gleðifréttunum.“

¹⁶ Dag einn var Jesú að ganga meðfram Galíleuvatni og sá Símon og bróðir hans Andrés kastandi út netum, en þeir stunduðu fiskveiðar. ¹⁷ Jesú sagði „Komið og fylgið mér og ég mun láta ykkur stunda mannaveiðar“. ¹⁸ Þeir yfiráfú netin um leið og fylgdu honum.

¹⁹ Þegar Jesú hafði gengið spölkorn lengra sá hann Jakob, son Sebeda og bróðir hans Jóhannes, um borð í bát að undirbúa netin. ²⁰ Jesú kallaði á þá og þeir yfiráfú föður sinn sem varð eftir í bátinum ásamt vinnumönnum.

²¹ Þeir fóru til Kapernám og þegar hvíldardagurinn rann upp fór Jesús í samkomuhús Gyðinga að kenna. ²² Fólkið var furðu lostið yfir kenningum hans, því hann kenndi eins og einhver sem hefur vald, en ekki eins og lögmálskennararnir.

²³ Á meðan Jesús var að kenna hrópaði andsetinn maður upp yfir sig ²⁴ „Hvað viltu okkur Jesús frá Nasaret? Ertu kominn til að eyða okkur? Ég veit hver þú ert, þú ert Guðs heilagi!“ ²⁵ Jesús hastaði á andann „Þegi þú og farðu út af honum!“

²⁶ Óhreini andinn hrísti manninn skelfilega og fór út af honum með háu öskri.

²⁷ Fólkið var svo furðu lostið að þau spurðu hvert annað „Hver er þessi maður? Hann kennir nýja kenningu og það með valdi. Hann skipar meiraðsegja óhreinum öndum að fara og þeir hlýða honum!“

²⁸ Fréttirnar um Jesús bárust hratt út um alla Galíleu.

²⁹ Þegar þeir yfirgáfu samkomuhúsið fóru þeir með Jakobi og Jóhannesi heim til Símonar og Andrésar. ³⁰ Tengdamóðir Símonar lá í rúminu með sóttthita og þeir sögðu Jesús frá henni um leið og hann kom. ³¹ Jesús fór til hennar, tók í hönd hennar og hjálpaði henni að setjast upp. Þá fór sóttthitinn úr henni og hún útbjó mat handa þeim.

³² Þetta kvöld, eftir sólsetur, kom fólk með öll þau sem voru veik eða haldin illum öndum, til Jesús. ³³ Allur bærinn safnaðist saman fyrir utan dyrnar. ³⁴ Jesús læknaði margt fólk af allskonar veikindum. Hann rak líka út marga illa anda en hann leyfði ekki öndunum að tala því þeir vissu hver hann var.

³⁵ Eldsnemma um morguninn, meðan það var ennþá myrkur, fór Jesús út til að vera einn og biðja. ³⁶ Símon og hinir fóru að leita að honum ³⁷ og þegar þeir fundu hann sögðu þeir „Það eru allir að leita að þér!“ ³⁸ Jesús svaraði „Förum til hinna þorpanna hér í kring svo ég geti flutt þeim boðskapinn líka. Það er ástæðan fyrir því að ég kom“.

³⁹ Jesús fór um alla Galíleu, kenndi í samkomuhúsunum og rak út illa anda. ⁴⁰ Maður með holdsveiki kom til Jesús, fór niður á hnéin og bað hann „Ef þú vilt, gerðu mig hreinan af holdsveikinni“. ⁴¹ Jesús vorkenndi honum og rétti út höndina, snerti manninn og sagði „Ég vil. Vertu hreinn.“ ⁴² Maðurinn hreinsaðist um leið af holdsveikinni. ⁴³ Jesús sendi hann í burtu með þessum varnaðarorðum „Ekki segja neinum frá þessu heldur farðu til prestanna, sýndu þeim að þú hafir hreinsast og færðu þakkarfórnina sem Móse skipaði fyrir um, til að prestarnir viti að þú hafir hreinsast“. ⁴⁵ En maðurinn fór þess í stað út og sagði öllu fólki sem hann hitti frá því sem hafði gerst. Vegna þessa gat Jesús ekki farið inn í nokkurn bæ, heldur dvaldi hann fyrir utan bæina en fólkið kom samt til hans allstaðar frá.

Annar kafli

¹ Nokkrum dögum síðar snéri Jesú aftur til Kapernám og það fréttist út að hann væri kominn aftur. ² Svo margt fólk safnaðist saman þar sem Jesú var, að það var hvergi pláss, ekki einu sinni fyrir utan dyrnar. Og Jesú kenndi þeim orð Guðs.

³ Fjórir menn komu þangað með lamaðan mann sem þeir báru á milli sín á mottu.

⁴ Þar sem mannfjöldinn var slíkur að þeir komu ekki manninum inn, fóru þeir og opnuðu þakið og slökuðu manninum niður, inn í húsið.

⁵ Þegar Jesú sá trú þeirra sagði hann við lamaða manninn „Sonur, syndir þínar eru fyrirgefnar“.

⁶ Lögmálskennarar sem sátu þar hugsuðu með sjálfum sér „Af hverju talar þessi náungi svona? Hann guðlastar! Það getur enginn fyrirgefið syndir nema Guð.“

⁸ Jesú vissi um leið hvað þeir hugsuðu í hjörtum sínum og sagði við þá „Af hverju eruð þið að hugsa svona? ⁹ Hvort er auðveldara, að segja við lamaðan mann „Syndir þínar eru fyrirgefnar“ eða að segja „Stattu upp, taktu mottuna og gakkstu“?

¹⁰ En ég vil að þið vitið að Mannsonurinn hefur vald á jörðu til að fyrirgefa syndir“.

Jesú snéri sér þá að lamaða manninum og sagði ¹¹ „Stattu upp, taktu mottuna og farðu heim“. ¹² Maðurinn stóð upp, tók mottuna og gekk út, svo allt fólkið sá hann. Þetta gerði öll þau sem voru vitni að þessu, agndofa og þau lofsungu Guð og sögðu „Aldrei nokkurn tímann höfum við séð eitthvað þessu líkt“.

¹³ Þá fór Jesú aftur út að vatninu og kenndi mannfjöldanum sem kom til hans.

¹⁴ Þegar hann gekk í burtu kom hann að staðnum þar sem skattar voru innheimtir, og sá þar Leví, son Alfeusar. „Fylgdu mér!“ sagði Jesú við hann og Leví stóð upp og fylgdi honum.

¹⁵ Jesú og lærisveinarnir voru í kvöldmat heima hjá Leví ásamt mörgum skattinnheimtumönnum og öðrum syndurum, því mörg af þeim sem fylgdu Jesú voru slíkt fólk. Þegar lögmálskennararnir sem voru farísar, sáu Jesú vera til borðs með syndurum og skattinnheimtumönnum, spurðu þeir lærisveinana hans „Af hverju deilir hann matarborði með skattinnheimtumönnum og syndurum?“

¹⁷ Þegar Jesú heyrði þetta sagði hann við þá „Það er ekki heilbriggt fólk sem þarf lækni heldur þau sem eru veik. Ég kom ekki til að kalla réttlátt fólk, heldur syndara.“

Lærisveinar Jóhannesar skírara og farísarnir föstuðu og fólk kom til Jesú og spurði hann „Af hverju fasta lærisveinar Jóhannesar og farísanna, en þínir lærisveinar fasta ekki?“ ¹⁹ Jesú svaraði þeim „Af hverju ættu gestir brúðgumans að fasta meðan giftingarveislan er ennþá í gangi? Gestirnir fasta ekki meðan brúðguminn er ennþá hjá þeim. ²⁰ En sá tími mun koma þegar brúðguminn verður tekinn frá þeim. Þá munu lærisveinar mínir fasta. ²¹ Nýjar bætur eru aldrei settar á gömul klæði. Annars rifnar nýja bótin af þegar hún hleypur og skilur eftir sig stærra gat en var í byrjun. ²² Og nýtt vín er aldrei sett í gamlar vín húðir því þá myndi vínið rífa húðirnar og bæði vínið og húðin fara til spillis. Nei, nýtt vín er sett í nýjar vín húðir.“

²³ Hvíldardag einn fóru Jesú og lærisveinarnir um kornakur, og meðan

lærisveinarnir gengu tóku þeir nokkur korn af akrinum og átu. ²⁴ Farísarnir sögðu þá við Jesú „Sjáðu hvað lærisveinar þínir eru að gera! Þetta má ekki á hvíldardegi!“ ²⁵ Jesú svaraði „Hafið þið ekki lesið hvað Davíð gerði þegar hann og menn hans voru svangir? ²⁶ Davíð fór inn í hús Guðs, á tímum Abjaðars æðsta prests, og át skoðunarbrauðin, sem er ólöglegt fyrir aðra en prestana að éta og gaf af þeim til þeirra sem voru með honum.“ ²⁷ Og Jesú bætti við „Hvíldardagurinn var gerður fyrir manninn, en ekki maðurinn fyrir hvíldardaginn.“ ²⁸ Þannig er Mannssonurinn líka herra hvíldardagsins.“

Þriðji kafli

¹ Eitt sinn þegar Jesú var í samkomuhúsinu sá hann þar mann með visna hönd.

² Farísarnir fylgdust með Jesú til að sjá hvort hann myndi lækna á hvíldardegi svo þeir gætu ákært hann. ³ Jesú sagði við manninn með visnu höndina „Stattu upp svo allir sjái þig“. ⁴ Jesú snéri sér þá að söfnuðinum og sagði „Hvort er löglegt? Að gera gott á hvíldardegi eða illt? Að bjarga lífi eða drepa?“ En fólkið þagði. ⁵ Jesú leit í kringum sig og reiddist yfir því hversu þrjósk hjörtu þeirra voru, en sagði við manninn með visnu höndina „Réttu út höndina“. Maðurinn rétti út höndina og hún var læknuð. ⁶ Þá fóru farísarnir út og fóru að leggja á ráðin með fylgismönnum Heródesar, hvernig þeir gætu drepit Jesú.

⁷ Jesú fór ásamt lærisveinum sínum út að vatninu og fjöldi fólks frá Galíleu fylgdi þeim. ⁸ Þegar fréttist af öllu því sem Jesú var að gera, dreif fólk að frá landi Júda, Jerúsalem, Ídúmeu og landinu hinum megin við Jórdaná og í kringum Týrus og Sídon.

⁹ Jesú sagði lærisveinum sínum að gera lítinn bát tilbúinn fyrir sig svo fólkið kremdi hann ekki ¹⁰ því hann hafði læknað margt fólk, þannig að öll þau sem voru haldin einhverjum sjúkdómum, þrýstu fram til að snerta hann. ¹¹ Alltaf þegar illir andar sáu hann, féllu þeir fram fyrir honum og hrópuðu upp yfir sig „Þú ert sonur Guðs!“ ¹² En hann skipaði þeim að segja ekki frá því.

¹³ Jesú fór upp í fjallshlíð og kallaði á þá sem hann vildi að kæmu með sér. ¹⁴ Hann útnefndi tólf úr hópnunum og kallaði þá postula eða sendiboða sína. Þeir myndu fylgja honum og hann myndi senda þá út til að bera út boðskapinn ¹⁵ og hann gaf þeim vald til að reka út illa anda.

¹⁶ Þetta eru þeir tólf sem hann útnefndi: Símon, sem hann kallaði Pétur, Jakob son Sebeda, og Jóhannes bróður hans (þeim bræðrum gaf hann nafnið Þrumusynir), ¹⁸ Andrés, Filipus, Bartólómus, Matthías, Tómas, Jakob Alfeusson, Þaddíus, Símon úr sjálfstæðisreglunni og Júda Ískaríot sem sveik hann.

²⁰ Eitt sinn fór Jesú inn í hús nokkuð og svo mikið af fólki safnaðist saman að lærisveinarnir gátu ekki einu sinni borðað. ²¹ Þegar fjölskylda Jesú heyrði af þessu öllu, reyndu þau að neyða hann til að fara með sér því þau sögðu „Hann er búinn að

missa vitið“.²² Og lögmálskennararnir sem komu frá Jerúsalem sögðu „Hann er andsetinn, Belsebúl er í honum, herra djöflanna. Þess vegna getur hann rekið út illa anda.“²³ En Jesú kallaði á þá og talaði við þá í dæmisögum „Hvernig ætti Satan að reka Satan út? ²⁴ Ef konungsríki er klofið í innbyrðis deilum, þá getur það ríki ekki staðið. ²⁵ Ef fjölskylda er klofinn í deilum, þá endist sú fjölskylda ekki. ²⁶ Og ef Satan er á móti sjálfum sér, klofinn í innbyrðis deilum, þá endist hann ekki, heldur er endir hans kominn. ²⁷ Eða lítið á þetta á þennan hátt, ef einhver ætlar að ræna sterkan mann, þarf að binda sterka manninn fyrst. Þá er hægt að ræna hús hans. ²⁸ Ég segi ykkur satt að allar syndir fólks verða fyrirgefnar og allt guðlast verður fyrirgefið, nema lastmæli gegn heilögum anda, það verður ekki fyrirgefið, það er synd með eilífar afleiðingar.“³⁰ Þetta sagði Jesú því þeir sögðu að hann hefði óhreinan anda.

³¹ Þá kom móðir Jesú og bræður hans, stóðu fyrir utan og sendu skilaboð inn að þau vildu tala við hann. ³² Hópur af fólki sat í kringum hann þegar hann fékk skilaboðin. „Móðir þín og bræður þínir standa fyrir utan og vilja tala við þig.“³³ Jesú svaraði „Hver er móðir mín og hverjir eru bræður mínir?“³⁴ Hann leit í kringum sig, benti á fólkið sem sat þar í kring og sagði „Þetta er móðir mín og bræður mínir. ³⁵ Þau sem gera vilja Guðs eru bræður mínir, systur mínar og móðir mín.“

Fjórði kafli

¹ Enn var Jesú að kenna við vatnið. Mannfjöldinn sem safnaðist saman var slíkur að Jesú þurfti að fara út á vatnið í bát til að kenna á meðan fólkið var á ströndinni og hlustaði á hann. ² Hann kenndi þeim margt með dæmisögum eins og þessari: ³ „Hlustið nú, einu sinni var bóndi sem fór út á akur að sá fræjum. ⁴ Þegar hann sáði, féllu sum fræin við stíginn og fuglar komu og átu þau. ⁵ Sum fræin féllu í grýtta jörð þar sem var ekki mikill jarðvegur, þau spíruðu fljótt því að undirlagið var grunnt. ⁶ En þegar sólin skein visnuðu plönturnar og skrælnuðu, því þær höfðu ekki sterkar rætur. ⁷ Önnur fræ féllu í þyrnana sem uxu upp og kæfðu plönturnar þannig á þeim óx ekkert korn. ⁸ Enn önnur fræ féllu í góðan jarðveg. Þau uxu og af þeim var uppskera sem var þrjátíufalt, sextíufalt og hundraðfalt það sem var sáð.“⁹ Jesú sagði svo „Þau sem hafa eyru til að heyra skulu hlusta og skilja“.

¹⁰ Þegar þeir voru orðnir einir spurðu lærisveinarnir Jesú um dæmisögurnar. ¹¹ Jesú sagði við þá „Ykkur hefur verið gefinn leyndardómurinn um konungsríki Guðs. En annað fólk fær að heyra allt í dæmisögum ¹² svo eins og var ritað „Þau geta horft á allt, en ekkert séð. Þau geta hlustað á allt, en heyra ekkert, því annars myndu þau snúa sér til Guðs og vera fyrirgefið.“¹³ Þá sagði Jesú við þá „Skiljið þið ekki þessa dæmisögu? Ef þið skiljið þessa ekki hvernig getið þið þá skilið nokkra dæmisögu? ¹⁴ Bóndinn er að gróðursetja orðið. ¹⁵ Sumt fólk er eins og fræin sem falla við stíginn, um leið og þau heyra orðið kemur Satan og tekur það í burtu. ¹⁶ Annað fólk er eins og fræ sem falla í grýtta jörð, þau heyra orðið og taka á móti því með fögnuði. ¹⁷ En þar sem þau hafa ekki sterkar rætur endist orðið bara í stutta stund. Um leið og erfiðleikar og ofsóknir hefjast vegna orðsins, falla þau í burtu. ¹⁸

Enn annað fólk er eins og fræ sem er sáð meðal þyrnanna, þau heyra orðið ¹⁹ en áhyggjur lífsins, tálsýn auðæfanna og eftirsókn í jarðneska hluti, kemur og kæfir orðið, sem ber ekki ávöxt. ²⁰ Síðan er fólkíð sem er eins og fræ sem falla í góða jörð. Þau heyra orðið, meðtaka það og af þeim kemur uppskera sem er þrjátíufalt, sextíufalt og hundraðfalt það sem var sáð.“ Þá spurði Jesú lærisveinana „Setjið þið lampa undir skál, eða undir rúm? Auðvitað ekki! Lampar eru settir á ljósstikur. ²² Því það sem er falið mun verða opinberað og það sem er lokað mun verða opnað. ²³ Þau sem hafa eyru til að heyra, skulu hlusta og skilja.“

²⁴ Jesú hélt áfram „Því betur sem þið hlustið, því meiri skilning munuð þið öðlast, og ykkur verður gefið enn meira. ²⁵ Þau sem hafa, munu fá meira, en þau sem hafa ekki munu missa jafnvel það sem þau hafa.“

²⁶ Jesú sagði líka „Konungsríki Guðs er eins og bóndi sem dreifir fræjum á jörðina. ²⁷ Fræin spíra og vaxa dag og nótt, hvort sem bóndinn sefur eða er vakandi, og bóndinn veit ekki hvernig það gerist, ²⁸ jörðin framleiðir sjálf uppskeruna. Fyrst kemur stöngullinn, svo kemur axið og að lokum þroskast kornið. ²⁹ Um leið og kornið er þroskað beitir bóndinn sigðinni á það vegna þess að þá er komið að uppskeru.“

³⁰ Jesú hélt áfram „Hverju getum við líkt konungsríki Guðs við? Eða hvaða dæmisögu er hægt að nota til að lýsa því? Það er eins og sinnepsfræ, sem er minnst allra fræja jarðarinnar. ³² En þegar því er sáð vex það og verður að tré sem er stærra en plöntur garðsins, með svo stórar greinar að fuglar geta leitað skjóls í skuggum þeirra.“

³³ Með mörgum slíkum dæmisögum kenndi Jesú fólkinu orðið, eins mikið og þau gátu skilið. ³⁴ Hann sagði aldrei neitt án þess að nota dæmisögur. En þegar hann var einn með lærisveinunum útskýrði hann allt.

³⁵ Þegar þessi dagur var á enda og það var komið kvöld, sagði Jesú við lærisveinana „Förum hinum megin við vatnið“. ³⁶ Þeir skildu hópinn eftir og héldu af stað ásamt nokkrum öðrum bátum. ³⁷ En fljótlega skall á gríðarmikill stormur. Háar öldurnar brotnuðu yfir bátinn sem fór að fyllast af vatni. ³⁸ Jesú var í skutnum, sofandi með höfuðið á púða. Lærisveinarnir vöktu hann með því að öskra „Kennari, er þér sama þó við séum að fara að drukkna?“ ³⁹ Jesú stóð upp, hastaði á storminn og sagði við öldurnar „Hafið ykkur hægar“. Þá slotaði veðrinu og allt féll í dúnalogn. ⁴⁰ Og Jesú sagði við lærisveinana „Af hverju voruð þið hræddir? Skortir ykkur ennþá trú?“

⁴¹ Þeir voru skelfingu lostnir og spurðu hvern annan „Hver er þessi maður? Jafnvel vindar og öldur hlýða honum!“

Fimmti kafli

¹ Þeir fóru yfir vatnið, til lands Gerasena. ² Um leið og Jesú steig frá borði mætti honum maður haldinn illum anda, sem kom til hans frá gröfunum. ³ Maður þessi bjó

í gröfunum og ekkert gat bundið hann lengur, ekki einu sinni með keðjum. ⁴ Því hann hafði oft verið bundinn með keðjum en hann sleit þær í sundur og sleit járnin af fótunum. Enginn var nógu sterkur til að halda honum niðri. ⁵ Dag og nótt var hann hjá gröfunum og upp í hæðunum, öskraði og skar sig með grjóti. ⁶ Þegar maðurinn sá Jesú í fjarska kom hann hlaupandi og féll fram fyrir honum ⁷ og öskraði eins hátt og hann gat „Hvað viltu mér Jesú, sonur hins hæsta. Í Guðs nafni, ekki kvelja mig!“ ⁸ Því Jesú hafði sagt við illa andann „Farðu út af manninum, þú illi andi!“ ⁹ Þá spurði Jesú „Hvað heitir þú?“ Hann svaraði „Nafn mitt er Hersveit, því við erum margir andar“. ¹⁰ Og hann grátbað Jesú aftur og aftur að senda sig ekki úr héraðinu. ¹¹ Stór svínahjörð var á beit í brekku skammt hjá ¹² og illu andarnir grátbáðu Jesú „Sendu okkur í svínin, leyfðu okkur að fara í þau“. ¹³ Hann gaf þeim leyfi og illu andarnir fóru út af manninum og í svínin. Hjörðin, um það bil tvö þúsund svín, hljóp niður bratta brekkuna og ofan í vatnið þar sem svínin drukknuðu. ¹⁴ Svínahirðarnir hlupu í burtu og sögðu frá þessu í bænum og í sveitinni og fólkið kom til að sjá hvað hafði gerst. ¹⁵ Þegar þau komu til Jesú sáu þau manninn sem hafði verið andsetinn af herdeildinni af illum öndum, sitjandi og klæddur, með réttu ráði og fólkið varð hrætt. ¹⁶ Þau sem höfðu orðið vitni að þessu sögðu fólkinu hvað hafði komið fyrir manninn sem var andsetinn og sögðu þeim líka frá svínunum. ¹⁷ Þá sárbað fólkið Jesú að fara í burtu og láta þau í friði.

¹⁸ Þegar Jesú var að stíga aftur um borð sárþændi maðurinn sem hafði verið andsetinn um að fá að fara með honum. ¹⁹ Jesú leyfði honum það ekki en sagði við hann „Farðu í þína heimabyggð og segðu fólkinu þínu hversu mikið Drottinn hefur gert fyrir þig og frá miskunnseminni sem hann sýndi þér“. ²⁰ Maðurinn fór og sagði fólkinu í Tíborgunum hversu mikið Jesú hafði gert fyrir hann og fólkið varð furðu lostið.

²¹ Þegar Jesú var kominn aftur yfir vatnið, myndaðist stór hópur í kringum hann á ströndinni. ²² Og einn af leiðtogunum í samkomuhúsinu á svæðinu, Jærus að nafni, kom þangað og þegar hann sá Jesú féll hann fram fyrir fætur hans ²³ og sagði við hann kvíðafullur „Litla dóttir mín liggur fyrir dauðanum, gerðu það komdu og leggðu höndina á hana svo hún læknist og lifi“. ²⁴ Jesú fór með honum. Mikill mannfjöldi fylgdi á eftir og þrýsti á hann. ²⁵ Þar í hópnum var kona sem hafði verið á blæðingum í tólf ár án afláts. ²⁶ Hún hafði þurft að þola mikið af hendi margra lækna og eytt í þá öllu því sem hún átti, en í stað þess að batna, versnaði henni. ²⁷ Þegar hún heyrði af Jesú kom hún aftan að honum og snerti kyrtilinn hans ²⁸ því hún hugsaði „Ef ég bara snerti kyrtilinn hans mun ég lækna“. ²⁹ Um leið stöðvaðist blæðingin og hún fann á líkama sínum að hún væri frjáls undan þjáningu sinni. ³⁰ Jesú áttaði sig strax á að kraftur hafði farið út af honum. Hann snéri sér við og spurði hópinn „Hver snerti klæðin mín?“ ³¹ Lærisveinarnir hans svöruðu „Þú sérð að fólkið þrýstir á þig úr öllum áttum en samt spyrðu „Hver snerti mig?““ ³² En Jesú hélt áfram að líta í kringum sig til að sjá hver hafði snert kyrtilinn hans. ³³ Þá kom konan, vitandi hvað hafði gerst, skjálífi til hans og féll fram fyrir fætur hans og sagði honum sannleikann. ³⁴ Jesú sagði við hana „Dóttir, trú þín læknaði þig. Farðu í

friði og vertu frjáls frá þjáningu þinni“.

³⁵ Á meðan Jesú var að segja þetta kom fólk frá húsi Jærusar og sagði „Dóttir þín er dáin, ekki ónáða kennarann lengur“. ³⁶ Jesú heyrði þetta en sagði „Ekki vera hræddur. Hafðu bara trú.“ ³⁷ Jesú leyfði engum að fylgja sér nema Pétri, Jakobi og Jóhannesi, bróður Jakobs. ³⁸ Þegar þeir komu að húsi samkomuleiðtogans sá Jesú fólk gráta og æpa af sorg. ³⁹ Hann fór inn til þeirra og sagði „Af hverju eruð þið með þessi sorgarlæti? Barnið er ekki dáíð, heldur sofandi.“ ⁴⁰ En þau hlógu að honum. Eftir að hafa vísað þeim út fór hann með föður og móður barnsins og lærisveinana, inn til barnsins. ⁴¹ Hann tók í höndina á henni og sagði „Talíþa kúm“ sem þýðir „Stattu upp stúlka“. ⁴² Um leið stóð stúlkan upp og gekk um, en hún var tólf ára. Þau sem sáu þetta voru gjörsamlega agndofa af undrun. ⁴³ Jesú skipaði þeim að segja engum frá þessu og sagði þeim svo að gefa stelpunni að borða.

Sjötti kafli

¹ Jesú yfirgaf það hérað og hélt til heimabæjar síns ásamt lærisveinunum. ² Næsta hvíldardag kenndi hann í samkomuhúsinu og mörg þeirra sem heyrðu hann tala voru steinhissa og spurðu „Hvaðan fékk þessi maður þessa þekkingu? Hvaða víska er þetta sem honum er gefin? Hvað eiga þessi kraftaverk að þýða sem hann framkvæmir? ³ Er þetta ekki smiðurinn? Er þetta ekki sonur Maríu og bróðir Jakobs, Jósefs, Júda og Símonar? Eru systur hans ekki hérna meðal okkar?“ Og þau reiddust honum. ⁴ Jesú sagði við þau „Spámenn eru allstaðar mikils metnir, nema í sinni heimabyggð, meðal ættingja sinna og heima hjá sér“. ⁵ Jesú gat ekki framkvæmt nein kraftaverk þar nema að leggja hendur sínar á nokkra veika sem læknuðust. ⁶ Hann undraðist trúleysi þeirra. Og Jesú fór þorpi úr þorpi og kenndi.

⁷ Hann kallaði saman lærisveinana tólf og sendi þá út, tvo og tvo, og gaf þeim vald til að reka út illa anda. ⁸ Jesú sagði við þá „Takið ekkert með ykkur nema göngustaf, ekki brauð, ekki farteski, enga peninga í buddunni. ⁹ Verið í sandölum en ekki með auka föt. ¹⁰ Hvert sem þið farið, verið í sama húsinu þartil þið farið þaðan. ¹¹ Og ef einhver staður vill ekki taka á móti ykkur eða hlusta á ykkur, farið þá þaðan og dustið rykið af fótum ykkar, þeim til vitnisburðar.“

¹² Lærisveinarnir fóru út og fluttu fólki iðrunarboðskapinn. ¹³ Þeir ráku út marga illa anda og smurðu veikt fólk með olíu og læknaðu þau.

¹⁴ Heródes kóngur heyrði um allt þetta því nafn Jesú var orðið vel þekkt. Sumt fólk sagði „Jóhannes skírari hefur verið reistur upp frá dauðum og þessvegna er hann með þennan kraftaverkamátt“. ¹⁵ Annað fólk sagði „Hann er Elía“ og enn annað fólk sagði „Hann er spámaður, eins og spámennirnir sem voru í gamla daga“.

¹⁶ Þegar Heródes heyrði þetta sagði hann „Jóhannes, sem ég lét hálshöggva, er risinn upp frá dauðum!“ ¹⁷ Því Heródes hafði látið handtaka Jóhannes og setja í

fangelsi. Hann gerði þetta vegna Heródísar, konu bróðir síns Filipusar, sem hann hafði gengið í hjónaband með. ¹⁸ Því Jóhannes hafði sagt við Heródes „Það er ólöglegt fyrir þig að taka konu bróður þíns“. ¹⁹ Heródísi gramdist þetta og vildi láta drepa Jóhannes en hún gat það ekki vegna Heródesar. ²⁰ Heródes var hræddur við Jóhannes því hann vissi að Jóhannes væri réttlátur og heilagur maður og hann lét ekkert koma fyrir hann. Þegar Heródes hlustaði á Jóhannes varð hann undrandi, en líkaði samt vel að hlusta á hann.

²¹ Að lokum fékk Heródís tækifærið. Í afmælisveislu Heródesar þar sem voru saman komnir allir helstu ráðamenn og borgarar Galíleu, ²² kom dóttir Heródísar og dansaði fyrir Heródes sem gladdi hann mjög og gesti hans. Kóngurinn sagði því við hana „Hvað viltu fá? Ég skal gefa þér hvað sem þú vilt.“ ²³ Og hann lofaði henni með því að sverja eið „Ég skal gefa þér hvað sem þú vilt, allt að hálfu konungsdæmi mínu“. ²⁴ Stúlkan fór og ráðfærði sig við móður sína og spurði „Hvað ætti ég að biðja um?“ Móðir hennar svaraði „Höfuð Jóhannesar skírara“. ²⁵ Stúlkan hraðaði sér aftur til kóngsins og heimtaði „Ég vil að þú gefir mér hér og nú, höfuð Jóhannesar skírara á fati“. ²⁶ Þetta hryggði kónginn en hann gat ekki neitað henni vegna eiðsins sem hann sór fyrir framan gestina. ²⁷ Kóngurinn kallaði á böðulinn og skipaði honum að koma tilbaka með höfuð Jóhannesar. Böðullinn fór í fangelsið og hjó höfuðið af Jóhannesi, ²⁸ kom með það á fati og lét stúlkuna fá höfuðið. Hún gaf það svo móður sinni.

²⁹ Þegar lærisveinar Jóhannesar fréttu þetta komu þeir og tóku líkið og grófu það.

³⁰ Þegar lærisveinar Jesú komu tilbaka úr ferðinni sögðu þeir honum allt það sem þeir höfðu gert og kennt. ³¹ Það var svo mikið af fólki sem var að koma og fara að Jesú og lærisveinarnir gátu ekki einu sinni matast. Þannig Jesú sagði við þá „Við skulum fara eitthvert þar sem við getum verið einir um stund, svo þið getið hvílst“. ³² Þeir héldu af stað á bát og fóru á afvikinn stað. ³³ En margt fólk sá þá fara og vissu hverjir þeir voru og fóru því úr öllum bæjunum í kring og hlupu landleiðina á undan þeim.

³⁴ Þegar Jesú steig frá borði sá hann mannfjöldann og vorkenndi fólkinu því þau voru eins og lömb án hirðis og hann kenndi þeim margt. ³⁵ Nú var orðið áliðið og lærisveinarnir komu til Jesú og sögðu „Þetta er afvikinn staður og nú þegar er orðið áliðið. ³⁶ Sendu fólkið heim svo þau geti farið í bæina hér í kring og fundið sér eitthvað að éta.“ ³⁷ En Jesú svaraði „Gefið þeim sjálfir mat“. Lærisveinarnir svöruðu „Það myndi kosta meira en hálfars laun verkamanns að gefa þeim öllum mat, eigum við að eyða svo miklu í brauð handa þeim?“ ³⁸ Jesú sagði „Athugið hvað eruð þið með mörg brauð“. Þeir gerðu það og komu tilbaka og sögðu „Fimm brauð, og tvo fiska“. ³⁹ Þá sagði Jesú þeim að láta fólkið setjast niður í hópum á grænu grasinu. ⁴⁰ Þeir létu fólkið setjast í hópa, hundrað í sumum, fimmtíu í öðrum. ⁴¹ Jesú tók brauðin fimm og fiskana tvo, horfði til himins, þakkaði Guði og braut brauðin. Síðan rétti hann lærisveinunum þau til að deila út meðal fólksins. Hann deildi líka fiskunum tveim meðal þeirra. ⁴² Þau átu öll og urðu södd. ⁴³ Eftir matinn söfnuðu

lærisveinarnir saman tólf fullum körfum af brauði og fiski. ⁴⁴ Fjöldi þeirra sem átu voru fimm þúsund karlar, auk kvenna og barna.

⁴⁵ Þegar því var lokið sagði Jesús lærisveinunum að fara í bátinn og fara á undan sér til Betsædu, á meðan hann sendi fólkið í burt. ⁴⁶ Þegar þau voru öll farin af stað, fór Jesús upp í fjallshlíð til að biðja. ⁴⁷ Seinna þá um nóttina var báturinn út á miðju vatninu og Jesús var einn á landi. ⁴⁸ Hann sá lærisveinana streitast við að róa á móti öldurótinu því vindurinn stóð beint á þá. Skömmu fyrir sólarupprás fór hann til þeirra, gangandi á vatninu. Hann var að fara að ganga framhjá þeim, ⁴⁹ en þegar þeir sáu hann ganga á vatninu, héldu þeir að hann væri draugur. Þeir hrópuðu upp yfir sig ⁵⁰ því þeir sáu hann allir og voru logandi hræddir. Þá talaði hann til þeirra og sagði „Verið hugrakkir! Þetta er ég. Ekki vera hræddir.“ ⁵¹ Þá steig hann um borð í bátinn til þeirra og vindurinn datt niður. Þeir voru gjörsamlega agndofa ⁵² því þeir höfðu ekki skilið þetta með brauðin, hjörtu þeirra voru of hörð til að skilja.

⁵³ Þegar þeir höfðu komist yfir vatnið, tóku þeir land í Genesaret og lögðu þar akkeri. ⁵⁴ Um leið og þeir stigu úr bátinum kom fólk auga á Jesús. ⁵⁵ Þau hlupu til hans úr öllum áttum og báru veika til hans á mottum, hvar sem þau heyrðu að hann væri. ⁵⁶ Og hvert sem hann fór, í þorp, bæi eða sveit, bar fólk veika til hans og sárþændu hann að fá að snerta kyrtilfaldinn hans, og öll þau sem snertu hann læknuðust.

Sjöundi kafli

¹ Farísar og nokkrir lögmálskennarar sem höfðu komið frá Jerúsalem, komu til Jesús ² og sáu að nokkrir lærisveinar hans átu brauðið með vanhelgum, það er óþvegnum, höndum. ³ Farísarnir og Gyðingar allir, taka aldrei til matar nema að þvo fyrst hendurnar samkvæmt athöfn sem kom frá feðrum þeirra. ⁴ Þegar Gyðingar koma af markaðnum borða þeir ekki, nema að þvo hendurnar fyrst. Og þeir halda í allskonar aðrar hefðir eins og að þvo bikara, könnur og katla. ⁵ Farísarnir og lögmálskennararnir spurðu því Jesús „Af hverju halda lærisveinar þínir ekki í hefðir forfeðranna og éta brauðið með höndum sem er ekki búíð að hreinsa með athöfn?“ ⁶ Jesús svaraði „Jesaja hafði rétt fyrir sér þegar hann ritaði spádóminn um ykkur hræsnarana, því ritað er „Þetta fólk heiðrar mig með vörunum en hjörtu þeirra eru langt frá mér. ⁷ Þau tilbiðja mig til einskis því kenningar þeirra eru ekkert nema reglur manna.“ ⁸ Þið hafið hunsað boðorð Guðs en haldið í hefðir manna.“ ⁹ Og Jesús hélt áfram „Þið eruð sérfræðingar í að afneita lögum Guðs til að halda í ykkar eigin hefðir. ¹⁰ Til dæmis sagði Móse „Heiðraðu föður þinn og móður þína“ og „Hver sem blótar föður sínum eða móður sinni skal dæmdur til dauða“. ¹¹ En þið segið það í lagi að fólk segi við foreldra sína „Því miður get ég ekki hjálpað ykkur því ég hef lofað Guði þeim peningum sem ég hefði getað hjálpað ykkur með“. ¹² Þannig leyfið þið fólki að neita foreldrum sínum um aðstoð. ¹³ Þið brjótið þannig gegn orði Guðs til að halda í eigin hefðir. Og þið gerið margt sem er þessu líkt.“

¹⁴ Þá sagði Jesús mannfjöldanum að koma nær og sagði „Hlustið á mig öll og skiljið

þetta. ¹⁵ Það er ekki það sem fer inn í líkamann sem vanhelgar hann, heldur er það sem kemur úr hjartanu sem vanhelgar fólk.“ ¹⁶

¹⁷ Jesú skildi við mannfjöldann og fór inn í hús nokkurt. Lærisveinarnir spurðu hann þá hvað dæmisagan þýddi. ¹⁸ Jesú svaraði „Skiljið þið þetta ekki heldur? Sjáið þið ekki að ekkert getur vanhelgað manneskju sem kemur utan frá? ¹⁹ Því það fer ekki inn í hjartað heldur ofan í maga og þaðan út úr líkamanum.“

²⁰ Jesú hélt áfram „Það sem kemur frá manneskjunni vanhelgar hana. ²¹ Því að innan, úr hjarta manneskjunnar, koma illar hugsanir, lauslæti, þjófnaður, morð, ²² framhjáhald, græðgi, að óska öðrum ills, blekkingar, lostafullar langanir, öfund, baktal, hroki og slæm dómgreind. ²³ Allt þetta kemur innanfrá og óhreinkar.“

²⁴ Jesú fór í burtu og hélt til Týrus. Hann vildi halda því leyndu hvar hann dvaldi, en það var ómögulegt. ²⁵ Um leið kom kona til hans og féll við fætur hans því dóttir hennar var haldinn illum anda. ²⁶ Konan var grísk, frá sýrlensku Föníku. Hún grátbað Jesú að reka illa andann út af dóttur sinni. ²⁷ Jesú sagði við hana „Ég þarf fyrst að gefa börnum minnar eigin fjölskyldu, Gyðingunum, að borða. Það er ekki gott að taka mat barnanna og gefa hundunum.“ ²⁸ Konan svaraði „Herra, það er rétt, en samt fá hundarnir að éta afgangana sem detta af borði barnanna“. ²⁹ Jesú svaraði henni „Þú hefur svarað vel, illi andinn er farinn út af dóttur þinni“. ³⁰ Hún fór heim og dóttir hennar lá á rúminu, laus við illa andann.

³¹ Þá yfirgaf Jesú Týrus í gegnum Sídon, niður að Galíleuvatni og til svæðisins í kringum Tíborgir. ³² Fólk kom með heyrnarlausan mann sem gat varla talað, til Jesú og fólkid grátbað hann um að leggja hönd sína á manninn. ³³ Jesú leiddi manninn í burtu frá hópnum og setti fingurinn í eyrað á honum. Þá vætti Jesú fingur sinn með munnvatni og snerti tungu mannsins. ³⁴ Jesú leit upp til himins, andvarpaði og sagði „Effaþa“ eða „Opnastu“. ³⁵ Við þetta opnuðust eyru mannsins, það losnaði um tungu hans og hann fór að tala. ³⁶ Jesú sagði fólkinu að halda þessu leyndu en því meira sem hann bað þau, því fleirum sögðu þau frá. ³⁷ Fólkid var þrumu lostið og sagði „Allt sem þessi maður gerir er gott. Hann gefur meiraðsegja heyrnarlausum heyrn og mállausum málið.“

Áttundi kafli

¹ Stuttu eftir þetta hafði aftur myndast mikill mannfjöldi. Þau höfðu engan mat og Jesú kallaði því á lærisveinana og sagði ² „Ég vorkenni þessu fólki, þau hafa verið hjá mér í þrjá daga og hafa engan mat. ³ Ef ég sendi þau í burtu svöng, gætu þau hnigið niður á veginum, því sum þeirra komu langt að.“ ⁴ Lærisveinarnir svöruðu „En hvar, á þessum afskekktu stað ættum við að finna brauð sem myndi duga fyrir allt þetta fólk?“ ⁵ Jesú svaraði „Hversu mörg brauð eruð þið með?“ „Sjö“ svöruðu þeir. ⁶ Jesú sagði fólkinu að setjast á jörðina og tók brauðin sjö, þakkaði Guði, og braut þau og rétti lærisveinunum til að dreifa meðal fólksins. ⁷ Þeir voru líka með nokkra smáfiska og Jesú þakkaði Guði líka fyrir þá og sagði lærisveinunum að dreifa þeim. ⁸

Fólkið borðaði og þau urðu öll södd. Eftir matinn söfnuðu lærisveinarnir saman sjö fullum körfum af afgöngum.

⁹ Í hópnum þennan dag voru fjögur þúsund karlar, auk kvenna og barna.

Eftir matinn sendi Jesús þau heim til sín ¹⁰ og hélt ásamt lærisveinunum sínum á bát í hérað Dalmanúta. ¹¹ Farísarnir komu og fóru að rökræða við Jesús. Til að reyna hann báðu þeir hann um tákni af himnum. ¹² Jesús dæsti og sagði „Af hverju biður þetta fólk um tákni? Ég segi ykkur satt, ykkur verður ekki gefið neitt tákni.“

¹³ Síðan fór Jesús aftur yfir vatnið á bát. ¹⁴ Lærisveinarnir höfðu gleymt að taka með brauð, fyrir utan eitt brauð sem þeir voru með í bátinum. ¹⁵ Jesús sagði á sömu stundu „Passið ykkur á súrdeigi farísa og fylgismanna Heródesar“. ¹⁶ Lærisveinarnir ræddu sín á milli og sögðu „Hann segir þetta af því við höfum ekkert brauð“. ¹⁷ Jesús gerði sér grein fyrir hvað þeir voru að ræða og sagði við þá „Af hverju eruð þið að tala um að þið hafið ekkert brauð? Skiljið þið ekki ennþá? Eru hjörtu ykkar ennþá svona hörð? ¹⁸ Hafið þið augu sem sjá ekki og eyru sem heyra ekki? Munið þið ekkert sem hefur gerst? ¹⁹ Þegar ég braut brauðin fimm handa fimmþúsund, hversu margar körfur tókuð þið saman með afgöngum?“ „Tólf“ svöruðu þeir. ²⁰ „Og þegar ég braut sjö brauð handa fjórum þúsundum, hversu margar körfur voru eftir með afgöngum?“ „Sjö“ svöruðu þeir. ²¹ Jesús sagði þá við þá „Eruð þið ekki ennþá farnir að skilja?“

²² Þeir komu til Betsædu og fólk kom með blindan mann til Jesús og sárbaðu hann um að snerta manninn og lækna hann. ²³ Jesús tók í höndina á blinda manninum og leiddi hann út fyrir þorpið. Jesús skyrpti í augu mannsins og setti hendur sínar á hann. Jesús spurði hann svo „Sérðu eitthvað?“ ²⁴ Maðurinn leit upp og sagði „Ég sé fólk, þau eru eins og tré sem ganga um“. ²⁵ Jesús setti hendurnar aftur á augu hans. Þá opnuðust augun og maðurinn fékk sjónina og sá allt skýrt. ²⁶ Jesús sendi manninn heim til sín og sagði honum að fara ekki inn í þorpið á leiðinni.

²⁷ Jesús og lærisveinarnir héldu áfram í þorpin í kringum Keisaríu Filippíu. Á leiðinni spurði hann þá „Hver heldur fólkið að ég sé?“ ²⁸ Þeir svöruðu „Sumir segja að þú sért Jóhannes skírari, aðrir segja Elía og enn aðrir að þú sért einn af spámönnunum“. ²⁹ Jesús spurði þá „En hvað með ykkur? Hver segið þið að ég sé?“ Pétur svaraði „Þú ert Messías“. ³⁰ Jesús varaði þá við að segja fólki frá því.

³¹ Jesús fór þá að segja þeim að Mannssonurinn þyrfti að þola margt og vera hafnað af öldungunum, æðstu prestunum og lögmálskennurunum, og að hann yrði að vera drepinn en myndi rísa upp frá dauðum á þriðja degi. ³² Hann sagði þetta hreint út. Pétur tók hann afsíðis og áminnti hann fyrir að segja slíka hluti. ³³ Jesús snéri sér við og leit til lærisveinanna og skammaði svo Pétur „Farðu frá mér Satan! Þú hefur áhyggjur af jarðneskum hlutum en hugsar ekki um það sem tilheyrir Guði!“

³⁴ Jesús kallaði þá mannfjöldann og lærisveinana til sín og sagði „Þau sem vilja vera lærisveinar mínir þurfa að afneita sjálfinu og bera sinn kross og fylgja mér. ³⁵ Því

þau sem vilja bjarga lífi sínu á jörðinni munu týna því. En þau sem týna lífi sínu mín og gleðifréttanna vegna, munu bjarga því. ³⁶ Því hvað græðir þú á því að eignast allan heiminn, ef þú glatar sál þinni? ³⁷ Eða hvað er hægt að nota til að kaupa sálina sína? ³⁸ Ef einhver skammast sín fyrir mig og boðskap minn á þessum tímum framhjáhalds og syndar, mun Mannssonurinn skammast sín fyrir þau frammi fyrir dýrð Föður síns og heilögum englum hans.“

Níundi kafli

¹ Jesú sagði þá við þau „Ég segi ykkur satt, sum ykkar sem standa hér munu ekki deyja fyrr en þau sjá konungsríki Guðs koma með krafti“. ² Og sex dögum seinna tók Jesú, Pétur, Jakob og Jóhannes með sér upp á hátt fjall þar sem þeir voru einir. Þá umbreyttist hann fyrir augum þeirra. ³ Klæði hans urðu skjannahvít, hvítari en nokkuð sem manneskja gæti gert. ⁴ Og þar birtust þeim Elía og Móse, sem töluðu við Jesú. ⁵ Pétur sagði þá við Jesú „Rabbi, það er gott að við erum hérna. Reisum þrjú tjöld, eitt fyrir þig, eitt fyrir Móse og eitt fyrir Elía.“ ⁷ Hann sagði þetta af því hann vissi ekki hvað hann ætti að segja, þeir voru svo skelkaðir. ⁸ Þá birtist ský sem huldi þá og rödd kom úr skýinu sem sagði „Þetta er sonur minn sem ég elska. Hlustið á hann!“ ⁸ Þegar þeir litu í kringum sig var skyndilega enginn þar nema Jesú. ⁹ Þegar þeir gengu niður fjallið skipaði Jesú þeim að segja ekki frá því sem þeir höfðu séð fyrr en Mannssonurinn hefði verið reistur upp frá dauðum. ¹⁰ Þeir héldu þessu leyndu en ræddu sín á milli hvað það þýddi að „Vera reistur upp frá dauðum“. ¹¹ Og þeir spurðu hann „Af hverju segja lögmálskennararnir að fyrst þurfi Elía að koma?“ ¹² Jesú svaraði „Vissulega kemur Elía fyrst og gerir allt tilbúið. En af hverju er það þá að Ritningin segir að Mannssonurinn muni þurfa að þola mikið og vera hafnað? ¹³ En ég segi ykkur, Elía er búinn að koma og það var gert við hann það sem mönnum sýndist, alveg eins og var ritað um hann.“

¹⁴ Þegar þeir komu tilbaka sáu þeir mannfjölda í kringum lærisveinana og lögmálskennara að rökræða við þá. ¹⁵ Þegar fólkið sá Jesú hlupu þau til hans til að heilsa honum og voru þrumu lostin. ¹⁶ Jesú spurði „Um hvað eruð þið að rökræða?“ ¹⁷ Maður einn í hópnum svaraði „Kennari, ég kom með son minn til þín, hann er haldinn illum anda sem hefur rænt hann málinu. ¹⁸ Þegar andinn heltekur hann, kastast sonur minn til jarðar. Hann froðufellir, gnístir tönnunum og verður alveg stífur. Ég bað lærisveina þína að reka andann út en þeir gátu það ekki.“ ¹⁹ Jesú svaraði „Þið vantrúa fólk. Hversu lengi þarf ég að vera hjá ykkur? Hversu lengi þarf ég að þola ykkur. Komið með drenginn til mín.“ ²⁰ Drengurinn var færður til hans og þegar andinn sá Jesú tók hann að láta drenginn kastast til og engjast um. Hann féll til jarðar og iðaði á jörðinni froðufellandi. ²¹ Jesú spurði föður drengsins „Hversu lengi hefur hann verið svona?“ Maðurinn svaraði „Síðan hann var lítill drengur. ²² Andinn hefur oft kastað honum í eld og vatn til að reyna drepa hann. En ef þú getur gert eitthvað, gerðu það fyrir okkur sýndu okkur miskunn og hjálpaðu okkur.“ ²³ Jesú svaraði „Ef ég get? Allt er mögulegt fyrir þau sem trúa.“ ²⁴ Faðir drengsins sagði um leið „Ég trúi en hjálpaðu mér að yfirstíga vantrúa mína“.

²⁵ Þegar Jesú sá að mannfjöldinn var að koma til hans hastaði hann á illa andann og sagði „Þú heyrnarlaus og mállausi andi, ég skipa þér að fara út af honum og snúa aldrei aftur“. ²⁶ Andinn tók þá að skríkja og fleygja drengnum illilega til og frá og fór svo út af honum. Drengurinn leit út eins og liðið lík og sumt fólk sagði „Hann er dáinn“. ²⁷ En Jesú tók í höndina á honum og hjálpaði honum á fætur og hann stóð upp.

²⁸ Þegar Jesú og lærisveinarnir voru komnir inn spurðu þeir hann í einrúmi „Af hverju gátum við ekki rekið illa andann út?“ ²⁹ Jesú svaraði „Svona andar verða bara reknir út með bæn“.

³⁰ Þeir fóru þaðan og fóru í gegnum Galíleu. Jesú vildi ekki að það fréttist að þeir væru þar ³¹ því hann var að kenna lærisveinunum sínum. Jesú sagði við þá „Mannssonurinn mun verða framseldur í hendur manna sem munu drepa hann, en á þriðja degi mun hann rísa upp frá dauðum“. ³² En þeir skildu ekki hvað hann átti við og voru hræddir að spyrja hann.

³³ Þeir komu til Kapernám og þegar þeir voru komnir inn í hús spurði Jesú lærisveinana „Hvað voruð þið að ræða á leiðinni?“ ³⁴ En þeir sögðu ekki neitt því að þeir höfðu verið að ræða hver þeirra væri mestur. ³⁵ Jesú settist niður og kallaði þá saman „Ef einhver ykkar vill vera fyrstur skal hann setjast í síðasta sætið og vera þjónn hinna“. ³⁶ Hann setti lítið barn á meðal þeirra og tók utan um barnið og sagði ³⁷ „Þau sem bjóða velkomið eitt þessara litlu barna í mínu nafni, bjóða mig velkominn, og þau sem bjóða mig velkominn bjóða ekki mig velkominn, heldur þann sem að sendi mig“. ³⁸ Jóhannes spurði þá „Kennari, við sáum mann sem var að reka út illa anda í þínu nafni og við sögðum honum að hætta, því að hann var ekki einn af okkur“. ³⁹ Jesú svaraði „Ekki segja honum að hætta, því þau sem gera kraftaverk í mínu nafni eru ekki að fara að segja neitt illt um mig. ⁴⁰ Því sá sem er ekki á móti okkur, er með okkur. ⁴¹ Ég segi ykkur satt að öll þau sem gefa ykkur glas af vatni í mínu nafni, af því að þið tilheyrið Messíasi, munu ekki missa af laununum sínum. ⁴² En þau sem valda því að eitt af þessum litlu sem trúu, hrasa; það væri betra fyrir þau að hafa stóran myllustein um hálsinn og vera kastað í sjóinn. ⁴³ Ef höndin ykkar veldur því að þið hrasað, skerið hana af. Það er betra að vera einhentur og fá eilíft líf en að vera með tvær hendur þegar ykkur er kastað í óslökkvandi eldinn. ⁴⁴ ⁴⁵ Og ef fótur ykkar veldur því að þið hrasað, skerið hann af, því það er betra að vera einfættur og fá eilíft líf en að vera með tvo fætur þegar þér er kastað í helvíti. ⁴⁶ ⁴⁷ Og ef auga ykkur veldur því að þið hrasað, krækið það þá úr. Það er betra að fá að ganga inn í konungsríki Guðs með eitt auga, en að vera með bæði augun þegar ykkur er kastað í helvíti, ⁴⁸ þar sem „Ormarnir sem éta þau deyja ekki og eldurinn slökkvar ekki“. ⁴⁹ Því allt fólk verður saltað með eldi eins og fórnin er hreinsuð með salti. ⁵⁰ Salt er gott en ef saltið hefur misst bragð sitt með hverju er hægt að salta það? Þið verðið að hafa saltið í ykkur og lifa í friði með hvert öðru.“

Tíundi kafli

¹ Jesú fór næst til lands Júda og yfir Jórdaná. Mannfjöldi kom til hans og Jesú kenndi þeim eins og hann var vanur. ² Nokkrir farísar komu til hans og reyndu hann með því að spyrja hannhvort körlum leyfist að skilja við konur sínar. ³ Jesú svaraði „Hvað sagði Móse ykkur að gera í lögbókunum?“ ⁴ Þeir svöruðu „Móse leyfði skilnað ef konan fékk undirritaða skilnaðarpappíra áður en hún er send burtu“.

⁵ Jesú svaraði „Móse skrifaði þetta vegna þess hve hörð hjörtu ykkar eru. ⁶ En í upphafi sköpunar Guðs gerði hann þau karl og konu. ⁷ Það er ástæða þess að karl yfirgefur föður sinn og móður til að sameinast konu sinni ⁸ og þau verða einn líkami og eru ekki lengur tvö, heldur eitt. ⁹ Þannig að það sem Guð hefur gefið saman, má ekkert jarðneskt sundra aftur.“

¹⁰ Þegar þeir voru komnir aftur inn í hús spurðu lærisveinarnir Jesú út í þetta. ¹¹ Jesú svaraði þeim „Hver sem skilur við konu sína og gengur í hjónaband með annarri konu er að halda framjá. ¹² Og ef kona skilur við eiginmann sinn og giftist öðrum manni er hún að halda framhá.“

¹³ Fólki kom með lítil börn til Jesú svo hann gæti lagt hönd sína á þau til að blessa þau, en lærisveinarnir bönnuðu það. ¹⁴ Þegar Jesú sá það reiddist hann lærisveinunum og sagði við þá „Leyfið litlu börnunum að koma til mín og ekki stöðva þau, því konungsríki Guðs er þeirra sem eru eins og þessi litlu börn. ¹⁵ Ég segi ykkur satt, þau sem taka ekki á móti konungsríki Guðs eins og lítil börn, munu aldrei ganga þangað inn.“ ¹⁶ Og Jesú tók börnin í fangið, lagði hendur sínar á höfuðið á þeim og blessaði þau.

¹⁷ Þegar Jesú hélt af stað, hljóp maður til hans, féll niður á hnéin og spurði „Góði kennari, hvað þarf ég að gera til að fá eilíft líf?“ ¹⁸ Jesú svaraði „Af hverju kallar þú mig góðan? Það er enginn góður nema Guð. ¹⁹ En þú þekkir boðorðin: „Þú skalt ekki drepa, ekki halda framhá, ekki stela, ekki gefa rangan vitnisburð, ekki svíkja fólk og heiðraðu föður þinn og móður þína.“ ²⁰ Maðurinn sagði þá „Kennari, ég hef gert allt þetta síðan ég var lítill drengur.“ ²¹ Jesú horfði á manninn með kærleika og sagði við hann „Það er eitt sem þú hefur ekki gert, farðu og seldu allt sem þú átt og gefðu fátækum og þú munt eiga fjársjóð á himnum. Komdu síðan og fylgdu mér.“ ²² Við að heyra þetta breyttist svipurinn á manninum og hann fór í burtu hryggur, því hann var mjög ríkur.

²³ Jesú leit í kringum sig og sagði við lærisveinana „Hversu erfitt verður það fyrir ríkt fólk að komast inn í konungsríki Guðs“. ²⁴ Lærisveinarnir urðu hissa við að heyra þetta en Jesú hélt áfram „Börn, hversu erfitt er að komast inn í konungsríki Guðs? ²⁵ Það er auðveldara fyrir úlfalda að fara í gegnum nálarauga en fyrir ríkt fólk að komast inn í konungsríki Guðs.“ ²⁶ Lærisveinarnir urðu enn meira hissa við að heyra þetta og sögðu sín á milli „Hverjum verður þá bjargað?“ ²⁷ Jesú leit á þá og sagði „Fyrir manneskjur er það ómögulegt, en ekki fyrir Guð, allt er mögulegt með Guði“.

²⁸ Þá sagði Pétur „Við yfirgáfum allt til að fylgja þér“. ²⁹ Jesú svaraði „Ég segi ykkur satt, engin manneskja yfirgefur heimili sitt eða systkini sín eða foreldra sína eða börn sín eða akur vegna mín og gleðifréttanna, ³⁰ sem fær það ekki hundraðfalt tilbaka á þessum dögum, hús, systkini, foreldra og eignir, ásamt ofsóknum, og á komandi dögum fá þau svo eilíft líf. ³¹ En mörg þau sem eru fyrst verða síðust og mörg þeirra sem eru síðust verða fyrst.

³² Þeir voru á leiðinni til Jerúsalem með Jesú í broddi fylkingar og lærisveinarnir voru gáttaðir, og fólkið sem fylgdi á eftir var skelfingu lostið. Jesú tók þá tólf afsíðis og endurtók það sem myndi koma fyrir hann. ³³ Jesú sagði við þá „Við erum á leiðinni til Jerúsalem og Mannssonurinn mun verða framseldur til æðstu prestanna og lögmálskenningaranna. Þeir munu dæma hann til dauða og færa hann heiðingjunum ³⁴ sem munu hæðast að honum, hrækja á hann, híða hann og drepa hann. Á þriðja degi mun hann rísa upp frá dauðum.“

³⁵ Þá komu Jakob og Jóhannes, synir Sebeda, til Jesú og sögðu við hann „Kennari, við viljum biðja þig um nokkuð.“ ³⁶ Jesú svaraði „Hvað viljið þið að ég geri fyrir ykkur?“ ³⁷ Bræðurnir svöruðu „Leyfðu öðrum okkar að sitja við hægri hönd þína og hinum við vinstri höndina, þegar þú ert sestur í dýrðlegt hásæti þitt“. ³⁸ Jesú svaraði „Þið vitið ekki hvað þið eruð að biðja um, gætuð þið drukkið af þeim bikar sem ég er að fara að drekka af og skírast þeirri skírni sem ég er að fara skírast?“ ³⁹ Þeir svöruðu „Við getum það.“ Jesú svaraði þeim þá „Þið munuð drekka af þeim bikar sem ég mun drekka af og skírast þeirri skírni sem ég mun skírast, ⁴⁰ en hver situr mér til hægri eða vinstri, það er ekki fyrir mig að ákveða. Guð hefur gefið það þeim sem hann hefur valið.“ ⁴¹ Þegar hinir tíu heyrðu þetta reiddust þeir bræðrunum. ⁴² Jesú kallaði þá saman og sagði „Þið vitið að þeir sem teljast vera valdhafar heiðingjanna, gnæfa yfir þá og háttsettir meðal þeirra ríkja yfir þeim með valdi. ⁴³ En látið það ekki vera þannig meðal ykkar heldur skal sá sem vill vera mikill meðal ykkar vera þjónn hinna ⁴⁴ og sá sem vill verða mestur meðal ykkar skal vera þræll hinna. ⁴⁵ Því ekki einu sinni Mannssonurinn lét þjóna sér heldur kom hann til að þjóna og til að gefa líf sitt sem lausnargjald fyrir margt fólk.“

⁴⁶ Næst fóru þeir til Jeríkó og þegar þeir fóru þaðan ásamt miklum mannfjölda, sat blindur maður sem hét Bartímus (Sem þýðir Tímussonur) við veginn og betlaði. ⁴⁷ Þegar maðurinn heyrði að það væri Jesú frá Nasaret sem var þar á ferð, hrópaði hann „Jesú, sonur Davíðs, sýndu mér miskunn!“ ⁴⁸ Margt fólk í hópnum hastaði á manninn og sagði honum að þegja en hann hrópaði enn hærra „Sonur Davíðs, sýndu mér miskunn!“ ⁴⁹ Jesú nam staðar og sagði „Kallið á hann“ og fólkið kallaði á manninn og sagði „Taktu gleði þína. Stattu upp! Hann er að kalla eftir þér.“ ⁵⁰ Maðurinn henti yfirhöfninni til hliðar og stökk á fætur og fór til Jesú. ⁵¹ Jesú spurði hann „Hvað viltu að ég geri fyrir þig?“ Blindi maðurinn svaraði „Rabbí, ég vil sjá“. ⁵² Jesú sagði við hann „Þú getur farið, trú þín hefur bjargað þér“ og maðurinn fékk sjónina og fylgdi Jesú.

Ellefti kafli

¹ Þegar Jesú og lærisveinarnir nálguðust Jerúsalem og voru við bæina Betfage og Betaníu við Ólívufjall, sendi Jesú tvo lærisveina á undan ² og sagði við þá „Farið í þorpið þarna og um leið og þið komið inn í það, munuð þið sjá ösnufola sem enginn hefur setið. Leysið hann og komið með hann hingað. ³ Ef einhver spyr ykkur „Hvað eruð þið að gera?“ segið þá „Herrann þarf hann og mun skila honum aftur innan skamms“. ⁴ Þeir fóru tveir og fundu ösnufola standandi á götunni, bundinn við dyrnar. Meðan þeir leystu hann ⁵ spurði fólk sem stóð þar hjá „Hvað eruð þið að gera? Af hverju eruð þið að leysa ösnufolann?“ ⁶ Þeir svöruðu eins og Jesú hafði sagt og fólkið leyfði þeim að fara. ⁷ Þegar þeir komu til Jesú með folann settu þeir yfirhafnir sínar á hann og Jesú settist á bak. ⁸ Mikið af fólki lagði yfirhafnir sínar á veginn á meðan annað fólk lagði þar greinar sem þau höfðu skorið af á ökrunum. ⁹ Þau sem gengu fyrir framan og þau sem gengu fyrir aftan hrópuðu „Hósanna! Blessaður er sá sem kemur í nafni Drottins! ¹⁰ Blessað sé komandi konungsríki föður okkar Davíðs. Hósanna! Dýrð sé Guði á hæsta himni!“

¹¹ Jesú fór inn í Jerúsalem og inn í musterisgarðinn. Hann leit þar í kringum sig en þar sem það var orðið áliðið fór hann til Betaníu með hinum tólf. ¹² Næsta dag, þegar þeir voru að fara frá Betaníu, var Jesú svangur. ¹³ Hann sá í fjarska fíkjutré og fór að athuga hvort einhverjir ávextir væru á trénu. Þegar hann kom að því sá hann ekkert nema laufblöðin því á þessum tíma árs uxu ekki fíkjur. ¹⁴ Jesú sagði þá við fíkjutréð „Aldrei skal nokkur éta ávexti þína aftur“. Lærisveinarnir heyrðu Jesú segja þetta.

¹⁵ Þegar þeir komu til Jerúsalem fór Jesú inn í musterisgarðinn og rak þá út sem voru að stunda þar viðskipti. Hann snéri við borðum gjaldkeranna og bekkjum þeirra sem selja dúfur ¹⁶ og leyfði ekki að neinn varningur væri borinn í musterisgarðinn. ¹⁷ Og Jesú sagði „Er ekki ritað „Hús mitt á að vera bænahús fyrir allar þjóðir“? En þið hafið gert það að þjófabæli!“ ¹⁸ Æðstu prestarnir og lögmálskennararnir heyrðu þetta og fóru að leggja á ráðin um hvernig þeir gætu drepit Jesú. Þeir hræddust hann því fólkið var upprifið yfir kenningum hans. ¹⁹ Þegar kvöldi tók fóru Jesú og lærisveinarnir út úr borginni.

²⁰ Morguninn eftir fóru þeir framhjá fíkjutrénu sem hafði visnað frá rótum. Pétur mundi það sem Jesú hafði sagt og sagði því við hann „Rabbí sjáðu! Fíkjutréð sem þú bölvaðir er visnað“. ²² Jesú svaraði „Treystu Guði. ²³ Ég segi ykkur satt að ef einhver segir við þetta fjall „Farðu og hentu þér í sjóinn“ og efast ekki í hjarta sínu, þá mun það gerast. ²⁴ Þessvegna segi ég ykkur að þegar þið biðjið þá skulu þið trúá því í hjartanu að þið hafið nú þegar öðlast það og þá munuð þið öðlast það. ²⁵ En þegar þið biðjið og þið hafið eitthvað á móti einhverjum þá skulu þið fyrirgefa þeim svo Faðir ykkar á himnum muni líka fyrirgefa ykkar syndir.“

²⁶ ²⁷ Þeir fóru aftur til Jerúsalem og meðan Jesú gekk um musterisgarðinn, komu farísar, lögmálskennarar og öldungar, til Jesú ²⁸ og spurðu hann „Hvaðan kemur

vald þitt til að gera allt þetta sem þú ert að gera?“²⁹ Jesú svaraði þeim „Ég vil spyrja ykkur einnar spurningar á móti, svarið henni og ég skal segja ykkur hvaðan vald mitt kemur.“³⁰ Var skírnr Jóhannesar frá Guði eða mönnum?“³¹ Þeir töluðu sín á milli og sögðu „Ef við segjum að hún hafi komið frá Guði mun hann spyrja af hverju við trúðum honum ekki,³² en þorum við að segja að hún hafi komið frá mönnum, vegna fólksins sem trúir að Jóhannes var spámaður?“³³ Þannig þeir sögðu við Jesú að þeir vissu það ekki. Jesú sagði þá „Ég mun þá heldur ekki segja ykkur hvaðan vald mitt kemur“.

Tólfti kafli

¹ Jesú sagði þeim þá dæmisögu „Maður nokkur gróðursetti vínvið. Hann byggði vegg í kring, gróf skurð fyrir vínpressuna og byggði varðturn. Síðan leigði hann út vínekruna og hélt til annars lands. Þegar það var kominn tími fyrir uppskeru sendi hann þjón sinn til leiguliðanna til að fá hlut sinn í ávöxtum vínekrunnar.³ En leiguliðarnir tóku þjóninn, börðu hann og sendu hann í burtu tómhentan.⁴ Þá sendi maðurinn annan þjón til þeirra en þeir fóru illa með hann og börðu hann í höfuðið.⁵ Þá sendi maðurinn enn annan þjón og leiguliðarnir drápu hann. Marga aðra sendi maðurinn til vínekrunnar, sumir voru lamdir, aðrir drepnir.⁶ Að lokum var bara einn eftir til að senda, heittelskaður sonur mannsins. Hann sendi hann og hugsaði með sér „Þeir munu virða son minn“. ⁷ En leiguliðarnir sögðu hver við annan „Þetta er erfinginn, förum og drepum hann og þá eignumst við arfinn“. ⁸ Leiguliðarnir drápu soninn og hentu honum út fyrir vínekruna.
⁹ Hvað haldið þið nú að eigandinn geri? Hann mun koma, láta drepa leiguliðana og fá öðrum ekruna á leigu.¹⁰ Hafið þið ekki lesið þetta í Ritningunni „Steinninn sem smiðirnir höfnuðu er orðinn hornsteinninn.“¹¹ Það var Drottinn sem lét það gerast og hversu undursamlegt er það í okkar augum?““

¹² Þá fóru æðstu prestarnir, lögmálskennararnir og öldungarnir að leita leiða til að láta handtaka Jesú því þeir vissu að hann var að tala gegn þeim með dæmisögunni. En þeir óttuðust fólkið og fóru því í burtu.¹³ Síðar sendu þeir nokkra farísa og fylgismenn Heródesar til Jesú til að reyna að hanka hann á einhverju sem hann sagði.¹⁴ Þeir sögðu við Jesú „Kennari, við vitum að þú ert maður réttlátur. Þú ferð ekki í manngreiningarálit og kennir veg Guðs í sannleika en hvað segirðu eigum við að borga skatt til keisarans eða ekki?“¹⁵ Ættum við að borga eða ekki borga?“ En Jesú kom auga á hræsni þeirra og spurði þá á móti „Af hverju eruð þið að reyna að leiða mig í gildru? Réttu mér pening og leyfðu mér að skoða hann.“¹⁶ Þeir tóku upp pening og réttu honum og Jesú spurði „Hvaða mynd er þetta á peningnum og hvaða áletrun er þetta?“ Þeir svöruðu „Það mun vera keisarans“. ¹⁷ Þá sagði Jesú við þá „Gefið þá keisanum það sem keisarinn á, og Guði það sem Guð á“. Þeir urðu agndofa yfir svarinu.

¹⁸ Þá komu saddúkar, trúarleiðtogar sem segja að fólk rísi ekki upp frá dauðum, og spurðu Jesú ¹⁹ „Kennari, Móse ritaði í lögmálinu að ef bróðir manns deyr og skilur

eftir sig eiginkonu en þau eiga ekki barn, þá skal bróðirinn ganga að eiga konuna og viðhalda nafni bróður síns. Hugsum nú að það séu sjö bræður, elsti deyr, giftur og barnlaus. Næstelsti bróðirinn gengur þá að eiga konuna en hann deyr líka og það sama gerist með þann þriðja.²² Þetta heldur áfram þartil þeir hafa allir verið eiginmenn konunnar og að lokum deyr konan líka.²³ Þegar kemur að þessari upprisu, hver þeirra er eiginmaður hennar, þegar þeir hafa allir sjö gengið að eiga hana?“²⁴ Jesú svaraði „Þið eruð hér í villu því þið þekkið hvorki Ritningarnar né mátt Guðs.“²⁵ Þegar hin dáu rísa upp frá dauðum munu þau ekki ganga í hjónaband heldur vera eins og englar.²⁶ En varðandi upprisuna, hafið þið ekki lesið í Mósebókunum, í frásögninni af logandi runnanum, að Guð segir við Móse „Ég er Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs?“²⁷ Hann er ekki Guð dauðra heldur lifandi. Þið eruð í mikilli villu.“

²⁸ Einn af lögmálskennurunum stóð hjá og hlustaði á rökræðurnar. Hann sá að Jesú svaraði vel þannig hann spurði „Af öllum boðorðunum, hvert þeirra er mikilvægast?“²⁹ Jesú svaraði „Mikilvægasta boðorðið er þetta „Hlustið, ó Ísrael, Drottinn Guð er hinn eini Guð. Þú skalt elska Drottinn Guð með öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum huga þínum og öllum mætti þínum.“³¹ Annað er „Elskið annað fólk eins og sjálf ykkur“. Engin boðorð eru mikilvægari en þessi.“³² Lögmálskennarinn svaraði „Vel mælt kennari. Þú hefur sagt satt þegar þú segir að það er bara einn Guð og enginn annar“³³ og að elska hann með öllu hjarta og öllum mætti, og annað fólk eins og sjálf okkur, er mikilvægara en allar fórnir.“³⁴ Þegar Jesú heyrði að maðurinn hafði svarað viturlega sagði Jesú við hann „Þú ert ekki langt frá konungsríki Guðs“. Frá þessari stundu, spurðu þeir Jesú ekki að neinu framar.

³⁵ Næst þegar Jesú var að kenna í musterisgarðinum spurði hann „Af hverju segja lögmálskennararnir að Messías sé sonur Davíðs?“³⁶ Davíð segir sjálfur, innblásinn af andanum, „Drottinn sagði við minn herra: Sittu mér til hægri handar þartil ég set óvini þína undir fætur þér“. ³⁷ Ef Davíð kallar Messías „Herra minn“ hvernig getur Messías þá verið sonur hans?“ Mannfjöldinn hlustaði á kenningar Jesú með ánægju.³⁸ Jesú kenndi líka „Passið ykkur á lögmálskennurunum. Þeir hafa ánægju af því að ganga um í glæsilegum síðkyrtlum og vera heilsað af virðingu á torgum“³⁹ og að hafa bestu sætin í samkomuhúsinu og vera í heiðurssæti í veislum.⁴⁰ Þeir éta upp heimili ekkna og biðja langar bænir til að sýnast. Vegna alls þessa mun refsing þeirra verða harðari.“

⁴¹ Jesú settist nálægt samskotakistunni og sá fólk setja pening í kistuna. Mikið af ríku fólki setti háar fjárhæðir í hana.⁴² Þá kom fátæk ekkja og setti í kistuna tvo smápeninga.⁴³ Jesú kallaði saman lærisveinana og sagði „Ég segi ykkur satt, þessi fátæka ekkja hefur gefið meira en öll hin.“⁴⁴ Því þau gáfu lítinn hluta af ríkidæmi sínu en hún gaf allt sem hún átti til að lifa af.“

Þrettáandi kafli

¹ Þegar Jesú var að fara úr musterinu sagði einn lærisveinanna við hann „Sjáðu kennari, alla þessa risastóru steina, þvílíkar byggingar sem þetta eru.“ ² Jesú svaraði „Sjáðu þessar miklu byggingar. Ekki verður einn steinn eftir, þeir munu allir hrynja.“

³ Síðar sat Jesú á Ólívufjalli, í dalnum hinum megin við musterið. Pétur, Jakob, Jóhannes og Andrés komu til hans og spurðu einslega ⁴ „Segðu okkur, hvenær mun allt þetta eiga sér stað? Hvaða tákni mun segja okkur að þetta sé að fara gerast?“ ⁵ Jesú svaraði „Ekki láta neinn plata ykkur, ⁶ því margir munu koma og segjast vera í mínu nafni og segjast vera Messías, og margt fólk mun blekkjast. ⁷ Þegar þið heyrið stríðslæti og fáíð fréttir af stríði, ekki vera hræddir. Það þarf að gerast, en það er ekki þar með sagt að endirinn sé kominn. ⁸ Þjóðir munu fara í stríð gegn þjóðum og konungsdæmi gegn konungsdæmum. Það verða landskjálftar víða um heim og líka hungursneyðir. En þetta er bara upphaf fæðingahríðanna. ⁹ Þið verðið að vera á verði. Þið verðið framseldir yfirvöldum og hiddir í samkomuhúsum. Vegna mín munuð þið standa frammi fyrir valdhöfum og kóngum. Það verður tækifæri fyrir ykkur að vitna um mig. ¹⁰ Og allar þjóðir þurfa að fá að heyra gleðifréttirnar. ¹¹ En þegar þið eruð handteknir og leiddir fyrir rétt, ekki hafa áhyggjur af því fyrirfram hvað þið ætlið að segja. Segið bara það sem kemur upp í hugann þá stundina, því það verður heilagur andi að tala en ekki þið. ¹² Bróðir mun svíkja bróður í dauðann og faðir mun svíkja börnin sín. Börn munu gera uppreisn gegn foreldrum sínum og framselja þau í dauðann. ¹³ Og allir jarðarbúar munu hata ykkur vegna mín, en þeim, sem eru staðföst allt til enda, mun verða bjargað. ¹⁴ Þegar þið sjáið „viðbjóð eyðileggingarinnar“ (sem spámaðurinn Daníel talar um) standandi þar sem hann á ekki að standa, lesandinn athugi það, þá skulu þau sem eru í landi Júda að flýja til fjallanna. ¹⁵ Þau sem verða upp á þaksvölum skulu ekki fara aftur inn til að ná í nokkurn hlut. ¹⁶ Þau sem eru að vinna úti á akri skulu ekki fara tilbaka að ná í yfirhöfnina. ¹⁷ Hversu hræðilegt verður að vera þunguð á þessum dögum, eða með barn á brjósti? Og biðjið að þið þurfið ekki að flýja um vetur ¹⁸ því þetta verða hræðilegri tímar en nokkurn tíma áður, frá því að Guð skapaði heiminn. Og aldrei aftur munu renna upp slíkir tímar. ²⁰ Raunar verða þeir þannig að ef Guð myndi ekki stytta tímann, myndi ekki ein manneskja komast lífs af.

En vegna hinna útvöldu mun Guð stytta tímann. ²¹ Ef einhver segir við þig á þessum dögum „Sjáðu, þarna er Messías!“ eða „Sjáðu, hér er hann!“ ekki trúá þeim ²² því margir falsmessíasar og falsspámenn munu koma fram og framkvæma tákni og undur til að blekkja, jafnvel hin útvöldu. ²³ Þannig verið á verði og vakandi, því ég hef sagt ykkur fyrirfram að þetta muni gerast. ²⁴ En á þessum tímum, eftir ofsóknirnar, mun sólin myrkvast og tunglið ekki varpa neinu ljósi, ²⁵ stjörnur munu falla af himnum og kraftar himnanna munu bifast. ²⁶ Og þá mun fólk sjá Mannssoninn koma á skýjunum með miklum mætti og mikilli dýrð. ²⁷ Og hann mun senda út englana til að safna saman sínu útvalda fólki frá öllum heimshornum, frá hinstu rönd jarðar og himins.

²⁸ Meðtakið nú lærdóminn af fíkjutrénu, þegar greinar þess fara að mýkjast og

laufin fara að bruma, þá vitið þið að sumarið er rétt ókomið. ²⁷ Á sama hátt vitið þið að þegar allt þetta gerist, þá er endirinn rétt ókominn. ³⁰ Ég segi ykkur satt, þessi kynslóð mun ekki hverfa áður en hún sér alla þessa hluti gerast. ³¹ Himinn og jörð munu hverfa, en orð mín munu standa. ³² En hvenær nákvæmlega þetta mun allt gerast, það vita ekki einu sinni englarnir eða sonurinn. Aðeins Faðirinn veit það. ³³ Verið á verði, verið vakandi. Þið vitið ekki hvenær þetta riður yfir. ³⁴ Þetta er eins og með manninn sem fór í ferðalag og skildi allt eftir í höndum þjóna sinna, sem höfðu hver sitt hlutverk og sagði þeim sem er við dyrnar að vera á verði. ³⁵ Þið verðið líka að vera við dyrnar á verði, því þið vitið ekki hvenær eigandi hússins kemur aftur, hvort það sé að kvöldi, í hádeginu eða um morgun. ³⁶ Ekki láta hann koma að ykkur sofandi þegar hann kemur án viðvörunar. ³⁷ Það sem ég segi við ykkur segi ég við hverja einustu manneskju „Verið á verði!“

Fjórtándi kafli

¹ Tveimur dögum fyrir páska og hátíð ósýrðu brauðanna, voru æðstu prestarnir og lögmálskennararnir að ráða ráðum sínum, hvernig þeir gætu látið handtaka Jesú með leynd, og drepa hann. ² Þeir sögðu sín á milli „Við getum ekki gert það meðan að hátíðin er, fólkið gæti gert uppreisn“.

³ Á meðan Jesú var í Betaníu, heima hjá Símoni holdsveika, kom til hans kona með mjólkursteinskrukku með dýrri ilmólú úr nardusrót. Hún braut krukkuna og hellti ilmólúnni yfir höfuð Jesú. ⁴ Sum þeirra sem voru viðstödd sögðu hneyksluð hvert við annað „Af hverju að láta þessa dýru olíu fara til spillis? ⁵ Það hefði verið hægt að selja hana fyrir meira en árslaun verkamanns, og gefa svo peninginn fátækum!“ Og fólkið gagnrýndi konuna harðlega. ⁶ En Jesú sagði við þau „Látið konuna í friði. Af hverju eruð þið að angra hana? Það sem hún hefur gert fyrir mig er fallett. ⁷ Fátækt hafið þið alltaf hjá ykkur og þið getið hjálpað fátækum að vild, hvenær sem þið viljið. En mig hafið þið ekki alltaf hjá ykkur. ⁸ Hún gerði það sem hún gat og hellti ilmólú yfir mig til að undirbúa mig fyrir greftrun. Ég segi ykkur satt, hvar sem gleðifréttirnar berast um heiminn, mun fólk heyra af því sem hún gerði fyrir mig, í minningu um hana.“ ¹⁰ Þegar Júda Íscharíot, einn hinna tólf, sá þetta fór hann til æðstu prestanna til að svíkja Jesú í hendur þeirra. ¹¹ Þeir voru himinlifandi yfir því og lofuðu honum peningum og hann fór að leita eftir rétta tækifærinu.

¹² Á fyrsta degi hátíðar ósýrðu brauðanna var venjan að fórna páskalambi, því spurðu lærisveinarnir Jesú „Hvar viltu að við undirbúum páskamáltíðina fyrir þig?“ ¹³ Jesú sendi þá tvo lærisveina og sagði við þá „Farið inn í borgina og þið munuð mæta manni sem ber vatnsker. Eltið hann. ¹⁴ Segið svo við eiganda hússins sem hann fer inn í „Kennarinn spyr, hvar er gestaherbergið þar sem ég get notið páskamáltíðarinnar ásamt lærisveinum mínum?“ ¹⁵ Hann mun þá sýna ykkur á efri hæð, stóran sal þar sem allt er til alls. Undirbúið páskamáltíðina okkar þar.“ ¹⁶ Lærisveinarnir fóru inn í borgina og fundu allt eins og Jesú hafði sagt og undirbjuggu páskamáltíðina. ¹⁷ Þegar kvöldi tók, kom Jesú þangað með lærisveinum

sínum. ¹⁸ Við borðið sagði Jesú „Ég segi ykkur satt, einn af ykkur mun svíkja mig“. ¹⁹ Þeir urðu hryggir og sögðu hver af öðrum „Hann getur ekki átt við mig“. ²⁰ Jesú svaraði „Það er einn af ykkur tólf, einn af þeim sem deilir brauðinu og dýfir því í sömu skál og ég. ²¹ Mannssonurinn mun deyja eins og Ritninginn sagði fyrir um fyrir löngu síðan. En hversu hræðilegt er að vera sá sem svíkur hann. Það væri betra fyrir hann að hafa aldrei fæðst.“ ²² Á meðan þeir átu tók Jesú brauð og eftir að hafa þakkað Guði, braut hann það og gaf lærisveinum sínum og sagði „Takið þetta brauð, það er líkami minn“. ²³ Síðan tók Jesú bikar og eftir að hafa þakkað Guði, rétti hann lærisveinunum. Og þeir drukku allir af honum og Jesú sagði ²⁴ „Þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, sem er úthellt til að bjarga fjölda fólks. ²⁵ Ég segi ykkur satt, ég mun ekki drekka af ávexti vínviðarins fyrr en sá dagur rennur upp að ég drekki hann nýjan í konungsríki Guðs.“

²⁶ Eftir að hafa sungið sálm fóru þeir á Ólívufjall ²⁷ þar sem Jesú sagði „Þið munuð yfirgefa mig, því það er ritað „Ég mun slá hirðinn og sauðirnir munu tvístrast“. ²⁸ En þegar ég verð upprisinn fer ég á undan ykkur til Galíleu.“ ²⁹ Pétur lýsti þá yfir „Þó allir yfirgefi þig, mun ég aldrei gera það“. ³⁰ Jesú svaraði honum „Ég segi þér satt, í dag, áður en hani galar tvisvar muntu afneita mér þrisvar“. ³¹ En Pétur tók enn fastar að orði „Jafnvel þótt ég þurfi að deyja með þér, mun ég aldrei afneita þér!“ Og þeir töluðu allir á sama hátt.

³² Þeir fóru þá á stað sem kallast Getsemane og Jesú sagði við lærisveinana „Sitjið hér meðan ég bið“. ³³ Hann tók Pétur, Jakob og Jóhannes með sér og fór að verða mjög órólegur og fullur af angist. ³⁴ Jesú sagði við þá „Sál mín er full af svo yfirþyrmandi sorg að ég ræð varla við það. Verið eftir hér og verið á verði.“ ³⁵ Jesú gekk aðeins frá og féll til jarðar og bað að ef það væri mögulegt, hvort það væri hægt að leysa hann undan því sem beið hans ³⁶ „Abba, Faðir! Þú getur allt, taktu þennan bikar frá mér. Þó ekki það sem ég vil, heldur það sem þú vilt.“ ³⁷ Síðan snéri Jesú aftur til lærisveinanna og kom að þeim sofandi og spurði Pétur „Símon, gastu ekki vakað í eina klukkustund? ³⁸ Vakið og biðjið að þið fallið ekki í freistni. Andinn er tilbúinn en holdið er veikt.“ Jesú fór aftur í burtu og bað sömu bæn.

⁴⁰ Þegar hann kom tilbaka voru þeir sofnaðir aftur því þeir gátu ekki haldið augunum opnum, enda vissu þeir ekki hvað þeir gátu sagt við hann. ⁴¹ Þegar Jesú kom tilbaka í þriðja skiptið spurði hann þá „Eruð þið ennþá sofandi? Nú er nóg komið. Stundin er runnin upp. Sjáið, Mannssonurinn er svikinn í hendur syndara. ⁴² Farið á fætur, hér kemur svikarinn!“

⁴³ Á meðan Jesú var að tala kom Júda Ískaríot, einn hinna tólf. Með honum var hópur, vopnaður sverðum og kylfum, sem var sendur af æðstu prestunum, lögmálskennurunum og öldungunum. ⁴⁴ Svikarinn hafði undirbúið merki til að gefa þeim með því að segja „Sá sem ég kyssi er maðurinn sem þið leitið að. Handtakið hann og leiðið í burtu, bundinn“. ⁴⁵ Júda Ískaríot gekk upp að Jesú og sagði „Rabbí“ og kyssti hann. ⁴⁶ Hópurinn greip Jesú og handtók hann. ⁴⁷ Þá tók einn af þeim sem stóðu þar hjá, upp sverð og skar eyrað af einum þjóni æðsta prestsins. ⁴⁸ Jesú spurði „Er ég glæpamaður? Eða af hverju komið þið að handtaka mig vopnaðir kylfum og

sverðum? ⁴⁹ Ég sat með ykkur og kenndi í musterisgarðinum og þið handtókuð mig ekki. En Ritninginn verður að rætast.“ ⁵⁰ Þá yfirgáfu allir Jesú og flúðu. ⁵¹ Ungur maður sem var bara í línkyrtli fylgdi Jesú og hópurinn reyndi að handtaka hann ⁵² en ungi maðurinn komst undan með því að afklæðast kyrtlinum og flýja nakinn í burtu.

⁵² Þeir fóru með Jesú heim til æðsta prestsins, þar sem allir æðstu prestarnir, öldungarnir og lögmálskennararnir voru saman komnir. ⁵⁴ Pétur fylgdi í humátt á eftir, alveg inn í garðinn hjá æðsta prestinum. Þar sat hann með vörðunum og yljaði sér við eld. ⁵⁵ Inni sátu æðstu prestarnir og allt öldungaráðið og leituðu að sönnunargögnum gegn Jesú svo þeir gætu látið drepa hann, en þeir fundu ekkert. ⁵⁶ Margir báru ljúgvitni gegn honum en framburði þeirra bar ekki saman. ⁵⁷ Þá stóð maður nokkur upp og bar þetta ljúgvitni gegn Jesú ⁵⁸ „Við heyrðum hann segja „Ég mun leggja þetta musteri í rúst sem er byggt með mannahöndum, og endurbyggja það á þremur dögum, án mannahanda““. ⁵⁹ En vitnisburði þeirra bar ekki enn saman. ⁶⁰ Þá stóð æðsti presturinn upp og spurði Jesú „Ætlar þú ekki að svara fyrir þig? Hvað vörn hefurðu gegn þessum sökum sem þú ert borinn?“ ⁶¹ En Jesú sagði ekkert og svaraði engu. Æðsti presturinn spurði hann þá „Ert þú Messías, sonur hins blessaða?“ ⁶² Jesú svaraði „Ég er hann og þið munuð sjá Mannssoninn sitja við hægri hönd hins almáttuga, og koma á skýjum himinsins“. ⁶³ Æðsti presturinn reif fötin sín til að sýna hneykslun sína og spurði „Þurfum við fleiri vitni? ⁶⁴ Þið hafið heyrt guðlastið! Hvað haldið þið?“ Þeir svöruðu „Hann er sekur! Hann á skilið að deyja!“ ⁶⁵ Þá hræktu þeir á Jesú, bundu fyrir augu hans og börðu hann með hnefum og sögðu „Spáðu nú fyrir okkur!“ Og verðirnir börðu Jesú og tóku hann í burtu. ⁶⁶ Á meðan þessu stóð var Pétur út í garðinum og ein þjónustustúlkan gekk framhjá ⁶⁷ og þegar hún sá Pétur ylja sér, virti hún hann fyrir sér og sagði „Þú varst líka með þessum frá Nasaret, þessum Jesú“. ⁶⁸ En hann neitaði því og sagði „Ég veit ekki hvað þú ert að tala um“. Og Pétur fór að innganginum. ⁶⁹ Þegar þjónustustúlkan sá hann þar sagði hún aftur við þá sem stóðu þar „Þessi náungi er einn af þeim“. ⁷⁰ Aftur neitaði Pétur. Eftir smástund sögðu þeir sem stóðu hjá „Þú hlýtur að vera einn af þeim, því þú ert frá Galíleu“. ⁷¹ Pétur sór þá eið „Megi ég vera bölvaður ef ég er að ljúga. Ég þekki ekki þennan mann sem þið eruð að tala um!“ ⁷² Þá galaði hani í annað skipti og Pétur mundi það sem Jesú sagði „Áður en hani galar tvisvar, muntu afneita mér þrisvar“ og Pétur brotnaði saman og grét.

Fimmtándi kafli

¹ Snemma morguns lögðu á ráðin, æðsti presturinn, öldungarnir, lögmálskennararnir og allt öldungaráðið. Þeir bundu Jesú, leiddu hann í burtu og færðu Pílatusi. ² Pílatus spurði „Ert þú gyðingakóngurinn?“ Jesú svaraði „Þú segir það“. ³ Æðstu prestarnir sökuðu Jesú um margt ⁴ þannig Pílatus spurði Jesú aftur „Ætlarðu ekki að svara? Hvað með allt þetta sem þeir saka þig um?“ ⁵ En Jesú svaraði enn engu og Pílatus undraðist það.

⁶ Það var hefð á þessum tíma að á páskahátíðinni fékk fólk að velja einn fanga til að láta lausan. ⁷ Barabbas var maður sem var fangelsaður ásamt uppreisnarmönnum sem höfðu drepið mann í uppreisninni. ⁸ Fólkið bað Pílatus um að leysa einn fanga úr haldi eins og venja var. ⁹ Pílatus spurði „Viljið þið að ég leysi úr haldi gyðingakónginn?“ ¹⁰ En Pílatus vissi að ástæða þess að Jesú hafði verið framseldur til hans, var öfund prestastéttarinnar.

¹¹ Þá fóru prestarnir að æsa upp mannfjöldann til að heimta að fá Barabbas lausan.

¹² Pílatus spurði þá „Hvað á ég þá að gera við þann sem er kallaður gyðingakóngurinn?“ ¹³ „Krossfestu hann!“ öskraði hópurinn tilbaka. ¹⁴ Pílatus spurði þá „Af hverju? Hvaða glæp hefur þessi maður framið?“ En fólkið öskraði þá enn hærra „Krossfestu hann!“ ¹⁵ Pílatus vildi sefa mannfjöldann og leysti Barabbas úr haldi. Hann lét hída Jesú og framseldi hann til krossfestingar.

¹⁶ Hermennirnir leiddu Jesú inn í hallargarð ríkisstjórans og kölluðu heila herdeild saman. ¹⁷ Þeir settu hann í fjólubláa yfirhöfn og snéru saman þyrna til að gera kórónu og settu á höfuð hans. ¹⁸ Þeir öskruðu á hann „Heill sé gyðingakóngnum!“

¹⁹ Þeir börðu hann aftur og aftur í höfuðið og hræktu á hann. Þeir féllu á hnéin fyrir framan hann og hylltu hann í háði. ²⁰ Eftir að hafa hæðst að honum tóku þeir hann úr fjólubláu yfirhöfninni og settu hann aftur í sín eigin föt og leiddu hann til krossfestingar.

²¹ Maður frá Sírene, sem hét Símon, faðir Alexanders og Rúfusar, átti leið þar hjá úr sveitinni og hermennirnir neyddu hann til að bera krossinn. ²² Þeir fóru með Jesú á staðinn sem heitir Golgata, sem þýðir Hauskúpustaður.

²³ Þeir buðu Jesú vín blandað myrru, en hann þáði það ekki. ²⁴ Og þeir negldu hann á krossinn. Þeir köstuðu upp á hver fengi að eiga fötin hans. ²⁵ Þeir krossfestu Jesú um klukkan níu um morguninn.

²⁶ Á ákæruskjalinu stóð skrifað „Þetta er gyðingakóngurinn“. ²⁷ Tveir þjófar voru krossfestir sitthvoru megin við Jesú. ²⁸ ²⁹ Fólk sem átti leið hjá hrópaði ókvæðisorð að Jesú, þau hristu hausinn og sögðu „Ert þú maðurinn sem ætlaði að gera musterið að rústum og endurbyggja það svo á þremur dögum?“ ³⁰ Komdu þá niður af krossinum og bjargaðu sjálfum þér!“

³¹ Æðstu prestarnir og lögmálskennararnir töluðu á sama hátt og sögðu sín á milli „Hann bjargaði öðrum, en hann getur ekki bjargað sjálfum sér.“ ³² Ef þessi Messías, konungur í Ísrael, kemur núna niður af krossinum þá munum við trúna honum.“ Þeir sem voru krossfestir með honum töluðu eins.

³³ Á hádegi skall á myrkur í öllu landinu, þartil um þrjú í eftirmiðdaginn. ³⁴ Og um þrjúleytið hrópaði Jesú með hárrri röddu „Elí, Elí, lema sabaktaní?“ sem þýðir „Guð minn, Guð minn, af hverju hefurðu yfirgefið mig?“ ³⁵ Þegar fólkið sem stóð þar hjá heyrði þetta sögðu þau „Heyrið þið þetta? Hann er að kalla á Elía.“ ³⁶ Einhver hljóp til, fyllti svamp með vínediki, setti það á stöng og bauð Jesú að drekka og sagði svo „Bíðið nú við! Sjáum hvort Elía komi og bjargi honum.“

³⁷ Jesú hrópaði með síðasta andardrætti sínum. ³⁸ Tjaldið í musterinu rifnaði í tvennt frá toppi og niður. ³⁹ Þegar herdeildarforinginn sem stóð hjá Jesú sá hvernig hann dó sagði hann „Þetta hlýtur að hafa verið sonur Guðs“.

⁴⁰ Nokkrar konur stóðu hjá og horfðu á úr fjarlægð. Meðal þeirra var María Magdalena, María móðir Jakobs yngri og Jósefs, og Salóme. ⁴¹ Þegar þau voru í Galíleu höfðu þessar konur fylgt Jesú og hjálpað honum. Margar konur sem höfðu komið með Jesú til Jerúsalem voru líka staddar þarna. ⁴² Þetta gerðist allt á föstudegi sem er aðfangadagur hvíldardagsins. ⁴³ Jósef frá Arímaþeu var mikilsvirtur meðlimur öldungaráðsins og beið sjálfur konungsríkis Guðs. Þegar kvöldi tók herti hann upp hugann og fór til Pílatusar og bað um að fá lík Jesú afhent. ⁴⁴ Pílatus varð hissa að fréttu að Jesú væri þá þegar dáinn. Hann kallaði á herdeildarforingjann og spurði hvort Jesú væri dáinn. ⁴⁵ Þegar herforinginn staðfesti það, leyfði Pílatus Jósef að fá lík Jesú. ⁴⁶ Jósef fór og keypti línúkk, tók niður líkið og vafði því í dúkinn og lagði Jesú í gröf sem var skorinn í stein. Síðan velti hann grjóti fyrir gröfina.

⁴⁷ María Magdalena og María móðir Jósefs, sáu hvar Jesú var grafinn.

Sextándi kafli

¹ Þegar hvíldardeginum var lokið fóru María Magdalena og María móðir Jakobs, og Salóme til grafarinnar svo þær gætu smurt lík Jesú. ² Snemma morguns, fyrsta dag vikunnar voru þær á leiðinni til grafarinnar. ³ Þær spurðu hver aðra „Hver ætli geti velt steininum frá gröfinni fyrir okkur?“ ⁴ En þegar þær litu upp sáu þær að steininum, sem var mjög stór, hafði þá þegar verið velt frá gröfinni. ⁵ Þegar þær fóru inn í grafarhellinn sáu þær ungan mann, klæddan í hvítan kyrtill, sitjandi hægra megin og þær urðu hræddar. ⁶ Hann sagði „Ekki vera hræddar, þið leitið að Jesú frá Nasaret, sá sem var krossfestur. Hann er risinn upp frá dauðum. Hann er ekki hér. Hér sjáið þið staðinn þar sem lík hans var lagt.“ ⁷ En farið þið og segið Pétri og lærisveinunum „Jesú fer á undan ykkur til Galíleu. Þar munuð þið sjá hann, alveg eins og hann spáði fyrir um.““ ⁸ Konurnar flúðu frá gröfinni, skjálfandi á beinunum, og sögðu ekkert, því þær voru svo hræddar.

⁹ Eftir að Jesú hafði risið upp frá dauðum birtist hann fyrst Maríu Magdalenu, sem hann hafði rekið út af, sjö illa anda.

¹⁰ Hún fór og sagði þeim frá sem höfðu verið með Jesú og voru syrgjandi og grátandi. ¹¹ Þegar þau heyrðu að Jesú væri lifandi og að María Magdalena hafði séð hann, trúðu þau henni ekki.

¹² Eftir þetta birtist Jesú umbreyttur, tveimur fylgismönnum sínum meðan þeir gengu í sveitinni. ¹³ Þeir snéru tilbaka og sögðu frá því sem þeir höfðu séð, en þeim var ekki trúnað heldur. ¹⁴ Seinna birtist Jesú hinum ellefu þegar þeir voru að borða. Hann skammaði þá fyrir skort á trú og hversu þrjóskir þeir hefðu verið að trúa ekki

þeim sem höfðu séð hann eftir að hann reis upp frá dauðum.

¹⁵ Jesú sagði við þá „Farið út í heiminn og flytjið öllu fólki gleðifréttirnar. ¹⁶ Öllum þeim sem trúá og eru skírð mun verða bjargað. En þau sem trúá ekki verða dæmd. ¹⁷ Þetta verður tákn þeirra sem trúá mér: Þau munu reka út illa anda í mínu nafni og þau munu tala ný tungumál, ¹⁸ þau munu geta tekið upp snáka með berum höndum og drukkið lífshættulegt eitur og það mun ekki hafa nein áhrif. Þau munu leggja hendur sínar á veikt fólk sem mun læknast.“ ¹⁹ Eftir að herrann Jesú, hafði talað við þá, var hann hrifinn upp til himna og settist við hægri hönd Guðs.

²⁰ Lærisveinarnir fóru og fluttu boðskapinn allstaðar sem þeir komu og herrann vann með þeim og staðfesti orð sitt með þeim táknum sem þeim fylgja.

Bréf frá Jakob

Fyrsti kafli

¹ Þetta er bréf frá Jakob, skuldaþræl Guðs og herrans Jesú Krists. Ég sendi kveðjur til ættbálkanna tólf sem eru dreifðir um löndin.

² Takið því með ánægju, trúarsystkin mín, þegar þið lendið í ýmiskonar raunum.

³ Því þið vitið að þegar það reynir á trú ykkar gefur það af sér þolgæði.

⁴ Leyfið þolgæðinu að klára sitt verk svo þið getið verið þroskuð og fullgerð, skortandi ekkert.

⁵ Ef eitthvert ykkar skortir visku, biðjið þá til okkar örláta Guðs sem mun gefa ykkur hana átölulaust. ⁶ En þið verðið að biðja í trú og án alls efa, því sá sem efast er eins og hafaldan sem vindurinn blæs til og frá. ⁷ Slík manneskja getur ekki búist við að fá neitt frá Drottni. ⁸ Hugur slíks fólks er tvískiptur og þau eru óstyrk í öllu sem þau gera.

⁹ Trúarsystkin sem eru í auðmjúkum aðstæðum ættu að hreykja sér af sinni háu stöðu. ¹⁰ Og þau sem eru rík ættu að hreykja sér yfir auðmýkingu sinni. Þau munu dofna eins og blóm garðsins. ¹¹ Því sólin þurrkar með sínum steikjandi hita og grasið visnar, og blómin falla og ytri fegurð eyðileggst. Á þann hátt mun ríkt fólk visna á meðan þau sinna sínu.

¹² Blessuð eru þau sem þola raunirnar, því þegar þau hafa staðist prófið mun það fólk eignast kórónu lífsins, sem herrann hefur lofað þeim sem elska hann.

¹³ Engin manneskja ætti að segja þegar þeim er freistað „Guð er að freista mín,“ því Guð getur ekki látið freistast af illsku, og hann sjálfur freistar ekki nokkurrar manneskju. ¹⁴ Freistingin kemur frá okkar eigin þráum sem tæla okkur og draga okkur í burtu. ¹⁵ Þegar þráin hefur orðið þunguð fæðir hún synd, og syndin þegar hún er orðin fullorðin, fæðir dauða.

¹⁶ Ekki láta blekkjast mín elskuðu trúarsystkin, ¹⁷ það sem er gott og fullkomið er gjöf sem kemur að ofan, frá Guði, föður okkar sem skapaði allt ljósið á himninum. Hann er ekki eins og skuggi sem breytist. ¹⁸ Vilji hans var að við fæddumst með orði sannleikans. Þannig höfum við orðið eins og fyrsta uppskera allrar sköpunar.

¹⁹ Þetta vitið þið kæru trúarsystkin. Þið verðið að vera fljót að hlusta, sein að tala og sein til að reiðast. ²⁰ Mennsk reiði uppsker ekki réttlætið sem Guð þráir. ²¹ Losið ykkur því við allt óhreint og illt í lífi ykkar og takið með auðmýkt á móti orðinu sem Guð hefur sáð og getur bjargað ykkur. ²² Ekki bara hlusta á orð Guðs heldur verðið

þið að framkvæma það sem það segir. Annars eru þið í sjálfsblekkingu. ²³ Því ef fólk heyrir bara orðið og framkvæmir það ekki, er það eins og manneskja sem horfir á andlit sitt í spegli ²⁴ og gengur í burtu og gleymir strax hvernig hún lítur út. ²⁵ En ef þú horfir vandlega á hin fullkomnu lög sem bjarga þér, og þú framkvæmir þau og gleymir ekki hvað þau segja; mun Guð blessa þig fyrir að framkvæma þau.

²⁶ Ef þið haldið að þið séuð trúuð en hafið ekki hemil á tungunni heldur blekkið eigið hjarta, þá er slík trú einskis virði. ²⁷ Hrein og flekklaus trú í augum Guðs föður er að sjá um ekkjur og munaðarleysingja í neyð þeirra og neita að láta heiminn spilla sér.

Annar kafli

¹ Trúarsystkin mín, hvernig getið þið sagst hafa trú á okkar dýrðlega herra Jesú Krist, ef þið gerið mun á fólki? ² Segjum að maður komi á samkomu ykkar sem er með gullhring og í fínum fötum, og annar maður, fátækur og í óhreinum fötum kemur ³ og þið sýnið þeim í fínu fötunum sérstaka athygli og segið „Þú getur sest hér á góða staðinn,“ og þið segið við fátæka manninn „Stattu þarna“ eða „Sestu við fætur mínar“, ⁴ sýnir mismununin þá ekki að dómum ykkar er stjórnað af illum hvötum? ⁵ Hlustið á mig kæru trúarsystkin, hefur Guð ekki valið fátækt fólk þessa heims til að vera ríkt af trú? Eru þau ekki fólkið sem mun erfa konungsríkið sem hann lofaði þeim sem elska hann? ⁶ En þið vanvirðið fátæka! Er það ekki ríka fólkið sem kúgar ykkur og dregur ykkur fyrir rétt? ⁷ Er það ekki fólkið sem lastmælir Jesú Kristi, göfuga nafninu sem þið hafið verið kölluð til? ⁸ Ef þið framkvæmið konunglega boðorðið sem er ritað „Elskið nágranna ykkar eins og sjálf ykkur“, þá gerið þið rétt. ⁹ En ef þið gerið mun á milli fólks eruð þið að syndga og eruð dæmd af lögmálinu sem lögbrotar. ¹⁰ Mannekja sem heldur öll lögin nema ein, hefur gerst brotleg við þau öll. ¹¹ Því sami Guð og sagði „Þú skalt ekki halda framhjá“ sagði líka „Þú skalt ekki myrða“. Nú ef þið haldið ekki framhjá, en fremjið morð, hafið þið gerst brotleg við lögin. ¹² Þannig að hvað sem þið gerið eða segið, munið þá að þið verðið dæmd eftir lögunum sem bjarga ykkur. ¹³ Því dómurinn verður miskunnarlaus fyrir þau sem hafa ekki sýnt miskunn en miskunnin yfirvinnur dóminn.

¹⁴ Hvaða gagn er að því, kæru trúarsystkin, að hafa trú en sýna það ekki í verki? Getur slík trú bjargað? ¹⁵ Ef mannekja er fatalaus og vantar mat, ¹⁶ og þið segið við hana „Far í friði. Veri þér hlýtt og með nóg af mat“. En þið gerið ekkert fyrir líkamlegar nauðsynjar hennar, hvaða gagn gæti verið að því? ¹⁷ Á sama hátt er trú, ef henni fylgir engin framkvæmd, gagnslaus og dauð. ¹⁸ En einhver gæti sagt „Sumt fólk hefur trú og aðrir góð verk“. Sýndu mér trú þína án verka og ég skal sýna þér trú mína af verkum mínum. ¹⁹ Þú segist hafa trú því þú trúir að það sé einn Guð. Gott hjá þér! En jafnvel djöflarnir trúa því og skjálfa.

²⁰ Þú kjánalega mannekja, viltu fá sönnun á því að trú án verka er gagnslaus?

²¹ Var forfaðir okkar Abraham ekki talinn réttlátur fyrir það sem hann gerði þegar

hann bauð son sinn Ísak sem fórn á altarinu? ²² Þið sjáið að trú hans vann með verkum hans og afleiðing verkanna var að trúin fullkomnaðist. ²³ Og það gerðist eins og Ritningin segir „Abraham trúði Guði og Guð taldi hann réttlátan vegna trúar sinnar“. Hann var meiraðsegja kallaður vinur Guðs!

²⁴ Þið sjáið að fólk er réttlátt af verkunum og ekki trúnni einni saman.

²⁵ Vændiskonan Rahab er annað dæmi. Hún var talin réttlát fyrir það sem hún gerði þegar hún tók á móti sendiboðunum og hjálpaði þeim að flýja.

²⁶ Rétt eins og líkami án anda er dauður er trú án verka dauð.

Þriðji kafli

¹ Kæru systkin, innan trúarsamfélagsins ættu ekki mörg ykkar að vera kennarar, því við sem kennum verðum dæmd harðar. ² Því við hrösum öll á margan hátt. Þau sem hrasa ekki á neinn hátt í því sem þau segja, eru fullkomin og geta stjórnað líkamanum líka. ³ Við getum látið stóran hest fara hvert sem við viljum með smáhlut í munninum á honum. ⁴ Eða skipin, þótt þau séu stór og mikil og stjórnast af sterkum vindum þá er þeim engu að síður stýrt með litlu stýrisblaði, hvert sem skipstjórinn vill fara. ⁵ Á sama hátt er tungan lítil og fer með miklar ræður. En smá neisti getur brennt heilan skóg. ⁶ Tungan er líka eldur, heill heimur af illsku meðal líkamspartanna. Hún spillir öllum líkamanum, brennir veg fólks um lífið og verður sjálf brennd í helvíti.

⁷ Fólk getur tamið allskonar dýr, fugla, skriðdýr og fiska, ⁸ en það er ekki hægt að temja tunguna. Hún er þrotlaus og ill, full af lífshættulegu eitri. ⁹ Með henni blessum við herra okkar og Föðurinn, og með henni bölvum við fólk sem hefur verið gert í líkingu Guðs. ¹⁰ Frá sama munni koma blessanir og bölvunar.

Trúarsystkin mín, þetta ætti ekki að vera svona.

¹¹ Getur ferskt vatn og saltvatn komið úr sömu lindinni? ¹² Getur fíkjutré gefið af sér ólífur eða vínviður fíkjur? Nei, og þið getið heldur ekki fengið ferskt vatn úr saltri lind.

¹³ Ef þið eruð vitur og skiljið veg Guðs, sannið það þá með því að lifa heiðvirðu lífi, framkvæmandi góð verk með þeirri auðmýkt sem kemur af visku. ¹⁴ En ef þið eruð gröm, afbrýðisöm og með sjálfselskan metnað í hjörtum ykkar, ekki hreykja ykkur af því og ljúga þannig gegn sannleikanum. ¹⁵ Slík viska er ekki eins og sú sem kemur að ofan, heldur er hún jarðnesk, náttúruleg, djöfulleg.

¹⁶ Því þar sem eru afbrýðisemi og sjálfselskur metnaður, eru líka sundurlyndi og allt það sem er illt. ¹⁷ En viskan sem er ofan að er fyrst hrein, síðan friðelskandi, mild, skynsöm, miskunnarfull og ber góða ávexti, er hlutlaus og laus við hræsni. ¹⁸ Og fólk sem stillir til friðar mun sá fræjum friðar og uppskera réttlæti.

Fjórði kafli

¹ Hvaðan koma deilur og þrætur meðal ykkar? Koma þær ekki frá illum girndum

sem eru í stríði innan í ykkur? ² Þið viljið það sem þið eigið ekki, þannig þið leggið á ráðin og drepið til að eignast það! Þið eruð afbrýðisöm út í það sem aðrir eiga, en þið getið ekki eignast það, þannig þið berjist og farið í stríð til að taka það frá þeim! En þið eigið ekki það sem þið viljið því þið biðjið Guð ekki um það. ³ Þið biðjið og fáid ekki, því þið biðjið með röngum ásetningi, þið viljið bara það sem gefur ykkur nautn. ⁴ Þið framhjáhaldarar! Skiljið þið ekki að vinátta við heiminn gerir ykkur að óvinum Guðs? Ég skal segja þetta aftur: Ef þið viljið vera vinir heimsins eruð þið að gera ykkur að óvinum Guðs! ⁵ Haldið þið að Ritningin hafi enga merkingu? „Afbrýðisemi hans þráir andann sem hann hefur gert til búa innra með okkur“. ⁶ Og hann sýnir miskunn örlátlega. Eins og Ritningin segir „Guð er á móti hinum hrokafullu en sýnir auðmjúkum miskunn“. ⁷ Gefið ykkur því Guði á vald. Standist djöfulinn og hann mun flýja frá ykkur.

⁸ Komið nær Guði og hann mun koma nær ykkur. Þvoið hendur ykkar, þið syndarar og hreinsið hjörtu ykkar, þið sem eruð tvöföld í roðinu.

⁹ Verið sorgmædd og grátið vegna þess sem þið hafið gert, gerið hláturinn að sorg og gleði ykkar að myrkri.

¹⁰ Auðmýkið ykkur fyrir Drottni og hann mun upphefja ykkur.

¹¹ Ekki tala illa um hvert annað, kæru systkin, því ef þið gagnrýnið og dæmið hvert annað, þá eruð þið að gagnrýna og dæma lög Guðs. En ykkar starf er að hlýða lögunum, ekki að dæma um hvort þau eigi við ykkur eða ekki. ¹² Það er bara einn löggjafi og dómari, sá sem getur bjargað ykkur eða eytt ykkur, en hver ert þú dæmandi nágranna þína?

¹³ Hlustið nú, þau ykkar sem segja „Í dag eða á morgun munum við fara í þessa borg eða hina, eyða ári þar og halda áfram viðskiptunum og græða pening“. ¹⁴ Hvernig veist þú hvernig líf þitt verður á morgun? Því þú ert bara móða sem birtist í smá tíma og hverfur síðan. ¹⁵ Í staðinn ættuð þið að segja „Ef Drottinn lofar munum við lifa og líka gera þetta eða hitt“. ¹⁶ Annars eruð þið að hreykja ykkur yfir ykkar eigin hjákátlegu áætlunum, og allur slíkur hroki er illska.

¹⁷ Munið, það er synd að vita hvað þú átt að gera og gera það ekki!

Fimmti kafli

¹ Hlustið nú ríkt fólk. Grátið og emjið yfir þeirri eynd sem er á leiðinni til ykkar.

² Ríkidæmi ykkar hefur rotnað og fínu fötin ykkar eru mölétin. ³ Gull og silfur ykkar er ryðgað og ryðið mun vitna gegn ykkur og gleypa líkama ykkar eins og eldur. Þið hafið safnað ríkidæmi á síðustu dögum þessa heims!

⁴ Heyrið grátur verkamannanna sem þið svikuð um laun. Grátur þeirra sem sáu um uppskeru ykkar hefur borist herra himnesku hersveitanna til eyrna. ⁵ Þið hafið eytt árum ykkar á jörðinni í munað og þið fullnægið öllum girndum ykkar. Þið hafið fitað ykkur fyrir daginn sem ykkur verður slátrað. ⁶ Þið hafið dæmt og drepið saklaust fólk, sem streittist ekki á móti.

⁷ Verið því þolinmóð, trúarsystkin, þartil herrann kemur. Bóndinn bíður þolinmóður eftir uppskerunni og er þolinmóður á vorin og haustin þegar hann bíður eftir rigningu. ⁸ Þið verðið líka að sýna þolinmæði, styrkið hjörtu ykkar, því herrann er á leiðinni.

⁹ Ekki kvarta yfir hvert öðru, bræður og systur, svo þið verðið ekki dæmd. Sjáið, dómarrinn stendur við dyrnar.

¹⁰ Dæmi um þolinmæði í þjáningu eru spámennirnir sem töluðu í nafni Drottins.

¹¹ Við köllum þau blessuð sem hafa þolað þjáningar.

Þið hafið heyrt um þolgæði Jobs og vitið hvernig Drottinn endaði þá sögu. Drottinn er fullur af meðaumkun og miskunnsemi.

¹² Umfram allt, kæru trúarsystkin, skuluð þið ekki sverja neina eiða, hvorki við himnana eða jörðina né nokkuð annað. En já ykkar á að vera já og nei ykkar á að vera nei, svo þið syndgið ekki og endið í dómnum.

¹³ Þjáist eitthvert ykkar? Þá verður viðkomandi að biðja. Er einhver að fagna? Þá verður viðkomandi að syngja lofsöngva. ¹⁴ Er eitthvert ykkar veikt? Þá ættuð þið að kalla saman öldunga trúarsamfélagsins og biðja yfir þeim, smyrja þau með olíu í nafni Drottins. ¹⁵ Slík bæn í trú mun lækna veika og Drottinn mun gera ykkur heilbrigð. Og ef þið hafið framið einhverja synd, mun ykkur verða fyrirgefið.

¹⁶ Játið syndir ykkar fyrir hvert öðru og biðjið fyrir hvert öðru, svo að þið getið læknast.

Einlæg bæn réttlátrar manneskju hefur mikinn mátt og getur gert mikið.

¹⁷ Elía var manneskja eins og við en samt þegar hann bað af einlægni að það myndi ekki rigna, rigndi ekki í þrjú og hálf ár! ¹⁸ Svo bað hann aftur og himininn gaf rigningu og jörðin fór að skila af sér uppskeru.

¹⁹ Kæru trúarsystkin, ef fólk á meðal ykkar villist af réttri leið og eitthvert ykkar snýr þeim tilbaka, ²⁰ getið þið verið viss um að sá sem snýr syndara frá villu síns vegar mun hylja margar syndir og bjarga sál þeirra frá dauða.

Bréf frá Símoni Pétri

Fyrsti kafli

¹ Frá Símoni Pétri, skuldapræl og sendiboða Jesú Krists.

Til þeirra sem hafa meðtekið sömu trú og við, fyrir réttlæti Guðs og bjargvætts okkar, Jesú Krists.

² Megi miskunnsemi og friður margfaldast meðal ykkar í gegnum þekkingu á Guði og á Jesú, herra okkar. ³ Því hans guðlegi kraftur hefur gefið okkur allt það sem við þurfum til að lifa guðræknu lífi í gegnum sanna þekkingu á honum sem kallaði okkur með sinni eigin dýrð og gæsku.

⁴ Í gegnum þetta hefur hann gefið okkur stór og dýrmæt loforð, svo að í gegnum þau getum við tekið þátt í hinni guðlegu náttúru, hafandi flúið spillingu heimsins sem vondur vilji hefur skapað.

⁵ Einmitt vegna þessa skuluð þið gera allt sem í ykkar valdi stendur til að bæta við trú ykkar góðmennsku, við góðmennskuna þekkingu, ⁶ við þekkinguna sjálfsstjórn, við sjálfsstjórnina þolgæði, við þolgæðið guðrækni, ⁷ við guðræknina systkinaelsku og við systkinaelskuna kærleika.

⁸ Ef þið hafið þessa eiginleika og þeir fara vaxandi í ykkur, munuð þið ekki vera án gagns eða ávaxta í sannri þekkingu á herra okkar Jesú Kristi.

⁹ Því þau sem vantar þessa eiginleika eru skammsýn og hafa gleymt hreinsuninni frá sínum gömlu syndum.

¹⁰ Þannig, kæru trúarsystkin, verið enn meira vakandi til að festa ykkur köllun hans sem útvaldi ykkur, því þau sem stunda þetta munu ekki hrasa. ¹¹ Stundið þetta og þá munu standa ykkur opnar, dyrnar inn í eilífa konungsríki Jesú Krists.

¹² Þessvegna mun ég alltaf vera tilbúinn að minna ykkur á þetta, þó þið þekkið þessa hluti nú þegar og stundið þá í þeim sannleika sem ykkur hefur verið gefinn.

¹³ Mér þykir það rétt svo lengi sem ég er í þessari jarðnesku vist, vitandi að innan skamms mun ég fara héðan, eins og Jesú Kristur hefur opinberað mér.

¹⁵ Ég vil líka að þið getið rifjað þessa hluti upp þegar ég verð farinn.

¹⁶ Við deildum ekki með ykkur upplognum goðsögum þegar við sögðum ykkur frá krafti og komu Jesú Krists, heldur vorum við vitni að hátign hans ¹⁷ þegar hann meðtók dýrð og heiður frá Guði föður þegar hann sagði með sinni stórkostlegu dýrð „Þetta er sonur minn sem ég elska, ég er ánægður með hann“. ¹⁸ Við heyrðum þessi orð koma af himnum með okkar eigin eyrum þegar við stóðum á heilaga fjallinu

með Jesú.

¹⁹ Við höfum líka spádómana, við getum treyst þeim og það er gott að grandskoða þá, þeir eru eins og skært ljós á dimmum stað, þartil það kemur dagur og morgunstjarnan rís í hjörtum okkar. ²⁰ Ennfremur verðið þið að skilja að enginn spádómur kom úr túlkun spámannanna sem skrifuðu þá, ²¹ því enginn spádómur á sér upphaf í mennskum vilja heldur töluðu spámennirnir frá Guði í gegnum heilagan anda.

Annar kafli

¹ En þá eins og nú komu fram falsspámennt og falskennarar meðal fólksins, sem með leynd læða inn hættulegum villukenningum, jafnvel afneita herranum sem keypti þá. Það mun kalla yfir þá eyðileggingu.

² Margt fólk mun elta ólífnaðinn og vegna þeirra mun sannleikurinn verða afskræmdur ³ og með græðgi sinni munu þeir féfletta ykkur með ósönnum orðum. Þeirra dómur er löngu ákveðinn og verður ekki stöðvaður, þeir munu mæta eyðileggingu sinni. ⁴ Því ef Guð þyrmdi ekki englunum þegar þeir syndguðu, heldur kastaði þeim í undirdjúpið og heldur þeim í myrkum pytti þartil dómur fellur, ⁵ og þyrmdi heldur ekki gamla heiminum heldur drekkti honum, en bjargaði Nóa, boðbera réttlætisins, ásamt sjö öðrum; ⁶ fyrst hann dæmdi borgirnar Sódómu og Gómorru til að brenna til ösku, til að sýna hvað hinir óguðræknu eiga von á, ⁷ og ef hann bjargaði hinum réttláta Lot, ⁸ sem kvaldist, búandi innan um svall þeirra og saurlífi; ⁹ þá veit Guð hvernig bjarga á hinum guðræknu frá freistingum og hvernig á að refsa hinum óréttlátu á dómsdegi. ¹⁰ Sérstaklega þeim sem láta undan fýsnum líkamans og hlýða engu. Gangandi óttalaust um í eigin vilja, bölvandi hæstu tignum eins og það sé ekkert. ¹¹ Sjálfir englarnir, sem eru þeim miklu fremri, bölvu þessum tignum ekki einu sinni þegar þær eru ákærðar fyrir Drottni. ¹² Þetta fólk fer með guðlast sem það skilur ekki. Það er eins og skynlaus dýr sem stjórnast af eðlisávisun og fæðast til þess eins að vera veidd og farast. Þetta fólk mun líka farast eins og dýrin. ¹³ Uppspera vont fyrir það vonda sem það sáði. Þessu fólk finnst það munaður að svalla að degi til og eru smánarblettur á hátíðum ykkar. ¹⁴ Þau hafa augu full af hórdómi og hætta aldrei að syndga og draga óstyrkar sálir niður í svaðið með sér. Ágirndin er sérgrein þeirra. ¹⁵ Þau hafa farið af beina veginum og ráfað á eftir Bílam Bósorsyni, sem elskaði peningana sem hann fékk fyrir að gera rangt. ¹⁶ En múlasni leiðrétti hann, dýr sem getur ekki talað, talaði með mannsrödd og stöðvaði brjálæði spámannsins. ¹⁷ Þetta fólk er mistur í stormi og lindir án vatns. Svartasta myrkrið er frátekið fyrir það. ¹⁸ Það hefur uppi galtóm, hrokafull orð og með því að höfða til girnda líkamans tæla þau fólk sem er nýsloppið frá því að velja illt. ¹⁹ Þau lofa frelsi, en eru sjálf þrælar spillingar, enda er fólk þrælar þess sem sigrar það. ²⁰ Ef þau hafa flúið spillingu heimsins með því að kynnast Jesú Kristi, bjargvætti okkar, og eru svo aftur flækt í spillingarvefinn, eru þau verr sett en í upphafi. ²¹ Þá hefði verið skárri fyrir þau að hafa ekki kynnst rétta veginum, frekar en að kynnast honum og snúa svo baki við heilaga orðinu sem þeim var gefið.

²² Um slíkt fólk segja Orðskviðirnir „Hundurinn snýr aftur í eigin ælu. Eftir þvott snýr gyltan aftur í sama skítinn“.

Þriðji kafli

¹ Kæru vinir, þetta er annað bréfið mitt til ykkar. Ég skrifaði þau bæði til að hvetja ykkur til að stunda heilbrigða hugsun.

² Ég vil að þið munið eftir spádómsorðunum og boðorðinu sem þið fenguð frá herra okkar og bjargvætti í gegnum sendiboðana.

³ Umfram allt skuluð þið muna að á síðustu dögum þessa heims munu koma fram háðfuglar eltandi eigin girndir, sem munu segja ⁴ „Hvar er þessi endurkoma sem hann lofaði? Allt líf gengur sinn vanagang og ekkert bólar á honum!“

⁵ En þeir viljandi gleyma að fyrir löngu sagði Guð orð og alheimurinn varð til. Og Guð sagði orð og jörðin varð til úr vatni, af vatni. ⁶ Sama vatni og gjöreyddi síðar öllu á jörðinni. ⁷ Með orði hans er eldur frátekin fyrir núverandi himinn og jörð, eldurinn bíður dómsdagsins og eyðingu hinna óguðlegu.

⁸ Og gleymið þessu ekki kæru vinir að fyrir Guði eru þúsund ár eins og dagur og dagur eins og þúsund ár. ⁹ Guð er ekki seinn að uppfylla loforð sín heldur er hann þolinmóður við okkur. Hann vill ekki að nein manneskja glatist heldur að allt fólk iðrist og geri betrun.

¹⁰ En dagur Drottins mun koma eins og þjófur á nóttu. Himnarnir munu hverfa með öskri, frumefnin munu eyðast í eldi og jörðin, og allt sem á henni er, mun brenna upp. ¹¹ Þar sem allt mun eyðast á þennan hátt, hvernig ættir þú þá að vera? Þú ættir að lifa góðu og guðræknu lífi ¹² á meðan þú bíður eftir og flýtir fyrir degi Guðs sem mun brenna upp himnana og bræða frumefnin með ofsafengnum hita.

¹³ Samkvæmt loforði hans erum við að bíða eftir nýjum himni og nýrri jörð þar sem réttlætið mun ríkja.

¹⁴ Þannig að kæru vinir, nú hafið þið verið vöruð við og verið því vakandi svo þið sogist ekki inn í villu lögleysisins og fallið þar með úr ykkar öruggu stöðu ¹⁸ heldur vaxið í góðvild og þekkingu á herra okkar og bjargvætti, Jesú Kristi.

Hans sé dýrðin núna og til eilíðar.

Amen.

Bréf frá Jóhannesi

Fyrsti kafli

¹ Það sem var frá upphafinu, það sem við höfum heyrt, séð með okkar eigin augum, horft á og snert með eigin höndum, það er það sem við boðum þegar við boðum orð lífsins.

² Lífið birtist, við sáum það og segjum þér núna frá því, við boðum þér eilíft líf, sem var hjá Föðurnum og var opinberað okkur. ³ Við boðum þér líka það sem við höfum séð og heyrt svo þú getir gengið til liðs við okkur. Og við erum í liði með Föðurnum og syni hans, Jesú Kristi. ⁴ Við að skrifa þetta er gleði okkar fullkomnuð.

⁵ Þetta eru skilaboðin sem við fengum frá honum og vitnum um: Guð er ljós og í honum er ekkert myrkur.

⁶ Ef við segjumst vera í liði með honum en göngum samt í myrkri, þá erum við að ljúga og lifum ekki í sannleikanum. ⁷ En ef við göngum í ljósinu eins og hann er í ljósinu, þá erum við í liði með hvert öðru og blóð sonarins Jesú hreinsar okkur af allri synd.

⁸ Ef við segjumst vera syndlaus, lifum við í sjálfsblekkingu og sannleikurinn er ekki í okkur. ⁹ Ef við viðurkennum syndir okkar þá er hann sanngjarn og trúr, fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar af okkur allt ranglæti.

¹⁰ Ef við segjumst ekki hafa syndgað, gerum við hann að lygara og orð hans býr þá ekki í okkur.

Annar kafli

¹ Börnin mín litlu, ég skrifa ykkur þetta svo þið syndgið ekki. En ef einhver syndgar þá eigum við málsvara hjá Föðurnum, Jesú Krist hinn réttláta.

² Hann er sjálfur fórnin sem er færð fyrir syndir okkar og ekki bara okkar syndir heldur syndir alls heimsins.

³ Svona vitum við að við höfum kynnst Jesú, við höldum boðorð hans.

⁴ Þau sem segja „Ég þekki hann!“ en halda ekki boðorð hans eru lygararar, og sannleikurinn er ekki í þeim. ⁵ En þau sem halda boðorð hans, þar er ást á Guði sannarlega fullkomnuð. Þannig vitum við hvort við séum í honum: ⁶ Þau sem segjast lifa í honum eiga að ganga eins og hann gekk.

⁷ Elsku vinir, það er ekki nýtt boðorð sem ég er að skrifa ykkur heldur gamalt, sem þið hafið haft frá upphafi. Þetta gamla boðorð er boðskapurinn sem þið hafið heyrt.

⁸ En á sama tíma er ég að skrifa nýtt boðorð sem er sannleikurinn í honum og í þér, vegna þess að myrkrið er að hverfa og hið sanna ljós er nú þegar farið að skína.

⁹ Þau sem segjast vera í ljósinu en hatast við systkin sín, eru ennþá í myrkrinu.

¹⁰ Þau sem elska systkin sín eru í ljósinu og gildrurnar fella þau ekki.

¹¹ En þau sem hatast við systkin sín eru í myrkrinu, ganga í myrkrinu og vita ekki hvert þau eru að fara, því myrkrið blindar augu þeirra.

¹² Ég skrifa þetta til ykkar elsku börn, vegna þess að syndir ykkar hafa verið fyrirgefna vegna nafns hans.

¹³ Ég skrifa þetta til ykkar foreldrar því þið þekkið þann sem er frá upphafi.

Ég skrifa þetta til ykkar unga fólk því þið hafið unnið sigur á hinu illa.

¹⁴ Ég skrifa þetta til ykkar elsku börn því þið þekkið Föðurinn. Ég skrifa ykkur þetta foreldrar því þið þekkið þann sem er frá upphafi. Ég skrifa þetta til ykkar unga fólk því þið eruð sterk og orð Guðs lifir í ykkur og þið hafið unnið sigur á hinu illa.

¹⁵ Ekki elska heiminn eða neitt sem er í heiminum. Þau sem elska heiminn hafa ekki í sér ást á Föðurnum ¹⁶ því allt sem er í heiminum, lostafullt augnaráð eða hroki yfir eigum sínum, kemur ekki frá Föðurnum heldur frá heiminum.

¹⁷ Heimurinn og öll girndin sem í honum er, mun líða undir lok, en þau sem gera vilja Guðs lifa að eilífu.

¹⁸ Elsku börn, nú er lokastundin runnin upp og eins og þið hafið heyrt mun koma fram andkristur og margir andkristar eru nú þegar komnir á kreik, þannig vitum við að þetta er hin síðasta stund.

¹⁹ Þetta fólk yfirgaf trúarsamfélög okkar en átti ekki neina samleið með okkur. Því ef þau hefðu átt samleið með okkur hefðu þau verið áfram með okkur en þau sýndu sitt rétta andlit þegar þau fóru. ²⁰ En þið hafið fengið smurningu frá hinum heilaga og þið þekkið öll sannleikann.

²¹ Ég er ekki að skrifa ykkur þetta vegna þess að þið þekkið ekki sannleikann heldur vegna þess að þið þekkið muninn á sannleika og lygi.

²² Hver er þá lygari? Það er sá sem neitar því að Jesú sé Kristur. Slík manneskja er andkristur, neitandi bæði Guði föður og syninum Jesú. ²³ Enginn sem afneitar syninum þekkir Föðurinn og öll þau sem viðurkenna soninn eignast Föðurinn líka.

²⁴ Hvað ykkur varðar skuluð þið sjá til þess að það sem þið heyrðuð í upphafi varðveitist í ykkur. Ef það gerir það, munið þið líka varðveitast í syninum og Föðurnum. ²⁵ Og þetta er það sem hann lofaði: Eilíft líf.

²⁶ Ég skrifa ykkur þetta vegna þeirra sem munu reyna að leiða ykkur af réttri leið. ²⁷ Hvað ykkur varðar þá er smurningin sem þið fenguð ennþá lifandi í ykkur og þið þurfið engan til að kenna ykkur.

Sú smurning kennir ykkur líka um alla hluti og hún er raunveruleg, hún er ekki lygi, og alveg eins og hún hefur kennt ykkur, eruð þið í honum.

²⁸ Þið skuluð haldast í honum kæru börn, svo þegar hann kemur aftur, getum við mætt honum af sjálfsöryggi hafandi ekkert til að skammast okkar fyrir.

²⁹ Ef þú veist að hann er réttlátur veistu líka að öll þau sem gera rétt, hafa verið fædd af honum.

Þriðji kafli

¹ Sjáið hvað Guð elskar okkur mikið, að við skulum vera kölluð börn Guðs! Og það er það sem við erum. Ástæða þess að heimurinn þekkir okkur ekki, er að heimurinn þekkir ekki Guð.

² Kæru vinir, nú erum við börn Guðs og hvað við munum verða hefur ekki verið opinberað ennþá, en við vitum að þegar Kristur kemur þá munum við verða eins og hann, því við munum sjá hann fyrir það sem hann er.

³ Öll þau sem hafa þessa von til Jesú, hreinsast, eins og hann er hreinn. ⁴ Öll þau sem syndga, brjóta lög Guðs, og raunar er synd lögleysa. ⁵ En þið vitið að Jesú kom til jarðar til að taka í burtu syndina. Og í honum er engin synd. ⁶ Öll þau sem eru í honum syndga ekki, öll þau sem syndga, hafa ekki séð hann og þekkja hann ekki.

⁷ Kæru börn, ekki láta neinn plata ykkur. Þau sem gera rétt eru réttlát, eins og Jesú er réttlátur.

⁸ Þau sem syndga eru af djöflinum því djöfullinn hefur syndgað frá upphafi. Ástæða þess að sonur Guðs kom til jarðar var að útrýma verkum djöfulsins.

⁸ Enginn sem er fæddur af vilja Guðs, mun halda áfram að syndga því fræ Guðs er í þeim, þau geta ekki syndgað frammar því þau hafa verið fædd af Guði.

¹⁰ Svona þekkjum við hver eru börn Guðs og hver eru börn djöfulsins: Þau sem iðka ekki réttlæti eru ekki börn Guðs og ekki heldur neitt fólk sem elskar ekki systkin sín.

¹¹ Því þetta er boðskapurinn sem þið hafið heyrt frá upphafi: Við eigum að elska hvert annað.

¹² Verið ekki eins og Kaín sem tilheyrði hinum illa og drap bróður sinn. Og af hverju drap Kaín bróður sinn? Af því að hans eigin verk voru ill og verk bróður hans voru réttlát.

¹³ Ekki vera hissa, trúarsystkin mín, ef heimurinn hatar ykkur. ¹⁴ Við vitum að við höfum sloppið frá dauðanum og til lífsins vegna þess að við elskum systkin okkar. Þau sem elska ekki, eru áfram í dauðanum. Þau sem hatast við systkin sín eru morðingjar og þið vitið að engir morðingjar hafa í sér eilíft líf.

¹⁶ Svona vitum við hvað ást og kærleikur er: Jesú fórnaði lífi sínu fyrir okkur. Og við ættum að fórna lífi okkar fyrir systkin okkar.

¹⁷ Ef einhver á veraldlegar eigur og sér systkin sín í neyð og lokar hjarta sínu fyrir þeim, hvernig getur kærleikur Guðs lifað í þeirri manneskju?

¹⁸ Börnin mín litlu, við skulum ekki elska bara með orðum, heldur í verki og í sannleika.

¹⁹ Þannig munum við vita hvort við tilheyrum sannleikanum og getum verið örugg

þegar við stöndum frammi fyrir Guði, ²⁰ hvað svo sem hjarta okkar dæmir okkur fyrir. Því Guð er meiri en hjörtu okkar og hann veit allt.

²¹ Kæru vinir, ef hjörtu okkar dæma okkur ekki á þennan hátt getum við farið til Guðs með öryggi í hjarta ²² og fengið frá honum allt það sem við biðjum um, því við brutum ekki lög hans og boðorð og gerðum það sem gleður hann.

²³ Og þetta er boðorð hans: Að trúá á nafn sonar hans Jesú Krists og elska hvert annað eins og Jesú sagði okkur að gera. ²⁴ Þau sem virða þessi lög Guðs, lifa í honum og hann í þeim. Svona vitum við að hann er í okkur, með andanum sem hann hefur gefið okkur.

Fjórði kafli

¹ Kæru vinir, ekki trúá öllum þeim sem segjast tala af andanum heldur prófið andann til að sjá hvort hann komi frá Guði eða ekki. Því það eru margir falsspámenn í heiminum og fólk sem kennir það sem er ekki rétt.

² Svona þekkið þið anda Guðs: Allir andar sem játa að Jesú Kristur hafi komið í líkama af holdi og blóði, eru frá Guði. ³ En allir andar sem viðurkenna ekki Jesú, koma ekki frá Guði. Það er andi andkrists, sem þú hefur heyrt að sé á leiðinni. Jafnvel nú eru slíkir komnir á kreik.

⁴ Þið, kæru börn, eruð frá Guði og hafið unnið sigur á slíkum öndum, því sá sem er í ykkur er meiri en sá sem er í þessum heimi.

⁵ Falsspámennirnir eru af þessum heimi og tala þess vegna frá sjónarhorni þessa heims og heimurinn hlustar á þá.

⁶ Við erum frá Guði og þau sem þekkja Guð hlusta á okkur, en þau sem eru ekki frá Guði hlusta ekki á okkur. Svona þekkjum við á milli anda sannleikans og anda blekkingarinnar.

⁷ Kæru vinir, við skulum elska hvert annað, því ástin og kærleikurinn kemur frá Guði. Þau sem elska, hafa verið fædd af Guði og þekkja Guð. ⁸ En þau sem elska ekki, þekkja ekki Guð, því Guð er kærleikur.

⁹ Svona sýndi Guð okkur kærleik sinn: Hann sendi einkason sinn í heiminn svo við getum lifað vegna hans.

¹⁰ Þetta er kærleikur, ekki að við elskum Guð heldur að hann elskaði okkur og sendi son sinn sem fórn til að hreinsa í burtu okkar syndir.

¹¹ Elsku vinir, ef Guð elskar okkur svona mikið þá skulum við líka elska hvert annað.

¹² Ekkert okkar hefur séð Guð en ef við elskum hvert annað, þá er Guð í okkur og kærleikur hans fullkomnast í okkur.

¹³ Svona vitum við að hann lifir í okkur og við lifum í honum: Andi Guðs sem hann gaf okkur sannar það.

¹⁴ Við sáum og vitnum um að Faðirinn sendi soninn til að vera bjargvættur heimsins. ¹⁵ Þau sem viðurkenna að Jesú er sonur Guðs, eru í Kristi og Kristur er í Guði.

Við vitum að Guð elskar okkur og við treystum því að hann elski okkur.

Guð er kærleikur og þau sem eru í kærleika eru í Guði og Guð er í þeim.

¹⁷ Svona er kærleikurinn fullkomnaður í okkur, þannig við getum mætt dómsdegi af öryggi: Við erum eins og Jesú í þessum heimi.

¹⁸ Kærleikur og ótti fara ekki saman, en fullkominn kærleikur rekur út allan ótta, því óttinn tengist refsingu. Þau sem óttast hafa ekki kærleikann fullkomnaðan í sér.

¹⁹ Við elskum, því fyrst elskaði Guð okkur. ²⁰ Ef einhver segir „Ég elska Guð“ en hatast samt við systkin sín, þá er viðkomandi lygari. Því ef manneskja elskar ekki systkin sín sem hún hefur séð, þá getur hún getur ekki elskað Guð sem hún hefur ekki séð.

²¹ Þetta er boðorðið sem við fengum frá honum: Sá sem elskar Guð skal líka elska systkin sín.

Fimmti kafli

¹ Öll þau sem trúa að Jesú sé Kristur eru fædd af Guði og þau sem elska föður elska börnin hans líka.

² Svona vitum við að við elskum börn Guðs: Með því að elska Guð og gera það sem hann sagði okkur að gera.

³ Raunar er þetta að elska Guð: Að halda boðorð hans og boðorð hans eru ekki erfið byrði að bera ⁴ því öll börn Guðs vinna sigur á hinu illa í þessum heimi og við vinnum þennan sigur með trú.

⁵ Hver getur þá sigrað þennan heim? Aðeins þau sem trúa að Jesú sé sonur Guðs.

⁶ Það er hann sem opinberaðist, fyrst með skírn í vatni og svo með því að blæða fyrir okkur á krossinum. Ekki bara opinberaður með vatni, heldur vatni og blóði. Það er sannleiksandinn sem vitnar um þetta.

⁷ Því þrennt vitnar um Jesú: ⁸ Andinn, vatnið og blóðið og þetta þrennt segir sömu söguna.

⁹ Við samþykkjum mennskan vitnisburð en vitnisburður Guðs er meiri. Því það er vitnisburður Guðs, sem hann gaf okkur um son sinn. ¹⁰ Öll þau sem trúa ekki orðum Guðs segja að hann sé lygari, því þau hafa ekki trúað því sem Guð sagði um son sinn.

¹¹ Og þetta er vitnisburðurinn: Guð hefur gefið okkur eilíft líf og þetta líf er að finna í Jesú, syni hans. ¹² Öll þau sem taka á móti syninum hafa eignast líf, öll þau sem taka ekki á móti syninum hafa ekki eignast lífið.

¹³ Ég skrifa þessi orð til þeirra sem trúa á nafn sonar Guðs og svo þið vitið að þið hafið eignast eilíft líf.

¹⁴ Við treystum Guði og ef við biðjum hann um eitthvað sem er í hans vilja þá mun hann heyra í okkur. ¹⁵ Og þar sem við vitum að hann heyrir í okkur, þá getum við treyst því að öðlast það sem við biðjum um.

¹⁶ Ef þið sjáið systkin ykkar drýgja synd sem er ekki til dauða, skuluð þið biðja fyrir þeim og Guð mun gefa þeim líf. Ég á hér við syndir sem eru ekki til dauða.

Það er til synd sem er til dauða. Ég er ekki að segja að þið ættuð að biðja fyrir slíku.

¹⁷ Allt ranglæti er synd en það er til synd sem er ekki til dauða.

¹⁸ Við vitum að öll þau sem fæðast af Guði halda ekki áfram að syndga, sá sem var fæddur af Guði heldur þeim öruggum og sá illi getur ekki snert þau.

¹⁹ Við vitum að við erum börn Guðs og líka hitt að heimurinn er á valdi hins illa. ²⁰ Við vitum líka að sonur Guðs hefur komið og gefið okkur skilning, svo að við getum þekkt þann sem er sannur og trúr. Og við erum í þeim sem er sannur og trúr með því að vera í syni hans Jesú Kristi.

Þetta er hinn sanni Guð og eilíft líf.

²¹ Elsku börn, haldið ykkur frá skurðgoðum og falsguðum.

Amen.

Opinberunarbókin

Fyrsti kafli

¹ Þetta er opinberun Jesú Krists, sem Guð gaf honum til að sýna skuldaþrælum sínum hvað mun gerast fljótlega. Hann sendi engil með þessa opinberun til Jóhannesar, skuldaþræls síns ² sem vitnar hér um allt sem hann sá. Það er, orð Guðs og boðskap Jesú Krists.

³ Blessuð eru þau sem lesa og heyra þessi spádómsorð og fara eftir þeim. Því skammt er eftir.

⁴ Frá Jóhannesi til safnaðanna sjö í Asíuhéraði: Megi miskunnsemi og friður streyma til ykkar frá þeim sem er, var og mun vera. Og frá öndunum sjö sem eru við hásæti hans. ⁵ Og frá Jesú Kristi, áreiðanlega vitninu sem reis fyrst upp frá dauðum og er herra konunga jarðarinnar. Öll dýrðin sé þess sem elskar okkur og hefur bjargað okkur frá syndunum með því að blæða fyrir okkur og hefur gert okkur að konungsríki og prestum til að þjóna Guði föður sínum. Hans sé alltaf dýrðin og mátturinn.

⁷ Sjáðu, hann er á leiðinni í skýjunum og öll munu sjá hann, jafnvel þeir sem stungu hann. Og allar þjóðir heimsins munu gráta örlög sín þegar þau sjá hann. Það mun gerast. Amen.

⁸ Guð segir „Ég er upphafið og endirinn, sá sem var, er og mun vera. Sá almáttugi.“

⁹ Ég, Jóhannes, bróðir þinn og samverkamaður í þjáningunni, konungsríkinu og þolgæðinu, sem eru okkar í Jesú; var á eyjunni Patmos vegna orðs Guðs og boðskapar Jesú. ¹⁰ Ég var í andanum á degi Drottins og ég heyrði fyrir aftan mig, kraftmikla rödd eins og lúðraþyt.

¹¹ Og röddin sagði „Skrifaðu niður það sem þú sérð og sendu það til safnaðanna sjö, til Efesus, Smyrnu, Pergamon, Þyatíru, Sardes, Fíladelfíu og Ládekíu“. ¹² Þegar ég snéri mér við til að sjá hvaðan röddin kom, sá ég sjö ljósastikur úr gulli.

¹³ Og á meðal ljósastikanna sá ég einhvern sem var eins og Mannsonurinn, klæddur í síðan kyrtill og með borða úr gulli yfir brjóstið. ¹⁴ Hár hans var fagurhvítt eins og ull, eins hvítt og snjór og augu hans voru eins og logandi eldur. ¹⁵ Fætur hans voru eins og glóandi brons og röddin hans var eins og niður margra fossa.

¹⁶ Hann hélt á sjö stjörnum í hægri hönd sinni og beitt, tvíeggjað sverð gekk út úr munni hans. Andlit hans var eins og skínandi sól í fullu veldi.

¹⁷ Þegar ég sá hann, féll ég við fætur hans, eins og ég væri dáinn. Hann lagði þá hægri hönd sína á mig og sagði „Ekki vera hræddur, ég er sá fyrsti og sá síðasti, sá lifandi. Ég dó og sjáðu núna, ég lifi að eilífu! Ég er með lyklana að dauðanum og gröfunum (Hades). Skrifaðu niður það sem þú hefur séð um það sem er að gerast og það sem mun gerast. ²⁰ Leynardómurinn um ljósastikurnar sjö sem þú sást í hægri hönd minni, er þessi: Stjörnurnar sjö eru englar safnaðanna sjö og ljósastikurnar sjö, eru söfnuðirnir sjö.

Annar kafli

¹ Skrifaðu til engils safnaðarins í Efesus: Þetta eru orð frá þeim sem heldur á stjörnunum sjö í hægri hönd sinni og gengur um á meðal ljósastikanna sjö:

² Ég þekki verkin þín, hversu hart þú leggur að þér og ég þekki þolgæði þitt. Ég veit að þú þolir ekki vont fólk og að þú hefur prófað þá sem segjast vera postular en eru það ekki, og hefur komist að því að þeir eru ekki það sem þeir segjast vera.

³ Þú hefur þjáðst vegna mín og samt haldið áfram, án þess að missa þolinmæðina. ⁴ En ég hef þetta á móti þér, þú hefur glatað kærleikanum sem þú hafðir í upphafi. ⁵ Hugleiddu hversu hátt þú hefur fallið! Iðrastu og gerðu það sama og þú gerðir í upphafi. Ef þú iðrast ekki, mun ég koma og taka í burtu ljóstatikuna þína.

⁶ En þó mátt þú eiga að þú hatast við verk Níkolítanna, sem ég hatast líka við.

⁷ Hver sem hefur eyru, heyri hvað andinn segir við söfnuðina. Þau sem vinna sigurinn, munu vinna sér inn rétt til að borða af tré lífsins sem er í Paradís Guðs.

⁸ Skrifaðu til engils safnaðarins í Smyrnu: Þetta eru orð þess sem var sá fyrsti og er sá síðasti, orð þess sem dó og reis upp frá dauðum:

⁹ Ég þekki þjáningu ykkar og fátækt, en samt eruð þið rík! Ég þekki líka vond orð þeirra sem segjast vera Gyðingar en eru það ekki, heldur samkoma Satans. ¹⁰ Ekki vera hrædd við komandi þjáningar. Ég segi ykkur, djöfullinn mun setja nokkur ykkar í fangelsi til að reyna ykkur og þið munuð kveljast í tíu daga en verið trúföst allt fram í dauðann og ég mun gefa ykkur kórónu lífsins. ¹¹ Hver sem hefur eyru, heyri hvað andinn segir við söfnuðina. Þau sem standa uppi sem sigurvegarar munu ekki þurfa þola hinn annan dauða.

¹² Skrifaðu til engils safnaðarins í Pergamon: Þetta eru orð þess sem er með beitta tvíeggja sverðið: ¹³ Ég veit hvar þú býrð, þar sem hásæti Satans er. En samt heldur þú þig við trúna á mig, jafnvel þegar Antípas, trúfasta vitnið mitt, var drepinn í borginni ykkar, þar sem Satan býr.

¹⁴ Samt sem áður hef ég nokkuð á móti þér, það eru nokkur á meðal ykkar sem halda sig við kenningar Bílam, sem kenndi Balak að lokka Ísraelana í synd, svo þeir átu það sem var helgað skurðgoðum og drýgðu hór. ¹⁵ Ennfremur eru nokkur meðal ykkar sem halda sig við kenningar Níkolítana. ¹⁶ Iðrist því! Annars mun ég koma og berjast við þau með sverði munns míns.

¹⁷ Hver sem hefur eyru, heyri hvað andinn segir við söfnuðina. Þau sem vinna sigurinn munu fá frá mér af hinu hulda manna og hvítan stein sem skrifað er á nýtt nafn sem enginn þekkir, nema þau sem taka á móti steininum.

¹⁸ Skrifaðu til engils safnaðarins í Þýatíru: Þetta eru orð sonar Guðs, þess sem hefur augu sem eru eins og logandi eldur og fætur sem eru eins og gljáfægt brons:

¹⁹ Ég þekki verkin ykkar, kærleika ykkar og trú, þjónustu ykkar og þolgæði, og að þið gerið meira núna en þið gerðuð í upphafi. ²⁰ Þó hef ég þetta á móti ykkur, þið umberið þessa Jesebel sem kallar sig spámann. Með kenningum sínum narrar hún fylgjendur mína til að drýgja hór og borða það sem hefur verið fórnað til skurðgoða.

²¹ Ég hef gefið henni tíma til að iðrast þess illa sem hún gerir, en hún neitar að gera það. ²² Sjáðu ég mun henda henni á sjúkrabeð og þau sem drýgja hór með henni munu þjást stórkostlega, nema þau iðrist og hætti að elta hana. ²³ Ég mun drepa börnin hennar og þá munu allir söfnuðirnir vita að það er ég sem rannsaka hug og hjörtu og ég mun gefa öllum það sem þau eiga skilið.

²⁴ En ég er líka með skilaboð fyrir ykkur hin í Þýatíru, þeirra sem hafa ekki elt kenningar hennar og hafa ekki lært hin svokölluðu djúpu leyndarmál Satans, ég legg engar frekari byrðar á ykkur ²⁵ nema að halda í það sem þið hafið nú þegar, þartil ég kem.

²⁶ Þau sem munu vinna sigurinn og halda í boðskap minn allt til enda, munu öðlast yfirráð yfir þjóðunum ²⁷ og munu ríkja yfir þeim með valdssprota úr járn og brjóta þær niður eins og leirpotta, rétt eins og ég öðlaðist hið sama frá Föðurnum. Ég mun líka gefa þeim sem vinna sigurinn, morgunstjörnuna.

²⁹ Hver sem hefur eyru, heyri hvað andinn segir við söfnuðina.

Þriðji kafli

¹ Skrifaðu til engils safnaðarins í Sardes: Þetta eru orð þess sem hefur sjö anda Guðs og heldur á stjörnunum sjö: Ég þekki verkin ykkar. Orðsþorið sem fer af þér er að þú sért lifandi, en þú ert dauður! ² Vaknaðu! Styrktu það sem enn tórir hjá þér en er að deyja, því starf ykkar er óklárað og ekki Guði þóknanlegt. ³ Munið eftir því sem þið fenguð og heyrðuð, varðveitið það og iðrist. En ef þið vaknið ekki... mun ég koma til ykkar eins og þjófur og þú munt ekki vita hvenær ég kem.

⁴ En í Sardes hafið þið nokkur sem hafa ekki óhreinkað fötin sín. Þau munu ganga með mér, íklædd fagurhvítu eins og þau verðskulda. ⁵ Öll þau sem vinna sigurinn munu vera klædd í fagurhvítt. Ég mun aldrei þurrka út nöfn þeirra úr bók lífsins heldur mun ég segjast þekka þau, frammi fyrir Föður mínum og englum hans.

⁶ Hver sem hefur eyru, heyri hvað andinn segir við söfnuðina.

⁷ Skrifaðu til engilsins í Fíladelfíu: Þetta eru orð þess sem er heilagur og trúr, sá sem heldur á lykli Davíðs. Það sem hann opnar getur enginn lokað og það sem hann lokar, getur enginn opnað: ⁸ Ég þekki verkin ykkar. Sjáðu, ég hef sett fyrir framan þig opnar dyr sem enginn getur lokað. Ég veit þú hefur lítinn mátt en samt hefur þú hlýtt orðum mínum og aldrei afneitað nafni mínu. ⁹ Ég mun láta þau sem eru af samkomu Satans, þau sem segjast vera Gyðingar en eru það ekki, falla fram fyrir fætur þínar og skilja að ég elska ykkur.

¹⁰ Þar sem þið hafið hlýtt orðum mínum um að vera þolinmóð, mun ég líka vernda

ykkur frá þrengingunni sem mun reyna alla jarðarbúa. ¹¹ Ég mun koma fljótlega. Haltu í það sem þú hefur svo enginn geti tekið af ykkur kórónuna. Ég mun gera þau sem vinna sigurinn að súlum í musteri Guðs míns og aldrei munu þau yfirgefa það. Ég mun skrifa á þau nafn Guðs míns og nafn borgar Guðs míns, hinnar Nýju Jerúsalem. Ég mun líka skrifa á þau nýja nafnið mitt.

¹³ Hver sem hefur eyru, heyri það sem andinn segir við söfnuðina.

¹⁴ Skrifaðu til engils safnaðarins í Ládekíu: Þetta eru orð frá þeim sem er Amen, trúfasta og sanna vitninu, þeim sem er upphaf sköpunar Guðs: Ég þekki verkin ykkar og veit að þið eruð hvorki heit né köld. Betra væri ef þið væruð annaðhvort heit eða köld. ¹⁵ En þar sem þið eruð hálfvolg, hvorki heit né köld, mun ég skyrpa ykkur út úr munninum. ¹⁷ Þið segið „Við erum rík! Okkur skortir ekkert.“ En þið skiljið ekki að þið eruð ömurleg og fátæk og blind og nakin.

¹⁸ Ég ráðlegg ykkur að kaupa af mér gull, hreinsað í eldi, svo þið getið orðið rík, og fagurhvít klæði svo þið getið falið ykkar skammarlegu nekt, og smyrsl til að bera á augu ykkar svo þið getið séð. ¹⁹ Ég leiðrétti og aga þá sem ég elska, verið því vakandi og iðrist! ²⁰ Hér er ég! Ég stend við dyrnar og banka. Ég mun heimsækja og borða með þeim sem heyra orð mín og opna fyrir mér. ²¹ Ég mun leyfa þeim sem vinna sigurinn, að sitja með mér í hásæti mínu, eins og ég vann sigurinn og settist í hásætið með Föður mínum. ²² Hver sem hefur eyru, heyri hvað andinn segir við söfnuðina.“

Fjórði kafli

¹ Þegar þessu var lokið sá ég fyrir framan mig, opnar dyr á himnum. Og röddin sem talaði fyrst við mig, sú sem hljómaði eins og lúðraþytur sagði „Komdu hingað og ég mun sýna þér hvað mun gerast“. ² Um leið var ég í andanum og ég sá hásæti á himnum sem einhver sat í. ³ Og sá sem sat þar glitraði eins og eðalsteinn, eins og jaspis eða sardis, og regnbogi sem skein eins og smaragður umkringdi hásæti hans. ⁴ Í kringum hásætið voru tuttuguogfjögur önnur hásæti og í þeim sátu tuttuguogfjörir öldungar. Þeir voru klæddir í fagurhvítt og höfðu kórónur úr gulli á höfðinu. ⁵ Frá hásætinu komu þrumur og eldingar og fyrir framan hásætið skinu sjö logandi ljós. Þetta eru sjö andar Guðs.

⁶ Fyrir framan hásætið var líka eitthvað sem leit út eins og kristalshaf, jafn skírt og kristall! Í miðjunni og í kringum hásætið voru fjórar verur sem voru alsettar augum að framan og aftan. ⁷ Fyrsta veran var eins og ljón, önnur veran eins og naut, þriðja veran hafði andlit manneskju og fjórða veran var eins og fljúgandi örn. ⁸ Allar verurnar fjórar höfðu sex vængi og voru alsettar augum, meiraðsegja undir vængjunum. Dag eftir dag og nótt eftir nótt segja þær stanslaust „Heilagur, heilagur, heilagur er Drottinn Guð almáttugur, sá sem var, er og mun vera“.

⁹ Alltaf þegar verurnar veita þeim sem situr á hásætinu og lifir eilíflega, dýrðina, heiðurinn og þakkirnar, ¹⁰ falla öldungarnir tuttuguogfjörir fram fyrir sig, leggja kórónur sínar fyrir framan hásætið og tilbiðja þann sem situr í hásætinu og segja ¹¹ „Þú ert þess verður, Drottinn okkar og Guð, að þiggja dýrðina, heiðurinn og máttinn, því þú skapaðir allt og af vilja þínum var allt skapað og er til.“

Fimmti kafli

¹ Þá sá ég í hönd þess sem sat í hásætinu, bók sem skrifað var í, innan á og utan, og var innsigluð með sjö innsiglum. ² Og ég sá máttugan engil segjandi með hárrí röddu „Hver er þess verður að rjúfa innsiglin og opna bókina?“ ³ En enginn, hvorki á jörðu né himni, gat opnað bókina eða litið inn í hana.

⁴ Ég grét og grét vegna þess að enginn fannst sem var verðugur til að opna bókina eða líta inn í hana.

⁵ Þá sagði einn af öldungunum við mig „Ekki gráta! Sjáðu, ljónið af ættkvísl Júda, erfingi hásætis Davíðs, vann sigurinn. Það getur opnað bókina og rofið innsiglin sjö.“ ⁶ Þá sá ég lamb sem var eins og því hafi verið slátrað, standandi fyrir miðju hásætinu, umkringt verunum fjórum og öldungunum. Lambið hafði sjö horn og sjö augu, sem eru sjö andar Guðs sem eru sendir út um alla jörðina.

⁷ Lambið kom og tók við bókinni úr hendi þess sem sat í hásætinu ⁸ og þegar það hafði tekið við bókinni, féllu verurnar fjórar og öldungarnir tuttuguogfjórir frammi fyrir lambinu. Hver og einn hélt á hörpu og skál úr gulli sem var full af reykelsi, sem eru bænir fólksins sem tilheyrir Guði.

⁹ Og þeir sungu nýjan lofsöng „Þú ert verðugur að taka við bókinni og rjúfa innsigli hennar því þér var slátrað og fyrir Guð, keyptir þú með blóði þínu, fólk af öllum þjóðum og tungum. ¹⁰ Þú hefur gert þau að konungsríki og prestum Guðs og þau munu ríkja á jörðinni.“

¹¹ Þá leit ég upp og heyrði í röddum þúsunda og milljóna engla. Þeir voru allt í kringum hásætið, verurnar fjórar og öldungana. ¹² Með hárrí röddu sögðu englarnir „Verðugt er lambið sem var slátrað, að þiggja mátt og ríkidæmi og visku og styrk og heiður og dýrð og lof!“

¹³ Þá sungu allar verurnar sem eru á himnum og á jörðinni og neðanjarðar og í sjónum „Blessun og heiður og máttur og dýrð sé þess sem situr í hásætinu og lambsins, um aldir alda“. Verurnar fjórar sögðu „Amen“ og öldungarnir féllu fram og tilbáðu.

Sjötti kafli

¹ Ég sá þegar lambið rauf fyrsta innsiglið af sjö. Þá heyrðist eins og þruma koma frá einni af verunum fjórum þegar hún sagði „Komdu!“

² Ég leit upp og fyrir framan mig var hvítur hestur. Knapi hvíta hestsins hélt á boga, kóróna var sett á höfuð hans og hann hélt af stað til að sigra og sigra.

³ Þegar lambið rauf annað innsiglið heyrði ég aðra af verunum fjórum segja „Komdu!“ ⁴ Og annar hestur, eldrauður, steig fram og knapa hans var gefið leyfi til að svipta jörðina friði, svo fólk drap hvert annað. Og knapinn fékk stórt sverð.

⁵ Þegar lambið rauf þriðja innsiglið heyrði ég þriðju veruna segja „Komdu!“ Ég leit og sá svartan hest. Knapi hans hélt á vog. ⁶ Ég heyrði rödd koma þaðan sem verurnar fjórar voru, sem sagði „Kíló af hveiti í laun fyrir heilan vinnudag og þrjú kíló af byggi í laun fyrir heilan vinnudag og ekki skemma olúna og vínið!“

⁷ Þegar lambið rauf fjórða innsiglið heyrði ég rödd fjórðu verunnar segja „Komdu!“

⁸ Ég leit og fyrir framan mig var bleikur hestur. Knapi hans hét Dauði og grafir undirdjúpanna (Hades) fylgdu á eftir. Þeim var gefið vald yfir fjórðungi jarðarinnar, til að drepa með sverði og hungursneyð og plágu og með villtum skepnum jarðarinnar.

⁹ Þegar lambið rauf fimmta innsiglið sá ég undir altarinu, sálir píslarvottanna sem dóu vegna orðs Guðs og vitnisburðarins sem þeir héldu tryggð við. ¹⁰ Píslarvottarnir kölluðu með hárrí röddu „Heilagi og sanni Drottinn, hversu lengi ætlar þú að bíða með að dæma jarðarbúa, til að hefna fyrir blóð okkar sem var úthellt“. ¹¹ Þá voru þeim gefnir fagurhvítir kyrtlar og sagt að bíða aðeins lengur, þar til öll trúarsystkini þeirra hafa verið drepin eins og þeir voru drepnir.

¹² Ég horfði á þegar lambið rauf sjötta innsiglið. Mikill jarðskjálfti reið yfir. Sólin varð svört eins og sorgarföt og tunglið varð rautt eins og blóð ¹³ og stjörnur himinsins féllu til jarðar eins og ávextir falla af tré í roki. ¹⁴ Himininn rúllaðist upp eins og pappír og öll fjöllin og allar eyjurnar færðust úr stað. ¹⁵ Þá földu sig í hellum og á meðal kletta fjallanna, allir kóngar jarðarinnar, allir prinsarnir, hershöfðingjarnir, ríka fólkið, hin háu og öll hin, frjáls og ófrjáls. ¹⁶ Þau hrópuðu öll á fjöllin og klettana „Hrynjið yfir okkur og felið okkur fyrir augliti þess sem situr í hásetinu og fyrir reiði lambsins ¹⁷ því hinn mikli dagur reiði þeirra hefur runnið upp og hver getur lifað þetta af?“

Sjöundi kafli

¹ Eftir þetta sá ég fjóra engla standandi á fjórum hornum jarðarinnar, haldandi aftur af fjórum vindum jarðarinnar svo þeir blésu ekki á land, sjó eða eitt einasta tré.

² Þá sá ég annan engil koma frá austri, hann hafði innsigli lifandi Guðs og hrópaði til englanna fjögurra sem höfðu fengið vald til að skaða land og sjó ³ „Ekki skaða landið eða sjóinn þartil við höfum sett innsigli Guðs á enni þjóna Guðs“.

⁴ Þá heyrði ég tölu þeirra sem voru innsigluð, hundraðfjörtíuogfjögurpúsund frá öllum ættkvíslum Ísrael.

⁵ Frá ættkvísl Júda voru tólfpúsund innsigluð, frá ættkvísl Rúbens voru tólfpúsund innsigluð, frá ættkvísl Gaðs voru tólfpúsund innsigluð, ⁶ frá ættkvísl Assers voru tólfpúsund innsigluð, frá ættkvísl Naftalí voru tólfpúsund innsigluð, frá ættkvísl Manasses voru tólfpúsund innsigluð, ⁷ frá ættkvísl Símeons voru tólfpúsund innsigluð, frá ættkvísl Íssakars voru tólfpúsund innsigluð, ⁸ frá ættkvísl Sebúlons voru tólfpúsund innsigluð, frá ættkvísl Jósefs voru tólfpúsund innsigluð, frá ættkvísl Benjamíns voru tólfpúsund innsigluð.

⁹ Eftir þetta leit ég og fyrir framan mig var svo mikill fjöldi að enginn gæti talið, frá öllum þjóðum, ættbálkum og tungum. Þau sem stóðu fyrir framan hásetið og fyrir framan lambið, voru klædd í fagurhvíta kyrtla og í höndum þeirra voru pálmagreinar og þau hrópuðu með krafti „Hjálpin og björgunin kemur frá Guði okkar sem situr í hásetinu og frá lambinu“.

¹¹ Allir englarnir stóðu í kringum hásætið og í kringum öldungana og verurnar fjórar. Þeir féllu fram fyrir hásætinu og tilbáðu Guð, ¹² segjandi „Amen! Blessunin og dýrðin og viskan og þakkirnar og heiðurinn og mátturinn sé Guðs okkar að eilífu. Amen!“

¹³ Þá sagði einn öldungurinn við mig „Veistu hverjir þetta eru, englarnir í fagurhvítu kyrtlunum, veistu hvaðan þeir koma?“ ¹⁴ Ég svaraði „Þú veist það herra“ og hann sagði „Þetta eru þau sem hafa komið út úr erfiðleikunum miklu, þau hafa þvegið klæðin sín í blóði lambsins og gert þau fagurhvít. ¹⁵ Þess vegna eru þau fyrir framan hásæti Guðs og þjóna honum dag og nótt í musteri hans, og sá sem situr í hásætinu verndar þau með nærveru sinni. ¹⁶ Aldrei mun þau hungra aftur, aldrei mun þau þyrsta aftur eða stikna í sólinni framár né neinum öðrum glóandi hita. ¹⁷ Því lambið fyrir miðju hásætisins mun vera hirðir þeirra, hann mun leiða þau að uppsprettu lifandi vatns og Guð mun þurrka hvert einasta tár frá augum þeirra.“

Áttundi kafli

¹ Þegar lambið rauf sjöunda innsiglið varð algjör þögn á himnum í hálf tíma. ² Og ég sá engla sjö sem standa frammi fyrir Guði, fá sjö lúðra.

³ Þá kom annar engill og stóð við altarið, hann hélt á reykelsiskeri. Hann fékk mikið magn reykelsis svo hann gæti bætt því við bænir fólks Guðs og sett það sem fórn við altarið úr gulli fyrir framan hásætið. ⁴ Reykurinn af reykelsinu ásamt bænum fólks Guðs steig upp til Guðs úr hendi engilsins. ⁵ Þá tók engillinn reykelsiskerið, fyllti það af eldi af altarinu og kastaði því til jarðar svo þrumur hljómuðu og eldingar leiftruðu og jörðin nötraði.

⁶ Þá gerðu englarnir sjö sig tilbúna til að blása í lúðrana.

⁷ Fyrsti engillinn blés í lúður og hagléf og eldur blandað blóði var kastað á jörðina. Þriðjungur jarðarinnar brann, þriðjungur trjáanna brann og allt grasið brann.

⁸ Þá blés annar engillinn í lúður og einhverju, sem var eins og hátt fjall í ljósum logum var kastað í sjóinn. Þriðjungur hafsins breyttist í blóð, ⁹ og þriðjungur dýranna í sjónum drapst og þriðjungur skipanna fórst.

¹⁰ Þriðji engillinn blés í lúður og björt stjarna, logandi eins og bál, féll af himnum á þriðjung fljótanna og uppsprettu vatnsins, ¹¹ stjarnan heitir remmujurt, það er beisk jurt. Þriðjungur vatnanna varð beiskur og fjölmargir dóu vegna vatnsins sem var orðið beiskt.

¹² Fjórði engillinn blés í lúður og þriðjungur sólarinnar var sleginn og þriðjungur tunglsins og þriðjungur stjarnanna, svo þriðjungur þeirra varð myrkur. Þriðjungur dagsins varð ljóslaus sem og þriðjungur næturinnar.

¹³ Þá leit ég upp og ég sá örn sem flaug um háloftin hrópandi „Vei, vei, vei! sé íbúum jarðarinnar vegna lúðrabýtsins sem munu heyrast frá þremur síðustu englum.“

Níundi kafli

¹ Fimmti engillinn blés í lúður og ég sá stjörnu sem hafði hrapað af himni til jarðarinnar. Stjörnunni var gefinn lykill að botnlausu undirdjúpinu.

² Stjarnan lauk upp undirdjúpinu og reykur steig upp frá því, eins og reykur úr miklum bræðsluofni og sólin og andrúmsloftið varð svart af reyknum úr undirdjúpinu. ³ Og úr reyknum komu engisprettur á jörðina sem stungu eins og sporðdrekar. ⁴ Þeim var skipað að valda engum skaða á grasi jarðarinnar og ekki á trjámum eða neinum plöntum, aðeins á fólkinu sem hafði ekki innsigli Guðs á enninu. ⁵ Engispretturarnar máttu ekki drepa fólk heldur pyntuðu þau í fimm mánuði. Sársaukinn sem þær ullu var eins og eftir sporðdrekastungu. ⁶ Á þessum dögum mun fólk leita að dauðanum en finna hann ekki, þau munu vilja deyja, en dauðinn mun flýja frá þeim.

⁷ Engispretturarnar litu út eins og hestar tilbúnir í orrustu. Þær höfðu eitthvað sem leit út eins og kórónur úr gulli og andlit þeirra voru eins og mannsandlit. ⁸ Hár þeirra var eins og hár konu og tennur þeirra voru eins og ljónstennur. ⁹ Þær voru í brynju úr járn og hljóðið í vængjum þeirra var eins og í her á leið í orrustu. ¹⁰ Þær höfðu hala sem stakk eins og sporðdreki og í fimm mánuði höfðu þær vald til að kvelja fólk. ¹¹ Konungur yfir engisprettunum var engill undirdjúpsins, nafn hans á hebresku er Abaddon og á grísku Apóllíon, (það er Eyðandinn).

¹² Fyrsta hörmungin er liðin en sjáðu, tvær aðrar hörmungar eru á leiðinni.

¹³ Sjötti engillinn blés í lúður og ég heyrði rödd koma frá fjórum hornum altarisins úr gulli sem er fyrir framan háseti Guðs. ¹⁴ Röddin sagði við sjötta engilinn sem hafði lúðurinn „Sleptu lausum englunum fjórum sem eru bundnir við stórflyótið Efrat“. ¹⁵ Og englarnir fjórir sem höfðu verið tilbúnir fyrir þessa stund og dag og mánuð og ár, voru leystir til að drepa þriðjung mannkyns. ¹⁶ Ég heyrði hversu stór her þeirra var, tvö hundruð milljónir. ¹⁷ Hestarnir og knaparnir sem ég sá í sýninni litu svona út: Brynja þeirra var eldrauð, dökkblá og gul eins og brennisteinn. Höfuð hestanna voru eins og ljónshöfuð og útum munninn á þeim kom eldur, reykur og brennisteinn. ¹⁸ Þriðjungur mannkyns var drepinn í þessum þremur plágum, elds, reyks og brennisteins, sem komu úr munni þeirra. ¹⁹ Kraftur hestanna er í munni þeirra og frá tagli þeirra, því töglin á þeim voru eins og snákar, sem höfðu höfuð sem þeir ullu skaða með. ²⁰ Það fólk sem var ekki drepit í þessum plágum iðraðist ekki gjörða sinna, þau hættu ekki að dýrka djöfla og skurðgoð úr gulli, silfri, bronsi, steinum og tré, skurðgoð sem geta ekki séð, heyrt eða gengið. ²¹ Þau iðruðust heldur ekki morða sinna, galdranna eða hórsins sem þau höfðu drýgt og heldur ekki þjófnaðarins.

Tíundi kafli

¹ Þá sá ég annan mikinn engil stíga niður af himnum. Hann var klæddur í ský með regnboga fyrir ofan höfuðið, andlit hans var eins og sólin og fótleggir hans voru eins og glóandi súlur.

² Hann hélt á lítilli bók sem lá opin í hönd hans. Hann stóð með hægri fótinn í sjónum og vinstri fótinn á landinu, ³ hann öskraði eins og ljón og þegar hann öskraði, þá töluðu þrumurnar sjö. ⁴ Og þegar þrumurnar sjö töluðu, ætlaði ég að fara skrifa það niður sem þær sögðu en ég heyrði rödd koma af himnum sem sagði „Innsiglaðu það sem þrumurnar sjö sögðu og ekki skrifa það niður“.

⁵ Þá lyfti engillinn sem stóð í sjónum og á landinu, upp höndinni til himins ⁶ og hann sór eið til þess sem lifir að eilífu, þess sem skapaði himnana og allt sem í þeim er, og jörðina og allt sem á henni er, og sjóinn og allt sem í honum er, og sagði „Það verða ekki frekari tafir! ⁷ Þegar sjöundi engillinn blæs í lúðurinn mun undursamleg áætlun Guðs verða fullkomnuð. Rétt eins og hann tilkynnti þjónum sínum, spámönnunum.“

⁸ Þá heyrði ég aftur í röddinni sem kom af himnum, hún sagði „Farðu og taktu bókina sem liggur opin í hönd engilsins sem stendur í sjónum og á landinu“. ⁹ Ég fór til engilsins og bað hann um litlu bókina. Hann sagði við mig „Taktu hana og éttu hana. Hún mun verða beisk í maganum en í munninum sæt eins og hunang.“ ¹⁰ Ég tók litlu bókina úr hönd engilsins og át hana. Hún var sæt eins og hunang en í maganum varð hún beisk. ¹¹ Þá var sagt við mig „Þú þarft að spá meira, um fleira fólk, fleiri þjóðir, tungur og kónga“.

Ellefti kafli

¹ Þá var mér réttur reyr, sem var eins og mælistika og sagt við mig „Farðu og mældu musteri Guðs og altarið, og teldu hvað eru margir tilbiðjendur, ² en slepptu ystu veggjunum, ekki mæla þá, því þar er það sem heiðingjunum er gefið, þeir munu arka um í borginni helgu í fjörtíuogtvö mánuði. ³ Og ég mun útnefna tvö vitni, þau munu spá í tólfhundruðogsextíu daga, klædd í sorgarföt.“ ⁴ Þetta eru ólívutrén tvö og ljósastikurnar tvær sem standa frammi fyrir herra jarðarinnar. ⁵ Og yfir fólkið sem reynir að valda vitnunum skaða, rignir eldi úr munnni þeirra, sem gleypir andstæðinga þeirra. Þannig munu þau farast sem reyna að skaða vitnin tvö.

⁶ Vitnin hafa vald til að loka himninum svo það rigni ekki á meðan þau spá. Og þau hafa vald til að breyta vatni í blóð og láta plágur ganga yfir jörðina eins oft og þeim sýnist. ⁷ Þegar vitnin tvö hafa lokið vitnisburði sínum, mun dýrið sem kemur upp úr undirdjúpinu, yfirvinna þau og drepa. ⁸ Og lík þeirra munu liggja á götunni í borginni miklu sem andlega heitir Sódóma og Egyptaland, þar sem herra þeirra var krossfestur. ⁹ Í þrjá og hálfan dag mun fólk koma úr öllum áttum til að sjá lík þeirra og þau munu ekki leyfa greftrun vitnanna. ¹⁰ Jarðarbúar munu fagna yfir þeim og í fögnuði sínum munu þeir senda gjafir til hvers annars, því þessir tveir spámenn kvöldu þá. ¹¹ En eftir þrjá og hálfan dag blæs Guð lífi í þá og þeir standa á fætur, þau sem sjá þetta munu fyllast skelfingu. ¹² Þá kemur glymjandi rödd af himnum sem segir „Komið hingað!“ Og þeir munu fara upp í himininn á skýi á meðan óvinir þeirra horfa á.

¹³ Á því augnabliki reið yfir mikill jarðskjálfti sem lagði tíunda hluta borgarinnar í rúst. Sjö þúsund manns dóu í jarðskjálftanum. Þau sem lifðu af voru skelfingu lostin og gáfu Guði himinsins dýrðina.

¹⁴ Önnur hörmungin hefur riðið yfir, þriðja hörmungin er næst.

¹⁵ Sjöundi engillinn blés í lúður og það heyrðust háværar raddir frá himni sem sögðu „Konungsríki heimsins hefur orðið að konungsríki Drottins okkar og Krists hans, og hann mun ríkja að eilífu“.

¹⁶ Og öldungarnir tuttuguogfjórir sem sátu í hásetunum í návist Guðs, féllu fram og tilbáðu Guð, ¹⁷ segjandi „Takk Drottinn Guð almáttugur, sá sem var, er og mun vera. Því nú hefur þú tekið við stjórninni og reist konungsríki þitt. ¹⁸ Heiðingjarnir voru reiðir, en nú er tími ofsareiði þinnar runninn upp. Nú er tíminn til að dæma hin dauðu og að verðlauna skuldaþræla þína, spámennina og fólkið þitt sem hélt uppi nafni þínu, hátt og lágt. Það er kominn tími til að eyða öllu því sem hefur valdið eyðileggingu á jörðinni.“

¹⁹ Og musteri Guðs sem er á himnum opnaðist og sáttmálsörkin birtist í musteri Guðs, og þrumur og eldingar riðu yfir og jarðskjálfti og hræðilegt haglé.

Tólfti kafli

¹ Mikið tákn sást á himni: Kona klædd í sólina, með tunglið undir fótum sér og á höfðinu, kórónu með tólf stjörnum. ² Hún var barnshafandi og grét vegna fæðingahríðanna. ³ Þá birtist annað tákn á himni, stór og rauður dreki með sjö höfuð og tíu horn og á höfðum hans voru sjö kórónur. ⁴ Hali drekans hreif með sér þriðjung stjarna himinsins og kastaði þeim til jarðar. Drekin stóð fyrir framan konuna í fæðingahríðunum, tilbúinn að gleypa barnið um leið og það fæddist. ⁵ Konan fæddi son sem mun ráða yfir þjóðunum með valdssprota úr járn. Og barnið hennar var hrifið í burtu til Guðs og hásetis hans. ⁶ Konan flúði í eyðimörkina, þar sem Guð hafði útbúið henni stað, þar sem verður séð fyrir þörfum hennar í tólfhundraðogsextíu daga.

⁷ Þá brast út stríð á himnum. Míkael og englar hans börðust gegn drekanum og englum hans. ⁸ Drekinn tapaði orrustunni og hann og englar hans voru gerðir brottrækir af himnum. ⁹ Þessum mikla dreka, forna höggorminum, sem er kallaður djöfull og Satan, sem afvegaleiðir allan heiminn, var kastað til jarðar ásamt englum sínum.

¹⁰ Þá heyrði ég mikla rödd hrópa af himnum „Loksins er komin sálhjálpin og björgunin og máttur konungsríkis Guðs okkar, því ákærandi systkina okkar hefur verið kastað niður, þeim sem ákærir þau frammi fyrir Guði dag og nótt. ¹¹ Og þau hafa unnið sigur á honum með blóði lambsins og með vitnisburði sínum. Og þau elskuðu líf sitt ekki svo mikið að þau væru hrædd við að deyja.

¹² Fagnið því himnar! Og þið sem dveljið á himnum, fagnið! En skelfing mun koma yfir landið og sjóinn því djöflinum hefur verið kastað niður til ykkar. Hann er fullur af heift því hann veit að tími sinn er knappur.“

¹³ Þegar drekin átti sig á að honum hafði verið kastað til jarðar, ofsótti hann konuna sem hafði fætt drenginn. ¹⁴ En hún fékk tvo vængi eins og arnarvængi, svo

hún gæti flogið á stað sem var útbúinn fyrir hana í eyðimörkinni. Þar verður séð fyrir þörfum hennar og hún vernduð fyrir drekanum í eitt ár, tvö ár og hálf ár. ¹⁵ Þá reyndi drekin að drekkja konunni með vatni sem flæddi úr munnni hans. ¹⁶ En jörðin opnaðist og gleypti vatnið sem flæddi úr munnni drekans. ¹⁷ Drekin reiddist þá konunni og lýsti stríði á hendur henni og hinna barna hennar, sem eru öll þau sem hlýða boðorðum Guðs og halda í vitnisburð Jesú.

Þrettánda kafli

¹ Drekin stóð á ströndinni og ég sá dýr rísa upp úr sjónum. Það hafði tíu horn og sjö höfuð og var með tíu kórónur á hornunum, á höfðum þess voru guðlöstunarnöfn.

² Dýrið sem ég sá leit út eins og hlébarði og hafði bjarnarfætur og ljónsmunn. Og drekin gaf dýrinu mátt sinn, hásæti sitt og mikið vald.

³ Ég sá að eitt höfuð dýrsins virtist hafa slasast lífshættulega, en það læknaðist af banasári sínu.

Allur heimurinn elti dýrið með undrun. ⁴ Fólkið tilbað drekan fyrir að hafa gefið dýrinu svona mikið vald og þau tilbáðu líka dýrið og spurðu „Hver er máttugur eins og dýrið? Hver gæti nokkurn tíma ráðið við það?“

⁵ Dýrið fékk munn til að fara með gífuryrði og lastmæla Guði og vald til að starfa í fjörtíuogtvö mánuði. ⁶ Það opnaði munninn til að lastmæla Guði og nafni hans og bústað hans og þeim sem búa á himnum. ⁷ Því var gefið vald til að fara í stríð gegn heilaga fólki Guðs og til þess að yfirvinna þau og vald yfir öllu fólki á jörðinni.

⁸ Öll þau sem eru á jörðinni munu tilbiðja dýrið, öll þau sem hafa ekki, frá upphafi alheimsins, nafn sitt skrifað í lífsins bók lambsins sem var slátrað.

⁹ Hver sem hefur eyru heyri. ¹⁰ Hver sem fangelsar skal vera fangelsaður, hver sem drepur með sverði skal falla fyrir sverði. Hér reynir á þolgæði og trúfesti heilaga fólksins.

¹¹ Þá sá ég annað dýr. Það kom af jörðinni og hafði tvö horn eins og lambshorn, en það talaði eins og dreki. ¹² Það beitti öllu valdi fyrra dýrsins fyrir framan það, og lét jörðina og íbúa hennar, tilbiðja fyrra dýrið, sem fékk banasárið sem læknaðist.

¹³ Og það framkvæmdi mikil tákni og lét jafnvel eldi rigna niður af himnum á jörðina fyrir augum mannkyns.

¹⁴ Og það afvegaleiddi jarðarbúa með táknum sem það fékk að framkvæma fyrir augliti fyrra dýrsins. Það sagði mannkyninu að gera líkneski af dýrinu sem var sært banasárinu en lifði af.

¹⁵ Seinna dýrinu var gefið vald til að blása lífi í líkneski fyrra dýrsins, svo það gæti talað og valdið því að öll þau sem neita að tilbiðja dýrið, eru drepin.

¹⁶ Það neyddi líka allt fólk, hátt og lágt, ríkt og fátækt, frjálst og ófrjálst, að fá merki á hægri hönd sína eða á ennið. ¹⁷ Og það fyrirskipaði að ekkert fólk gæti keypt eða selt nema að hafa á sér merki, sem er nafn dýrsins, eða tala nafns þess. ¹⁸ Hér reynir á speki. Þau sem hafa þekkingu skulu reikna tölu dýrsins, því það er tala mannsins og sú tala er sexhundruðsextíuogsex.

Fjórtándi kafli

¹ Þá sá ég fyrir framan mig lambið, standandi á Síonfjalli og með því voru hundraðfjörtíuogfjórar þúsundir, sem höfðu nafn þess og nafn Föður þess skrifað á ennið.

² Og ég heyrði rödd koma af himni sem var eins og niður margra fossa, eins og hávær þruma og röddin sem ég heyrði var eins og hörpuleikarar spilandi á hörpur. ³ Og þau sungu nýtt lag fyrir framan hásetið og fyrir framan verurnar fjórar og öldungana. Enginn gat lært lagið nema þau hundraðfjörtíuogfjögur þúsund sem höfðu verið keypt frá jörðinni og höfðu ekki spjallað sig með konum, því þau héldu sér óspjölludum. Þetta eru þau sem fylgja lambinu hvert sem það fer. Þau hafa verið keypt frá jörðinni sem fyrsta uppskera Guðs og lambsins. ⁵ Engin lygi fannst í munni þeirra, þau eru án sakar.

⁶ Þá sá ég annan engil fljúga yfir. Hann hafði hinar eilífu gleðifréttir sem hann flutti þeim sem búa á jörðinni, til allra þjóða og alls fólks. ⁷ Hann sagði með hárrí röddu „Óttist Guð og gefið honum dýrðina því dómssonur hans hefur runnið upp. Tilbiðjið þann sem skapaði himininn, jörðina, sjóinn og uppsprettu vatnsins.“

⁸ Annar engill kom í kjölfarið og sagði „Fallin er, fallin er Babýlon hin mikla sem gerði allar þjóðir drukknar með víni hórdóms síns“.

⁹ Á eftir þeim kom þriðji engillinn sem hrópaði „Öll þau sem dýrka dýrið og líkneski þess eða fá merki þess á ennið eða á höndina, ¹⁰ skulu drekka vín reiði Guðs, óblandað úr bikar ofsareiði hans og vera kvalinn með eldi og brennistein í návist heilögu englanna og í návist lambsins. ¹¹ Reykurinn rís upp af þjáningu þeirra og aldrei aftur munu þau hvílast, þau sem tilbáðu dýrið og líkneski þess og þau sem fengu á sig merki nafns þess.“

¹² Heilaga fólk Guðs þarf að ganga í gegnum þetta með þolinmæði og þolgæði, haldandi áfram að trú á Jesú.

¹³ Og ég heyrði rödd hljóma af himnum sem sagði „Skrifaðu þetta: Blessuð eru þau dánú sem deyja fyrir Drottin héðan í frá“. Andinn segir „Já! Svo þau fá hvíld frá erfiðisvinnu sinni, því verk þeirra munu fylgja þeim.“

¹⁴ Ég sá fagurhvítt ský og sitjandi á því var einhvern sem leit út eins og Mannssonurinn. Hann hafði kórónu úr gulli á höfðinu og beitta sigð í höndinni. ¹⁵ Þá kom annar engill út úr musterinu sem hrópaði til þess sem sat á skýinu „Mundaðu sigðina því uppskerutíminn er kominn, uppskera jarðarinnar er fullþroskuð“.

¹⁶ Og sá sem sat á skýinu beitti sigðinni á jörðina og uppskerunni var safnað saman af jörðinni. ¹⁷ Og annar engill kom út úr musterinu sem er á himnum, hann hafði líka beitta sigð. ¹⁸ Og annar engill, sem hafði vald til að eyða með eldi, kom út frá altarinu. Hann hrópaði á engilinn með beittu sigðina „Sveiflaðu sigðinni til að safna

saman vínberjaklösum vínviðar jarðarinnar, því berin eru fullþroskuð.“

¹⁹ Engillinn sveiflaði sigðinni á jörðina og safnaði saman vínberjum jarðarinnar og kastaði þeim í vínpressu reiði Guðs. ²⁰ Vínberin voru troðin niður fyrir utan borgina og blóðið sem flæddi úr vínpressunni myndaði fljót sem var tæpir þrjúhundruð kílómetrar og svo djúpt að það náði upp að beisli hestanna.

Fimmtánda kafli

¹ Ég sá annað mikið og undravert tákni á himni: Sjö engla með sjö síðustu plágurnar, þær eru síðastar því þegar þeim lýkur er reiði Guðs fullkomnuð.

² Ég sá fyrir framan mig það sem mér sýndist vera glerhaf, blandað eldi. Og á því stóðu öll þau sem höfðu unnið sigur á dýrinu, og líkneski þess og tölunnar sem tákna nafn þess. Þau héldu öll á hörpum sem Guð hafði gefið þeim ³ og sungu sálminn sem Móse, skuldapræll Guðs og lambsins, samdi „Mikil og undursamleg eru verkin þín, Drottinn Guð almáttugur. Réttlátir og sannir eru vegir þínir, þú konungur þjóðanna. ⁴ Drottinn, hver óttast þig ekki og gefur nafni þínu dýrðina? Því þú einn ert heilagur. Allar þjóðirnar munu koma og tilbiðja fyrir ásjónu þinni því réttlát verk þín hafa verið opinberuð.“ ⁵ Eftir þetta leit ég og sá á himnum, musteri tjaldbúða vitnisburðarins og það opnaðist. ⁶ Út úr musterinu komu englarnir sjö með plágurnar sjö. Þeir voru klæddir í hrein og skínandi klæði og voru með borða úr gulli um brjóstið. ⁷ Þá gaf ein af verunum fjórum, englunum sjö, sjö skálar úr gulli sem voru fullar af reiði Guðs, sem lifir að eilífu. ⁸ Og musterið fylltist af reyk sem steig af dýrð Guðs og frá valdi hans. Enginn gat farið inn í musterið þar til plágur englanna sjö höfðu riðið yfir.

Sextánda kafli

¹ Þá heyrði ég þrumandi rödd koma frá musterinu sem sagði við englana sjö: „Farið og hellið úr sjö skálum reiði Guðs yfir jörðina“.

² Fyrsti engillinn hellti úr skál yfir jörðina og þau sem höfðu merki dýrsins og tilbáðu líkneski þess fengu hræðileg, illkynja sár.

³ Annar engillinn hellti úr skál yfir sjóinn og hann varð eins og blóð dauðs manns og allt lifandi í sjónum drapst.

⁴ Þriðji engillinn hellti úr skál yfir fljótin og lindirnar og þær urðu að blóði. ⁵ Þá heyrði ég engil vatnsins segja „Þú Guð ert réttlátur í dómi þínum, þú sem varst, ert og munt vera, ⁶ því þau hafa úthellt blóði þíns heilaga fólks og spámanna þinna og þú hefur gefið þeim blóð að drekka eins og þau eiga skilið.“

⁷ Og ég heyrði rödd frá altarinu svara „Já, Guð, Drottinn almáttugur, sannir og réttlátir eru dómar þínir!“

⁸ Fjórði engillinn hellti úr skál á sólina og sólin fékk mátt til að steikja fólk í eldi. ⁹ Ofsafengur hitinn brenndi þau og þau blótuðu nafni Guðs, sem réð yfir þessum

plágum. En þau neituðu að iðrast og gefa honum dýrðina.

¹⁰ Fimmti engillinn hellti úr skál á hásæti dýrsins og konungsríki þess varð sveipað myrkri. Fólk nagaði tungur sínar í angist ¹¹ og blótuðu Guði himinsins vegna sársaukans og sára sinna en þau neituðu að iðrast þess sem þau höfðu gert.

¹² Sjötti engillinn hellti úr skál á stórfljótið Efrat og það þornaði upp til að undirbúa komu kónganna úr austri. ¹³ Þá sá ég þrjá óhreina anda sem litu út eins og froskar. Þeir komu út úr munni dregans, út úr munni dýrsins og út úr munni falsspámannsins. ¹⁴ Þeir eru djöflaandar sem framkvæma tákn og þeir fara út um alla jörðina og safna saman kóngum jarðarinnar í orrustu á hinum mikla dómsdegi Drottins almáttugs.

¹⁵ „Sjá ég kem eins og þjófur. Blessuð eru þau sem haldast vakandi og eru klædd til að nekt þeirra verði ekki afhjúpuð á skammarlegan hátt.“

¹⁶ Þeir söfnuðu saman kóngum jarðarinnar á staðinn sem heitir á hebresku Armageddon.

¹⁷ Sjöundi engillinn hellti úr skál út í andrúmsloftið og úr musterinu kom mikil rödd sem hrópaði frá hásætinu „Það er fullkomnað!“ ¹⁸ Þá dundu yfir þrumur og eldingar og mikill jarðskjálfti. Enginn jarðskjálfti hefur nokkurn tíma jafnast á við þennan, á meðan mannkynið hefur verið á jörðinni. ¹⁹ Borgin mikla hlutaðist í þrennt og borgir þjóðanna hrundu. Guð mundi eftir hinni miklu Babýlon og gaf henni af barmafulla bikar reiði sinnar. ²⁰ Allar eyjur hurfu og hvergi var fjöll að finna. ²¹ Frá himnum féll gríðarstórt hagléf, hvert hagl var um fjörtíu kíló og það féll á fólkið. Og þau blótuðu Guði vegna hagplágunnar, því sú plága var ofsafengin.

Sautjándi kafli

¹ Einn af englunum sjö sem halda á skálunum sjö kom og sagði við mig „Komdu og ég mun sýna þér dóminn yfir hórkonunni miklu frá Babýlon, sem situr við mörgu vötnin. ² Með henni hafa kóngar jarðarinnar drýgt hór og jarðarbúar hafa orðið ölvaðir af víni hórdóms hennar.“

³ Þá bar engillinn mig í andanum út í óbyggðirnar þar sem ég sá konu sitjandi á blóðrauðu dýri sem var þakið guðlöstunarnöfnum og hafði sjö höfuð og tíu horn. ⁴ Konan var klædd í fjólublátt og blóðrautt og glitraði af gulli, eðalsteinum og perlum. Hún hélt á gullbikar í höndinni sem var fullur af viðbjóði og saurgun hórdóms hennar. ⁵ Nafnið sem var skrifað á enni hennar var ráðgáta: Babýlon hin mikla, móðir hórkvænna og viðbjóðs jarðarinnar. ⁶ Og ég sá konuna ölvaða af blóði hinna heilögu og af blóði þeirra sem báru Jesú vitni. Þegar ég sá hana undraðist ég stórkostlega. ⁷ Þá sagði engillinn við mig „Hví undrast þú? Ég mun útskýra fyrir þér leyndardóminn um konuna og dýrið sem hún situr, sem hefur sjö höfuð og tíu horn. ⁸ Þetta dýr var einu sinni til, en er ekki til núna, það mun rísa upp úr undirdjúpinu og fara til glötunar. Fólkið sem á ekki nafn sitt skrifað í lífsins bók frá því fyrir

sköpun heimsins, mun undrast stórkostlega þegar þau sjá dýrið. Það var einu sinni lifandi, nú er það ekki lifandi, en það mun lifna við aftur.

⁹ Þetta kallar á visku og skilning. Höfuðin sjö eru sjö hæðir sem konan situr á. Þau eru líka sjö kóngar, ¹⁰ fimm af þeim eru fallnir, einn situr, og einn á eftir að koma. Þegar hann kemur mun hann ríkja í stutta stund. ¹¹ Og dýrið sem var einu sinni en er ekki núna er sjálft áttundi kóngurinn sem kemur af hinum sjö og þegar hann kemur, fer hann til glötunar.

¹² Tíu hornin sem þú sást eru tíu kóngar sem hafa ekki enn tekið við stjórnartaumum, en þeir munu fá að ríkja eins og kóngar í eina stund með dýrinu. ¹³ Allir þessir tíu hafa sama tilgang og munu gefa eftir stjórn og vald sitt til dýrsins. ¹⁴ Þeir munu berjast við lambið, en lambið, ásamt sínum trúföstu og útvöldu, mun vinna sigur á þeim, því lambið er herra herranna og konungur kónganna.“ ¹⁵ Engillinn sagði líka við mig „Vötnin sem þú sást hórkonuna sitja á eru þjóðir, fólk, tungur og ættbálkar.

¹⁶ Hornin tíu sem þú sást, og dýrið, munu hata hórkonuna, þau munu taka allt frá henni og skilja hana eftir alsnakta, þau munu borða hold hennar og eyða henni í eldi. ¹⁷ Því Guð hefur sett vilja í hjarta þeirra til að ganga erinda sinna með því að vinna saman og gefa dýrinu vald til að ríkja, þar til orð Guðs verður að veruleika.

¹⁸ Konan sem þú sást er stórborgin sem ræður yfir kóngum jarðarinnar.“

Átjándi kafli

¹ Eftir þetta sá ég annan engil stíga niður af himnum. Honum var gefið mikið vald og dýrð hans lýsti upp jörðina. ² Með hárrí röddu hrópaði hann „Fallin er! Fallin er Babýlon hin mikla! Hún er orðin að heimkynnum djöfla og fangelsi óhreinna anda og óhreinna fugla sem eru fullir af hatri. ³ Því allar þjóðir heimsins urðu ölvaðar af sterku víni hórdóms hennar. Kóngar jarðarinnar hóruðust með henni og sölumenn jarðarinnar urðu ríkir af óhóflegum munaði hennar.“

⁴ Þá heyrði ég aðra rödd koma af himnum sem sagði „Fólkið mitt! Farið út úr henni svo þið þurfið ekki að taka þátt í syndum hennar, svo þið fáið ekki hlutdeild í plágum hennar ⁵ því það væri hægt að stafla syndum hennar upp til himins, og Guð man eftir glæpum hennar. ⁶ Borgaðu henni fyrir það sem hún gerði og helltu henni tvöföldum skammti úr sínum eigin bikar. ⁷ Gefðu henni eins mikla þjáningu og sorg eins og dýrðin og munaðurinn sem hún leyfði sér. Í hjarta hennar segir hún „Ég sit sem drottning, ég er ekki ekkja, ég mun aldrei þurfa að syrgja.“ ⁸ Þess vegna munu plágurnar yfirvinna hana á einum degi, dauði, sorg og hungur. Hún mun verða brennd í eldi, því máttugur er Drottinn Guð sem dæmir hana. ⁹ Þegar kóngarnir sem drýgðu hór með henni og lifðu í vellystingum með henni sjá reykin stíga upp af eldinum sem gleypir hana, munu þeir gráta og syrgja hana. ¹⁰ Þjáning hennar mun skelfa þá, þeir munu standa langt frá og gráta „Vei, vei sér þér borgin mikla, þú mikla Babýlon. Á einni stundu hefur þér verið refsað.“ ¹¹ Sölumenn jarðarinnar munu gráta og syrgja hana því ekkert selst af vörum þeirra lengur. ¹² Ekkert selst af gullinu, silfrinu, eðalsteinunum eða perlunum og heldur ekki af fínu, litríku klæðunum og silkinu, og ekkert af sítrónuviðnum og allskonar munum úr fílabæini,

dýrum við, bronsi, járni og marmara. ¹³ Og ekkert mun seljast af förmunum af kanil og kryddum, reykelsti, myrru, af víni og ólívuolíu, af fínu hveiti, nautgripum, sauðfé, hestum og vögnum og ekkert selst af þrælum og mannslífum.

¹⁴ Þeir munu segja „Allir glæsilegu hlutirnir sem þú þráðir eru farnir frá þér. Yfirgengilegur munaðurinn er allur farinn og kemur ekki aftur.“ ¹⁵ Söllumennirnir sem seldu henni þessa hluti og græddu á henni, munu standa langt í burtu og skelfast yfir þjáningu hennar. Þeir munu gráta og syrgja ¹⁶ og æpa upp yfir sig „Vei, vei sé þér, þú mikla borg sem varst klædd í fínu klæðin úr purpura og blóðrauðu og glitrandi af gulli, eðalsteinum og perlum. ¹⁷ Á einni stundu hafa auðævin verið lögð í rúst.“

Allir skipstjórar á kaupskipum og allir þeir sem ferðast með skipi, sjómennirnir og öll þau sem hafa lífsviðværi sitt af sjómennsku, munu standa langt í burtu og þegar þau sjá reykin stíga upp af eyðileggingu hennar munu þau ópa upp yfir sig „Var einhvern tíma borg sem jafnast á við þessa stórborg?“

¹⁹ Þau munu syrgja hana í sand og ösku og syrgjandi gráta „Vei, vei sér þér þú mikla borg þar sem allur skipaflotinn varð ríkur af auðæfum þínum. Á einni stundu hefur þú verið lögð í rúst!“

²⁰ Himnar! Gleðjist yfir örlögum hennar. Fólk Guðs! Gleðjist yfir örlögum hennar. Sendiboðar Krists og spámenn! Gleðjist yfir örlögum hennar. Því Guð hefur hefnt ykkar og dæmt hana.“

²¹ Þá tók máttugur engill upp bjarg á stærð við stærsta myllustein, kastaði honum í sjóinn og sagði „Einmitt svona mun borginni miklu, Babýlon, vera kastað niður og aldrei finnast aftur. ²² Tónlist hörpuleikaranna, söngvaranna, og blástursleikaranna mun aldrei heyrast í þér aftur. Enginn handverksmaður mun starfa í þér aftur. Hljóðið í myllusteinum mun aldrei heyrast í þér aftur. ²³ Ljós lampanna mun aldrei skína í þér aftur. Raddir brúðhjóna munu aldrei heyrast í þér aftur. Viðskiptamenn þínir voru mikilvægasta fólk heims. Með töfrabrögðum þínum leiddir þú fólk af rétttri leið. ²⁴ Í henni finnst blóð spámannanna og heilaga fólks Guðs og alls fólksins sem hefur verið stráfelld á jörðinni.“

Nítjándi kafli

¹ Eftir þetta heyrði ég það sem hljómaði eins og mikið mannhaf á himnum sem hrópaði „Hallelúja, frelsisbjörgunin og dýrðin og mátturinn tilheyra Guði okkar ² því sannir og réttlátir eru dómar hans. Hann hefur dæmt hórkonuna miklu sem spillti jörðinni með hórdómi sínum. Hann hefur hefnt fyrir blóð þjóna sinna sem hún úthellti.“ ³ Aftur hrópaði mannhafið „Hallelúja! Reykurinn sem stígur upp af henni er endalaus.“ Öldungarnir tuttuguogfjórir og verurnar fjórar féllu fram fyrir sig og tilbáðu Guð, sem sat í hásetinu. Og þau hrópuðu „Amen! Hallelúja!“ ⁵ Og frá hásetinu kom rödd sem sagði „Lofsyngið Guð okkar, þið skuldaþrælar Guðs, þið sem hafið guðsóttann í ykkur, jafnt há sem lág.“

⁶ Þá heyrði ég það sem hljómaði eins og mikið mannhaf á himnum sem með röddu sem var eins og niður margra fossa, eins og þrumur, hrópa „Hallelúja! Því nú ríkir

almáttugur Drottinn Guð okkar. ⁷ Fögnum og gleðjumst og gefum honum dýrðina! Því nú er komið að giftingarveislu lambsins, og brúður lambsins er tilbúin.“

⁸ Henni voru gefin fín klæði, björt og hrein. Fínu klæðin þýða hin góðu verk heilaga fólks Guðs. ⁹ Þá sagði engillinn við mig „Skrifaðu þetta: Blessuð eru þau sem eru boðin í giftingarveislu lambsins“ og hann bætti við „Þetta eru hin sönnu orð Guðs“.

¹⁰ Þegar þetta gerðist féll ég fram til að tilbiðja engilinn en hann sagði við mig „Ekki gera þetta! Ég er samþjónn þinn og systkina þinna sem halda sig við vitnisburð Jesú. Tilbið þú Guð! Því vitnisburður Jesú er andi spádómsgáfunnar.“

¹¹ Ég sá himininn opnast og fyrir framan mig var hvítur hestur, knapi hans heitir Sannur og Trúr. Með réttlæti dæmir hann og fer í stríð. ¹² Augu hans eru eins og logandi eldur og á höfði hans eru margar kórónur. Á hann er skrifað nafn sem enginn þekkir nema hann sjálfur. ¹³ Hann var klæddur í kyrtil sem hafði verið dýft í blóð og nafn hans er Orð Guðs. ¹⁴ Hersveitir himnanna eltu hann, sitjandi hvíta hesta, klæddar í fín klæði, fagurhvít og hrein. ¹⁵ Út úr munni hans gekk beitt sverð sem hann mun slá þjóðirnar með. Hann mun stjórna þeim með járnspota. Hann treður vínpressu ofsareiði Guðs almáttugs.

¹⁶ Á kyrtil hans og á læri hans er skrifað nafn hans: Konungur konunga, herra herranna.

¹⁷ Og ég sá engil standandi í sólinni sem æpti með hárrí röddu til allra fuglanna sem flugu hátt á himni „Komið og safnist saman fyrir hina miklu máltíð Guðs, ¹⁸ svo þið getið étið hold kónga, hershöfðingja og hinna valdamiklu, og hold hesta og knapa þeirra, og hold allra jarðarbúa, frjálsra og ófrjálsra, hárra og lágra.“

¹⁹ Þá sá ég dýrið, kónga jarðarinnar og hersveitir þeirra safnast saman til að há stríð gegn knapanum á hvíta hestinum og hersveitum hans. ²⁰ En dýrið var yfirbugað og yfirunnið og með því falsspámaðurinn sem hafði framkvæmt táknið fyrir dýrið. Með þessum táknum hafði hann afvegaleitt þau sem höfðu fengið merki dýrsins og tilbáðu líkneski þess. Dýrinu og falsspámanninum var kastað lifandi í eldhafið sem brennur af brennisteini. ²¹ Og hin voru drepin með sverði sem gekk af munni knapa hvíta hestsins og fuglarnir átu sig sadda af holdi þeirra.

Tuttugasti kafli

¹ Ég sá engil koma niður af himnum, hann var með lykilinn að undirdjúpinu og í hönd hans var stór og mikil keðja.

² Hann fangaði drekann, þann ævafora höggorm sem er djöfullinn og Satan og batt hann fastan í þúsund ár. ³ Engillinn kastaði honum í undirdjúpið, læsti því og innsiglaði, svo hann geti ekki afvegaleitt þjóðirnar lengur, þar til þúsund árin eru liðin. Þá verður hann leystur í smástund.

⁴ Ég sá hásæti þeirra sem höfðu fengið vald til að dæma. Og ég sá sálir þeirra sem höfðu verið tekin af lífi vegna vitnisburðarins um Jesú og vegna orðs Guðs. Þau höfðu ekki tilbeðið dýrið eða líkneski þess og höfðu ekki fengið merki þess á enni eða hendur. Þau lifnuðu við og ríktu með Kristi í þúsund ár.

⁵ Annað fólk sem hafði dáið reis ekki upp frá dauðum fyrr en þúsund árin voru liðin. Þetta er fyrri upprisan. ⁶ Blessuð og heilög eru þau sem eiga hlutdeild í fyrri upprisunni. Annar dauðinn hefur ekkert vald yfir þeim, heldur verða þau prestar Guðs og Krists og munu ríkja með honum í þúsund ár. ⁷ Þegar þúsund árin eru liðin mun Satan vera leystur úr fangelsinu ⁸ og afvegaleiða þjóðirnar á fjórum hornum jarðarinnar, Góg og Magóg, til að taka þátt í orrustu. Fjöldi þeirra var eins og sandur á sjávarströnd. ⁹ Þau dreifðu úr sér og umkringdu elskuðu borgina, en eldur kom af himnum og gleypti þau. ¹⁰ Og þá var djöflinum sem afvegaleiddi þau, kastað í eldhafið sem brennur af brennisteini, þar sem dýrinu og falsspámanninum hafði verið kastað og þar munu þau kveljast, í dag og nótt þar til þau verða uppbrunninn.

¹¹ Þá sá ég mikið og fagurhvítt hásæti og þann sem sat í því. Jörðin og himininn flúðu undan nærveru hans, og það var hvergi staður fyrir þau. ¹² Og ég sá þau sem höfðu dáið, há og lág, standandi fyrir framan hásætið og bækur voru opnaðar. Önnur bók var opnuð, það er bók lífsins. Hin dáu voru dæmd eftir verkum sínum sem höfðu verið skráð í bækurnar. ¹³ Úr sjónum komu þau dáu sem í honum voru, grafirnar skiluðu þeim dáu sem í þeim voru og öll voru dæmd eftir því sem þau höfðu gert.

¹⁴ Þá var dauðanum kastað í eldhafið. Eldhafið er hinn annar dauði. ¹⁵ Öllum þeim sem höfðu ekki nafn sitt skrifað í bók lífsins var kastað í eldhafið.

Tuttugastiogfyrsti kafli

¹ Þá sá ég nýjan himin og nýja jörð, því fyrri himin og jörð voru liðin undir lok og það var enginn sjór lengur.

² Ég sá heilögu borgina, hina Nýju Jerúsalem koma niður af himnum frá Guði. Hún var tilbúin eins og brúður sem er glæsilega klædd fyrir verðandi eiginmann sinn.

³ Og ég heyrði kraftmikla rödd koma frá hásætinu sem sagði „Sjáið! Bústaður Guðs er núna á meðal fólksins og hann mun búa með þeim. Þau munu vera fólkið hans og sjálfur Guð mun vera með þeim og vera Guð þeirra. Hann mun þurrka í burtu öll tár frá augum þeirra. Það mun ekki vera neinn dauði frammar, og ekki heldur sorgir eða grátur eða sársauki, því gamli tíminn er liðinn.“

⁵ Sá sem sat í hásætinu sagði „Sjáið! Ég geri alla hluti upp á nýtt.“ Svo sagði hann við mig „Skrifaðu þetta niður því þessi orð eru traust og sönn“. ⁶ Hann sagði við mig „Þessu er lokið! Ég er Alfa og Ómega, upphafið og endirinn. Þeim sem þyrstir mun ég gefa án endurgjalds, að drekka úr uppsprettu vatns lífsins. Þau sem vinna sigurinn munu erfa þetta allt og ég mun vera Guð þeirra og þau munu vera börnin mín. En hin óttaslegnu, vantrúuðu, spilltu, allir morðingjarnir og þau sem drýgðu hór, stunduðu galdra, allir skurðgoðadýrkendurnir og lygararnir, þeirra hlutskipti er eldhafið sem brennur af breinnisteini. Það er hinn annar dauði.“

⁹ Einn af englunum sjö sem héldu á skálunum sjö með síðustu plágunum sjö sagði þá við mig „Komdu! Ég ætla að sýna þér brúðina, eiginkonu lambsins.“ ¹⁰ Og hann bar mig í burtu í andanum til mikils og hás fjalls og sýndi mér heilögu borgina, Jerúsalem, koma niður af himnum frá Guði. ¹¹ Hún var skínandi af dýrð Guðs og

glitraði eins og fallegasti eðalsteinn, eins og jaspissteinn, tær eins og kristall!
Heilaga borgin hafði mikla og háa vegg með tólf hliðum og í hliðunum tólf voru tólf englar. Á hliðin voru skrifuð nöfn tólf ættbálka Ísraels. ¹³ Það voru þrjú hlið á austurhliðinni, þrjú á norðurhliðinni, þrjú á suðurhliðinni og þrjú á vesturhliðinni. ¹⁴ Veggir borgarinnar höfðu tólf undirstöður og á þær voru skrifuð nöfn tólf lærisveina lambsins.

¹⁵ Engillinn sem var að tala við mig hélt á mælistiku úr gulli til að mæla borgina, hlið hennar og vegg. ¹⁶ Borgin var byggð í ferning, eins á breidd og lengd. Hann mældi borgina með mælistikunni og hún var tvöþúsundtvöhundruðogtuttugu kílómetrar, jafn há og hún var löng og breið. ¹⁷ Engillinn mældi veggina með mælieiningu mannsins, sem er sú sama og mælieining engla, og voru þeir sextíuogsex metra þykkir. ¹⁸ Veggirnir voru úr jaspissteini og borgin var úr skíragulli, sem var jafn tært og gler. ¹⁹ Undirstöður borgarmúranna voru skreyttar með allskonar eðalsteinum. Steintegundin í fyrstu undirstöðunum var jaspis, annarri safír, þriðju glerhallur, fjórðu smaragður, ²⁰ fimmtu rauður ónix, sjöttu sardis, sjöundu krýsólít, áttundu beryll, níundu tópas, tíundu krýsópras, elleftu hýasint, tólftu ametýst. ²¹ Hliðin tólf voru úr tólf perlum, hvert hlið var úr einni perlu. Aðalgata borgarinnar var úr gulli sem var eins skírt og glært gler. ²² Ég sá ekkert musteri í borginni, því Drottinn Guð almáttugur og lambið, eru musteri hennar. ²³ Borgin þarf ekki sól eða tungl, heldur lýsir dýrð Guðs hana upp og lampi hennar er lambið. ²⁴ Þjóðirnar munu ganga við ljós þeirra og konungar jarðarinnar halda þangað með dýrð sína. ²⁵ Aldrei munu hlið hennar lokast því það verður engin nótt þar. ²⁶ Og dýrð þeirra og upphefð þjóðanna mun vera borin inn í borgina. ²⁷ Ekkert óhreint mun nokkurn tíma koma inn í hana og heldur ekki þau sem hafa gert það sem er skammarlegt eða óheiðarlegt, einungis þau sem hafa nöfn sín skrifuð í bók lambsins, sem er bók lífsins.

Tuttugastiogannar kafli

¹ Þá sýndi engillinn mér fljótið sem er vatn lífsins, eins tært og kristall, það rann frá háseti Guðs og lambsins ² niður aðalgötu borgarinnar. Sitthvoru megin við fljótið stóð tré lífsins, sem ber ávöxt tólf sinnum á ári, einu sinni í mánuði. Og lauf Trés lífsins eru lækning þjóðanna. ³ Aldrei framar mun eitthvað vera bölvað. Háseti Guðs og lambsins munu vera í borginni og þjónar þeirra munu þjóna þeim. ⁴ Þjónarnir munu sjá andlit hans og nafn hans mun vera skrifað á enni þeirra. ⁵ Aldrei aftur mun koma nótt. Þjónarnir munu ekki þurfa ljós frá lampa eða sólinni því Drottinn Guð mun skína á þá. Og konungsríkið mun aldrei taka enda.

⁶ Engillinn sagði við mig „Allt sem þú hefur séð er traust og satt. Drottinn Guð sem gefur spámönnum sínum innblástur, hefur sent engil sinn til að segja skuldaprælum sínum hvað mun gerast fljótlega.“ ⁷ „Sjáðu! Ég kem fljótlega! Blessuð eru þau sem varðveita og hlýða spádómsorðunum sem eru skrifuð í þessari bók.“ ⁸ Ég, Jóhannes, er sá sem heyrði og sá þetta. Þegar þessu var lokið féll ég fram fyrir mig og ætlaði að tilbiðja engilinn sem hafði sýnt mér þessa hluti ⁹ en hann sagði við mig „Ekki gera þetta! Ég er samþjónn þinn og systkina þinna og hinna spámannanna og allra þeirra

sem varðveita orðin í þessari bók. Tilbið þú Guð!“ ¹⁰ Þá sagði hann við mig „Ekki innsigla spádómsorðin í þessari bók því tíminn rennur fljótlega upp. ¹¹ Leyfið þeim sem gera rangt að halda áfram að gera rangt, leyfið viðbjóðslega fólkinu að halda áfram með viðbjóð sinn, leyfið þeim sem gera hið rétta að halda áfram að gera hið rétta, leyfið hinum heilögu að halda áfram að vera heilög.

¹² „Sjáðu! Ég kem fljótlega! Ég mun vera með verðlaunin með mér og ég mun gefa öllu fólki það sem verk þeirra verðskulda. ¹³ Ég er Alfa og Ómega, sá fyrsti og sá síðasti, upphafið og endirinn. ¹⁴ Blessuð eru þau sem þvo klæði sín í blóði lambsins. Þau munu fá aðgang að tré lífsins og geta gengið í gegnum hliðin í borginni. ¹⁵ Fyrir utan hliðin eru hundarnir, þau sem stunda galdra, þau sem drýgja hór, morðingjarnir, skurðgoðadýrkendurnir og öll þau sem stunda og elska lygar. ¹⁶ Ég, Jesú, hef sent engil minn til að gefa söfnuðunum þennan vitnisburð. Ég er bæði uppspretta og arftaki Davíðs og bjarta morgunstjarnan.“

¹⁷ Andinn og brúðurin segja „Komdu!“ Og þau sem heyra segja „Komdu!“ Leyfið hinum þyrstu að koma og leyfið hverjum þeim sem vilja, drekka vatn lífsins.

¹⁸ Ég vara öll þau við sem heyra þessi orð: Ef eitthvert ykkar bætir við það sem stendur í þessari bók, þá mun Guð bæta við þau þeim plágum sem í henni er lýst. ¹⁹ Og ef eitthvert ykkar tekur í burtu orð sem standa í þessari spádómsbók, þá mun Guð taka í burtu hlutdeild þeirra í tré lífsins og heilögu borginni, sem er lýst í þessari bók. ²⁰ Sá sem ber vitni um þetta segir „Já! Ég kem fljótlega“.

Komdu herra Jesú, amen.

²¹ Megi náð herrans fylgja öllu fólki.

Amen.